Allir eru að blogga. Fréttablaðið smalaði kaffihúsaspekingum inn í kjörklefa og stóð fyrir kosningu á bestu og verstu bloggurum landsins.
AF GÓÐUM, VONDUM OG VERRI BLOGGUM






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. maí 2007 — 128. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Alltaf langað til Íslands



Sopranos-leikarinn Michael Imperioli er í kvikmyndatökum á Íslandi. Hann notar tækifærið til að ferðast um landið.
VIÐTAL 70

### Amma diskó



Helga Möller fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag.
TÍMAMÓT 30

### Ef ég tek ofan flokksgleraugun

„Jú, það er von. Kannanir segja að fimmtán prósent kjósenda séu óráðin fram á síðustu stundu. Ég hef tekið þátt í því að leita að þeim,“ segir Ellert B. Schram.
Í DAG 22

### Tvíburarnir klárir

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir mæta sínum gömlu félögum í ÍA í dag. Þeir eru báðir klárir í slaginn.
ÍÞRÓTTIR 74



## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA** - Í dag verður norðlæg átt, 5-13 m/s, hvassast norðvestan til. Yfirleitt bjart syðra, annars snjókoma eða slydda en þó rigning sunnantil á Austurlandi. Hiti 0-11 stig, svalast norðan til en mildast til landsins syðra.
VEÐUR 4



**AUGNARÁÐ RISESSUNNAR** Henni Berglindi litlu Magnúsdóttur stóð ekki alveg á sama þegar risessan franska horfði til hennar í miðborg Reykjavíkur í gær. Risessan vildi þó vel og skemmti gestum og gangandi þar sem hún spígsporaði um götur og torg í leit að skapstyggum föður sínum. Brúðan risavaxna er hluti af leikverki franska götuleikhússins Royal de Luxe sem er hér á vegum Pourquoi pas? eða fransks vors og Listahátíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spennan snýst um hvort stjórnin lifir

**Stjórnmálaskýrendur telja allt stefna í mest spennandi alþingiskosningar í langan tíma. Lögregla og veitingahúsaeigendur búast við líflegri kosninganótt.**

**KOSNINGAR** Stjórnmálaskýrendur telja að alþingiskosningarnar verði þær mest spennandi í áratugi og allar skoðanakannanir síðustu daga benda til þess sama. Mun fleiri hafa kosið utan kjörfundar en fyrir kosningarnar árið 2003. Lögregla hefur jafnt og veitingahúsaeigendur mikinn viðbúnað vegna kosninganna. Fjórar nýjar skoðanakannanir um fylgi flokkanna voru birtar í gær, en engar þeirra voru samhljóma um hvernig kosningarnar gætu farið.

Stjórnmálaskýrendur segja allt stefna í gríðarlega spennandi kosningar og að aðalatriðið verði líklega hvort ríkisstjórnin heldur velli eða ekki. Þeir telja kosningabaráttuna einkennast af færri álitamálum en fyrir kosningarnar árið 2003.

Mjög góð kjörsókn var utan kjörfundar víða um land. Rúmlega ellefu þúsund manns höfðu kosið í Reykjavík síðdegis í gær og á Akureyri höfðu rúmlega 1.300 kosið. Óvenju margir höfðu kosið í Kópavogi og í Hafnarfirði.

Mikill viðbúnaður er hjá lögreglu um land allt vegna kosninganna. Lögreglan fylgist með því að öllum reglum sé fylgt á kjörstað og tekur þátt í flutningi kjörgagna.

Íslendingar munu ef að líkum lætur lyfta sér upp, enda líta margir á kosningarnar sem hátíð. Í Vínbúðinni í Kringlunni er búið að panta tvöfalt meira magn af áfengi fyrir þessa helgi en fyrir venjulega helgi. „Við höfum tekið eftir því að bjórinn er vinsæll fyrir kosningarnar. En ef það er sól seljast hvítvín og rósavín líka vel,“ segir starfsmaður verslunarinnar. Eigendur skyndibitastaða búast við miklu annríki og það sama má segja um eigendur öldurhúsa og skemmtistaða um land allt. - shá

Viðtal við Per Hovdenakk, fyrrverandi safnstjóra Onstadt-safnsins:

# CoBrA-hópurinn vanmetinn

**MYNDLIST** „Yngri menn kalla þetta stofulist og finnst lítið í þessi málverk varið,“ segir Per Hovdenakk, sem setti saman CoBrA-sýninguna í Listasafni Íslands.

Hann segir verk CoBrA-hópsins því miður ekki njóta sanngirni í listaheiminum og það séu helst „sýningarstjórar og gallerístar“ sem haldi nöfnum listamannanna í hópnum á lífi. Svavar Guðnason var einn þeirra. „Þetta fólk var svo fátækt, það leit enginn við myndunum þess, sem var ein ástæða þess að hópurinn klofnaði og það fór hver í sína átt,“ segir Per, en hann er fyrrverandi safnstjóri Onstadt-safnsins í Osló. Per telur úrvalið gott á sýningunni í Listasafninu, sérstaklega fyrir áhugamenn um list Svavars.
- kóþ, - pbb / sjá síðu 62

Búferlaflutningar Íslendinga:

# Sjö þúsund fleiri flutt brott

**FÓLKSFJÖLDI** Alls hafa 7.300 fleiri Íslendingar flutt frá landinu en til þess á síðustu tuttugu árum. Þetta kemur fram í samantekt fjármálaráðuneytisins á búferlaflutningum íslenskra ríkisborgara. Á sama tíma hafa rúmlega tuttugu þúsund fleiri útlendingar flutt til landsins en frá því.

Í samantekt fjármálaráðuneytisins kemur fram að frá árinu 1987 til 2007 hafa 55 þúsund Íslendingar flutt af landi brott og á sama tíma sneru um 47 þúsund til baka. Um áttatíu prósent brottfluttra Íslendinga fara til Norðurlandanna og mikill meirihluti þeirra til Danmerkur. Almennt er hlutfall brottfluttra Íslendinga hærra en hlutfall þeirra er snúa til baka. Aðeins árið 2005 var hlutfall aðfluttra hærra, en þá ríkti mikil uppsveifla í atvinnu- og efnahagslífinu. - shá



**ÓSIGRANDI** FH-liðið hefur haft mikla yfirburði undir stjórn Ólafs Jóhannessonar undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsmótið í knattspyrnu:

# FH í toppsætinu síðan 2004

**FÓTBOLTI Íslandsmótið í knattspyrnu hefst í dag með leik ÍA og Íslandsmeistara FH á Akranesi.**

**FH-ingar hafa unnið titilinn síðustu þrjú sumur og ekkert annað lið hefur setið í toppsæti deildarinnar síðan í júlí 2004.**

**Þetta verður enn fremur fyrsti deildarleikur íslensks liðs undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar frá árinu 1996, þegar hann gerði Skagamenn að Íslandsmeisturum fimmta árið í röð.** - óój / sjá síðu 78





ORÐ SKULU STANDA
Frjálslyndi flokkurinn
www.xf.is

Árangur áfram - ekkert stopp

framsokn.is
2007
Framsókn

## SPURNING DAGSINS



*Geirmundur, er ekki kominn tími til að senda þig út?*

„Jú, það held ég. Ég er líka tilbúinn með lag sem ég held að myndi passa vel við þetta.“

Íslendingar eru enn eina ferðina fallnir úr leik í Eurovision. Skagfirski sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson er klár í slaginn þegar kallið kemur.

Viðræður halda áfram um framtíð íslenska loftvarnakerfisins:

# Hillir undir lyktir að óskum Íslands

**VARNARMÁL** Viðræðum Íslands og Bandaríkjanna um framtíð ratsjár- og loftvarnakerfisins á Íslandi var fram haldið í Reykjavík í gær.

Áfram var rætt um fyrirkomulag og fjármögnun á kerfinu og miðaði viðræðum vel áfram, að því er segir í fréttatilkynningu.

Jón Egill Egilsson, yfirmaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, tjáði Fréttablaðinu að íslenska samninganefndin væri „mjög sátt við dagsverkið“; full ástæða væri til bjartsýni og að málið verði fært til lykta sem samræmdist hagsmunum og óskum Íslands.

Loftvarnakerfið var undanskilið samningunum um brottför bandaríska varnarliðsins héðan, sem gerðir voru í haust sem leið. Bandaríkjamenn bera ábyrgð á rekstri þess fram til 15. ágúst í ár, og snúast viðræðurnar nú um færslu þess verkefnis yfir á herðar Íslendinga. Á árinu 2005 kostaði reksturinn um 1.200 milljónir króna.

Jón Egill tekur fram, að loftvarnakerfið sé hluti af loftvarnakerfi NATO, og áframhaldandi rekstur þess sé algjör forsenda fyrir því að hér verði mögulegt að halda úti virku eftirliti með lofthelgi, loftvörnum eða loftheræfingum. - aa



**RATSJÁRSTÖÐVARNAR** Kort yfir drægi ratsjárstöðvanna fjögurra, kjarnabúnaði íslenska loftvarnakerfisins (IADS).

Ósáttur við lögfræðing sinn:

# Níræður afi í laganámi í Kína

**KÍNA Kínverskur afi, 87 ára gamall, leggur nú stund á laganám í Kína eftir að lögfræðingur hans brást honum.**

**„Ég stóð í málaferlum í tvö ár vegna íbúðarinnar minnar og stóð mjög höllum fæti vegna vankunnáttu minnar á lögunum,“ sagði Wang Jianbang við þarlenda fréttastofu, en lögfræðingur hans hafði ruglast á einkamáli og opinberu máli. „Tíma mínum og peningum var eytt til einskis, og fyrst ég hef enn getuna langar mig að verða lögfræðingur.“**

**Yfirmenn skólans sem Jianbang nemur við ákváðu vegna hins háa aldurs að fella niður skólagjöld. - sh**

Brown lýsir yfir framboði:

# Ætlar til Íraks á næstu vikum

**BRETLAND, AP** „Ég ætla að reyna að koma til móts við væntingar fólksins,“ sagði Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, þegar hann lýsti í gær yfir að hann sæktist eftir að taka við af Tony Blair sem leiðtogi Verkamannaflokksins og þá um leið sem forsætisráðherra Bretlands.



**GORDON BROWN** Fjármálaráðherra Bretlands ætlar að taka við af Blair. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann sagði meðal annars að mistök hefðu verið gerð í Írak og sagðist ætla að fara til Íraks á næstu vikum. „Ég tel að á næstu mánuðum muni áherslurnar breytast.“

Brown hefur staðið í skugga Blairs síðastliðin tíu ár, en þykir næsta öruggur um að verða arftaki hans. - gb

Eignir lífeyrissjóðanna hækka:

# Fimm milljónir á mannsbarn

**LÍFEYRISSJÓÐIR Hreinar eignir lífeyrissjóðanna halda áfram að hækka og námu þær 1.537 milljörðum í lok mars. Það er aukning um 18,4 milljarða króna, eða 1,2 prósent, á milli mánaða. Frá ársbyrjun nemur aukningin um 2,7 prósentum, eða 40,4 milljörðum.**

**Ef eignunum væri skipt út til allra landsmanna fengi hver og einn fimm milljónir króna í sinn hlut.**

**Góð raunávöxtun hefur verið á starfsemi lífeyrissjóðanna frá árinu 2003, sem hefur skilað sér í mikilli eignaaukningu á þeim tíma. - eþa**

# Yfirtökunefnd mun framvegis birta nöfn

**Stofnendur yfirtökunefndar ábyrgjast mögulegan skaða sem gæti hlotist af því að birta nöfn þeirra sem leggja stein í götu nefndarinnar. Hún mun þó ekki nafngreina þá sem neituðu að veita upplýsingar um viðskipti með bréf í Glitni.**

**VIÐSKIPTI** Yfirtökunefnd mun ekki gera opinbert hverjir neituðu að veita nefndinni upplýsingar vegna viðskipta með bréf í Glitni 5. apríl. Eftir fund með stofnaðilum nefndarinnar hefur þó verið ákveðið að komi slíkt aftur upp í framtíðinni muni nefndin ekki hika við að gera nöfnin opinber.

Viðar Már Matthíasson, formaður yfirtökunefndar, segir að stofnaðilar nefndarinnar hafi rætt slíkar nafnbirtingar á fundi á miðvikudag. „Eindreginn vilji stofnaðila kom fram til þess að nefndin beitti þessu úrræði, það er að segja, nafngreindi þá sem þráuðust við að veita upplýsingar eða afhenda gögn,“ segir Viðar.

„Það kom líka fram að stofnaðilar nefndarinnar voru tilbúnir til þess að bera ábyrgð, þar með talið fjárhagslega, á slíkum nafnbirtingum, ef þær kynnu að valda tjóni. Með þann stuðning stofnaðila mun nefndin sannarlega beita þessu úrræði.“

Viðar segir að þrátt fyrir þetta verði ekki upplýst hverjir neituðu að veita upplýsingar vegna kaupa í Glitni á dögunum. Það mál hafi nefndin þegar afgreitt og vísað til Fjármálaeftirlitsins og það sé því ekki til frekari umfjöllunar hjá nefndinni.

„En framvegis mun nefndin hiklaust birta nöfnin, með þeim stuðningi sem hún hefur nú fengið frá stofnaðilum,“ segir Viðar. Hann segir það vissulega harkalegar aðgerðir að nafngreina slíka aðila. Ekki sé víst að þeir aðilar hafi nokkuð að fela, og vel geti verið að þeir telji sig verða fyrir tjóni vegna nafnbirtingarinnar.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssambands lífeyrissjóða, lýsti þeirri skoðun sinni í ræðu sinni á aðalfundi samtakanna á fimmtudag að yfirtökunefndin ætti að upplýsa hverjir neituðu að veita henni upplýsingar, en Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing er einn stofnaðila nefndarinnar.

„Yfirtökunefndin á að birta opinberlega nöfn þeirra aðila sem með einhverjum hætti leggja stein í götu nefndarinnar, hvort heldur með skorti á upplýsingagjöf eða með því að láta ekki ná í sig og þannig komast hjá því að veita nefndinni upplýsingar,“ sagði Arnar. Þó að slíkt kynni að vera harkalegt væri það nauðsynlegt til að trúverðugleiki nefndarinnar biði ekki hnekki. Hikaði nefndin í þessum málum yrði hún bitlaus. brjann@frettabladid.is






ARNAR SIGURMUNDSSON



VIÐAR MÁR MATTHÍASSON

**NÖFN Á HULDU** Yfirtökunefndin ætlar ekki að gefa upp hverjir neituðu henni um upplýsingar vegna viðskipta með bréf í Glitni í apríl síðastliðnum.

### ÁLITAEFNI VIÐ YFIRTÖKUR

Yfirtökunefnd var stofnuð 1. júlí 2005 að breskri fyrirmynd. Markmiðið með stofnun nefndarinnar var að efla hlutabréfamarkaðinn með því að greiða úr álitaefnum sem snerta yfirtökur, eins og fram kemur á vef nefndarinnar.

Að stofnun nefndarinnar stóðu níu stofnaðilar, sem greiða allan kostnað við nefndina. Stofnaðilarnir eru: Kauphöll Íslands, Eignarhaldsfélag hlutafélaga, Fjármálaeftirlitið, Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Samtök fjárfesta, Seðlabanki Íslands, Verslunarráð Íslands og viðskiptaráðuneytið.



**SLÖKKVISTARF Á MÝRUM** Þyrla skipti sköpum þegar Mýrareldar loguðu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landhelgisgæsla Íslands:

# Nýr búnaður vegna sinuelda

**LANDHELGISGÆSLAN** Landhelgisgæsla Íslands hefur fengið búnað til að nota í þyrlum sem er sérstaklega hannaður til að slökkva gróðurelda. Um sérhannaða fötu er að ræða sem notuð er í þessum tilgangi. Hún rúmar alls 2.000 lítra af vatni.

Brunamálamálastofnun hafði frumkvæði að því fyrir nokkru að kaupa þennan búnað og óskaði eftir liðsinni Skógræktar ríkisins, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslunnar. Úr varð að þessar stofnanir skiptu með sér kostnaðinum. Björn Karlsson brunamálastjóri segist vera mjög ánægður með samstarfið við stofnanirnar enda er mikilvægt, sérstaklega í ljósi eldanna á Mýrum í fyrra, að slíkur búnaður sé til staðar hjá Landhelgisgæslunni. - shá

### DÓMSMÁL

**Ók undir alls kyns áhrifum**

Tuttugu og eins árs karlmaður hefur verið ákærður fyrir að aka bíl sínum við Laugarvatnsveg í Grímsnes- og Grafningshreppi undir áhrifum e-taflna, kókaíns og kannabisefna. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands.


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN NOTE VISIA**

Nýr sýningarbíll - Sjálfskiptur - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Frekar kosið um málefni en menn samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins:

# Frambjóðendur skipta mestu máli í Norðvesturkjördæmi

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúmlega 57 prósent segja að stefnumál skipti meira máli en frambjóðendur þegar ákveðið er hvernig atkvæði eru greidd. 14,9 prósent segja frambjóðendur skipti meira máli en málefnin, en 28,0 prósent segja að frambjóðendur og málefni skipti jafn miklu máli þegar ákveðið er hvernig atkvæði þeirra fellur í kosningunum í dag.

Karlar segja frekar að málefni skipti höfuðmáli en konur. 59,0 prósent karla segja að þau ráði atkvæði sínu en 53,3 prósent kvenna. Konur eru hins vegar líklegri til að segja að jafn mikið tillit sé tekið til manna og málefna en karlar, 30,9 prósent kvenna en 25,6 prósent karla.

Ef litið er til svara í hverju kjördæmi fyrir sig er hæst hlutfall svarenda í Reykjavíkurkjördæmi suður sem sögðu stefnumál mestu skipta, eða 69,4 prósent þeirra. Minnst hlutfall þeirra sem fannst málefnin skipta mestu máli var í Norðvesturkjördæmi, þar sem 49,7 prósent sögðu þau ráða atkvæði sínu. Hæst hlutfall svarenda í Norðvesturkjördæmi sögðu frambjóðendur skipta mestu máli, eða 20,1 prósent þeirra. Lægst var hlutfallið í Reykjavíkurkjördæmi suður, þar sem 9,9 prósent sögðu frambjóðendur skipta meira máli en málefnin.

Hringt var í 2.000 manns í öllum kjördæmum 8. og 9. maí. Spurt var: Hvort skiptir meira máli þegar þú ákveður hvað þú kýst; frambjóðendur eða stefnumál? 96,7 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. - ss

**Hvort skiptir meira máli þegar þú ákveður hvað þú kýst?**




Í dag er kosið um
hverjum er best treystandi
fyrir stjórn landsins
Nýir tímar - á traustum grunni
XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
xd.is

## GENGIÐ 11.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,78 | 64,08 |
| Sterlingspund | 126,26 | 126,88 |
| Evra | 85,96 | 86,44 |
| Dönsk króna | 11,533 | 11,601 |
| Norsk króna | 10,518 | 10,580 |
| Sænsk króna | 9,307 | 9,361 |
| Japanskt jen | 0,5322 | 0,5354 |
| SDR | 96,71 | 97,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,724

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kosningarnar og kosninganóttin krefjast aukins mannafla frá lögreglunni:

# Sjötíu lögreglumenn á vakt

**KOSNINGAR** Mikill viðbúnaður er hjá lögreglu vegna kosninganna í dag og kosninganæturinnar sem fram undan er. Í flestum umdæmum lögreglunnar eru kallaðar út aukavaktir.

„Í dag verða um sjötíu lögreglumenn við störf á höfuðborgarsvæðinu vegna kosninganna. Það er svipað og var í kringum síðustu kosningar en mun meira en við eigum að venjast á venjulegum laugardegi,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan sinnir ýmsum verkefnum vegna kosninganna, fylgist með að allt sé í röð og reglu á kjörstað og tekur þátt í flutningi kjörgagna.

„Það má einnig búast við að það verði mikið um að vera í nótt en þá verða í kringum 45 lögregluþjónar á vakt, sem er aðeins meira en um venjulega helgi,“ segir Geir Jón. Hjá lögreglunni á Akureyri verður aukamannskapur á vakt í dag vegna kosninganna og það sama er uppi á teningnum annars staðar. Kjördæmin eru víðfeðm og víða þarf lögregla að keyra langar vegalengdir með kjörkassa. Mikil umferð kann að myndast í grennd við kjörstaði og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu varar sérstaklega við umferðarþunga í miðborginni. Búast má við að margir leggi leið sína í Ráðhúsið til þess að kjósa en á sama tíma er mikið um að vera í miðborginni vegna Listahátíðar. **- þo**



**NÓG AÐ GERA** Þegar kjörkassar eru fluttir milli staða þarf lögreglan að fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Gæsluvarðhald staðfest:

# Grunaður um nauðgun á Sögu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms um að átján ára karlmaður sem grunaður er um að hafa nauðgað stúlku á salerni í kjallara Hótels Sögu sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til 20. júní.**

**Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því lok mars. Rannsókn málsins er á lokastigi og er niðurstöðu geðrannsóknar á manninum að vænta í mánuðinum. Einn dómari, Jón Steinar Gunnlaugsson, skilaði sératkvæði, og taldi að ekki ætti að fallast á áframhaldandi varðhald.** **- sh**

Jónína kærir til siðanefndar:

# Segir umfjöllun brot sem dæma verði alvarlegt

**STJÓRNMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hefur kært Ríkisútvarpið til siðanefndar Blaðamannafélagsins fyrir umfjöllun í Kastljósi og fréttum Sjónarps um veitingu ríkisborgararéttar til sambýliskonu sonar hennar.



**JÓNÍNA BJARTMARS**

Krefst hún þess að nefndin úrskurði að umfjöllun um málið í fjórum Kastljóssþáttum og einum fréttatíma teljist hafa farið gegn 3. grein siðareglna Blaðamannafélagsins og að brotið teljist mjög alvarlegt.

Í greininni segir að blaðamaður eigi að vanda upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetingu og sýna fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Þá forðist hann allt sem valdið geti saklausu fólki óþarfa sársauka eða vanvirðu. **- bþs**

## HELLA

### Ævintýraland í grunnskóla

Reka á sumarbúðir undir nafninu Ævintýraland í sumar í íþrótta- og skólahúsnæði á Hellu. Hreppsráðið hefur samþykkt að leigja skólann undir búðirnar. Guðfinna Þorvaldsdóttir úr Framsóknarflokki segist óttast að starfsemin trufli nauðsynleg viðhaldsverkefni á skólabyggingunum og raski aðgangi heimabarna að leiktækjum við skólann.

## LEIÐRÉTTING

Þau leiðu mistök urðu við vinnslu myndatexta á forsíðu Fréttablaðsins í gær að Haraldur Hauksson var sagður sonur Eiríks Haukssonar. Hið rétta er að hann er sonur Hauks Haukssonar, bróður Eiríks. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.




# Misvísandi kannanir á lokasprettinum

## Mestur munur milli kannana sem birtust í gær er á fylgi Sjálfstæðisflokksins, frá 36,0 prósentum hjá Félagsvísindastofnunar í 44,7 prósent hjá Blaðinu.

**SKOÐANAKÖNNUN** Fjórar nýjar skoðanakannanir um fylgi flokkanna birtust í gær en engar þeirra voru samhljóma um hvernig kosningarnar gætu farið í dag.

Mestu munar á fylgi Sjálfstæðisflokksins í þessum könnunum. Í könnun Félagsvísindastofnunnar mældist fylgið 36,0 prósent en 44,7 prósent hjá Blaðinu. Allar kannanir mæla flokkinn nokkuð yfir kjörfylgi síðustu kosninga þegar flokkurinn hlaut 33,7 prósent atkvæða, en sögulega var það nokkuð slök útkoma.

Næstmestur munur er á fylgi Samfylkingar, 5,9 prósentustig, en eftir því sem flokkarnir mælast með meira fylgi eru skekkjumörkin hærri. Mest mælist fylgið hjá Félagsvísindastofnun, 29,3 prósent, en minnst mælist fylgið hjá Fréttablaðinu, 24,6 prósent. Allar kannanirnar mæla Samfylkingu undir kjörfylgi 2003, þegar flokkurinn hlaut 31 prósent atkvæða og allar kannanirnar, fyrir utan könnun Félagsvísindastofnunar, mælir flokkinn undir kjörfylgi 1999 þegar hann hlaut 26,8 prósent atkvæða.

Allar kannanir benda til að Framsóknarflokkurinn fái sína verstu útkomu í kosningunum og mælist fylgi flokksins hæst 11,0 prósent í raðkönnun Capacent. Lægst mælist fylgið hjá Fréttablaðinu, 9,1 prósent. Í kosningunum 2003 hlaut flokkurinn 17,7 prósent atkvæða og hafði þá ekki gengið jafn illa í kosningum frá árinu 1978.

Þá benda allar kannanir til fylgisaukningar Vinstri grænna. Minnst mælist fylgið hjá Blaðinu nú, 14,1 prósent, en hæst hjá Fréttablaðinu, 16,1 prósent. Flokkurinn hlaut 8,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum, sem er svipað og í kosningunum 1999.

Allar kannanir utan Blaðsins benda til að Frjálslyndir séu öruggir inni með að minnsta kosti þrjá þingmenn. Mest er fylgið hjá Capacent, 6,3 prósent. Í síðustu kosningum hlautu Frjálslyndir hins vegar 7,4 prósent atkvæða.

Þá benda allar kannanirnar til að Íslandshreyfingin komi ekki manni að. Mest mælist fylgið hjá Félagsvísindastofnun, 3,2 prósent.

**svanborg@frettabladid.is**



**VIÐ LAUGARDALSHÖLL** Á tólfta þúsund höfðu kosið utan kjörfundar í Reykjavík síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Kjörsókn utan kjörfundar góð:

# Fjölmargir kusu utan kjörfundar

**KOSNINGAR** Mjög góð kjörsókn var utan kjörfundar í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættinu í Reykjavík höfðu rúmlega ellefu þúsund manns kosið þar utan kjörfundar síðdegis í gær, sem er hátt í fjörutíu prósentum meira en fyrir borgarstjórnarkosningarnar í fyrra.

Á Akureyri höfðu rúmlega 1.300 kosið síðdegis í gær, sem er heldur meira en á sama tíma í fyrra. Í Kópavogi höfðu um 1.300 manns kosið síðdegis í gær og í Hafnarfirði um 1.600. Þykja báðar tölur óvenjuháar. Hægt var að greiða atkvæði utan kjörfundar til klukkan tíu í gærkvöldi. **- sh**

Verktakar valda titringi:

# Sprengja skók Grindvíkinga

**UMHVERFISMÁL „Jörð og hús titruðu og skulfu í gríðarmikilli spengingu núna laust fyrir klukkan ellefu í morgun,“ sagði á heimasíðu Grindavíkur í gær.**

**Fram kemur á heimasíðu bæjarins að verktakar við hafnargerð í Grindavíkurhöfn hafi verið að sprengja fyrir nýju stálþili sem rekið verður niður milli Kvíabryggju og Miðgarðs.**

**„Sprengingin var mjög öflug og mikið sjónarspil.“** **- gar**





ER ÞETTA EFNAHAGSLEGUR STÖÐUGLEIKI???

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

ALLT ANNAÐ LÍF!
– með vinstri grænum




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KOSNINGA-VEÐRIÐ**

Vindur: Norðanátt. Fremur stíf norðvestan og vestan til, annars hægari.

Ský og úrkoma: Bjart syðra, annars þungbúið. Á Vestfjörðum og vestan til á Norðurlandi verður éljagangur en austan til verður snjókoma eða slydda. Rigning sunnan til á Austurlandi.

Hiti: Norðan til verður hiti um eða rétt yfir frostmarki. Syðra verður hitinn 5-11 stig.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s. Bjart veður. Hiti 3-9 stig mildast á miðjum degi.

## VEÐURSPÁ




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C skúrir | London | 17°C skúrir | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 12°C rigning | París | 20°C skúrir | Mallorca | 23°C heiðskírt |
| Osló | 17°C skúrir | Frankfurt | 19°C skúrir | Basel | 22°C skúrir |
| Stokkhólmur | 15°C léttskýjað | Friedrichshafen | 19°C skúrir | Eindhoven | 18°C skúrir |
| Gautaborg | 11°C hálfskýjað | Berlín | 16°C skúrir | Las Palmas | 26°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Blóm handa mömmu
## á mæðradaginn




Allt í garðinn
á einum stað

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Horfðir þú á undankeppni Eurovision í gærkvöldi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 72,9% |
| NEI | 27,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að vaka eftir kosningaúrslitunum?*

vísir

Bláu tjöldin sem löngum hafa hulið kjörklefa í Reykjavík verða mun færri í ár eftir kæru í fyrra:

# Bláu kjörklefatjöldunum skipt út fyrir hvít

**KOSNINGAR** Bláu tjöldin sem undanfarnar kosningar hafa verið hengd fyrir kjörklefa allra kjördeilda í Reykjavík nema einnar hafa nú flest verið tekin niður og hvít og drapplituð tjöld sett í þeirra stað, samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar.

Rúnar Þór Þórarinsson hönnuður kærði kosningu til borgarstjórnar í fyrra vegna tjaldanna, þar sem honum þótti skjóta skökku við að mikið væri lagt upp úr því að hylja ýmislegt á kjörstöðum sem þykir geta minnt kjósendur á stjórnmálaflokka, til að mynda græn útgönguljós og rauða depla á glerrennihurðum, en flennistór blá tjöldin fengju að hanga á sínum stað.

Kærunni var vísað frá, en Rúnari þökkuð ábendingin. Í ár hefur verið skipt á um tveimur þriðju bláu tjaldanna en hvít og drapplituð sett í staðinn. Þó munu einhver þeirra bláu hafa verið lánuð til kjördeilda í nágrannasveitarfélögum.



GUÐMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON

Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, segist ekki telja að litir sem sjást á kjörstað hafi áhrif á atkvæði kjósenda.

„En það er ekki spurning í mínum huga að þessi litur geymir skilaboð og mín skoðun er að einhverjir embættismenn geri þetta viljandi til að ögra. Á móti kemur þó að það er auðvelt að ganga með paranoju. En auðvitað fyndist mér lágmarksvirðing við kjósendur að hafa litinn hlutlausan.“ - sh



**DULINN ÁRÓÐUR?** Bláu tjöldin munu enn hanga í einhverjum kjördeildum borgarinnar, en hefur þó fækkað mikið.





Samfylkingin

Vantar þig akstur eða upplýsingar?

Hringdu í síma 414 2200

xS

Allar upplýsingar á xs.is

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

KOSNINGAVAKA VG Í SÚLNASAL HEFST KL. 18


# Risessan á ferð og flugi um borgina

**Fjölmargir fylgdust með risessunni lifna við og halda af stað á vit ævintýra á götum Reykjavíkur.**

**MENNING** Börnin á leikskólanum Mýri biðu spennt eftir að sjá risessuna vakna og ganga af stað um alla borg. Þau sátu sem fastast á Tjarnarbakkanum og litu varla af brúðunni, sem lá sofandi ofan á Hljómskálanum. Risessan verður aftur á ferðinni í dag en Árni Friðleifsson, varðstjóri hjá umferðarlögreglunni, segir borgarbúa hafa tekið uppákomunni vel og lögreglan sé ágætlega undirbúin. „Við erum vanir því að þurfa að loka fyrir umferð fyrir viðburði eins og 17. júní og Menningarnótt. Þó verður að segjast að við höfum aldrei fyrr séð neitt í líkingu við brúðu sem gengur um göturnar.“ larab@frettabladid.is



**LÉTTI Á SÉR** Risessunni varð allt í einu mál að pissa á göngu sinni um stræti Reykjavíkurborgar í gær. Þar sem engin risaklósett voru nálægt létti hún á sér við dómkirkjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Risessan er með band í sér og þannig labbar hún. Ég er spennt að sjá hana,“ segir Sunneva Bergsveinsdóttir, fimm ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Ég vil sjá brúðuna en hún er ennþá sofandi,“ segir Nökkvi Björnsson, fjögurra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Ég kom til að sjá risessuna, hún kemur upp úr jörðinni,“ segir Tumi Bergsveinsson, fimm ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Risessan getur borðað okkur en þá hleyp ég bara á eftir henni og borða hana,“ segir Steinar Bragi Gíslason, fimm ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Pallaefni
gagnvarin fura

| | | |
|---|---|---|
| **Pallaefni 28x95 mm** 628601 | **175 kr/m** | ~~233 kr/m~~ |
| **Pallaefni 21x95 mm** 621601 | **120 kr/m** | ~~163 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x98 mm** Lengd 2,4-4,5 648601 | **217 kr/m** | ~~325 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x123 mm** Lengd 2,4-4,5 648701 | **276 kr/m** | ~~379 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x148 mm** Lengd 2,4-4,5 648801 | **331 kr/m** | ~~488 kr/m~~ |
| **Pallaefni 98x98 mm** 698000 | **434 kr/m** | ~~591 kr/m~~ |



**Nýr afgreiðslutími** í Skútuvogi
Opið til klukkan **21:00** alla daga vikunnar

# Allt fyrir garðverkin



**Bubbi byggir 12"**
3899960
**10.590**

**Bubbi byggir 16"**
3899961
**12.590**



**My Bonnie 12"**
3899962
**10.590**

**My Bonnie 16"**
3899963
**12.590**

**Sistema**
háþrýstidælur
**frá 11.995**



**Háþrýstidæla, Sistema**
130 bör, 6 m slanga, kústur, sápubrúsi.
5254228
**15.995**




**Gasgrill**
**Outback**, Trooper EX, grillflötur 48x50 sm, tveir brennarar úr steypujárni, Flame Tame hlíf yfir brennurum, hitamælir á hlíf, auðþrífanlegur lekabakki, aðfellanleg hitagrind, 7,87 kW
3000236
**32.950**



**3.995**
~~5.995~~

**Hjólbörur, Ravendo**
85 ltr.
5080041




**Trebitt Terrassebeis**
Ný pallaolía á markaðnum sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár. Fljótþornandi og aðeins þarf að hreinsa áhöldin með vatni.
7049307-8

1 ltr **1.495** 1.990
3 ltr **3.695** 4.590



**Greinaklippur**
5084660

**799**
~~1.245~~

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál




Barir og verslanir búa sig undir annasaman kosningadag:

# Helmingi meira áfengi í ÁTVR

**FÓLK** Laugardagurinn 12. maí er líklega aðeins fyrirferðarmeiri en venjulegur laugardagur hjá flestum landsmönnum. Arthúr Gunnarsson, aðstoðarverslunarstjóri Vínbúðarinnar í Kringlunni, segir bjórinn vinsælan fyrir kosningavökur. „Við pöntum inn í það minnsta helmingi meira af áfengi fyrir þessa helgi en fyrir venjulega helgi. Veðrið skiptir líka máli. Ef það er sól selst mikið af hvítvíni og rósavíni,“ segir Arthúr.

„Eurovision-kvöldin eru okkar kvöld,“ segir Hrafn Stefánsson, rekstrarstjóri Domino‘s á Íslandi, og bætir við að allur gangur sé á því hvort mikið sé að gera á kosningakvöldum. „Við vorum búnir að manna vaktirnar vel fyrir kvöldið í kvöld hefði Eiríkur komist áfram. Því miður komst hann ekki í úrslit og þess vegna á ég ekki von á því að þetta verði mikið pítsukvöld hjá landsmönnum.“

Kormákur Geirharðsson, eigandi Ölstofunnar,


KORMÁKUR GEIRHARÐSSON

segir allt vera við það sama á Ölstofunni. „Þetta verður líklega gott laugardagskvöld. Við gerum engar sérstakar ráðstafanir þótt það séu kosningar enda eigum við alltaf nóg af víni og erum tilbúnir í hvað sem er,“ segir Kormákur og er sannfærður um að fjör verði í bænum í kvöld og mikið um bros og tár. - lbb




**GILT OG ÓGILT** Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa atkvæði orðið ógild í kosningum þar sem óhönduglega hefur tekist til við útstrikun frambjóðanda eða endurröðun á lista. Kjósandi má aðeins breyta þeim lista sem hann kýs. Meðfylgjandi dæmi eru tilbúin og sýna annars vegar hvernig standa á að breytingu lista með löglegum hætti og hins vegar hvernig atkvæði getur orðið ógilt. Heimild til endurröðunar og útstrikana í kosningalöggjöfinni er í anda lýðræðis.

# Mikinn fjölda þarf til að útstrikun hafi áhrif

**Fara þarf aftur til ársins 1946 til að finna dæmi um að útstrikanir hafi haft áhrif á röð frambjóðenda í alþingiskosningum. Þá höfðu útstrikanir mun meira vægi en nú. Það hvort útstrikun hefur áhrif ræðst af fylgi lista og sæti frambjóðanda.**

**KOSNINGAR** Áskorun Jóhannesar Jónssonar í gær til kjósenda Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður um að þeir striki yfir nafn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra vakti athygli enda fátítt að fólk utan stjórnmála blandi sér í kosningabaráttu með jafn beinum hætti.

Alltaf er eitthvað um að kjósendur striki yfir frambjóðendur en eftir því sem næst verður komist hefur útstrikun einu sinni haft áhrif á röð þeirra. Var það hjá sjálfstæðismönnum í Reykjavík í þingkosningunum 1946. Eftir harðvítugar deilur meðal flokksmanna um skipan listans var afráðið að Björn Ólafsson stórkaupmaður skipaði fimmta sætið og Bjarni Benediktsson, alþingismaður og borgarstjóri, hið sjötta. Stuðningsmenn Bjarna undu þeirri niðurstöðu illa og strikuðu yfir nafn Björns unnvörpum; með þeim árangri að Björn og Bjarni höfðu sætaskipti. En þótt útstrikun breyti ekki röð frambjóðenda getur hún dregið úr atkvæðamagni að baki þeim. Þannig hlaut Davíð Oddsson fleiri persónuleg atkvæði en Össur Skarphéðinsson í Reykjavík norður í síðustu þingkosningum eftir að útstrikanir höfðu verið taldar. Engu að síður varð Össur fyrsti þingmaður kjördæmisins enda hafa útstrikanir ekki áhrif á heildaratkvæðafjölda lista.

Ekki er með einföldu móti hægt að segja til um hve marga þarf til að útstrikun hafi áhrif; það ræðst af fylgi listans og sæti viðkomandi frambjóðanda. Þó má nefna sem dæmi að vilji kjósendur lista sem hlýtur tvö þingsæti hafna frambjóðandanum í öðru sæti þarf fjórðungur þeirra að strika yfir nafn hans.

Hlutfallið eykst eftir því sem þingsætunum fjölgar og því ofar sem frambjóðandinn situr.

Það sem kemst næst því að vera hliðstæða við auglýsingu Jóhannesar Jónssonar er auglýsingar sem birtust í Morgunblaðinu síðustu tvo daga fyrir forsetakosningarnar 1996. Að þeim stóðu Björgólfur Guðmundsson, áður framkvæmdastjóri Hafskips, Ómar Kristjánsson, kenndur við Þýsk-íslenska, og Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóra Flugleiða. Beindu þeir því til kjósenda að fara með atkvæði sitt af ábyrgðartilfinningu og á grundvelli réttra upplýsinga um frambjóðendur.

Um leið voru rifjuð upp verk úr stjórnmálatíð Ólafs Ragnars Grímssonar, sem naut mest fylgis í skoðanakönnunum. Meðal annars var bent á orð hans og gjörðir gegn fyrirtækjum sem þremenningarnir veittu forstöðu og vakin athygli á misvísandi yfirlýsingum hans um trúmál. bjorn@frettabladid.is

Tvær ákærur hafa verið gefnar út á hendur fimm mönnum fyrir rán:

# Fimmtán ára ákærður fyrir þrjú rán

**DÓMSMÁL** Fimm menn hafa verið ákærðir fyrir rán og er fimmtán ára piltur í þeim hópi.

Pilturinn ungi er annars vegar ákærður ásamt tveimur mönnum, 18 og 25 ára, fyrir að hafa ráðist inn í verslun 10-11 við Setberg í Hafnarfirði í lok mars, allir með andlitin hulin og vopnaðir dúkahnífum. Þeir hótuðu manni sem var við störf í versluninni að þeir myndu skera hann á háls, neyddu starfsmenn til að opna tvo peningakassa og höfðu 41 þúsund krónur, fimm sígarettupakka og þrjá DVD-mynddiska á brott með sér.

Þeim yngsta er í annarri ákæru gefið að sök að hafa ásamt tveimur mönnum um tvítugt ráðist á og


**ÓÐAL** Síðastnefnda ránið var framið fyrir utan skemmtistaðinn Óðal í Austurstræti.

rænt tvo menn, og er annar meðákærðu, Ívar Aron Hill, einn mannanna úr hinu alræmda Árnesgengi sem hefur verið sakfellt og ákært fyrir fjölmörg afbrot upp á síðkastið. Í sameiningu réðust þeir þrír í október að manni um þrítugt, slógu hann í höfuðið og rændu af honum farsíma. Sama kvöld réðust þeir að öðrum manni á þrítugsaldri, slógu hann í andlitið og spörkuðu í bak hans og rændu einnig af honum farsíma.

Þá er Ívari Aroni og þriðja manninum gefið að sök að hafa ráðist að manni um þrítugt, skallað hann og slegið í andlitið með krepptum hnefa, krafið hann um að fara í hraðbanka og taka út fyrir þá peninga, en síðan rænt af honum farsíma.

Ákærunar voru þingfestar í Héraðsdómi Reykjaness í gær. - sh



# Kæru landsmenn

Glæsilegur árangur íslensku þjóðarinnar á síðustu árum er engin tilviljun. Hér hefur verið framfylgt markvissri stjórnarstefnu sem miðar að því að tryggja að Íslendingar séu í fremstu röð á öllum helstu sviðum þjóðlífs og samfélags.

Í kosningunum núna um helgina verður skorið úr um það hvort haldið verður áfram á þessari sömu braut allri þjóðinni til hagsbóta eða ekki.

Við stjórnmálamennirnir hlítum að sjálfsögðu dómi kjósenda en ég segi í hjartans einlægni að það getur oltið á aðeins örfáum atkvæðum hver úrslitin verða.

Ég bið um þinn stuðning á kjördag.

Stuðningur þinn skiptir miklu máli.



XB 2007

framsokn.is

**Framsókn**



**BLÓMUM SKRÝDD** Ekki er óalgengt að sjá konur skrýðast íburðarmiklum höttum á borð við þennan á Kentucky Derby-veðreiðunum í Louisville í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Margir af efstu mönnum lista búa ekki í kjördæminu sem þeir bjóða sig fram í:

# Átta oddvitar geta ekki kosið sjálfa sig

**KOSNINGAR** Í kosningunum á morgun eru fjölmargir frambjóðendur í þeirri stöðu að geta ekki kosið sjálfa sig. Það gerist þar sem þeir hafa ekki lögheimili í kjördæminu sem þeir bjóða sig fram í.

Sé litið til fimm efstu sæta allra 36 listanna sem boðnir eru fram kemur í ljós að 40 af 180 frambjóðenda eru í þessari stöðu.

Og sé litið til oddvita listanna má sjá að átta af 36 hafa lögheimili í öðru kjördæmi.

Þetta á við um þrjá frambjóðendur Íslandshreyfingarinnar; þau Ástu Þorleifsdóttur, sem er í framboði í Suðurkjördæmi en býr í Reykjavík, og Ómar Ragnarsson og Margréti Sverrisdóttur, sem eru bæði í framboði í Reykjavík suður en búa í Reykjavík norður. Þetta á einnig við um hin Vinstri grænu Atla Gíslason, sem er í framboði í Suðurkjördæmi en býr í Reykjavík, Ögmund Jónasson, sem er í framboði í Suðvesturkjördæmi en býr í Reykjavík og Katrínu Jakobsdóttur, sem býr í Reykjavík suður en er í framboði í Reykjavík norður.



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Sömu sögu er að segja af Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Frjálslynda flokknum, sem býr á Akranesi en er í framboði í Suðurkjördæmi, og Jóni Sigurðssyni, Framsóknarflokki, sem er í framboði í Reykjavík norður en býr í Kópavogi.

- bþs

Fjársvikin hjá TR:

# Mánuður eftir í lok rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL Verið er að ljúka yfirheyrslum og taka saman lausa enda í rannsókn á fjársvikamálinu sem kom upp hjá Tryggingastofnun í fyrrasumar. Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, segir hilla undir lok rannsóknar.**

**„Við þurfum að gefa okkur mánuð í viðbót. Það á eftir að fara yfir rannsóknargögn og meta hvort við ákærum og skrifa þá ákæruna. Rannsóknin sjálf er langt komin, yfirheyrslur, samantekt og gagnaöflun, þetta er allt langt komið,“ segir hann.**

- ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### 410 of hratt á Hringbraut

Ökumenn 410 bifreiða sem óku of hratt eftir Hringbraut í Reykjavík í gær og fyrradag eiga von á sektarmiða inn um lúguna á næstu dögum. Lögreglan náði brotum þeirra á löggæslumyndavél og var meðalhraði þeirra um 75 kílómetrar á klukkustund.

### Með fíkniefni undir stýri

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði ökumann á fimmtudagskvöld sem var undir áhrifum fíkniefna. Á manninum fannst lítilræði af ætluðum fíkniefnum. Þá stöðvaði lögreglan nokkuð marga ökumenn fyrir hraðakstur í umdæminu.

## DÓMSMÁL

### Reyndi að blekkja lögreglu

Rúmlega fimmtugur maður hefur í Héraðsdómi Austurlands verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að hafa ekið ökuréttindalaus og framvísað útrunnu ökuskírteini til að villa um fyrir lögreglu. Maðurinn á að baki langan sakaferil sem hófst árið 1976.

### Ók ölvaður til Hveragerðis

Sextán ára piltur hefur verið ákærður fyrir að stela bíl móður sinnar í Breiðholti, aka honum undir áhrifum áfengis til Hveragerðis og á kantstein með þeim afleiðingum að bíllinn skemmdist. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands.


# Kosningakaffi

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Sjálfstæðisfélögin í suðvesturkjördæmi bjóða í kosningahlaðborð að hætti sjálfstæðismanna víðs vegar um kragann. Við opnum um leið og kjörfundur, kl.09.00. Allir velkomnir.

Hlökkum til að sjá þig!
*Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi*

**Garðabær**
Safnaðarheimilið Kirkjuhvoll.

**Mosfellsbær**
Hlégarður.

**Hafnarfjörður**
Félagsheimili sjálfstæðisfélaganna, Strandgötu 29.

**Seltjarnarnes**
Sal sjálfstæðisfélaganna, Austurströnd 3.

**Kópavogur**
Félagsheimili sjálfstæðisfélaganna, Hlíðarsmára 19.

**Álftanes**
Fjölskylduhátíð milli kl. 12 og 18 í félagsheimili hestamannafélagsins Sóta. Kaffihlaðborð, grill, blöðrur, gos og leiktæki fyrir börnin. Hestamenn bjóða börnum að fara á hestbak.







**ALÞINGI** Mikil spenna er í loftinu fyrir kosningarnar í dag. Stjórnmálafræðingar telja baráttuna hafa verið málefnalega en átakamál hafi verið fá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gríðarlega spennandi kosningar

**Stjórnmálafræðingar segja kosningarnar í kvöld gríðarlega spennandi. Styrkir ekki samningsstöðuna fyrir Framsóknarflokkinn ef Jón Sigurðsson kemst ekki inn á þing, segir Birgir Guðmundsson.**

**KOSNINGAR** „Mér finnst allt benda til þess að Sjálfstæðisflokkurinn muni standa með pálmann í höndunum eftir þessar kosningar og geti valið sér bólfélaga,“ segir Birgir Guðmundsson, lektor við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur mælst með töluvert meira fylgi í könnunum að undanförnu en hann fékk í kosningunum 2003. Birgir telur áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins vera háð því að Framsóknarflokkurinn fái yfir fjórtán prósenta fylgi. „Ef Framsóknarflokkurinn fær yfir fjórtán prósenta fylgi og ríkisstjórnin heldur velli, þá finnst mér líklegt að samstarf flokkanna haldi áfram. En það getur vitanlega líka skipt máli hvort Jón [Sigurðsson] nær þingsæti. Það styrkir ekki samningsstöðuna að loknum kosningum ef formaður flokksins kemst ekki á þing.“

Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, segir allt stefna í gríðarlega spennandi kosningar. „Það er alveg ljóst í mínum huga að þetta verða gríðarlega spennandi kosningar eins og kannanir hafa verið að gefa til kynna. Spennupunkturinn verður líklega sá hvort ríkisstjórnin heldur velli eða ekki. Í ljósi þess held ég að kjósendur muni velta málunum fyrir sér út frá þessum punkti öðrum fremur.“

Þrátt fyrir að kosningabaráttan hafi verið átakalítil segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, hana hafa verið málefnalega. „Kannanirnar hafa aðallega verið svolítið misvísandi hvað varðar Sjálfstæðisflokkinn en ég hef trú á því að hann muni mælast með 36 til 38 prósenta fylgi. Kosningabaráttan hefur einkennst af færri álitamálum en árið 2003. Þá var mikil harka og tekist harkalega á um ýmis atriði, til dæmis um innrásina í Írak og stuðning stjórnvalda við hana. Núna hefur baráttan verið rólegri en um leið á margan hátt málefnalegri. Það hefur verið tekist á um hvernig skuli bæta hag ýmissa hópa, til dæmis aldraðra, og það skýrir stöðuna fyrir kjósendum.“

magnush@frettabladid.is



**BIRGIR GUÐMUNDSSON** Sjálfstæðisflokkurinn verður líklega með pálmann í höndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EINAR MAR ÞÓRÐARSON** Fólk velur hvort það vill stjórnina áfram eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON** Baráttan verið rólegri en síðast en málefnalegri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA
Landsbankinn
1. UMFERÐ
LANDSBANKADEILD KARLA
lau. 12. maí. kl.14:00 ÍA - FH
sun. 13. maí. kl.16:00 Valur - Fram
sun. 13. maí. kl.19:15 Breiðablik - Fylkir
sun. 13. maí. kl.19:15 Víkingur - HK
mán. 14. maí. kl. 20:00 KR - Keflavík
LANDSBANKADEILD KVENNA
mán. 21. maí. kl.19:15 Valur - Stjarnan
mán. 21. maí. kl.19:15 Keflavík - Þór/KA
mán. 21. maí. kl.19:15 Fjölnir - Fylkir
þri. 22. maí. kl.19:15 Breiðablik - KR
Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans
VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA
LANDSBANKADEILDIN



**KOMA NAKIN FRAM** Þúsundir manna fækkuðu fötum og lögðust flatar á Zocalo-torgið í Mexíkóborg á sunnudag til að vera mynduð af Spencer Tunick, sem er frægur fyrir listrænar ljósmyndir sínar af fjölda nakinna einstaklinga. NORDICPHOTOS/AFP

Rúmlega fimmtugur maður dæmdur í fangelsi fyrir vörslu barnakláms:

# Var tekinn með klámmyndir þar sem reifabörn voru svívirt

**DÓMSMÁL** Rúmlega fimmtugur maður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í sex mánaða fangelsi fyrir að hafa haft mikið magn af barnaklámi í tölvum sínum. Meðal þess sem maðurinn hafði viðað að sér voru myndir af mjög ungum börnum, nánast niður í reifabörn, sem svívirt eru á ruddalegan og klámfenginn hátt, að því er fram kemur í gögnum dómsins.

Í turntölvu, fartölvu og á útværum hörðum diski sem fundust hjá manninum reyndust vera samtals 6.548 ljósmyndir og 179 hreyfimyndir sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt.

Maðurinn játaði greiðlega sök við þingfestingu málsins.

Í gögnum málsins kemur fram að hann kvaðst hafa „einhverja söfnunarþörf“ á svona klámefni og hafði safnað því undanfarin tvö ár þegar lögreglan lagði hald á tölvur hans.

Dómurinn taldi brotið stórfellt. Ekkert hefði komið fram í málinu um að maðurinn, sem er fjölskyldumaður, hefði leitað sér aðstoðar til að vinna bug á áhuga sínum á klámefni þar sem börn eru fórnarlömb. Helmingur refsingarinnar var skilorðsbundinn, en manninum var gert að greiða allan málskostnað. - jss



**BARNAKLÁM** Maðurinn var með 6.548 ljósmyndir og 179 hreyfimyndir sem sýndu börn á ruddalegan og klámfenginn hátt.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með þrjá skammta af fíkniefnum á skemmtistað

Lögreglan á Suðurnesjum handtók karlmann á skemmtistað í Reykjanesbæ aðfaranótt fimmtudagsins. Maðurinn var með þrjá skammta af amfetamíni í neysluppakkningum. Hann var færður á lögreglustöð en sleppt að lokinni yfirheyrslu.

Óánægjan á Njálsgötu vegna heimilis heimilislausra:

# Íhuga lögbann

**FÓLK** Hópur íbúa á Njálsgötu veltir nú fyrir sér þeim möguleika að krefjast lögbanns á rekstur heimilis fyrir heimilislausa á Njálsgötu 74. Telja íbúarnir Reykjavíkurborg brjóta á rétti þeirra með því að velja heimilinu stað á Njálsgötu að íbúunum forspurðum. Þá segjast íbúarnir vantrúaðir á fullyrðingar fulltrúa velferðarsviðs og velferðarráðs borgarinnar um að ekkert ónæði verði af rekstri heimilisins. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur borgarstjóri samþykkt að hitta íbúana að máli 22. maí næstkomandi. - gar




# Til hamingju með daginn!

**SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu þakka alþingismönnum og stjórnvöldum samstarfið á kjörtímabilinu sem nú er að líða og hvetja þingmenn á nýju Alþingi til að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem fyrir hendi eru til að búa fyrirtækjunum og fólkinu í landinu betri skilyrði.**

Það verður meðal annars gert með því:

- Að stuðla að frekari flutningi þjónustuverkefna frá hinu opinbera til einkarekinna fyrirtækja sem annast þau með hagkvæmum hætti og gæta þess að öll fyrirtæki hafi jafna möguleika á að hljóta slík verkefni.
- Að halda áfram að lækka skatta og tolla á matvæli og fella niður vörugjöld sem lögð eru á raftæki, byggingavörur og húsbúnað.
- Að endurbyggja stofnbrautir vegakerfisins með auknum fjárveitingum á næstu 10 árum þannig að vegakerfið þjóni þörfum allra landsmanna.

SVÞ óska landsmönnum til hamingju með daginn og hvetja fólk til að nýta kosningaréttinn og að hafa þannig áhrif á hverjir fara með stjórn landsins næstu 4 árin.

*SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Samtökin ryðja nýjum hugmyndum braut og koma á framfæri röksemdum fyrir jákvæðu starfsumhverfi atvinnulífsins.*

SVÞ
*Samtök verslunar og þjónustu*




**KOSTUNICA OG TADIC** Vojislav Kostunica, starfandi forsætisráðherra, og Boris Tadic forseti komust loks að samkomulagi fyrir hönd flokka sinna. NORDICPHOTOS/AFP

# Serbíustjórn loks mynduð

**Lýðræðissinnaflokkum Serbíu tókst loks í gær, fjórum mánuðum eftir kosningar, að ná sátt um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Frestur til þess var að renna út.**

**SERBÍA, AP** Lýðræðissinnaflokkar Serbíu náðu í gær loks samkomulagi um að mynda saman ríkisstjórn, fjórum mánuðum eftir að þingkosningar fóru fram í landinu. Frá þessu greindi þingforsetinn Tomislav Nikolic, sem sjálfur er leiðtogi öfgaþjóðernissinna. Með stjórnarmyndunarsamkomulaginu var því afstýrt að flokkur hans, Róttæki flokkurinn, kæmist til valda.

Nikolic tjáði AP-fréttastofunni að Boris Tadic forseti og Vojislav Kostunica, starfandi forsætisráðherra, hefðu náð saman um stjórnarmyndunina. Samkvæmt fréttum serbneskra fjölmiðla felst meðal annars í samkomulaginu að Nikolic haldi ekki þingforsetaembættinu sem hann var kjörinn í fyrr í vikunni.

„Mér var tilkynnt að samkomulag um myndun nýju ríkisstjórnarinnar hefði náðst,“ sagði Nikolic. „Ég mun kalla saman þing, sennilega á morgun, til að kjósa nýju stjórnina.“

Nikolic sagðist frekar myndu segja sjálfur af sér en láta skipta sér út fyrir annan. Hann sagðist ennfremur vænta þess að Kostunica myndi halda forsætisráðherraembættinu.

Hefði ekki tekist að mynda stjórn fyrir næsta þriðjudag hefði þurft að boða til kosninga á ný, en ljóst þykir að eingöngu Róttæki flokkurinn hefði grætt á því, en hann er nú þegar stærsti flokkurinn á þingi.

Ráðamenn á Vesturlöndum og grannríki Serbíu fylltust að gefnu tilefni áhyggjum af því hvert Serbía stefndi þegar Nikolic náði í vikunni kjöri til embættis þingforseta. Róttæki flokkurinn átti aðild að stjórn Slobodans Milosevic á tíunda áratugnum, þegar Serbar háðu stríð við fyrrum bræðraþjóðir sínar í gömlu Júgóslavíu.

Serbía tók í gær við formennsku í Evrópuráðinu og mun gegna henni næsta hálfa árið. Vissir fyrirvarar voru þó á því að hin væntanlega nýja Serbíustjórn væri fær um að fara fyrir stofnuninni, sem beitir sér einkum og sér í lagi í mannréttindamálum álfunnar, þar sem serbnesk stjórnvöld hafa ekki reynst fær um að verða við þeim kröfum sem Evrópuráðið hefur beint til þeirra, fyrst og fremst varðandi handtöku og framsal eftirlýstra stríðsglæpamanna.

audunn@frettabladid.is

Ósætti um söfnun heilsuplantna í Dyrhólaey:

# Deilt um lokun

**UMHVERFISMÁL** Sveitarstjórn Mýrdalshrepps undrast að ábúendur í Dyrhólaey hafi fengið vottorð til staðfestingar á sjálfbærum nytjum með söfnun á villtum heilsuplöntum og nytjum á æðarvarpi. Sveitarstjórnin er óánægð með að vottunarstofan skuli ekki hafa haft samband við hreppinn sem eigi hluta í jörðinni. Vafamál sé hvort plöntusöfnunin sé í samræmi við friðlýsingu Dyrhólaeyjar og sveitarstjórnin kannast ekki við „dúnbýlið Dyrhólaey“.

Þá segir sveitarstjórnin með öllu viðunandi að Umhverfisstofnun hafi lokað Dyrhólaey fyrir almenningi frá 1. maí til 25. júní. - gar

## KOSNINGASKRIFSTOFUR • KOSNINGAKAFFI • KOSNINGAVÖKUR


Guðjón A. Kristjánsson
Norðvesturkjördæmi


Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi


Jón Magnússon
Reykjavík Suður


Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi


Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík Norður


Grétar Mar Jónsson
Suðurkjördæmi

### Reykjavík
- *Skeifan 7*
  Opnar kl. 09.00. Kosningakaffi allan daginn
- *Aðalstræti 9*
  Opnar kl. 09.00. Kosningakaffi allan daginn
- Kosningavaka í Rúgbrauðsgerðinni
  Borgartúni 6, húsið opnar kl. 22.00
- **Akstur á kjörstað. Sími: 553-6069**

### Suðvesturkjördæmi
- *Kópavogur - Hamraborg 14*
  Opið frá 09.00 - 21.00
- *Mosfellsbær - Háholt 14*
  Opið frá 09.00 - 21.00
- Kosningavaka í Rúgbrauðsgerðinni
  Borgartúni 6, húsið opnar kl. 22.00
- **Akstur á kjörstað. Sími: 553-6069**

### Norðvesturkjördæmi
- *Sauðárkrókur - Öldustígur 7*
  Kosningamiðstöð opnar kl. 09:00
- Kosningakaffi allan daginn
- **Akstur á kjörstað: 453-6366**

- *Akranes – Kirkjubraut 1*
  Kosningamiðstöð opnar kl. 09.00
- Kosningakaffi frá kl.14.00. Opið fram á kvöld
- **Akstur á kjörstað: 430-0500 og 430-0501**

- *Ísafjörður*
- Kosningamiðstöð Silfurgata 1. Húsið opnar kl. 11.00
- Kosningakaffi
  Faktorshúsið Hæsta kaupstað.
  Opið frá kl. 13.00 - 17.00
- Kosningavaka á Silfurgötu 1
- **Akstur á kjörstað: 456-3027 og 456-3057**

### Norðausturkjördæmi
- *Akureyri*
  Hafnarstræti 83. Kosningamiðstöð opnar kl. 09.00
- Kosningakaffi Súlnabergi Hótel Kea
  frá kl. 14.00 - 17.00
- Kosningavaka frá kl. 22.00 á Greifanum.
- **Akstur á kjörstað: 461-1518, 659-4809
  og 661-4809**

*Egilsstaðir*
- Kosningamiðstöð - Tjarnarbraut 19
  opið frá kl. 09.00 til kl. 22.00
- Kosningavaka í Fellabæ frá kl. 22.00
- **Akstur á kjörstað: 471-2078**

*Húsavík*
- Kosningamiðstöð Garðarsbraut 26
- Kosningakaffi milli kl. 10.00 og 18.00
- **Akstur á kjörstað: 821-1388**

### Suðurkjördæmi
*Reykjanesbær*
Hafnargötu. Opnar kl.10.00
- Kosningakaffi og Kosningavaka
- **Akstur á kjörstað: 422-7500 og 868-4631**

*Grindavík*
Hafnargötu 4. Opnar kl.10.00
- Kosningakaffi á staðnum
- Kosningavaka á Kaffi Grindavík um kvöldið.
- **Akstur á kjörstað: 824-9080**

*Selfoss*
- Kosningamiðstöð við Austurveg.
  Opið frá kl. 10.00 - 19.00
- Kaffi og pönnukökur.

*Höfn*
Víkurbraut 2.
Kosningamiðstöð opnar kl. 14:00

*Vestmannaeyjar*
Bárustígur 1
Kosningamiðstöð opnar kl. 10.00. Allir velkomnir
**Akstur á kjörstað: 481-1217**

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

**Frjálslyndi flokkurinn**

**www.xf.is** Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

# Árangu




## Kosningakaffi

Verið velkomin í kosningakaffi Framsóknar í Reykjavík, kosningamiðstöðinni Skógarhlíð 20 (Ýmir) í dag. Kaffihlaðborð allan daginn og ís fyrir börnin.








framsokn.is

Framsókn

# r áfram!

**Við hvetjum þig til að nýta atkvæðisrétt þinn í kosningunum í dag.**



## ▪ Akstur á kjörstað

Hægt er að óska eftir akstri á kjörstað í síma 582 9499.

## ▪ Kosningavaka í Þjóðleikhúskjallaranum kl. 22:00

Kosningavaka Framsóknar í Reykjavík í Þjóðleikhúskjallaranum hefst kl. 22:00 og stendur fram eftir nóttu. Kosningasjónvarpið í beinni og hljómsveitin Outloud spilar.

Allir velkomnir!








## ▪ Upplýsingar veittar í síma 582 9499

XB 2007

# Tölvuleikir stuðla að framþróun vísinda

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

**Það er leikur að læra segir í kvæðinu og víst er að leikurinn er leið barnsins til að læra. En það má lengi læra á því að leika sér og sem dæmi má nefna að óvíða er þróun tölvutækninnar jafnhröð og við gerð tölvuleikja. Nokkrir íslenskir vísindamenn vinna nú að verkefni á þessu sviði sem getur hugsanlega nýst við þróun vélmenna fyrir almennan markað í framtíðinni.**

Grafískir tölvuleikir þar sem fjöldi manns getur tekið þátt samtímis gegnum netið njóta gífurlegra vinsælda og hafa gert undanfarin ár. Samkeppnin á þessu sviði hefur gert það að verkum að framleiðendur keppast við að bæta leikina stig af stigi og þróa fullkomnari og fullkomnari tækni við gerð þeirra; gera þá sem raunverulegasta.

### Samvinna við CCP

Dr. Hannes Högni Vilhjálmsson, lektor á tölvunarfræðisviði tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, hlaut í byrjun þessa árs tveggja ára styrk úr Rannsóknarsjóði til að þróa tækni til að stýra mannlegri hegðun sögupersóna í grafískum fjölnotendaleikjum. „Þetta er samstarfsverkefni unnið í samvinnu við íslenska leikjafyrirtækið CCP sem framleiðir tölvuleikinn EVE Online. Auk mín stýra þessu þau dr. Kristinn Þórisson, dósent á gervigreindarsetri HR, Marta Lárusdóttir, lektor við HR, og Torfi Frans Ólafsson af hálfu CCP.“

Hannes Högni leggur áherslu á að þótt hann hafi fengið styrkinn sem slíkan í sínu nafni sé þetta hópverkefni. „Við lítum á þetta sem lið í því að gera gervigreindarsetrið hér við Háskólann í Reykjavík að rannsóknarsetri á alþjóðlegum mælikvarða,“ segir hann.

### Þrír meginþættir

Verkefnið snýst um að þróa tækni til að stýra mannlegri hegðun sögupersóna í grafískum fjölnotendaleikjum og búa viðkomandi persónur eins miklum mannlegum eiginleikum og hægt er, að sögn Hannesar Högna.

Þetta felur í sér þrjá meginþætti, vísindahluta, verkfræðihluta og fagurfræðihluta. „Vísindahlutinn gengur út á það að við reynum að líkja eftir raunverulegum hlutum, þessar persónur eiga að hegða sér eftir mannlegum væntingum í veruleikanum. Og til að greina þennan veruleika styðjumst við við vísindarannsóknir á mannlegri hegðun, notum til dæmis vídeómyndir af fólki til að greina hegðun þess, líkamstjáningu í samtölum svo eitt dæmi sé tekið.“

### Kenna persónum mannlega hegðun

Þar næst tekur verkfræðiþátturinn við en hann felst meðal annars í að búa til líkan út frá þessum rannsóknum. „Við tökum þessa huglægu greiningu á mannlegri hegðun og búum til reiknilíkan þar sem inntakið eru persónur, samskipti þeirra og aðstæður, og úttakið er lýsing á viðeigandi látbragði persónanna,“ útskýrir Hannes Högni.

Hann nefnir sem dæmi að í tölvuleiknum EVE Online þurfi leikmenn og persónur þeirra í leiknum að geta haft samskipti hverjar við aðra en síðan koma aðrar sjálfvirkar sögupersónur líka við sögu sem eru hluti af sjálfum leiknum. „Og við þurfum að kenna kerfinu að láta þessar persónur eiga sem eðlilegust samskipti, sem er talsvert flókið meðal annars vegna ýmiss konar takmarkana sem þarf að takast á við.“

Þar nefnir Hannes Högni til dæmis að öll samskipti persónanna í leiknum þurfa að gerast á rauntíma og mjög mikilvægt að allt sem gerist sé fullkomlega samhæft.

### Samræming allra þátta flókin

Hinn fagurfræðilegi þáttur verksins er ekki síður mikilvægur að sögn Hannesar Högna. „Þetta verður auðvitað allt saman að líta vel út. Það þarf að vera samræmi milli útlits og hreyfinga persónanna, þær verða að passa inn í umhverfi sitt. Þar kemur inn ýmiss konar tækni við að reyna að skapa heildræna mynd af þessu sýndarumhverfi og þar er CCP mjög framarlega. Fyrirtækið hefur gríðarlega góða listamenn á sínum snærum við að hanna myndrænt útlit leiksins.“

Hannes Högni og samstarfsmenn hans kappkosta að þau líkön sem þeir smíða byggist eins og kostur er á raunveruleika og því þarf að vera góð samvinna milli listamannanna og þeirra sem eru að lýsa tilgangi hreyfinga persónanna. „Sögupersónur eiga til að mynda ekki að gera eitthvað út í hött þótt það líti vel út,“ segir hann.

### Athyglisgáfan erfið

Eins og lesendur geta ímyndað sér er það afar flókið ferli að yfirfæra mannlega hegðun yfir á persónur í sýndarveruleika; láta þær eiga sem eðlilegust samskipti og þar fram eftir götunum.

Eitt af því sem Hannes Högni segir hvað erfiðast í þessu en um leið skemmtilegast, vegna þess að svo margir hafa spreytt sig á því, sé að gæða persónurnar athyglisgáfu. „Sögupersónurnar þurfa á hverju augnabliki að geta sýnt hvert athygli þeirra beinist og það verður að vera samræmi í því sem þær gera. Þær þurfa að fylgjast með því sem er að gerast í kringum þær, þetta er flókið umhverfi og spurning hvert þær eiga að horfa og á hvað. Þær þurfa að geta fylgst með mörgu í senn til dæmis samræðum við aðrar persónur og samtímis að vera stöðugt að skynja umhverfið. Þetta reynum við að leysa með því að útbúa persónurnar mannlegri skynjun, en þetta er erfitt. En um leið er það þetta sem gerir þetta spennandi að búa til mismunandi hegðun við mismunandi aðstæður.“

### Frjósamur jarðvegur fyrir tilraunir

Hannes Högni segir að þetta tölvuleikjaumhverfi, þar sem reynt er að þróa og skapa félagslegt umhverfi og persónuleg samskipti inni í sýndarumhverfi, sé afar frjósamur jarðvegur fyrir tilraunir í þessum fræðum. „Þó svo að þetta tiltekna verkefni sem við erum að vinna að sé aðeins til tveggja ára erum við að skoða þessi mál í miklu víðara samhengi og til lengri tíma.“

Hann segir jafnframt að margt af því sem þau séu að fást við núna muni nýtast þeim og tölvutækninni á öðrum vettvangi. „Við stefnum til dæmis á að geta unnið með fólki sem er að búa til vélmenni, sem í framtíðinni gæti verið þátttakandi í lífi fólks að einhverju marki. Ég veit að Evrópusambandið hefur áhuga á að styrkja slík verkefni.“

Og það má segja að Hannes Högni sé þegar farinn að huga að þessum framtíðarverkefnum því hann hefur beitt sér fyrir alþjóðlegu samstarfi vísindamanna í að staðla ákveðna hluti í smíði á mannlegri hegðun hjá myndrænum vitverum. „Með því vonumst við til að vísindamenn á þessu sviði geti farið að skiptast á einingum. Þegar margir leggja saman verður eflaust hægt að gera þetta enn eðlilegra og þar er stöðlunin mikilvæg, að allir tali sama mál,“ segir dr. Hannes Högni Vilhjálmsson.

ssal@frettabladid.is




**HANNES HÖGNI VILHJÁLMSSON** Segir rannsóknir fyrir tölvuleiki hugsanlega nýtast fyrir þróun vélmenna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## RANNSAKAR GERVIGREIND

Dr. Hannes Högni Vilhjálmsson er fæddur í Reykjavík 3. september 1972. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntakólanum við Hamrahlíð árið 1991 og útskrifaðist með BSc-gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1994.
Árið eftir hóf hann þverfaglegt framhaldsnám í Media Arts and Sciences við Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum og lagði jafnframt stund á rannsóknir með námi. Hann brautskráðist með MSc-gráðu frá skólanum 1997 og doktorsnámi lauk hann þaðan 2003.
Frá 2003 til 2006 starfaði Hannes Högni sem tölvunarfræðingur við University of Southern California og síðasta árið var hann enn fremur framkvæmdastjóri tækniþróunar hjá sprotafyrirtækinu Alelo Inc. sem hann stofnaði ásamt félögum sínum út frá einu árangursríku rannsóknarverkefni.
Hann flutti til Íslands árið 2006 og starfar sem lektor á tölvunarfræðisviði tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík og stundar rannsóknir við gervigreindarsetur skólans.
Hannes Högni er kvæntur bandarískri konu, Deepu Iyengar. Hún hefur meistaragráðu á sviði taugavísinda og BS-gráðu í eðlisfræði. Hún leggur nú stund á íslenskunám við Háskóla Íslands.


Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.




REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



xS

# Góðir Íslendingar

Í dag er kosið um framtíð og líðan fólksins í landinu. Framtíð og líðan barna og ungs fólks, hag heimilanna og aðbúnað aldraðra. Samfylkingin hefur lagt fram skýrar hugmyndir á grundvelli jafnaðarstefnunnar um að ráða tafarlausa bót á aðbúnaði barna, aldraðra og þeirra sem eiga undir högg að sækja. Samfylkingin leggur áherslu á aukna verðmætasköpun í íslensku samfélagi og metnaðarfulla fjárfestingu í menntun og samgöngubótum.

Allt bendir til þess að örfá atkvæði ráði úrslitum í dag. Í sjónmáli er langþráð tækifæri til að mynda nýja ríkisstjórn velferðar og framfara. Til að nýta það tækifæri þurfa þeir sem aðhyllast frjálslynda jafnaðarstefnu að fylkja liði. Allir sem einn.

Fyrir hönd Samfylkingarinnar bið ég um stuðning þinn í dag.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.856 **-0,03%**

**Fjöldi viðskipta:** 410
**Velta:** 4.008 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Teymi** | +3,30% | **365** | -1,41% |
| **Atorka** | +3,06% | **Actavis** | -1,37% |
| **Eimskipafélagið** | +2,68% | **Marel** | -1,13% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,50 -1,41% ... Actavis 86,50 -1,37% ... Alfesca 4,82 +0,00% ... Atlantic Petroleum 805,00 +0,00% ... Atorka 7,40 +3,06% ... Bakkavör 69,20 +0,00% ... Eimskipafélagið 36,35 +2,68% ... FL Group 29,10 +0,35% ... Glitnir 26,90 -0,56% ... Kaupþing 1.060 +0,19% ... Landsbankinn 35,90 +0,56% ... Marel 79,10 -1,13% ... Mosaic Fashions 17,10 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,15 -0,49% ... Össur 109,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Hvar vinnur Jón Karl?**
Eins og kemur fram á síðunni hefur Icelandair Group undirritað viljayfirlýsingu um kaup á tékkneska flugfélaginu Travel Service. Á blaðamannafundi Icelandair Group vegna fyrirhugaðra kaupa varð Jóni Karli Ólafssyni, forstjóra Icelandair, það á í messunni að nefna Icelandic Group þegar hann ætlaði að segja Icelandair Group. „Þetta hefur auðvitað gríðarleg áhrif á stærð Icelandic Group," varð honum að orði. Forstjórinn hefur sjálfur orðið illilega fyrir barðinu á nafnabrengli á síðum blaðanna því hann er oft rangfeðraður sem Helgason.

**Fyrirmynd fundin í Skotlandi**
Í haust ætlar Castlebrae-framhaldsskólinn í Edinborg í Skotlandi að nota hluta sinn af 1,5 milljóna punda styrk (nálægt 190 milljónum íslenskra króna) fjárfestisins Sir Tom Hunter til skoska skólakerfisins í að efla starfsnám. Sir Tom hefur látið til sín taka í fjárfestingum hér. The Scotsman greinir frá ánægju fjárfestingastofnunar hans, The Hunter Foundation, með að styrkurinn skuli nýtast til að bjóða nemendum nám við hæfi. Hér hefur líka verið rætt um nauðsyn þess að bæta hlut starfsnáms við hlið bóknáms. Spurning hvort í Skotlandi sé fundin fyrirmynd að átaki í þeim málum hér, með aðkomu auðmanna.



## MARKAÐSPUNKTAR

Stjórn Icelandic Group hefur ákveðið að flýta lokun verksmiðju Icelandic USA í Cambridge í Maryland frá lokum þessa árs til júníbyrjunar. Verksmiðjan hefur starfað síðan 1968. Um 300 starfsmönnum hefur verið sagt upp.

Stjórn Alfesca hefur boðað til hluthafafundar þriðjudaginn 22. maí þar sem lögð verður fram tillaga um heimild til að auka hlutafé félagsins um allt að 300 milljónir króna að nafnverði. Er þetta gert til að standa við efndir á áætlun um árangurstengdar launagreiðslur með tilheyrandi skilyrtum kauprétti fyrir lykilstarfsmenn.

Sameiningu Hf. Eimskipafélags Íslands og Eimskipafélags Íslands ehf. er formlega lokið, samkvæmt tilkynningu til Kauphallar. Sameiningin miðast við 1. nóvember 2006.

## Lokahnykkur sameiningar

Þriðja og síðasta skrefið í aðlögun Kauphallar Íslands að OMX-kauphallasamstæðunni verður tekið á mánudaginn. Þá hefjast viðskipti á markaði með afleiður á íslensk hlutabréf og vísitölur. Afleiður eru sérstök tegund samninga sem notaðir eru til að draga úr áhættu í viðskiptum. Sama dag verður settur á fót lánamarkaður með hlutabréf í úrvalsvísitölunni.

Fyrsta skref í aðlögunarátt var tekið í janúar þegar viðskipti hófust á First North-markaðnum á Íslandi. Annað skrefið var svo stigið í byrjun apríl þegar íslensk félög voru skráð á samnorrænan lista og tekin inn í vísitölu OMX.

Samkvæmt öllum áætlunum á íslenska kauphöllin nú að vera orðin fyllilega samstíga kauphöllunum í Kaupmannahöfn, Helsinki og Stokkhólmi.

- hhs

# Icelandair færir sig til Austur-Evrópu

**Velta Icelandair eykst um þrjátíu prósent á þessu ári ef kaup á Travel Service og Smart Wings ganga eftir.**

Ef kaup Icelandair Group á Travel Service, stærsta einkarekna flugfélagi Tékklands, ganga eftir verður félagið þátttakandi í þeim mikla vexti sem áfram er fyrirsjáanlegur á leiguflugs- og lággjaldamarkaði í Austur-Evrópu. „Við teljum okkur með þessu vera að skapa okkur mjög sterka stöðu í framþróun hans," segir Sigþór Einarsson, framkvæmdastjóri þróunar- og stefnumótunar Icelandair Group.



**SIGÞÓR EINARSSON OG JÓN KARL ÓLAFSSON KYNNA FYRIRHUGUÐ KAUP** Travel Service og Smart Wings veita Icelandair fótfestu í Austur-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Travel Service er leiguflugfélag og rekur auk þess lággjaldaflugfélagið Smart Wings. Það er langstærst á sínu sviði í leigu- og áætlunarflugi í Tékklandi og teygir einnig anga sína inn í Ungverjaland. Félagið flýgur með 1,8 milljónir farþega á ári til 230 áfangastaða.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group, segir að áætluð velta félagsins verði um 72 milljarðar á þessu ári, sem er þrjátíu prósenta auking frá því í fyrra, og verði komin í 80 milljarða á ársgrundvelli þegar Travel Service verður að fullu í eigu þess. „Þannig að þetta er verulega mikil viðbót við okkar rekstur," segir Jón Karl. Fyrirhuguð kaup eru í samræmi við stefnu Icelandair að vaxa hratt á leiguflugsmarkaði um allan heim og mun efla rekstur fyrirtækisins.

Icelandair kaupir helmingshlut í tékkneska félaginu í júní að loknu áreiðanleikakönnun og eftirstöðvar á næsta ári. Jón Karl telur ekki ólíklegt að þessi svæði bætist við leiðakerfi Icelandair á komandi árum og þannig nýti menn öflugt markaðs- og sölukerfi Icelandair báðum fyrirtækjunum til hagsbóta. Kaupverð er trúnaðarmál en Jón Karl segir það vera hagstætt. Kaupin eru fjármögnuð með eigin fé og að hluta til með lánsfé.

Stjórnendur Icelandair sjá samlegðaráhrif á nokkrum sviðum, einkum í því leiguflugi sem er verið að stunda í samstæðunni sem og í þjónustuleigu sem félagið rekur á vegum Loftleiða og Latcharter í Lettlandi. Travel Service er með í pöntun tvær verðmætar Boeing 737-900 og Boeing 787 Dreamliner þotu sem er sama tegund og Icelandair er með í pöntun. Þá er tékkneska fyrirtækið að hasla sér völl í einkaþoturekstri þar sem spennandi tækifæri felast að mati stjórnenda Icelandair.

Sigþór segir að hugmyndin sé sú að vörumerkið Travel Service víki fyrir öflugra vörumerki Smart Wings. Þetta er hefðbundið lággjaldaflugfélag sem flýgur víða um Austur- og Suður-Evrópu og byggjast viðskipti félagsins á þjónustu við sömu ferþjónustuaðila og Travel Servie. Staða þess er sterk að mati forsvarsmanna Icelandair og telja þeir að það verði leiðandi lággjaldaflugfélag á þessu svæði.

eggert@frettabladid.is


Samfylkingin

Kosningakaffi og akstur á kjörstað

xS

Verið velkomin í kosningakaffi Samfylkingarinnar í veislusal Þróttar, Laugardal, í dag 12. maí frá kl. 14:00 til 18:00.

Kosningavakan hefst á Grand Hótel kl. 21:00.

Vantar þig akstur á kjörstað?

Okkur er sönn ánægja að keyra þig á kjörstað.
Hringdu í eitthvert eftirtaldra símanúmera vanti þig akstur:

661 9984 - 661 9986 - 661 9987

Kjósum betri framtíð!




**BYGGT YFIR KAUPÞING** Verðbólga er yfir spám bankanna. Helstu óvissuþættirnir voru hækkanir á verði fasteigna, matvöru og eldsneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Verðbólga er yfir spám bankanna

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,86 prósent á milli mánaða og lækkar tólf mánaða verðbólga því úr 5,3 prósentum í 4,7 prósent, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Þetta er meiri hækkun en greiningardeildirnar gerðu ráð fyrir en þær spáðu því að verðbólga myndi fara allt niður í 4,3 prósent.

Verðhækkanir á húsnæði, eldsneyti og matvöru leiða hækkunina en það voru jafnframt mestu óvissuþættirnir í spám greiningardeilda bankanna. Hækkunin á húsnæðisverði um eitt prósentustig er tilkomin vegna hækkunar á markaðsverði. Sé húsnæðisverð undanskilið úr útreikningi á vísitölu neysluverðs mælist verðbólgan 2,5 prósent, að sögn Hagstofunnar. Þá hækkaði verð á matvælum um 1,3 prósent en eldsneytisverð um 3,1 prósent á milli mánaða.

Greiningardeildir bankanna segja undirliggjandi verðbólguþrýsting enn í hagkerfinu. Telur greiningardeild Kaupþings að verðbólga muni halda áfram að lækka á árinu en óvíst sé hvort 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð á árinu.

Vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans er á þriðjudag í næstu viku. Greiningardeild Glitnis telur líkur á að ákveðið verði að halda stýrivöxtum óbreyttum í 14,25 prósentum að sinni og muni lækkun ekki verða fyrr en í haust. - jab


VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
HAFÐU ÁHRIF!
ÞITT ATKVÆÐI SKIPTIR MÁLI!
Græn framtíð!
• Stöðvum frekari stóriðjuframkvæmdir og ákveðum hvaða svæði við ætlum að vernda til framtíðar.
• Stofnum loftslagsráð sem vinnur markvisst gegn losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með vistvænum samgöngum og fræðslu um umhverfismál.
Réttlæti!
• Burt með komugjöld og sjúklingaskatta. Hækkum skattleysismörk og vinnum markvisst að því að útrýma fátækt.
• Tökum Ísland strax af lista þeirra þjóða sem studdu stríðið í Írak.
Kvenfrelsi!
• Afnemum launaleynd strax og eflum Jafnréttisstofu.
• Vinnum að því að tryggja a.m.k. 40% hlut kvenna á þingi og í sveitarstjórnum, m.a. með því að hvetja til að fléttulistum verði beitt.
ALLT ANNAÐ LÍF!
– með vinstri grænum

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

**Reykjavík**
Kosningamiðstöðin á Grensásvegi 16A, er opin á kjördag kl. 10-22.
Símar 534 0996 og 552 8872
Boðið er upp á akstur, símar: 617 8824 og 891 7600.
Upplýsingar um kjörskrá sími: 617 8325

Kosningamiðstöðin á Suðurgötu 3 er opin á kjördag kl. 10-18.
Símar 552 8872 og 534 0996
Boðið er upp á akstur, símar: 617 8824 og 891 7600.
Upplýsingar um kjörskrá sími: 617 8325

**Kópavogur**
Kosningamiðstöðin í Hamraborg 1-3 er opin á kjördag kl. 10-18.
Sími 564 0990.
Boðið er upp á akstur, símar: 617 8824 og 891 7600.
Upplýsingar um kjörskrá sími: 617 8325

**Hafnarfjörður**
Kosningamiðstöðin í Gúttó er opin á kjördag kl. 10-18. Sími 617 8322.
Boðið er upp á akstur, símar: 617 8824 og 891 7600.
Upplýsingar um kjörskrá sími: 617 8325

## NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

**Egilsstaðir**
Kosningamiðstöðin Kaupvangi 5 er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími 472-1166. Boðið er upp á akstur.

**Seyðisfjörður**
Kosningaskrifstofan Norðurgötu 6 er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími: 472-1740. Boðið er upp á akstur.

**Neskaupsstaður**
Kosningamiðstöðin á Rauða torginu er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími: 869-1539. Boðið er upp á akstur.

**Djúpivogur**
Kosningamiðstöðin Höfn er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt
Sími: 899-5899.

**Vopnafjörður**
Kosningamiðstöðin opin á kjördag í Handverkshúsi.
Frá kl. 13 og fram á nótt. Sími: 473-1510.

**Akureyri**
Kosningakaffi og -vaka á Græna Hattinum á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími: 462-3463. Boðið er upp á akstur.

**Húsavík**
Kosningamiðstöðin Garðarsbraut er opin á kjördag frá kl. 10 fram á nótt.
Sími: 891-9820. Boðið er upp á akstur.

**Dalvík**
Kosningamiðstöðin Gimli er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt.
Sími: 895-7047. Boðið er upp á akstur.

**Ólafsfjörður**
Kosningamiðstöðin í Leikfélagshúsinu er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími: 864-0898.

**Siglufjörður:**
Kosningakaffi í Þórmóðsbúð, sal Slysavarnarfélagsins kl. 15-18.

## SUÐURKJÖRDÆMI

**Árborg**
Kosningamiðstöðin í Selinu við Engjaveg 44 er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími 846-8930. Boðið er upp á akstur.



# FORYSTA TIL FRAMTÍÐAR

**ALLT ANNAÐ LÍF!** – með vinstri grænum

**Höfn**
Kosningamiðstöðin að Ránarslóð 12 er opin á kjördag kl. 12-18. Sími 898-6701. Boðið er upp á akstur.

**Keflavík**
Kosningamiðstöðin Grófinni 7 er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Síminn 421-3438. Boðið er upp á akstur.

**Vestmannaeyjar**
Kosningamiðstöðin við Bárustíg er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími 481-3363. Boðið er upp á akstur.

**Hella**
Kosningamiðstöðin í Brennu er opin á kjördag kl. 12-17. Sími 696-8597. Boðið er upp á akstur.

**Hveragerði**
Kosningamiðstöðin Laufskógum 23 er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á kvöld. Sími: 899-7244. Boðið er upp á akstur.

## NORÐVESTURKJÖRDÆMI

**Ísafjörður**
Kosningamiðstöðin í Aðalstræti 11 er opin á kjördag kl. 13 og fram á kvöld. Sími: 456-7898.

**Borgarnes**
Kosningamiðstöðin Englendingavík í Borgarnesi er opin á kjördag frá kl. 9 og fram á nótt. Sími: 437-0210. Boðið er upp á akstur.

**Sauðárkrókur**
Kosningamiðstöðin Aðalgötu 21 er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími: 849-2492 og 861-3052. Boðið er upp á akstur.

**Akranes**
Kosningamiðstöðin að Stillholti 23, 2. hæð er opin á kjördag frá kl. 10 og fram á nótt. Sími: 846-3653. Boðið er upp á akstur.

**Grundarfjörður**
Kosningamiðstöðin í Kommakoti, Borgarbraut 1a er opin á kjördag frá kl. 13 og fram á nótt. Sími: 867-0640.

**Blönduós**
Kosningamiðstöðin að Húnabraut 4 er opin á kjördag frá kl. 10 og fram eftir degi. Sími: 895-3777. Boðið er upp á akstur.

**Patreksfjörður**
Kosningarmiðstöðin í Zeró - húsinu við Eyrargötu er opin á kjördag kl. 10-22. Sími: 661-1427. Boðið er upp á akstur.

**Stykkishólmur**
Kosningamiðstöðin í Sumarbústað á móti Bensó er opin á kjördag 13-19 Síma: 848-9331. Boðið er upp á akstur.

**Búðardalur**
Kosningamiðstöðin að Vesturbraut 12 er opin á kjördag kl. 10 og fram eftir degi. Sími: 893-3211. Boðið er upp á akstur.

## Kaffihlaðborð á öllum kosningamiðstöðum

## Kosningavaka í Súlnasal á Hótel Sögu hefst kl. 18.

## Allir velkomnir



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kjördagur er dagurinn sem almenningur heldur á veldissprotanum.

# Stóra tækifærið

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í dag er kosið til Alþingis. Einu sinni á fjögurra ára fresti leggja stjórnmálaflokkarnir verk sín og stefnumál í dóm kjósenda. Einu sinni á fjögurra ára fresti gefst hinum almenna borgara tækifæri til að greiða þeim flokki atkvæði sem hann telur eiga að hafa völd og áhrif næstu fjögur árin.

Kjósendum gefst kostur á að velja einn flokk en niðurstöður kosninganna leiða til myndunar ríkisstjórnar. Hér á landi er hefð fyrir meirihlutastjórn en enginn einn flokkur nær meirihluta á þingi. Að þessu sinni eru valkostir kjósenda sex.

Þegar atkvæðið er komið í kjörkassann lýkur valdi kjósandans. Þegar úrslitin liggja fyrir taka forystumenn flokkanna við og vinna úr niðurstöðum kosninganna. Kjósendur hafa ekkert beinlínis um það að segja hvert flokkurinn sem hann greiddi atkvæði snýr sér þegar kemur að stjórnarmyndunarviðræðum. Þannig eru leikreglur lýðræðisins.

*Í nótt eða fyrramálið er búið að telja upp úr kjörkössunum. Þá verður ljóst hvort stjórnin heldur velli eða er fallin.*

Í kosningum er allt afstaða. Það er afstaða að sitja heima og það er afstaða að mæta á kjörstað og skila auðu. Vitanlega vegur þó mun þyngra að greiða tilteknum flokki eða stjórnmálaafli atkvæði sitt.

Þegar inn í kjörklefann er komið verður hver að eiga við sig hvernig hann ver atkvæði sínu. Kjósendur eru eins misjafnir og þeir eru margir. Meðan einn trúir á tiltekinn stjórnmálaflokk er annar sem veit best hvað hann ætlar ekki að kjósa. Sá þriðji reynir að spá í heildarmyndina og ver atkvæði sínu, að minnsta kosti að einhverju leyti, eftir því hvernig hann telur að aðrir muni kjósa.

Erfitt er fyrir kjósandann að sjá fyrir á hvern hátt atkvæði hans hefur áhrif á stjórnarmyndun. Skoðanakannanir síðustu daga hafa sýnt að ríkisstjórnin vegur salt, hún hefur ýmist verið fallin eða haldið velli eftir dögum og könnunum. Því má búast við spennandi kosninganótt.

Ljóst er að vilji menn að ríkisstjórnin haldi velli eru skýrustu skilaboðin að greiða öðrum hvorum stjórnarflokknum atkvæði sitt. Vilji menn hins vegar fella ríkisstjórnina er atkvæðinu betur varið hjá stjórnarandstöðuflokkunum, jafnvel þótt menn vilji sjá annan hvorn stjórnarflokkinn í ríkisstjórn.

Þátttaka í kosningum á Íslandi er góð. Ástæða er til þess að fagna því að langstærsti hluti þeirra sem kosningaréttinn hafa vilji nýta hann til áhrifa. Með öflugri kosningaþátttöku er lýðræðið virkast.

Kjördagur er hátíðisdagur. Kjördagur er dagurinn sem almenningurinn í landinu heldur á veldissprotanum. Eftir kosningarnar taka hinir kjörnu fulltrúar við. Í nótt eða fyrramálið verður búið að telja upp úr kjörkössunum. Þá verður ljóst hvort stjórnin heldur velli eða er fallin. Út frá því ráðast næstu skref.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Aldraðir og öryrkjar!**

**Styðjum EKKI ríkisstjórnarflokkana í næstu kosningum**

**Styðjum EKKI þá sem hafa síðastliðin 12 ár:**

- Látið okkur borga skatta af ellilífeyri og örorkugreiðslum.
- Vilja ekki hækka skattleysismörk upp í 142 þ.kr. á mánuði.
- Hafa aukið skattbyrði okkar á síðustu 10 árum, en lækkuðu skatta hátekjumanna á sama tímabili.
- Taka 70% af lífeyri okkar í formi skatta, lækkunar á bótum og lífeyri.
- Veita sjálfum sér betri eftirlaun, en almennir launþegar fá.

MUNIÐ dómur þjóðarinnar fellur í næstu kosningum.
Hættum að kjósa af gömlum vana.

**Dæmum verkin, en ekki loforðin.**

Aldraður öryrki

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Götuleikhús stelur athygli**

Í dag má eins og í gær sjá risabrúður á ferð í höfuðborginni. Götuleikhúsið franska sem stendur fyrir uppákomunni í samvinnu við Listahátíð hefur sannarlega slegið í gegn. Búist er við miklum mannfjölda í miðbænum í dag og sendi Reykjavíkurborg frá sér viðvörun í gær vegna væntanlegs umferðarþunga. Nú er bara að sjá hvort risabrúðan fangar athygli höfuðborgarbúa svo algerlega að þeir gleyma að kjósa eða hvort brúðan eykur kjörsókn íbúa.

**Þegnskylduvinna Guðna**



Það er sérstakt áhugamál Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra að öll ungmenni á aldrinum 14-18 ára verði því sem næst skyldug til að vinna í náttúru Íslands í 2-3 mánuði. Þessari skoðun lýsti hann nýverið á stjórnmálafundi um skógræktarmál. Sagði hann að það yrði tilhlökkun grunnskólaáranna að komast í þessa vinnu. Auðvitað yrði greitt fyrir svo enginn þurfi að „moka skít fyrir ekki neitt“ eins og segir í vísu Páls Árdals, þar sem þegnskylduvinna er kveðin í hel, eins og Guðni orðaði það. Þá er bara spurning hvort ungmenni landsins taki tillögu Guðna ekki fagnandi.

**Samsæri harmonikkuleikara**



Hreinn Hreinsson bloggari skýrir nákvæmlega út fyrir lesendum sínum hvernig samsæri Austur-Evrópuþjóða í Eurovision var útfært. Lausnin liggur ekki beint í augum uppi, raunar virðist hún í fyrstu svo fjarstæðukennd að aðeins ofurglöggir íslenskir lögreglumenn sáu við samsærinu. Hreinn segir það hafa farið þannig fram að saklausir rúmenskir harmonikkuleikarar hafi verið sendir í hópum út um gervalla Evrópu með GSM-síma til að hafa áhrif á atkvæðagreiðslur í öllum löndum Evrópu. Er því rétt að leggja til aukið samstarf lögregluembætta í Vestur-Evrópu fyrir næstu keppni til að bæta gengi íslenska hópsins.

brjann@frettabladid.is

# Ef ég tek ofan flokksgleraugun



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Kosningar

Kosningabaráttan hefur verið um margt skemmtileg. Og fróðleg. Þú hittir mann og annan, kynnist kjörum fólks, lífsháttum og skoðunum. Stundum nöldrinu en langoftast hreinskilni og kurteisi. Íslendingar eru dannað fólk.

Það er líka merkilegt hvað svona annars lítil þjóð getur verið á öndverðum meiði um það sem við erum sammála um. Ég held því fram að sjö af hverjum tíu Íslendingum séu jafnaðarmenn. Að minnsta kosti í inn við beinið. En þrátt fyrir svipllíkt uppeldi, samskonar menntun og sambærilegt umhverfi, þrátt fyrir að við horfum öll á sömu fréttirnar, lesum sömu blöðin og lifum öll í sátt og samlyndi, erum við samt ósammála þegar við göngum að kjörborðinu.

Sumir kjósa flokka „af því bara“, aðrir hafa það í genunum að tilheyra sama flokknum mann fram af manni og láta það lönd og leið hvað flokkurinn gerir eða segir. Ég kýs hann samt, segir hinn íslenski kjósandi. Fastur í sinni ævilöngu skotgröf. Stærsti kjósendahópurinn er nefnilega löngu búinn að ákveða sig. Einn segir: „ég er ópólitískur, ég kýs Sjálfstæðisflokkinn“. Annar verður grafalvarlegur á svipinn og talar um „sinn flokk“ eins og hann eigi hann prívat og persónulega og um daginn var ein eldri kona meira að segja svo hreinskilin við mig að benda upp til himins, um leið og hún sagði: „ég kýs eins og maðurinn minn gerði, ég get ekki farið að svíkja hann þótt hann sé látinn“. Og við það sat. Ég gat þó í það minnsta glaðst yfir að fá atkvæði samkvæmt fyrirmælum að handan!

Já, það er tryggð í pólitíkinni hér á landi. Allt niðurneglt löngu áður en flokkarnir vígbúast og það er eiginlega alveg sama hvað flokkurinn okkar hefur gert eða sagt á kjörtímabilinu, hann er okkar flokkur og hananú. Jafnt til hægri sem vinstri. Út yfir gröf og dauða. Sjálfur var ég svona til skamms tíma en losnaði sem betur fer úr þeim álögum í tæka tíð. Það er enn talið til drottinsvika.

Ef ég tek ofan flokksgleraugun og horfist í augu við þessa landlægu dyggð, þá vaknar auðvitað sú spurning, hvort það sé til einhvers eða einskis að gera hosur sínar grænar fyrir svo flokkshollri þjóð?

Jú, það er von. Kannanir segja að fimmtán prósent kjósenda séu óráðin fram á síðustu stundu. Ég hef tekið þátt í því að leita að þeim að undanförnu, þessum óákveðnu, sem af einhverjum dularfullum ástæðum hafa sloppið við að gerast ævilangir taglhnýtingar. Þetta eru kjósendurnir sem flokkarnir eru að bítast um. Þetta er fólkið sem ræður úrslitum, fólkið sem hugsar sjálfstætt og lætur ekki alltaf blóðið renna til skyldunnar. Nema þá þeirrar skyldu og sannfæringar, ætla ég að vona, að jöfnuður og almannahagsmunir séu einhvers virði.

Allavega hefur verið gaman að fara út á þennan akur, að því leyti að þú hittir konuna sem sinnir umönnun gamla fólksins, póstmanninn og kennarann, þú hittir skólapiltinn sem stundar hlutastarf á daginn og vaskar upp á veitingahúsinu á kvöldin, þú lendir í samtali við gamlan togarasjómann sem man eftir afa þínum og virðulegan kaupsýslumanninn sem hefur lokið sínu dagsverki og spilar félagsvist á elliheimilinu. Unga móðirin og strákurinn í bifvélavirkjuninni brosa þessu sama heiðarlega fallega brosi og allt er þetta fólk að reyna að bjarga sér frá degi til dags og gefur kannski skít í leiðinlega pólitík sem þeim finnst að komi þeim ekkert við og hvað er ég þá að vilja upp á dekk og ráðleggja þeim hvað þau eigi að kjósa? Veit ég það betur en þau sjálf? Er ég ekki bara með flokksgleraugu fyrir báðum augum og hef enga sýn, ekkert útsýni yfir það líf sem þetta marglita manneskjulega litróf samfélagsins lifir og hrærist í? Ég hef jú mína skoðun, mína lífsreynslu, en hún kann að vera allt öðru vísi en þeirra hinna sem ég er að biðla til.

En svona er nú lífið og lýðræðið og ég held að það væri lítið gaman að þessu ef allir væru eins. Eða í einum og sama flokknum. Mannlífið er eitt stórt hringleikahús, stjórnmálamennirnir meðtaldir. Og jafnvel þótt manns eigin boðskapur falli ekki alltaf í kramið hjá réttrúnaðarmönnum, þá er tilgangurinn og tilrauninn ómaksins verð í samfélagi ólíkra einstaklinga sem geta verið svo dásamlega ósammála um flest það sem þeir eru í raunninni allir sammála um. Er ekki væri fyrir öll þessi flokksgleraugu sem byrgja okkur sýn.

# Tækifæri til að breyta

**UMRÆÐAN**

Kosningar



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Kosningarnar á laugardaginn stefna í að verða æsispennandi um leið og þær eru að mínu mati einhverjar hinar afdrifaríkustu um árabil. Í allan vetur og vor hafa breytingar legið í loftinu og megn óánægja með stjórnarstefnuna leynir sér ekki. Lykillinn að breytingum er að ríkisstjórnin falli og að Vinstrihreyfingin – grænt framboð hljóti góða kosningu. Við höfum fundið fyrir miklum meðbyr í skoðanakönnunum að undanförnu, sem endurspeglar þann hljómgrunn sem málflutningur okkar hefur meðal almennings.

Við Vinstri græn höfum lagt okkar málefnaáherslur fram undir kjörorðunum „Allt annað líf!“ og með því undirstrikað að atkvæði greitt okkur er skýrasta krafan um breytingar við stjórn landsins. Tólf ára valdatíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er langur tími, of langur, og nú mega þessi ár ekki verða fleiri. Hér hefur verið algjör kyrrstaða í jafnréttismálum, velferðarkerfið hefur veikst og landsbyggðin stendur höllum fæti. Smánarblett eins og þann að setja Ísland á lista yfir stuðningsaðila Íraksstríðsins verður að þvo af. Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar hefur auk þess valdið náttúruspjöllum sem aldrei verða tekin til baka og reynst skuldsettum heimilum og fyrirtækjum landsins þungur baggi. Þá reikninga og marga fleiri verður hægt að gera upp í dag.

Fyrir hönd Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þakka ég öllum sem lagt hafa hönd á plóg í okkar baráttu. Ég er stoltur af því að hún hefur verið málefnaleg og uppbyggileg af okkar hálfu. Almenningur veit hvar við stöndum því við höfum alla tíð talað skýrt um okkar áherslur og biðjum nú um styrk til að gera það áfram. Af viðtökunum að dæma tekur stór hluti þjóðarinnar undir sjónarmið okkar og gerir kröfu um annars konar forgangsröðun í landsstjórninni. Forgangsröðun í þágu umhverfis, kvenfrelsis, velferðar og friðar.

Kosningarnar í dag eru þær mikilvægustu og mest spennandi um margra ára skeið. Ég hvet kjósendur til að nýta sér atkvæðisréttinn.

*Höfundur er formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.*

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37118 05.2007

## Sumarfagnaður Toyota

Nú fögnum við sumrinu. Í dag milli klukkan 11 og 16 er öllum Toyota-eigendum boðið á Nýbýlaveginn og til umboðs- og þjónustuaðila víða um land – þar sem nóg verður um að vera.

· Ókeypis sumarþvottur á Toyotabílum
· Sumargjafir fyrir börn og fullorðna
· Grillaðar kræsingar og ískalt gos
· Afþreying fyrir yngri kynslóðina

Komið og fagnið sumrinu með okkur og akið í burtu á skínandi hreinum bílum.

**Opið:**
**Í dag kl. 11.00 - 16.00**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Bílatangi ehf
Suðurgötu 9
Ísafirði
Sími: 456-4580

www.rainbow.is


Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki
Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.
Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

MAÐUR VIKUNNAR

# Glæsilegur fulltrúi Frakka

Frönsku vori á Íslandi lýkur í dag þegar risessan leggst til svefns við hafnarbakkann. Vorið var flutt til landsins í febrúar af franska sendiráðinu, eftir hugmynd sendiherrans, Nicole Michelangeli. Sendiherrann þykir feykilega góður fulltrúi síns lands og fengur að henni fyrir Íslendinga. Nicole er lýst sem glæsilegri konu og skarpgreindri með brennandi áhuga á öllu sem viðkemur menningu, þjóðfélags- og stjórnmálum. Meðal hugðarefna hennar eru til að mynda kvikmyndir og tónlist og hún er vel lesin svo tekið er eftir.

Þegar Nicole óx úr grasi starfaði faðir hennar sem læknir og það er víst af þeim sökum sem fjölskyldan ferðaðist talsvert um heiminn. Hún fæddist í Marseille í Suður-Frakklandi, fæðingarborg móður hennar, og bjó þar fyrstu fimm ár ævinnar. Faðir hennar fæddist á eyjunni Korsíku og mun Nicole hafa dvalið þar nokkuð í æsku. Þegar Nicole var á sjötta ári tók fjölskyldan sig upp og fluttist búferlum til Guadaloupe á Antilles-eyjum í Karíbahafi. Þar dvöldu þau í tólf ár. Nicole er því eyjarskeggi í húð og hár, að sögn kunnugra. Seint á táningsárum Nicole flutti fjölskyldan loks til Elsass-héraðs, nánar tiltekið til Strassborgar.

Nicole er afar alþýðleg í viðkynningu og hrein og bein. Hún hefur og góðan húmor og er gædd þeim dýrmæta eiginleika að geta greint á milli virðuleika og hátíðleika. Þannig gætir hún sín á að sýna þá háttsemi og virðingu sem starfi hennar fylgir en á það til að skjóta launfyndnum og lúmskum athugasemdum inn á milli.

Sendiherrann hefur náð afar langt á eigin verðleikum á skömmum tíma. Starfið á Íslandi er hennar fyrsta sendiherrastaða og hefur hún hellt sér út í vinnuna og unnið með glæsibrag. Miklu lífi hefur verið hleypt í menningarleg samskipti þjóðanna síðan hún kom hingað og sést það best á franska vorinu; menningarhátíðinnni *Pourquoi pas?* Hátíðin er til marks um hversu stórhuga Nicole er og mun þrekvirkið að mestu leyti hennar verk. Hún hefur verið vakin og sofin í að koma þessu áhugamáli sínu til leiðar og fullyrðir einn viðmælenda að enginn annar sendiherra hefði afkastað slíku með jafn lítil efni.

Franska sendiráðið á Íslandi er ekki risavaxið en Nicole hefur ekki látið það draga úr sér kjark. Samkvæmt heimildum hafa starfsmenn þar staðið í ströngu sólarhringum saman í marga mánuði.

Kunnugir segja sendiherrann hafa einlæga ást á Íslandi og ferðast þó nokkuð innanlands.

Hún er og fyrsti franski sendiherrann sem hefur lagt það á sig að læra íslenska tungu, svo vitað sé. Mikla athygli og aðdáun hefur vakið hve Nicole er ófeimin við að halda langar ræður á íslensku. Sem dæmi má rifja upp þegar hún kom fram við opnun sýningar í listasafni um miðjan desember í fyrra. Ræðan sú var hvorki meira né minna en tíu blaðsíður að lengd. Það hefur verið mikið að gera hjá Nicole, sem fyrr segir, en samt sem áður hefur hún gefið sér tíma til að sækja námskeið í íslensku.

Árangur þess heyrðist glögglega þegar *Pourquoi pas?* var hleypt af stokkunum í lok febrúar.

Þá hafði framburður hennar batnað mjög mikið. Sendiherrann hefur að auki ágætt vald á þýsku og ensku.

## NICOLE MICHELANGELI



## FÆDD

Nicole Michelangeli fæddist 15. ágúst árið 1955 í Marseille í Suður-Frakklandi. Nicole er læknisdóttir og á einn bróður. Hann stýrir nú sjúkrahúsi í París. Nicole hélt til Parísar að nema stjórnmálafræði og lögspeki. Erindrekaferill hennar er fjölbreyttur og hófst árið 1976. Fyrst fór hún til Senegal og gegndi þar stöðu fulltrúa. Síðan starfaði hún í utanríkisráðuneytinu í París og við menningartengsl. Nicole var þá færð til Haag í Hollandi, aftur til Parísar og loks var hún ráðgjafi frönsku herstjórnarinnar í Vestur-Berlín. Þá hafði hún unnið sig upp í stöðu sendiráðsritara og gegndi þeirri stöðu á Fílabeinaströndinni. Aftur var Nicole kölluð til Parísar og nú til að vinna við verkefni tengd Sameinuðu þjóðunum. Sendiráðsritarinn fór næst til Rómar. Eftir þá dvöl var hún skipuð sendiráðunautur í Helsinki. Enn var hún kölluð til höfuðborgar Frakklands og nú til að sinna málefnum Afríku og Indlands í utanríkisráðuneytinu. Einnig vann hún við alþjóðlega þróunarsamvinnu, sem yfirmaður deildar Norður-Afríku og Mið-Austurlanda. Var hún þá valin aðstoðar-yfirmaður málefna Vestur- og Norður-Evrópu, ásamt Eystrasaltslöndum, á Evrópuskrifstofu ráðuneytisins. Í janúar 2005 var hún skipuð sendiherra Frakklands á Íslandi.



Viltu sei'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

AF NETINU

### Hvað er langt þangað til?

Rétt kíkti á söngvakeppnina áðan og sá þá konu á sviðinu sem var að missa buxurnar niður um sig… 1 cm í viðbót og barmarnir hefðu blasað við. Sigmar átti ekki orð yfir þessu og fannst synd að þjóðin væri svona rosalega fátæk að eiga ekki einu sinni fyrir nærbuxum á konuna. Konan var líka hárlaus þarna niðri en með fínan lubba á hausnum.



**Kristín Ása Einarsdóttir**
blogg.visir.is/krasa

### Þakkarverðar játningar

Þegar ég starfaði sem sjávarútvegsfréttamaður hjá norska blaðinu Fiskaren og Ríkisútvarpinu fyrir nokkrum árum var algengt að sjómenn hefðu samband til að segja frá kvótasvindli og brottkasti sem þeir hefðu tekið þátt í. Ég hafði það alltaf fyrir reglu að hafa ekkert eftir mönnum nema þeir væru reiðubúnir að segja frá því sjálfir með eigin röddu í míkrófón eða fyrir framan myndavél. Nær allir heyktust á því þar sem þeir óttuðust að verða kærðir og dæmdir.



**Magnús Þór Hafsteinsson**
blogg.visir.is/magnusthor

### Athyglissýki

Hvað erum við tilbúin til að gera til að fanga athygli umhverfisins? Hversu langt er meðalmaðurinn tilbúinn að ganga? Hverjir ætli áhrifavaldarnir séu á þau gildi - á þá línu sem við förum ekki yfir? Hræðileg morðin í Virginia Tech fyrir mánuði síðan, lögreglan farin að vakta U-tube vegna ofbeldis og ógeðfelldra myndbanda (og góð ástæða til) og svo bara litlir hlutir eins og bloggarar landsins/heimsins og að pissa í buxurnar inni í verslun (Ástrós í essinu sínu í dag)- allt snýst þetta um það sama - athygli. Ég er sjálf athyglisjúk - finnst það ekkert sérstaklega neikvæður mannkostur - sérstaklega ef gildin eru í lagi.



**Vigdís Jóhannsdóttir**
visir.is/vigdisjohannsdottir




**FULLT AF SPENNANDI TILBOÐUM!**




## MÆÐRADAGURINN



Gríptu gjöfina í Garðheimum
– þar sem úrvalið er!

## GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

***Er mosi í grasflötinni?***

*Það eru til ýmis góð ráð til að vinna gegn mosanum*

1. Raka grasflötina og fjarlægja mosa
2. Dreifa turbokalki: 12 ½ kg á 150 m²
3. Blanda grasfræi í sand/mold og dreifa eftir þörfum
4. Halda flötinni rakri meðan fræin spíra
5. Gefa blákorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 250 m²

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is




LAMBAGRILLSTEIK
Í TÓMAT OG BASIL
**2.798** kr. kg
Þú sparar **200** kr. kg




GRÍSAKÓTELETTUR
ÚRBEINAÐAR ORIENTAL
**1.998** kr. kg




UNGNAUTAFILLE Í RAUÐVÍNS-
OG PIPARMARINERINGU
**2.898** kr. kg
Þú sparar **200** kr. kg




LAXAFLÖK
KRYDDUÐ
**998** kr. kg
Þú sparar **600** kr. kg




GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
**2.629** kr. kg




KINDAFILLE SPJÓT
LAS VEGAS
**598** kr. stk.




SPRITE
OG SPRITE ZERO
**99** kr. 2l




LAY'S
SNAKK 200 g
**199** kr. pk.

**NÝTT**




**Nóatúns grillsósur!**

**NÝTT**




**Tapenade að hætti Grikkja!**







NÓATÚNS LAMBALÆRI
M/FERSKUM KRYDDJURTUM
1.299 kr. kg
30% afsláttur




Marineruð kjúklingaspjót og bringur frá Matfugli

# Lifðu lífinu í lit!

5 á dag



JARÐARBER BOX
299 kr. pk.

ICEBERG JÖKLASALAT
249 kr. kg

RAUÐ VÍNBER
379 kr. kg

AVOCADO
199 kr. kg

GULAR MELÓNUR
129 kr. kg

Verði ykkur að góðu!

# 50 seðlabankastjórar og 500 sendiherrar!



Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá merkilegu sjálfsmorði og steinaldarhyggju á tölvuöld og stungið upp á glæsilegum eftirmanni dr. Ólafs Ragnars. Einnig er minnst á 50 seðlabankastjóra, snús, bjór, brennivín, Eurovision-kvíða, uppskrúfað málfar og aulahroll.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 4. MAÍ**

### Látinn maður fremur sjálfsmorð!

Maður finnur oft dásamlega hluti á netinu. Þetta er af mbl.is.:

„Þegar lögregla kom á vettvang og reyndi að komast inn í íbúð mannanna hleypti sá látni af einu skoti og var látinn þegar lögregla komst inn.“

Það þarf meira en meðal bögubósa til að skrifa frétt um að látinn maður taki upp á því að skjóta sig.

Hinn látni hefur væntanlega skotið sig með silfurkúlu þótt þess sé ekki getið í fréttinni.

Af hverju er ég nauðbeygður til að vera með öll þessi kort í vasanum?

Ég er með tvö greiðslukort, debet og kredit, kort frá Rithöfundasambandinu svo að ég fái afslátt í leikhús, bókasafnskort og loks einhvern fáránlegan hlunk frá KB-banka svo að ég komist inn á netbankann.



Ég get hlaðið meiri músík inn á hlaðvarpið (ipod) mitt en ég kemst yfir að hlusta á svo að það ætti að vera hægðarleikur að koma öllum nauðsynlegum upplýsingum inn á eitt lítið kort – hlunkurinn frá netbankanum er dæmi um steinaldarhyggju á tölvuöld.

**LAUGARDAGUR, 5. MAÍ**

### Ó og æ!

Lasinn. Flensa. Það var nú kannski ekki það sem mig vantaði helst á þessu kalda vori.





**SUNNUDAGUR, 6. MAÍ**

### Spark og asnaspark

Þótt holdið væri fárveikt var andinn samt reiðubúinn og sló bakþanka fyrir mánudagsblaðið inn á tölvuna.

Sarkozy vann forsetakosningarnar í Frakklandi svo að frú Royal er á lausu. Snilldarbloggarinn Guðmundur Magnússon stingur upp á því að við fáum hana til að fara í forsetaframboð hér þegar dr. Ólafur hættir. Hugsanlega yrðu einhver ráð með að græja flýtimeðferð á ríkisborgararétti fyrir hana. Glaður mundi ég kjósa frú Royal og eftirláta Frökkum Sarkozy.

Manchester United varð í dag Englandsmeistari í íþróttinni sem einhver tilgerðarlegur nefapi á ruv.is kallar „spark“. Uppskrúfað málfar af því tagi kalla ég „asnaspark“.

**ÞRIÐJUDAGUR, 8. MAÍ**

### Mildir timburmenn

Komst loksins á lappir.

Var farinn að hafa áhyggjur af því að hafa ekki kosið utankjör-




staðar áður en ég veiktist. Maður veit jú aldrei hvort maður lifir svona flensu af.

Þegar ég var ungur leit ég á flensu eins og milda útgáfu af timburmönnum; vatnsglas og magnyl og maður var klár í slaginn. Öðru vísi mér áður brá.

**MIÐVIKUDAGUR, 9. MAÍ**

### 50 seðlabankastjórar, snús og Eurovision

Ég er kominn með Eurovision-kvíða.

Ég hef hvorki heyrt né séð eitt einasta lag ennþá, ekki einu sinni íslenska lagið.

Það sem heillar mig er að sjá tónlistar-, tísku-, og auglýsingalið frá svona mörgum Evrópulöndum samankomið. Sumir eru að gera það sem þeim finnst sniðugt. Fleiri eru þó að gera það sem þeir halda að öðrum þyki sniðugt. Mjög fáir eru að gera eitthvað sem er sniðugt í raun og veru og kemur frá hjartanu.

Nú hafa tveir bandarískir læknar skrifað í Lancet um að reykingamenn ættu að nota sænskt neftóbak til að svala nikótínþörf sinni, svonefnt snús, en mun minni hætta sé á að fá krabbamein af slíkri tóbaksnotkun en reykingum.

Í greininni segir rannsóknir sýni að 10 sinnum meiri líkur sé á að reykingamenn fái lungnakrabba en fólk sem notar snús.

Munntókbaksbannið er tilkomið vegna baráttu voldugra lyfjafyrirtækja sem græða stjarnfræðilegar upphæðir á því að okra á níkótíntyggjói. Þetta bjánalega bann rifjar upp fyrir manni að við erum jú þjóðin sem leyfði Svartadauða en bannaði bjór. Við erum þjóðin sem leyfir reykingar en bannar munntóbaksneyslu.

Þar fyrir utan voru alþingismenn sofandi þegar snúsbannið var sett á. Eða of latir til að gera sér ljóst að okkur var fullkomlega heimilt að fá undanþágu frá einhverjum Evrópureglugerðum sem þeir gleyptu hráar. Norðmenn og Svíar sem vilja fremur taka í vörina en fá lungnakrabba fengu undanþágu frá snúsbanni og borga 250 kall fyrir dós af snúsi frekar 5.500 kr. fyrir pakka af nikótíntyggjói.

Loksins hafði Tony Blair vit á að hætta.

Það á ekki nokkur maður að hanga í opinberri stjórnunarstöðu lengur en í mesta lagi í átta ár. Jafnvel þótt það þýði að það verði að fjölga seðlabankastjórastöðum upp í 50 og sendiherrum í 500.

**FIMMTUDAGUR, 10. MAÍ**

### Eurovision-blús

Eurovision. Stritaði við að hlusta á 28 lög sem flest virtust vera samin af sama manninum. Sem betur fer sungu nokkrar þjóðir á sinni eigin tungu svo að maður slapp við gæsahúðina sem ensku textarnir framkalla.



Eiríkur Hauksson féll út. Austantjaldsmafía er grunuð um að eiga sök á því. Ég held að mafían þar eystra sé öðru að sinna og þarna sé einfaldlega um það að ræða að frændur og nágrannar hafa oft svipaðan tónlistarsmekk. Til dæmis hafa íslenskar hljómsveitir oft gert það gott í Noregi.

Hafandi fylgst með Eurovision síðan Dana hin írska vann með „All Kinds of Everything“ árið 1970 sýnist mér keppnin hafa þróast yfir í að verða að barnaskemmtun með GSM-kosningunni og hópurinn 12 ára og yngri ráði úrslitum.

Í kvöld horfðum við frú Sólveig á keppnina með Andra okkar og Kára vini hans. Þeir eru 9 ára. Þeim fannst hjákátlegt að leggja það á svo aldraðan mann sem Eirík Hauksson að puða fyrir Íslands hönd í Eurovison.

Einnig voru þeir á því að norska söngkonan (sem sjónvarpsþulurinn taldi að hefði mætt undirfatalaus á blaðamannafund) væri mjög aldurhnigin, allavega sextug.

Það var slæmt að missa Gísla Martein í pólitíkina. Eftirmaður hans virtist hafa brennandi áhuga á nærfötum eða nærfataleysi keppenda, hvort þeir væru loðnir á brjóstinu eða hvort hann langaði í búningana þeirra í afmælisgjöf. Sem var allt mjög fróðlegt. Ég fékk samt aulahroll þegar hann byrjaði að klifa á því hvað þjóðin sem býr í Eistlandi heitir á íslensku.

Hingað kom frambjóðandi í dag og færði okkur rauða rós. Mér þótti þetta skemmmtilegt því að eini frambjóðandinn sem hefur haft fyrir því að húsvitja í Norska bakaríinu uppskar glæsilegan árangur í kosningunum. Það var okkar ágæti borgarstjóri.

Annars er fátítt að sölumenn birtist hér á tröppunum. Það er meira en ár síðan einhver kom og bauð okkur að kaupa harðfisk og þar áður komu tveir ungir trúboðar sem vildu snúa turna mér til mormónatrúar. Þeir höfðu ekki erindi sem erfiði.

Það var hringt úr leikskólanum Njálsborg í dag og ég beðinn um að sækja litlu Sól. Flensubakterían sem ég var með hefur trúlega lagst á blessað barnið. Ég veit ekki hvort hún er jafnveik og ég var. Hún ber sig alla vega mun betur.



Nú hafa börn með gemsa eyðilagt fyrir manni Eurovision svo að kosningarnar verða að bjarga laugardagskvöldinu. Reyndar eru kosningarnir bara forleikurinn að því sjónarspili sem verður sett í gang við að mynda næstu ríkisstjórn – og endar á því sem allir vissu fyrir að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking rotta sig saman. Sem er hið besta mál en ég mun halda áfram að verða í stjórnarandstöðu að eilífu amen.

Það er mitt hlutskipti og ég kann því vel.


Arctic Spas

Kanadískir gæða nuddpottar




**Hvað er það mikilvægasta í lífinu þínu?**

-heilsan......................ekki satt!!

-fjölskyldan................ekki satt!!

Sameinaðu þessa 2 bestu kosti í lífi þínu og veldu Arctic Spas.

Spa Kongen

Lækjargötu 34 • 220 Hafnarfjörður • Sími 554 7755 • www.spakongen.is



**LAUGARDAGUR 12. MAÍ: HIN STÓRVAXNA OG UNDURFAGRA RISESSA VAKNAR Á HAFNARBAKKANUM Í REYKJAVÍK OG FER Í STURTU ÁÐUR EN HÚN TEKST Á VIÐ VERKEFNI DAGSINS. VERKSUMMERKI EFTIR FÖÐUR HENNAR, HINN SKAPSTYGGA RISA, VERÐA SÍFELLT FLEIRI OG STÓRSKEMMD BÍLHRÆ OG SUNDURSKORIN FARARTÆKI SETJA SVIP SINN Á BORGINA. RISESSAN ÆTLAR AÐ AÐSTOÐA BORGARBÚA OG TÆLA FÖÐUR SINN AF LANDI BROTT. ÚTHVÍLD EFTIR NÆTURSVEFNINN HELDUR HÚN AF STAÐ Á NÝ UM GÖTUR BORGARINNAR OG LÆTUR ENGAN ÓSNORTINN SEM Á VEGI HENNAR VERÐUR.**

10.30 - 11.30: HAFNARBAKKINN, INGÓLFSTORG, AÐALSTRÆTI, LÆKJARGATA KL. 11.30: RISESSAN OG RISINN HITTAST Á FRÍKIRKJUVEGI. 13.00 - 15.00: HVÍLDARSTUND RISESSU OG RISA Á LÆKJARTORGI.
15.00 - 17.00: LOKAGANGA FRÁ LÆKJARTORGI, UPP HVERFISGÖTU, SNORRABRAUT, SÆBRAUT OG AÐ HAFNARBAKKANUM.
17.00: LOKAATRIÐI Á HAFNARBAKKANUM.

**GLITNIR, Í SAMSTARFI VIÐ FRANSKT VOR Á ÍSLANDI, ÞAKKAR RISESSUNNI, ÚR SMIÐJU FRANSKA GÖTULEIKHÚSSINS ROYAL DE LUXE, KOMUNA TIL LANDSINS.**

Listahátíð í Reykjavík 2007

POURQUOI PAS?
FRANSKT VOR Á ÍSLANDI
WWW.FRANSKTVOR.IS

GLITNIR

**KATHERINE HEPBURN (1907-2003) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*„Ef maður hlýðir öllum reglunum missir maður af öllu fjörinu.“*

***Katherine Hepburn var ein frægasta kvikmyndastjarna tuttugustu aldarinnar. Hún var litríkur karakter og ekki síður fræg fyrir einkalíf sitt en kvikmyndaleik.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. MAÍ 1882

## *Íslenskar konur fá kosningarétt*

Hinn tólfta maí 1882 fengu ekkjur og ógiftar konur tuttugu og fimm ára og eldri kosningarétt á Íslandi. Þær fengu þó ekki kjörgengi. Þetta gilti eingöngu um konur sem stóðu fyrir búi eða áttu með sig sjálfar að öðru leyti. Þessi hópur kvenna var mjög fámennur.

Fyrir gildistöku laganna höfðu þó þrjár konur kosið. Þær notfærðu sér þá gloppu í lögunum að hvergi var tekið fram að konur mættu ekki kjósa, það þótti of sjálfsagt mál.

Giftar konur og vinnuhjú fengu kosningaréttinn og kjörgengisréttinn í áföngum fram til ársins 1915 er allar konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt. Árið 1920 var aldursmörkunum breytt í 25 ár og höfðu konur þá jafnan pólitískan rétt og karlar.

Fyrsta konan var kjörin á þing árið 1922 en næstu 60 árin, allt þangað til Kvennalistinn bauð fram til kosninga, sátu aðeins tólf konur á Alþingi.



**BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR**
Frumkvöðull kvennabaráttu á Íslandi.

## MERKISATBURÐIR

**330** Konstantínópel, nú Istanbúl, verður höfuðborg Rómverska heimsveldisins.

**1412** Einar Herjólfsson farmaður lætur lífið. Hann er talinn hafa borið svarta dauða til landsins. Veikin draga næstu þrjú árin um þriðjung þjóðarinnar til dauða.

**1926** Flugvélinni Norge er flogið fyrstri allra yfir Norðurpólinn.

**1935** Golf er leikið í fyrsta skipti á Íslandi þegar sex holu golfvöllur Golfklúbbs Íslands er vígður í Laugardal í Reykjavík.

**1940** Hermenn Þjóðverja ráðast inn í Frakkland.

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför sonar míns, bróður, mágs og frænda,*

**Halldórs Gunnars Hringssonar**
Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði.

**Sigrún Halldórsdóttir**
**Gunnjóna Sigrún Hringsdóttir** **Jónas Sigurðsson**
**Guðbjörg Hringsdóttir** **Páll Guðmundsson**
**Hjörleifur Hringsson** **Elín Baldursdóttir**
**Sigrún Edda Hringsdóttir** **Hafsteinn Jónsson**
**Hinrik Hringsson** **Ingibjörg Þráinsdóttir**
**frændsystkin.**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Jóhönnu Aðalsteinsdóttur**
frá Vaðbrekku.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki FSA og Kristnesspítala fyrir einstaka aðhlynningu í veikindum Jóhönnu. Sú hlýja og umönnun sem henni var sýnd verður aldrei fullþökkuð. Einnig þökkum við öllu því góða fólki sem gerði útför hennar einstaklega fallega með tónlistarflutningi, blómum og hlýjum kveðjum. Guð blessi ykkur öll.

**Aðalsteinn Helgason** **Ágústa Þorsteinsdóttir**
**Kristjana Helgadóttir** **Arnar Björnsson**
**Bjarni Hafþór Helgason** **Margrét Þóroddsdóttir**
**Helgi Helgason** **Anna Guðrún Garðarsdóttir**
**Ingibjörg Helgadóttir** **Halldór Benediktsson**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og tengdamóðir,*

**Svava Kristín Björnsdóttir**
fornbókasali, Sóltúni 28, Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 10. maí síðastliðinn.

**Hrafnkell Guðjónsson**
**Soffía Hrafnkelsdóttir** **Einar Gunnar Einarsson**
**H. Jóhanna Hrafnkelsdóttir**
**Heimir Hrafnkelsson**
**og barnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Guðrún Bjarnadóttir**

lést á Sólvangi, Hafnarfirði, 25. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.

**Jóhanna Gústafsdóttir** **Ragnar Hinrik Ragnarsson**
**Árni Gústafsson** **Bára Ásgeirsdóttir**
**Áslaug Kristín Pálsdóttir**
**Sigurður Arnar Ólafsson** **Heiða Guðrún Einarsdóttir**
**Ágústa Guðrún Ólafsdóttir.**

---



**SPILAR GOLF OG SYNGUR DISKÓ** Helga Möller er glöð á golfvellinum. Hún fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag með því að syngja Gleðibankann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HELGA MÖLLER: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI SÍNU Í DAG

# Kalla mig Ömmu diskó

Helga Möller söngkona á afmæli í dag. Þessi ástsæla söngkona sem hefur fyrir löngu sungið sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar stendur nú á fimmtugu. Hún hefur þó engu tapað af lífsgleði með árunum, nema síður sé, enda sísyngjandi.

Það stendur ekki til að halda neina veislu í tilefni dagsins, enda óvanalega mikið að gerast í dag. „Ég ætla að kjósa og gera eitthvað skemmtilegt tengt því og horfa síðan á Eurovision. Í kvöld ætla ég svo að syngja eina lagið sem ég kann, Gleðibankann, í Eurovision-partíinu hans Páls Óskars á Nasa,“ segir hún og hlær.

Helga segir að sér líði afskaplega vel, hún sé í góðu jafnvægi, við fína heilsu og sé afskaplega heppin með fjölskyldu og vini.

„Það er reyndar svolítið blendin tilfinning að verða fimmtug,“ segir Helga „Ég man þegar ég varð fertug, þá fannst mér það bara vera flott tala og hugsaði lítið um þetta en núna þegar ég er orðin fimmtug er þetta svolítið öðruvísi. Maður fer að finna allar leiðir til að segja að þetta sé besti aldurinn, nú sé besti tíminn fram undan og maður ákveði sjálfur hvort lífið verði skemmtilegt eða ekki. Ef maður ákveður það ekki sjálfur verður allt bara hundleiðinlegt.“

Trú orðum sínum er Helga farin að stunda golf og hlakkar til að gera það ævina á enda. Hún notar hvert tækifæri til að spila og er nýkomin úr afmælisgolfferð í útlöndum. Helga segir hlæjandi að það væri nú ekki leiðinlegur dauðdagi að deyja bara hundrað ára á golfvellinum.

Golfið er ekki það eina nýja í lífi hennar heldur er hún orðin amma, þó hún sé raunar mjög upptekin amma. „Ég kalla mig Ömmu diskó. Ég er enn að spila og syngja diskólögin alveg á fullu og svo er ég líka að fljúga.“

Helga er ánægð með lífið og ætlar sér að fara inn í sextugsaldurinn með opnum huga. Hún hefur jafnvel hug á að mennta sig meira. Hún segir að það sé ekkert sem maður geti ekki gert og maður geti alltaf bætt einhverju við sig og orðið að betri manneskju.

**jara@frettabladid.is**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hörður Sævaldsson**
tannlæknir, Sefgörðum 10, Seltjarnarnesi,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju, þriðjudaginn 15. maí kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Harðar er bent á reikning 0372-13-110667, kt. 080657-5959, sem stofnaður hefur verið í minningu hans. Það fé sem safnast verður sett í minningarsjóð og notað til að efla þekkingu á sviði tannverndar og tannlækninga á Íslandi.

**Ragnheiður Marteinsdóttir**
**Helga Harðardóttir** **Sturla Jónsson**
**Hildur Harðardóttir** **Óskar Einarsson**
**Friðrika Þóra Harðardóttir** **Friðbjörn Sigurðsson**
**Hjördís Edda Harðardóttir** **Arnór Halldórsson**
**Ragnheiður Harðar Harðardóttir** **Lýður Þorgeirsson**
**Sævaldur Hörður Harðarson** **Dagný Lind Jakobsdóttir**
**Hörður Harðarson**
**Sigríður Marta Harðardóttir,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**DAÐI GUÐBJÖRNSSON 1954**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON 1958**



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON 1954**



**JASON BIGGS 1978**



**FLORENCE NIGHTINGALE 1820**



**BURT BACHARACH 1929**

# Tími til að kjósa

## Kosning hefst kl 9.00 og lýkur kl 22.00

### Kjördagskaffi

Allir sjálfstæðismenn eru velkomnir í kjördagskaffi á öllum kosningaskrifstofum Sjálfstæðisflokksins. Kaffi, meðlæti og fjörugar umræður.
Það jafnast fátt á við stemmninguna á kjördag.
Matti Matt úr Pöpunum og Pétur Örn Guðmundsson koma og taka lagið á kosningaskrifstofunum.
Verið velkomin.

### Kosningaskrifstofur sjálfstæðisfélaganna - akstur á kjördag

Ef þig vantar far á kjörstað hringdu þá í okkur á eftirtöldum stöðum:

**Hraunbær 102b**
Árbær - Grafarholt » Sími: 567-4011
Akstur á kjörstað: 856 8556 - 856 1429

**Mjóddin - Álfabakka 14a**
Breiðholtshverfin » Sími: 569 8161
Akstur á kjörstað: 856 1424 - 856 1426

**Hverafold 5, 2. hæð**
Grafarvogur og Kjalarnes » Sími: 569 8171
Akstur á kjörstað: 856 1433

**Hús verslunarinnar, Kringlunni 7**
Smáíbúða - Bústaða - Fossvogshverfi, Háaleitishverfi, Hlíða - Holtahverfi, Heimdallur og Hvöt » Sími: 569 8133
Akstur á kjörstað: 856 1410- 856 1411

**Langholtsvegur 43 - áður útibú Landsbankans**
Lauganes - Túnahverfi og Langholtshverfi » Sími: 569 8141
Akstur á kjörstað: 569 8140 - 860 5190

**Kosningamiðstöð ungs fólks**
Hús verslunarinnar, Kringlunni 7 » Sími: 569 8133

**JL – Húsið Hringbraut 119**
Nes - Melahverfi, Vestur - Miðbæjarhverfi, Austurbær - Norðurmýri » Sími: 569 8181
Akstur á kjörstað: 856 1405 - 856 1406

**Þjónusta við fatlaða:**
Símar: 569 8140 - 860 5190

### Kjörstaðir

**Reykjavíkurkjördæmi norður**
Ráðhús
Kjarvalsstaðir
Laugardalshöll
Íþróttamiðstöðin Grafarvogi
Borgarskóli
Ingunnarskóli
Klébergsskóli

**Reykjavíkurkjördæmi suður**
Hagaskóli
Hlíðaskóli
Breiðagerðisskóli
Ölduselsskóli
Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Ingunnarskóli
Árbæjarskóli

**Utankjörstaðaskrifstofa**
Móttaka utankjörfundaratkvæða
Skrifstofan er í Valhöll, Háleitisbraut 1
Símar: 515 1735 og 515 1736

### Kosningahátíð á Broadway kl. 22.00

Kosningastemning fram á nótt
Kosningasjónvarp
Heiða Ólafs og hljómsveit leika fyrir dansi
DJ Arnar Gauti

Allar upplýsingar um kjörskrá, kosningar og framkvæmd þeirra eru gefnar í síma 515 1700

Munið persónuskilríki á kjörstað!
Kjósum snemma.

*Nýir tímar - á traustum grunni*



xd.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



# Kominn aftur í lopapeysuna

Hagamelur, önnur sólóplata Jóns Ólafssonar, kemur út í næstu viku. Margt hefur drifið á daga hans síðan fyrsta sólóplatan kom út sumarið 2004. Þá var hann að skilja eftir tuttugu ára sambúð en nú er hann með nítján árum yngri konu og á með henni tæplega sjö mánaða son. Jón er óhræddur við að syngja um þessa atburði á plötunni í einlægum og persónulegum textum.

*Jæja Jón, nú færð þú loksins að vera viðtalsefnið sjálfur, eftir að hafa rætt við flesta poppara landsins í sjónvarpinu. Hvernig finnst þér að vera hérna megin borðsins?*

„Þetta er voða svipað, bara tveir menn að tala saman. Ég þarf reyndar að segja meira en þú svo sennilega er það erfiðara.“

*Ertu hættur með sjónvarpsþættina?*

„Ég á frekar von á því enda er meira en að segja það að finna nýjan flöt fyrir hvern einasta þátt. Íslenski tónlistarmarkaðurinn er auðvitað ekki mjög stór. Ég hugsa að þetta sé bara komið hvað þennan síðasta þátt varðar. Ég er reyndar með ákveðna hugmynd um nýjan þátt, en það kemur bara í ljós hvort af verður. Mér finnst gaman að vinna í sjónvarpi.”

*Færðu ekki alltaf aðalfúttið upp úr poppurunum þegar búið er að slökkva á upptökuvélunum?*

„Jú, það er oft þannig og mér finnst það alltaf jafn sorglegt þegar menn koma með frábærar sögur um leið og búið er að slökkva. Það er eins og menn setji sig í einhverjar stellingar þegar viðtölin byrja.“

### Poppaðri og glaðlegri

*Ókei, við skulum þá reyna að fara ekki í neinar stellingar. Nýja platan, Hagamelur, kemur í næstu viku. Þú fórst í svaka tónleikatúr vegna fyrstu plötunnar, á að endurtaka þann leik núna?*

„Já, og fyrstu tónleikarnir í landsreisunni verða 13. maí á Eskifirði. Ég verð álíka iðinn núna. Mér fannst þetta virka vel. Þetta hélt manni í umræðunni og er mjög þakklátt. Ég uppgötvaði það í síðustu landsreisu að fólk út á landi er endalaust búið að fá einhverja kassagítarleikara með a-mollana sína svo það hlýtur að vera ákveðin tilbreyting fyrir það að fá píanóleikara til að spila a-moll.“

*Hvernig er nýja platan samanborið við hina?*

„Maður heldur oft sjálfur að miklar breytingar hafi átt sér stað en hinn almenni hlustandi heyrir bara sömu röddina með aðeins öðruvísi hljóðum undir. Síðasta plata var aðeins meira í moll en þessi. Ég held að ég sé aðeins poppaðri núna, aðeins glaðlegri. Ég leyfði mér líka eilítið meira að útsetja.“

*Heyrðirðu einhverja tónlist á þessum þremur árum sem kveikti verulega í þér?*

„Ég hef heyrt margt skemmtilegt, en hef sennilega hlustað mest á „I Am a Bird Now“ með Antony & The Johnsons á þessum tíma. Ég er ákaflega hrifinn af henni og hugsaði að þetta væri eitthvað sem væri gaman að gera þótt maður eigi náttúrlega ekki glætu í gaurinn sönglega því hann er svo ótrúlegur. En þegar ég fór að gera plötuna nennti ég ekki þessu selló- og fiðludóti sem allir eru með. Mér finnst allir í dag svo uppteknir við að blanda sinfónískum hljóðum inn í poppið hjá sér. Mér finnst það orðin gríðarlega margtuggin hugmynd. Eins og þetta eru nú falleg hljóð samt. Ég féll því frá þeirri pælingu og ákvað að nota frekar gamaldags syntasánd og gera þetta sjálfur í staðinn fyrir að vera að hringja í einhverja fiðluleikara úti í bæ.”

*Saknarðu þess ekkert að vera í samstarfi við hljómsveit?*

„Stundum. Þegar maður er búinn með svona plötu er maður mjög upplagður í að gera plötu með bandi. Það glittir í hópvinnu því Ný dönsk verður 20 ára á þessu ári og við munum sennilega senda ný lög frá okkur. Það eru kostir og gallar að vera sóló, gaman að standa og falla með eigin ákvörðunum og taka sénsinn. Þegar maður er í hljómsveit getur maður prófað efni á félögunum og þeir kannski sagt: Nei, þetta er ekki nógu gott. Smám saman er komist að sameiginlegri niðurstöðu. En maður hefur miklu minni þörf fyrir hljómsveitarsamvinnu núna en þegar maður var yngri. Þá hékk maður með strákunum kannski daginn út og inn og nennti að vera í bílskúrnum lon og don. Núna er maður miklu meira fyrir að dunda sér sjálfur. Sumir fara í sumarbústaðinn og bæsa pallinn en ég fer út í skúr og geri lög.“

### Þarf ekki að vera kúl lengur

*Það hafa átt sér gífurlegar breytingar í lífi þínu síðan síðasta plata kom út og þú syngur um þær á nýju plötunni, til dæmis í laginu „Merkilegt“ þar sem þessar línur er að finna: Merkilegt hvað lífið mitt er skrítið / og merkilegt hvað tíminn líður hratt / Á tveimur árum gerist meira en lítið / ég trúi varla að allt þetta sé satt. / Að rekast á þig eftir þessa keppni / og kynnast þér var meiriháttar lán / sem einnig flokkast undir ótrúlega heppni / og ég vil engan veginn þurfa að vera án…*

„Kunningja mínum fannst þessi lína „að rekast á þig eftir þessa keppni“ eitthvað mikið persónuleg og spurði: ætlarðu virkilega að hafa þetta svona? Auðvitað, sagði ég, þetta er bara gott rím, keppni og heppni, og svo er þetta ekkert merkilegt. Þetta var í blöðunum í marga mánuði.“

*Já, en þetta er svaka persónulegt og einlægt og allir textarnir eftir þig í þetta skiptið. Var það hár þröskuldur til að komast yfir?*

„Mér fannst bara að fyrst ég væri búinn að stíga þetta skref að vera sóló að þá ætti ég að ganga alla leið og gera textana líka. Þar sem mikið var búið að ganga á fannst mér svo bara eðlilegast að skrifa um það sem mér lægi á hjarta og ég var búinn að vera að hugsa um. Ég vona að einhver kunni að meta það að ég tali hreint út. Ég get ekki séð að ég hafi neinu að tapa.“

*Í einum textanum á nýju plötunni segir að það séu forréttindi miðaldra manns að vera væminn. Hvað áttu við með því?*

„Í dag eru margir yngri listamenn svo uppteknir af því að vera kúl að þeir segja aldrei nákvæmlega það sem þeim finnst. Allt er sagt í frösum og undir rós. Það er eins og það sé hallærislegt að segja það sem manni finnst. En ef við förum aftur til Bítlaáranna þá þótti það nú ekkert hallærislegt. Þá sögðu menn bara „Ég elska þig“ og skömmuðust sín ekkert fyrir það. Hjá mörgum er það ávísun á listræna aflífun að segja þetta í dag. Þegar maður er kominn á miðjan aldur þá hefur maður engu að tapa. Mér finnst að núna geti ég gert það sem ég vil og sagt það sem ég vil. Og það eru forréttindi. Ég þarf ekki að vera kúl lengur. Ekki það að ég hafi nokkurn tímann verið kúl, en ég þarf þá allavega ekki að reyna að vera kúl lengur.“

### Ekki á Mammonsbrettinu

*En þú varst nú aldrei þessi reiða unga týpa, grunar mig – hefur þú annars einhvern tímann verið reiður?*

„Ég var nú frekar óhress með þetta Íraksdæmi og ég var ósáttur við það þegar menn voru að bruðla með Símann í gamla daga. Ég var svo reiður að ég færði mig yfir til Tal.“

*Ertu orðinn samdauna ástandinu aftur?*

„Nei, ég er eiginlega kominn aftur í lopapeysuna. Ég er frekar farinn að fjarlægjast efnishyggjuna öfugt við marga jafnaldra mína sem eru á hundrað kílómetra hraða á Mammonsbrettinu.“

*Eru þetta áhrif frá Hildi Völu?*

„Að hluta til get ég trúað. Hún hefur haft mjög góð áhrif á mig.“

*Hún er nú dálítil hippastelpa í sér, er það ekki?*

„Það mætti kannski segja það jú.“

*Er íslenskt samfélag að sigla í vitlausa átt?*

„Já kannski og það mætti snúa aðeins við. Maður vill að einstaklingurinn fái að njóta sín en maður vill líka að börnin manns komist á spítala ef þau verða veik. Ég held að það sé engin spurning að bilið er að stækka, þeir ríkari að verða ríkari og þeir fátækari að verða fátækari. Mér er alveg sama um þá sem eiga svívirðilega mikið af peningum, það truflar mig voða lítið, en það er verra með fólkið sem á enga peninga.“

**JÓN ÓLAFSSON Í LOPAPEYSUNNI** „Ég er frekar farinn að fjarlægjast efnishyggjuna, öfugt við marga jafnaldra mínu sem eru á 100 kílómetra hraða á Mammonsbrettinu.”

> Mér finnst að núna geti ég gert það sem ég vil og sagt það sem ég vil. Og það eru forréttindi. Ég þarf ekki að vera kúl lengur. Ekki það að ég hafi nokkurn tímann verið kúl, en ég þarf þá allavega ekki að reyna að vera kúl lengur.

### ➜ JÓN ÓLAFSSON… fyllir í eyðurnar

**Ekkert breytti lífi mínu jafn mikið og…** að fæðast.

**Ef ég væri rekinn á eyðieyju með plötuspilara og þrjár plötur tæki ég…** Götuskó með Spilverki Þjóðanna, Simon and Garfunkel Greatest Hits og Revolver Bítlanna með.

**Það furðulegasta sem ég hef látið ofan í mig er tvímælalaust…** reyktur strútur.

**Mesti lúxus sem ég hef veitt mér er…** risaflatskjárinn minn hygg ég.

**Ef ég gæti fengið hvaða bassaleikara, gítarleikara og trommara, lífs eða liðna, til að spila með mér, fengi ég…** Paul McCartney, Ringo Starr, George Harrison.

**Ef ég gæti farið nákvæmlega hvert sem er nákvæmlega núna færi ég til…** Víetnam.

**Þegar ég sé harmóníkuleikara fyrir utan Bónus…** hleyp ég heim og næ í melódíku og djamma með honum.

**Ef safnplata bestu laga minna kæmi út eftir minn dag ætti hún að heita…** Hann fór í ljós þrisvar um ævina.

HÚSGAGNAHÖLLIN

# NJÓTTU SUMARSINS



**BASTSETT**
**BORÐ, 2 STÓLAR, SÓFI & SESSUR**

**AMALIENBORG** garðborð með glerplötu, B:65 L:107 H:60 cm, sófi, B:130 D:70 H:74 cm og tveir stólar, D:78 B:76 H:76 cm, Sessur fylgja.

25% AFSLÁTTUR

29.980
ÁÐUR: 39.980



**CAFE** garðborð, ál/grátt, þvermál 70 cm — 9.980
**CAFE** garðstóll, ál/grátt — 5.980



**BROADWAY** garðborð, ál/tekk , þvermál 60 cm — 12.980
**BROADWAY** garðstóll, ál/tekk — 7.980





**STAMPE** garðborð, granít/króm, þvermál 60 cm — 14.980
**CATTIE** garðstóll, fléttur ál/svart — 7.980



**EVA** garðborð, ál/tekk, þvermál 70 cm — 15.980
**MATHILDE** garðstóll, ál/silfur — 11.980





NÝTT BLAÐ!
Frábært úrval garðhúsgagna
www.husgagnahollin.is



**PARIS** garðborð, hvítt/ál L:180 B:90 H:72 cm — 44.980
**PARIS** garðstóll, ál/grár — 14.980



**ZONE** garðkanna — 980

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200
OPNUNARTÍMI UM HELGINA: Laugardaga 11 – 18 • Sunnudaga 13 – 17

# Fyrst grillum við - svo verður partý!





## *Ferskur lax á grillið*

*- Mangó chutney*
*- Ferskt kóríander*
*- Salt og pipar*

*Smyrjið mangó chutney á laxinn, saltið og piprið og setjið laxinn á grillið. Snúið roðinu niður þegar laxinn er settur á grillið og eldið þar til hann er steiktur í gegn. Kóríander sett yfir laxinn og smá mangó chutney.*

*Mangó chutney*





**Coppa og Bresola**
ekta ítalskt álegg

**Prosciutto Di Parma**
ekta parma hráskinka frá Ítalíu

# Ekta

**Anti pasto misto**
parma hráskinka og kryddpylsur saman í pakka



**Ítalía gæða pestó**
- ómissandi í veisluna, beint frá Ítalíu



**Baguette**
- ferskt baquette með og án hvítlauks



**Ávaxta- og grænmetisbakkar**
- tilvalið í Eurovision partýið

Gildir til 13. maí eða á meðan birgðir endast.



# EUROVISION
SONG CONTEST
HELSINKI 2007







**Lambalæri- og framhryggjasneiðar**
*- tilbúnar beint á grillið*

# ítalskur partýbakki



*Allt úrvalið er í Hagkaupum!*


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



# Forseti Íslands á ferð og flugi

**Ólafur Ragnar Grímsson**, forseti Íslands, var fluttur með þyrlu frá Búðum á Snæfellsnesi á Landspítalann í Fossvogi síðastliðinn sunnudag. Forsetinn var útskrifaður eftir rannsóknir og er að sögn lækna við góða heilsu. Samkvæmt læknisráði mum hann þó hvílast í nokkra daga. Spurningar hafa vaknað um embættisskyldur forsetans og það álag sem starfinu fylgir. *Svavar Hávarðsson* komst að því að álag vegna ferðalaga er mikið, bæði innanlands sem utan. Síðustu mánuði hefur forsetinn farið 23 ferðir til útlanda með viðkomu í 15 þjóðlöndum og á sama tíma ferðaðist hann til fjölda viðkomustaða á landsbyggðinni í 23 aðskildum ferðum.

## Utanlandsferðir forseta Íslands árið 2006

1. **6. febrúar Sviss** Ferð í einkaerindum
2. **20. mars Eistland** Útför Lennarts Meri, fyrrum forseta Eistland, í Tallinn.
3. **25. mars England**
4. **28. apríl Svíþjóð** Forsetahjónin taka þátt í hátíðahöldum í Stokkhólmi í tilefni af 60 ára afmæli Karls Gústafs Svíakonungs.
5. **22. maí Finnland, England og Litháen** Hittir Tarju Halonen, forseta Finnlands, viðskiptaráðstefna í London og hittir forseta Litháens, Valdas Adamkus.
6. **20. júní England** Afhjúpar minnismerki um íslenska sjómenn í Hull.
7. **28. júní Bandaríkin** Fundar með vísindamönnum frá Columbia-háskóla í New York.
8. **9. júlí Bandaríkin** Forsetahjónin sitja kvöldverð í Hvíta húsinu í boði George Bush forseta.
9. **22. ágúst** Afhendir Heimsverðlaun fyrir endurnýjanlega orku í Flórens.
10. **12. september Frakkaland** Einkaferð.
11. **17. september Bandaríkin** Fundur með Jeffrey Sachs, aðalráðgjafa Kofi Annan í þróunarmálum.
12. **4. október Finnland** Rannsóknarþing Norðursins í Oulu. Fundur með Tarju Halonen
13. **16. október England og Ungverjaland** Minningadagskrá vegna uppreisnarinnar í Ungverjalandi árið 1956.
14. **9. nóvember Bandaríkin** Ráðstefna í New York á vettvangi SÞ.
15. **6. desember Bandaríkin** Samráðsþing um hreina orku í San Francisco.
16. **17. desember Bandaríkin**

## Utanlandsferðir forseta Íslands árið 2007

17. **11. janúar Bandaríkin** Einkaferð.
18. **19. janúar Skotland** Fundur með Bill Gates.
19. **8. febrúar Indland, Dubai og Danmörk** Alþjóðleg ráðstefna í Delí og fundur með forseta Indlands, dr. A.P.J. Kalam.
20. **12. febrúar Bandaríkin** Einkaferð.
21. **22. febrúar Noregur** Forsetahjónin sækja hátíðahöld í Osló í tilefni af sjötugsafmæli Haraldar Noregskonungs.
22. **28. mars Bandaríkin** Fundir með bandarískum ráðamönnum í Washington og háskólaheimsóknir. Breytti ferðaáætlun sinni og flaug til Aspen í Colorado þegar Dorrit Moussaieff forsetafrú lærbrotnaði í skíðaslysi.
23. **23. apríl Bandaríkin, Kanada og Danmörk** Fundir með bandarískum ráðamönnum og heimsókn til Winnipeg á ársþing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi. Opnar skrifstofu FL Group í Kaupmannahöfn.



**VIÐ HOF ÁSTARINNAR** Ólafur Ragnar og Dorrit sóttu Indland heim í október árið 2000. Þau heimsóttu meðal annars borgina Agra og hið undurfagra hof Taj Mahal. Forsetahjónin fóru til Indlands til að vera viðstödd opnun á Íslandskynningu í höfuðborginni Nýju-Delí og Bombay árið 2000. MYND/REUTERS

# VORÚTSALA

## LCD SJÓNVÖRP

Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ

# 100.000

## KRÓNA AFSLÆTTI

GRUNDIG UNITED enox. THOMSON PHILIPS Dantax JVC

### VERÐDÆMI 1




**JVC** LT32A70

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Progressive Scan, 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 10w Nicam stereó hljóðkerfi, textavarpi með 1000 síðna minni, 2 Scart (með RGB), HDMI, CVBS, Component, borðstandi, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 109.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990

### VERÐDÆMI 2




**DIBOSS** LT37JHM

37" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 800:1 skerpu, Digital Comb Filter og Antireflex, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og heyrnartólstengi, VGA tengi textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990

### VERÐDÆMI 3




**THOMSON** 42LB330B5

42" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP, 1920x1080 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, Progressive Scan, HD Ready, 800:1 skerpu, 2x40w Nicam stereó Hljóðkerfi með SRS TruSurround XT, 3 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 199.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

ÚTVÖRP FERÐATÆKI MINNISKORT HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI OG FLEIRA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



**SIGURBOGI SAMTÍMANS** Kennileiti á svæðinu eru til að mynda þessi haglega staflaði bílabogi sem nemendur í grafískri hönnun dúndruðu upp í tilefni sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Það sem koma skal

Útskriftarnemar í myndlistardeild Listaháskóla Íslands sýna verk sín í jarðhýsi nokkru í Ártúnsbrekkunni. Þar kennir skiljanlega ýmissa grasa en listamennirnir hafa umbreytt hráu hýsinu í heljarinnar gallerí. Í bröggunum í nágrenninu sýna útskrifarnemendur í arkitektúr, grafískri hönnun og fatahönnun verk sín.

Sýningarnar verða opnaðar kl. 14 í dag en þá gefst áhugasömum kostur á að kynna sér verk eftir upprennandi kynslóð sjónlistafólks. Að þessu sinni útskrifast sextíu og þrír nemendur, tuttugu úr myndlistardeild og fjörutíu og þrír úr hönnunar- og arkitektúrdeild.

Þetta er í fyrsta sinn sem gömlu kartöflugeymslurnar eru allar nýttar undir myndlist og hönnun en í framtíðinni verður þar vettvangur fyrir augans listir.

Sýningin verður opin alla daga milli 12-18 og stendur til til 27 maí.

Boðið er upp á leiðsögn um sýninguna alla sunnudaga kl.15 og einnig er hægt að skoða möppur nemenda yfir léttum veitingum í veitingabragganum sem verður opin á meðan sýningunum stendur.

- khh



**HREINA MÁLVERKIÐ** Árni Þór Árnason á heiðurinn af þessu verki.

**GRÆNN Í GINI GUÐ VEIT HVERS?** Birgir Páll Auðunsson gerir verkið „Komdu inn í mig" og tekur sjálfan sig á orðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**MEÐ ÞOLINMÆÐISSVIP** Verk Halldórs Arnar Ragnarssonar „A" ögrar sjónsviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VERKIÐ FLÓRA** Sigurrós Svava Ólafsdóttir sýnir nýstárlega flóru. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Skóaðu þig upp í sumar!
Sumarskór á ótrúlegu verði
1.699-2.499kr.
TILBOÐ
Skór 2.499kr
Verð áður 2.999.-
Kanvas skór 1.999kr
Kanvas skór 2.499kr
Skór 1.999kr
Kanvas skór 2.499kr
Ballerínuskór 1.699kr
1.699kr
Kanvas skór 2.499kr
TILBOÐ
Ballerínuskór 1.999kr
Verð áður 2.499.-
TILBOÐ
Ballerínuskór 1.999kr
Verð áður 2.499.-
TILBOÐ
Ballerínuskór 1.999kr
Verð áður 2.499.-
Taska 2.999kr
Kanvas taska 1.999kr
Kanvas taska 1.999kr
Kanvas taska 1.999kr
Gildir til 15. maí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


BÓNUS
Úrbeinað og kryddað lambalæri
Ferskt lambafille
Úrbeinað lambalæri
kílóverð nú:
1698 KR.
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
EKKERT BRUÐL
Kosningar, júróvisjón,
Íslenskur beinlaus lax
Góður á grillið!
VILLIKRYDDAÐAR LAMBAKÓTELETTUR
VILLI LAMBAKÓTELETTUR
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 2998KR.
500 ml
49 KR.
Egils GULL
Beinlausir laxabitar
kílóverð nú:
845 KR
frá Norðanfiski
Bónus ungnautahakk
kílóverð nú:
898 KR.
Merkt verð 1198KR.
Úrvals innflutt ungnautahakk
12 lítra
kipputilboð
598 KR.
2x 6 lítrar
www.bonus.is


Ferskar íslenskar kjúklingabringur
FERSKAR HOLTABRINGUR
kílóverð nú:
1565 KR.
Merkt verð 2408KR.
35%
afsláttur
við kassann
matur og Bónus!
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR
Lambakjöt kryddað -Íslandslamb
I. FLOKKUR
Lambaframhryggjarsneiðar
I. flokkur -kílóverð nú:
1598 KR.
Chicago town
PEPPERONI
298 KR.
4 ÖRBYLGJUPITSUR
KF SALAT
98 KR.
350g
Bónus býður betur!
2 lítrar
69 KR.
7up og 7up FREE
Ben&Jerry ísbox
398 KR.
200g
98 KR.
EUROSHOPPER
SNAKK
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Átök um grunn tyrknesk

Mikið hefur gengið á í tyrkneskum stjórnmálum undanfarnar vikur. Tekizt er á um sjálfan grundvöll tyrknesks lýðræðis, hefðbundna túlkun hans og að hvaða marki heimilt skuli að blanda trúnni í stjórnmálin. *Auðunn Arnórsson* rekur hér helztu átakalínurnar.

Tyrklandsþing samþykkti á fimmtudag í annarri atlögu tillögu stjórnarinnar að stjórnarskrárbreytingum, þar sem kveðið er á um að forseti lýðveldisins verði þjóð- í stað þingkjörinn. Þar með náðist mikilvægur áfangi í sáttaátt, eftir harðan slag á milli stjórnarflokksins, sem á rætur í íslamskri hreyfingu, og hinnar veraldlega sinnuðu stjórnarandstöðu og gömlu stjórnmálaelítunnar. Stjórnarandstaðan áleit arfleifð Kemals Atatürk, stofnanda lýðveldisins, ógnað með áformum Receps Tayyip Erdogan forsætisráðherra um að láta þingið kjósa Abdullah Gül utanríkisráðherra í embætti forseta. Gül er trúaður múslimi og eiginkona hans ber jafnan höfuðklút að hætti sanntrúaðra, þótt slíkur klæðnaður sé bannaður samkvæmt lögum í opinberum byggingum landsins. Gül dró framboð sitt til baka á sunnudag eftir að þingmenn sniðgengu kosninguna í annað sinn.

Stjórnarskrárbreytingin um þjóðkjör forseta var liður í tilraun Erdogans til að leysa deiluna. Stjórnin lagði annars líka til að kjörtímabil forseta yrði stytt úr sjö árum í fimm, að forseta skyldi heimilt að sækjast eftir endurkjöri, kjörtímabil þingsins yrði stytt úr fimm árum í fjögur og þingmönnum sem þarf til samþykktar frumvörpum yrði fækkað.

**Klofið þjóðfélag**

Samkomulag sem áður hafði náðst um að flýta þingkosningum og halda þær 22. júlí í stað nóvember, þegar kjörtímabilið hefði annars runnið út, slær á spennuna í átökunum milli fylkinganna tveggja í tyrknesku samfélagi. Grundvallardeilan um það hvernig beri að umgangast íslamsk-blönduð stjórnmál í tyrknesku lýðræði er þó langt frá því að vera leyst.

Tyrkneskt samfélag er alvarlega klofið. Veraldlega sinnaðir Tyrkir, sem telja sig standa vörð um þau gildi sem Mustafa Kemal Atatürk innleiddi á sínum tíma um strangan aðskilnað trúar og stjórnmála, hafa gripið til umdeilanlegra aðferða. Atkvæðagreiðslur á þingi eru sniðgengnar, fjöldamótmæli eru á götum úti og hótanir um afskipti hersins. Þetta er gert í tilraun til að grafa undan valdi Erdogans forsætisráðherra og flokks hans, Réttlætis- og þróunarflokksins (AKP), sem þeir óttast að stefni að því að draga stjórnkerfi landsins í átt að íslömsku kerfi.

Þar til fyrir skemmstu leit út fyrir að Erdogan hygðist beita þeim drjúga meirihluta sem flokkur hans ræður yfir á þingi til að treysta tök sín á öllu framkvæmdavaldinu með því að tefla nánum bandamanni sínum, utanríkisráðherranum Gül, fram í embætti forseta. En sú öfluga bylgja andstöðu við þessi áform hans virðist hafa komið honum að óvörum og gæti þess í stað leitt til róttækrar uppstokkunar í stjórninni. Hún hefur líka hleypt nýjum krafti í umræðu um umbætur á fulltrúalýðræðiskerfi landsins.

**Kemalistar orðnir afturhald?**

Fylgjendur íslamsk-blandaðra stjórnmála í Tyrklandi hafa á liðnum áratugum í glímu þeirra við hið veraldlega ríkiskerfi landsins fjarlægzt æ meir þá herskáu grunnstefnu sem hreyfing þeirra var upprunalega sprottin úr. Á hinn bóginn hafa „kemalistar“, fylgjendur hins stranga aðskilnaðar trúar og stjórnmála, lítið þróað hugmyndafræði sína síðan Atatürk dó árið 1938. „Þeir sem voru áður aftast á merinni eru nú mestu framfarasinnarnir, og framfarasinnar fortíðarinnar eru núna afturhald,“ hefur þýzka vikuritið Der Spiegel eftir Zülfü Livaneli, rithöfundi og söngvaskáldi í Istanbúl. Og stjórnmálafræðingurinn Cemal Karakas segir skilning kemalista á aðskilnaði trúar og stjórnmála vera „valdstjórnarsinnaðan og ólýðræðislegan; það ætti að endurskoða hann“.

Baskin Oran, stjórnmálaskýrandi í Ankara, er sama sinnis. „Kemalismi umbreytti Tyrklandi á sínum tíma, en honum hefur láðzt að umbreyta sjálfum sér,“ er haft eftir Oran í nýjasta hefti The Economist.

**Herinn varðhundur kemalismans**

Þótt tyrkneski herinn, „varðhundur“ hinna veraldlegu gilda í stjórnmálum landsins allt frá dögum Atatürks, hafi fjórum sinnum steypt lýðkjörnum ríkisstjórnum frá árinu 1960 beindist aðeins eitt þeirra inngripa beint gegn íslamsk-sinnuðum valdhöfum, en það var þegar stjórn Necmettin Erbakans var bolað frá árið 1997.

„Það má ekki gleyma því að tyrkneski herinn er aðili að þessari umræðu og stendur af einurð vörð um hin veraldlegu gildi ríkisins,“ segir í yfirlýsingu frá herstjórninni, sem birt var fyrir viku, eftir fyrri umferð forsetakosninga á þingi sem stjórnarandstaðan sniðgekk og fékk síðan stjórnlagadómstól landsins til að lýsa ógilda. „Ef nauðsyn krefur mun hann sýna afstöðu sína og hegðun á ótvíræðan og opinskáan hátt. Enginn ætti að efast um þetta,“ segir enn fremur í yfirlýsingu hersins.

Þessi orð voru skilin sem hótun um að herinn kynni að grípa fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni og kölluðu á fordæmingu frá ráðamönnum í Evrópusambandinu, sem Tyrkir vilja ganga í. En margir Tyrkir segja að hlutverk hersins sé gjarnan misskilið í útlöndum og með því að grafa undan því grafi Vesturlandabúar í raun undan tyrknesku lýðræði.

**Kreppa fulltrúalýðræðiskerfisins**

Erbakan, sem hraktist frá völdum fyrir tilstilli hersins fyrir tíu árum, var pólitískur lærifaðir Erdogans, og báðir eru þeir innilega hataðir í röðum herforingjanna. Herinn lét sér það bara rétt svo lynda að Erdogan tæki við völdum eftir kosningasigur flokks hans árið 2002. Sá sigur byggðist ekki sízt á þreytu kjósenda á spillingu og sundrungu gömlu flokkanna og því að mörgum kjósendum þótti andspillingarstefna Réttlætis- og þróunarflokksins trúverðug.

Stjórnmálaflokkur þarf að fá minnst tíu prósent atkvæða til að fá úthlutað þingsætum á Tyrk-

● ● ● margir Tyrkir segja að hlutverk hersins sé gjarnan misskilið í útlöndum og með því að grafa undan því grafi Vesturlandabúar í raun undan tyrknesku lýðræði.



**FJÖLDAMÓTMÆLI** Tyrknesk kona heldur þjóðfánanum hátt á einum hinna fjölmennu mótmælafunda sem efnt var til í síðustu viku í helztu borgum landsins til að lýsa óánægju með forsetaframboð Güls utanríkisráðherra og þá meintu hættu sem það táknaði fyrir hefðbundinn aðskilnað trúar og stjórnmála. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SAMHERJAR** Samherjarnir Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og Abdullah Gül, utanríkisráðherra og forsetaefni, stinga saman nefjum á þingfundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**AHMET NECDET SEZER** Fráfarandi forseti, í miðju myndar, lætur af embætti á miðvikudaginn kemur. Stjórn og stjórnarandstaða deila um það hvort þá eigi þingforsetinn, sem er annar bandamaður Erdogans forsætisráðherra, að taka við embættisskyldum forseta til bráðabirgða, eða hvort Sezer sitji áfram unz nýr forseti hefur verið kjörinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leyfðu þér að blómstra!

Sjálfseflingarnámskeiðið Blómstraðu!

- sérstaklega unnið með þá þætti sem eiga samhljóm með The Secret.

námskeið í Reykjavík * lau. 19. maí kl. 10 - 16

uppl. og skráning: www.blomstradu.net

Námstækni ehf. s. 899 4023

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Fjarstýrðir bensín götubílar í úrvali.



Tómstundahúsið Nethyl 2, sími 5870600
www.tomstundahusid.is

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið




Valdís Steinarrsdóttir, formaður Sniglanna, á Buell Lightning árgerð 2003, og Sylvía Guðmundsdóttir fjölmiðlafulltrúi samtakanna sem er á BMW K1200 RS, 1200 cc, árgerð 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sniglarnir eru fyrir alla

***Valdís Steinarrsdóttir kynntist mótorhjólum á Landsmóti Sniglanna og er nú sjálf formaður samtakanna.***

„Ég tók prófið síðasta vor og keypti í kjölfarið Buell Lightning hjól, árgerð 2003. Þetta er svokallað streetfighter hjól með Harley Davidson Sportster mótor, 984 cc,“ segir Valdís Steinarrsdóttir formaður bifhjólasamtakanna Sniglanna.

Hjóláhuginn kviknaði fyrst þegar vinkona Valdísar tók hana með sér á Landsmót Sniglanna og þá varð ekki aftur snúið. Nokkru síðar skráði hún sig í samtökin og í dag er hún formaður.

Samtökin voru stofnuð 1. apríl 1984 og eru að sögn Valdísar fyrst og fremst hagsmunasamtök.

„Það þarf hvorki hjól né próf til að gerast meðlimur eða fá meðmæli eins og áður. Þó þarf samþykki foreldra ef umsækjendur eru yngri en 18 ára,“ segir Valdís sem á sjálf þrjú börn og mann sem þeysist líka um á hjóli.

Dóttirin sem er elst, er að taka mótorhjólaprófið en tvö yngri börnin ferðast um með pabba sínum í litlum mótorhjólagöllum.

Í Sniglunum eru 1.910 meðlimir frá átján ára aldri og upp úr. Að sögn Valdísar eru einnig meðlimir sem eru ekki virkir en borga ársgjöld til styrktar starfi samtakanna.

„Stjórnin skipuleggur allar uppákomur eins og hópkeyrslur, hjólamessur og Landsmót. Auk þess er unnið mikið forvarnarstarf og að umferðaröryggi,“ segir Valdís og nefnir hópkeyrslu 1. maí þar sem 670 hjól voru saman komin á forvarnardeginum.

Dagurinn var haldinn í Smáralind í samvinnu við Púkann, Nítró, Umferðarstofu, Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Forvarnarhúsið og hljómsveitina Stormur í aðsigi ásamt Vetrargarðinum.

Valdís segir mótorhjólaeign landsmanna hafa aukist gríðarlega og nánast ómögulegt sé að komast að hjá ökukennara þessa dagana. „Fólk er að uppgötva hvað það er rosalega gaman að hjóla og hvað þetta er þægilegur ferðamáti,“ segir Valdís. *rh@frettabladid.is*




Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

**Smurning** er lífsnauðsynleg fyrir bílinn. Í viðhaldsbók bílsins þarf að skrá niður öll skiptin sem bíllinn fer í smurningu og hvað er gert. Ef bíllinn er ekki smurður reglulega getur það stuðlað að skemmdum sem kosta mörgum sinnum meira en ferð á smurstöð.

# 600 ný fjórhjól á síðasta ári

***Fyrsti íslenski fjórhjólaklúbburinn hefur verið stofnaður. Unnið er að því að fá svæði fyrir fjórhjólabraut.***


Fjórhjólaklúbbur Reykjaness ætlar að stuðla að því að fjórhjólaakstur fari fram á lokuðum svæðum, ekki á almennum götum.

Fjórhjólum fjölgar stöðugt hérlendis og nú hefur fyrsti opinberi fjórhjólaklúbburinn verið stofnaður. Hann kallast Fjórhjólaklúbbur Reykjaness og er öllum opinn. „Markmið klúbbsins er að sameina áhugamenn um sportið og stuðla að því að menn séu ekki að djöflast á hjólum á umferðargötum,“ segir Davíð Jón Kristjánsson varaformaður klúbbsins. „Við viljum heldur að fólk komi saman á lokuðum svæðum til að stunda aksturinn.“

Nú standa yfir viðræður við Reykjanesbæ um úthlutun svæðis undir fjórhjólabraut en slík braut er nauðsynleg ef koma á upp mótaröð hérlendis fyrir fjórhjól. „Það hefur orðið gríðarleg aukning í sportinu og bara síðan í maí í fyrra hefur hjólum fjölgað um 600,“ segir Davíð. „Uppselt er í fyrstu ferð klúbbsins til Víkur og því augljóst að áhuginn er mikill.“

Fjórhjólaklúbbur Reykjaness heldur kynningu á klúbbnum og fjórhjólum almennt í Reykjanesbæ um helgina í tengslum við frístundahátíðina Frístundasumar í Reykjanesbæ.

Nánari upplýsingar um klúbbinn er að finna á http://blogcentral.is/iceatv. *- tg*


3,0 lítra vél BMW 325 var bæði valin besta nýja vél ársins og besta vélin.

# BMW með vél ársins

***Bílablaðamenn víðs vegar að völdu á dögunum vél ársins. BMW sigraði þriðja árið í röð.***

BMW hefur hlotið viðurkenninguna „Vél ársins“ þriðja árið í röð. Dómnefnd skipuð yfir 60 bílablaðamönnum frá 30 löndum ákvað að verðlaunin féllu í skaut BMW fyrir 3,0 lítra twin-turbo vél BMW 325. Vélin fær verðlaunin fyrir að vera ekki bara kraftmikil heldur einnig sparneytin og að forþjöppuhik sé nánast ekkert.



Als sigraði BMW í sjö flokkum af tólf. Volkswagen sigraði í tveimur flokkum með 1,4 lítra TSI vél sinni og 2,0 lítra TFSI. Porsche vann til sinna fyrstu verðlauna frá upphafi valsins og brutust út mikil fagnaðarlæti er kynnt var um val 3,6 lítra twin-turbo vélar þeirra í flokki 3,0 til 4,0 lítra véla.

Eini framleiðandinn utan Þýskalands til að vinna til verðlauna var Toyota. Hann var verðlaunaður fyrir sparneytnustu vélina í, jú mikið rétt, Prius. Hann hlaut einnig verðlaun fyrir vélina í Aygo og Yaris en hana er líka að finna í Peugeot 107 og Citroën C1. *- tg*


Gamli góði bragginn í nýjum búningi.

# Endurkoma braggans?

SVO GETUR FARIÐ AÐ CITROËN MUNI SMÍÐA NÝJA ÚTGÁFU AF 2CV, EÐA BRAGGANUM EINS OG HANN VAR KALLAÐUR.

Fátt er franskara en „bragginn“ Citroën 2CV. Nokkuð er síðan framleiðslu hans var hætt en nú gæti farið svo að hann komist aftur á göturnar. Bílablaðið Auto Express segir Frakka hafa hug á því að endurvekja þennan fornfræga bíl. Þjóðverjar og Ítalir hafa gert svipaða hluti með bjöllunni og Fiat 500 með ágætis árangri og nú vilja Frakkarnir með.

Gamli bragginn var ferskur og ódýr en fregnir herma að nýi bíllinn verði umhverfisvænn fjölskyldubíll. Hann fær fullt af tækniðóti og er ætlað að verða leiðandi í umhverfismálum.

Talsmenn Citroën verjast allra frétta en samkvæmt Auto Express verður frumgerð bílsins tilbúin árið 2009. *- tg*

Þýskar álkerrur
fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár.
Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Euro Mover *Nýtt frá truma
Rafmagnsdrif til að aka hjólhýsum.
Einnig mögulegt fyrir hestakerrur, fellihýsi, tjaldvagna og fleira.
Kefli sem leggst við dekkið og knýr það áfram, stjórnað með fjarstýringu, allt að 6 m frá.
• Tilvalið til að aka á dráttarkúlu
• Aka inn á tjaldsvæði
• Aka inn í bílskúr o.fl.
Eins öxla fyrir 1.800 kg, tveggja fyrir 2.250 kg
Ekur upp 25% halla miðað við 1.200 kg.
Ryðfrítt.
Ekkert stređ
truma umboðið, Bílaraf, Auðbrekku 20, s. 564 0400.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT Radial
Maxxis
Heilsársdekk
31" kr. 12.900 (31x10.50R15)
33" kr. 15.900 (33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70822

FJAÐRIR OG GORMAR Í FLESTAR GERÐIR JEPPA
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Ódýrasti sjálfskipti disel jeppinn og sá best útbúni.
Nýr Land Rover Freelander TD4, eyðsla 8,6 í blönduðum akstri, leður og alcantara innrétting, rafdrifnar rúður, álfelgur, bakkskynjari, 6 diska CD, o.fl.
4 litir í boði. Sýningarbíll á staðnum.
Verð: með topplúgu 3.590 þús. án lúgu 3.490 þús.
www.sparibill.is
Sparibíll
Skúlagötu 17
Sími: 577 3344

Omega
The Ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!
Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**Skemmtigarðar** eru skemmtilegir viðkomustaðir þegar ferðast er erlendis með börn. Hér er yfirlit yfir garða víða um heiminn. www.themeparkcity.com




NÝ STARCRAFT FELLIHÝSI OG CAMP-LET TJALDVAGNAR Í MOTORMAX

**Starcraft fellihýsi**



Jeppafellihýsið RT sem þú ferð með hvert á land sem er eða eitthvað annað glæsilegt Starcraft fellihýsi fyrir allar fjölskyldur. Þitt er valið. Starcraft hefur gæðin.

Verð frá
**1.249.000 kr.**

**Camp-let tjaldvagnar**



Þú tjaldar stórum og rúmgóðum Camp-let á svipstundu. Nú með búnaði sem auðveldar tjöldun. Camp-let tjaldvagnar eru á 13" dekkjum og með lengra beisli. Stórir, rúmgóðir og þrautreyndir en svo ótrúlega nettir og þægilegir að þú veist varla af Camp-let í akstri.

Verð frá
**669.000 kr.**

**Opið laugardag**
kl. 10 - 16 í Klettháls i.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

MotorMax

**MotorMax Reykjavík** - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
**MotorMax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070
**MotorMax Akureyri** - Sími 460-4350

**www.motormax.is**


# Heilluð frá fyrstu stundu

***Sigrún Valbergsdóttir, leiksjóri og göngugarpur, ber sterkar taugar til Færeyja. Í lok maí gengur hún með Íslendinga um eyjarnar og kynnir sögu, menningu og þjóð.***



Húsin í Færeyjum eru byggð í sátt við náttúruna og mörg þeirra eru með torfþaki. Líka ný hús.

„Ég kynntist landinu fyrst í gegnum norrænt menningarsamstarf þegar ég var fengin til að setja upp leikrit og kenna leiklist í Færeyjum. Síðan þá hef ég verið yfir mig hrifin af landi og þjóð,“ segir Sigrún Valbergsdóttir, leikstjóri og leiðsögumaður.

Í fyrra fór Sigrún með íslenskan gönguhóp á vegum Hópferðamiðstöðvarinnar Trex um fjórar af átján eyjum Færeyja. Í ár verður leikurinn endurtekinn og mun Sigrún deila sögulegum fróðleik um land og þjóð á göngunni.

Meðal annars er gengið um gamlar þjóðleiðir milli byggðarlaga og farið upp á fjöll eftir því sem útsýni býður upp á.

„Færeysk menning er mjög heillandi og þá sérstaklega sagnaarfurinn. Það er líka athyglisvert að sjá hvernig þeir ganga um landið og byggja hús. Þetta er allt mjög í sátt við umhverfið. Ekkert hús hreykir sér yfir annað og meira að segja nýju húsin eru með torfþaki,“ segir Sigrún og nefnir þar á meðal Norræna húsið í Þórshöfn.

Sigrún hefur sjálf gengið í tuttugu og fimm ár og segist ganga að meðaltali um 600 kílómetra á sumri. Færeyingar taka gríðarlega vel á móti Íslendingum að sögn Sigrúnar sem hefur orðið þess heiðurs aðnjótandi að fá nafnbótina Færeyjavinur.



Landslag Færeyja er stórbrotið og minnir um margt á íslensk fjöll og norska firði.



Sigrún Valbergsdóttir ætlar að kynna færeyska menningu og gönguleiðir fyrir íslenskum göngugörpum í lok maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

„Íslendingar hafa aukinn áhuga á Færeyjum sem ég held sé tónlistarkonunni Eivör að þakka. Enda er færeysk tónlist mjög heillandi, bæði gömul og ný. Síðan eiga þeir líka frábært myndlistarfólk,“ segir Sigrún.

Næsta gönguferð til Færeyja verður farin dagana 23. til 30. maí og er á vegum Hópferðamiðstöðvarinnar Trex. Að sögn Sigrúnar hentar ferðin fólki á öllum aldri sem hefur áhuga á göngu og menningu.

Gengið er í fjóra til sex tíma á dag þar sem náttúran er skoðuð samhliða sögulegum fróðleik. Gist er í uppábúnum rúmum á farfuglaheimilum þar sem kvöldverður og nestispakki er innifalinn.

Nánari upplýsingar: Hópferðamiðstöðin Trex. www.vesttravel.is

*rh@frettabladid.is*




Boston **16. - 28. september**
New York - Washington

Ferðin hefst í hafnarborginni Boston en þar gistum við fyrstu tvær næturnar. Borgin heillar marga enda ein elsta og menningarlega mikilvægasta borg Bandaríkjanna. Við skoðum einn vinsælasta þjóðgarðinn í öllum Bandaríkjunum, Acadia, en þar er að finna fjöldann allan af plöntum, dýrum og stórkostlega náttúru. Við förum einnig í gegnum þjóðgarðinn White Mountain. Því næst heimsækjum við fjölmennustu borg Bandaríkjanna, New York, sem hefur hlotið viðurnefnið „Stóra eplið“. Við gistum á Manhattan í þrjár nætur, förum í skoðunarferð og meðal þess sem við sjáum er Central Park, China Town, Harlem og Empire State byggingin. Eftir ævintýrin í stórborginni förum við til Lancaster, en þar kynnumst við m.a. samfélagi Amish- fólksins. Leið okkar liggur næst til Washington, en þar er margt fróðlegt að sjá og má þar helst nefna Hvíta húsið. Við ljúkum þessari skemmtilegu ferð í Baltimore. Þetta er ferð þar sem við upplifum andstæður, skoðum sögufræga staði, stórbrotið borgarlíf og njótum kyrrðar sem felst í fallegu umhverfi.

**Fararstjóri: Kolfinna Baldvinsdóttir**

**Verð: 239.800 kr.** **Mikið innifalið!**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR




Breska flugfélagið British Airways hóf reglulegt flug til landsins fyrir ári.

## Keppni British Airways

BRITISH AIRWAYS FAGNAR FYRSTA ÁRINU Á ÍSLANDI MEÐ SAMKEPPNI Á NETINU.

Í tilefni þess að ár er liðið síðan breska flugfélagið British Airways hóf reglulegt áætlunarflug til Íslands efnir félagið til samkeppni á netinu.

Þar gefst þátttakendum færi á að vinna farseðla fyrir tvo á viðskiptafarrými til New York og gistingu í fimm nætur.

Flogið verður frá Íslandi til London og þaðan til Bandaríkjanna.

Önnur verðlaun eru ferð fyrir tvo til London og gisting í þrjár nætur og til viðbótar eru tíu iPod-spilarar í boði.

Á forsíðu vefjarsins þarf að velja undirsíðu fyrir Ísland, gefa upp nafn og netfang og taka þátt í skafmiðaleik.

Vefslóðin beint á leikinn er www.ba1yearoniceland.com -rh

# eurovision

LAUGARDAGUR 12. MAÍ 2007

## Óþarfi að taka keppnina of alvarlega

**Sigmar Guðmundsson er með puttann á púlsinum í Helsinki**

BLS. 10



























Þessir ágætu menn tengjast Eiríki og íslenska liðinu ekki á nokkurn hátt. Þeir vildu sýna honum virðingu sína með því að setja upp rauðar hárkollur þegar hann mætti til samnorræns teitis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Eiríkur hitar upp með kassagítarinn.

# Rólegasta Eurovision frá upphafi

**Þótt keppnin í Eurovision þyki fara hljóðlega fram í höfuðborg Finna er skemmtanalífið samt sem áður afar margbrotið. Á veitingastaðnum Zetor er hvíslast á um samsæriskenningar um mafíu úr austri sem hafi tangarhald á keppninni.**

Eurovision-keppnin í Helsinki þykir sú rólegasta sem haldin hefur verið. Finnar þykja afar ljúfir gestgjafar en þeim er ekki í mun að hafa bari opna lengi. Staðirnir sem lengst eru opnir hætta að hleypa gestum inn eftir klukkan þrjú, klukkutíma síðar eru fáir á ferli í borginni. Þegar íslenski hópurinn fylgdi Eiríki Haukssyni upp á hótel eftir undankeppnina var engan drykk að fá á hótelbarnum. Íslendingarnir héldu þá út í nóttina með Eirík í fararbroddi og leituðu að góðum stað – eða bara stað sem enn hleypti inn þótt klukkan væri að ganga þrjú. Enginn staður sá sóma sinn í að hleypa gestunum inn, jafnvel þótt Valentine Lost ómaði út um dyrnar. Förin endaði því inn á McDonalds en það er sá staður í Helsinki sem lengst er opinn.

Austur-evrópska mafían, svokallaða, er það sem helst er talað um meðal þeirra þjóða sem ekki komust í gegnum undankeppnina. Svisslendingar eru æfir. Segjast aldrei hafa eytt jafn miklu fé í kynningu á framlagi til Eurovision enda voru þeir nær fullvissir um að DJ Bobo myndi hafa sigur með lagi sínum Vampires Are Alive. Bæði Eiríkur og DJ Bobo hafa sagt að í raun sé orðið tilgangslaust að halda þessari keppni áfram. „Austur-Evrópa hefur lýst yfir stríði og við skulum berjast á móti. Ekkert atkvæði frá Íslandi ætti að fara annað en til Finna eða Svía," sagði Eiríkur skömmu eftir keppni. Á veitingastaðnum Zetor var um fátt annað rætt meðal þjóða sem voru úr leik en að skýrari lög þyrfti um símkosningarnar og samsæriskenningar voru ræddar í þaula. Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri íslenska föruneytisins, virðist vera sá eini sem reynir að slá á slíkar sögusagnir, meðal annars með því að benda á að gestgjafarnir í ár eru Norðurlandaþjóð.

Finnar og Svíar sem enn eiga möguleika á sigri í aðalkeppninni reyna að stappa stálinu í frændur sína Dani, Norðmenn og Íslendinga hvar sem þeir sjá þá.

Lagið frá Úkraínu sem hlotið hefur hvað mesta hylli í Helsinki þykir ekki jafn fyndið og skemmtilegt og það var fyrir undankeppnina. Þrátt fyrir hremmingarnar er sirkusinn í Helsinki afar skemmtilegur og lætur Eiríkur Hauksson engan bilbug á sér finna þegar kemur að skemmtanalífi. Norðurlandaþjóðirnar eru svo samrýmdar þessa stundina að það er ekki hægt annað en að halda gleðinni áfram. „The show must go on," eins og Eiríkur segir en vonar innilega að sigurlagið í kvöld komi ekki úr austri. *karen@frettabladid.is*



Í Helsinki er allt vaðandi í draggdrottningum og þessari þótti mikið til Eiríks koma.



Samnorræn vinátta er áberandi í Helsinki þó að norrænu þjóðunum hafi ekki gengið sem skyldi í undankeppninni.



Starfsmenn Ríkisútvarpsins fylgjast grannt með gangi mála. Frá vinstri eru Jan Murtomaa hljóðmaður, Hrafnhildur Halldórsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir.

GOTT FÓLK MCCANN



ENN Á TALI MEÐ HEMMA GUNN
16-18:30 ALLA SUNNUDAGA

HLUSTAR ÞÚ Á EINA VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
HELGARSTUÐ MEÐ HEMMA GUNN.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!


EUROVISION2007
TAKK FYRIR!
SPRON þakkar Eiríki Haukssyni og Eurovision-hópnum fyrir frábæra skemmtun á fimmtudagskvöldið og gott samstarf á undanförnum vikum.
Einnig þökkum við þjóðinni fyrir einstakar undirtektir og þann stuðning sem hún sýndi Eiríki með þátttöku sinni í leikjum okkar á spron.is.
75 ára
spron
ARGUS 07-0350

**● HINIR SÍÐUSTU VERÐA FYRSTIR** Ávallt er mikil spenna þegar dregið er um röð laganna í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Margir telja að miklu máli skipti að vera á réttum stað í röðinni til að eiga séns á að vinna. „Hjátrú,“ segja sumir en tölurnar tala sínu máli. Best virðist vera að vera síðasta flytjandinn í keppninni en sex sinnum hefur sigurvegarinn verið valinn úr hópi þeirra. Ekki er heldur amalegt að stíga fyrstur á svið en þrisvar hefur vinningshafinn hafið raust sína í upphafi keppni. Fjórtán sigurvegarar hafa verið meðal þriggja síðustu laga á svið. Í þau 51 ár sem keppnin hefur staðið yfir hafa þau lög sem komið hafa fram númer 2,7,16,21,23,25 og 26 aldrei unnið. Nú er bara að sjá hvernig Nataliu Barbu frá Moldavíu reiðir af en hún verður síðust á svið í kvöld.



**Natalia Barbu flytjandi lagsins Fight frá Moldavíu verður síðust á svið í kvöld. Spurning hvort að það og efnislitlu buxurnar verði nóg til að tryggja henni sigur.**

Tjáðu þig!
Stæsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!
Það er eitt sem ég hef aldrei skilið?! Ææææj! Það er hvernig það er hægt að ætlast til a marr geti verið ALLSTAÐAR!?
Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

eitthvað alveg
einstakt
Gallerí List
Gallerí list hefur flutt í nýtt og stórglæsilegt húsnæði að Skipholti 50A.
Gallerí List • Skipholti 50A • sími: 581 4020 • www.gallerilist.is



**DJ Bobo segir Svisslendinga aldrei hafa eytt eins miklum peningum í Eurovision og nú. Hann er ósáttur við að góð lög eins og lagið hans eigi ekki séns í Austur-Evrópumafíuna.**

# DJ Bobo og Eiríkur vilja gefa skít í Eurovision

**Miklar vangaveltur eru í Finnlandi um hvort stokka þurfi Eurovision upp á nýtt. Ástæðan er sú að þjóðirnar í Austur-Evrópu þykja hafa of mikil áhrif á úrslitin.**

„Ég held að við ættum að gefa skít í þessa keppni og leyfa austrinu að eiga þetta,“ segir Eiríkur Hauksson. Þótt hann hafi ekki komist áfram í forkeppni Eurovision segist hann ekki tapsár. „Ég er glaður yfir því að Austur-Evrópulöndin hafi komið svona vel upp um sig. Það sjá allir sem líta á listann yfir þjóðirnar sem komust áfram að það er eitthvað að,“ segir Eiríkur og bætir við að eitthvað þurfi að gera ef ætlun Íslendinga er að halda áfram þátttöku.

Í sama streng tóku fulltrúar fjölda annarra þjóða sem ekki komust áfram í keppninni. Hollenska liðið er mjög undrandi að lagið On Top of the World hafi ekki skilað sér í gegn, Ísraelar eru einnig furðu slegnir og íhuga að hætta. Sýnu reiðastir virðast þó Svisslendingar sem buðu áhorfendum upp á lagið Vampires are Alive með plötusnúðinn DJ Bobo í farabroddi.



**Eiríkur Hauksson tekur undir með Bobo og vill að Ísland hætti að taka þátt í Eurovision.**

Á blaðamannafundi tók Svisslendingurinn Bobo í sama streng og Eiríkur. Samlandar hans á fundinum spurðu hann fullir samúðar hvað Sviss gæti eiginlega gert. „Við höfum aldrei eytt jafn miklum peningi í kynningu á lagi og nú. Þetta var gott lag sem átti skilið sigur, heldur þú að við ættum að hætta þessu?“ spurði einn blaðamaðurinn, augljóslega forviða yfir úrslitunum. Bobo svaraði því til að slíkt gæti vel komið til greina.

Lífið virðist þó ekki leika við alla þá sem komust áfram. Koldun, sæti strákurinn frá Hvíta-Rússlandi, hefur verið lasinn og blaðamenn skopast að því að þarna sé um sannan Hvít-Rússa að ræða en drengurinn þykir ákaflega fölur og tekinn. Fyrir forkeppni tóku snyrtifræðingar hann og mökuðu sólbrúnku á hann en læknar eru sagðir hafa gefið honum stera til að hressa hann við. Eftir keppnina virtist hann örþreyttur og leit út fyrir að vera allt annað en glaður með árangurinn. Sögusagnir eru um að álagið sé búið að leika hann grátt. Hvíta-Rússland taki keppninni mjög alvarlega og sætti sig við ekki við neitt annað en sigur. Kröfurnar hafi reynt mikið á unga manninn.

Keppnin í Finnlandi er því langt frá því að vera eitthvert gamanmál og telja Eurovision-spekingar að róttækar breytingar verði gerðar á fyrirkomulaginu eftir þessa keppni.

„Það er alveg greinlegt að þessi keppni er hætt að snúast um tónlist heldur það hver eigi flesta nágranna,“ segir Eiríkur og hvetur Íslendinga til að kjósa aðeins Svía eða Finna í aðalkeppninni á laugardaginn.

„Austur-Evrópa hefur lýst yfir stríði og mér finnst að við eigum að svara í sömu mynt,“ sagði Eiríkur.

**● 1956: VAFASAMAR KOSNINGAREGLUR**
Fyrsta Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var haldin í Lugano í Sviss árið 1956. Keppnin var fyrst og fremst útvarpskeppni enda sjónvarpstæki ekki mörg í Evrópu á þessum tíma.

Sjö lönd tóku þátt og sendi hver þjóð tvö lög til keppni, auk tveggja dómara sem tóku þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu sem skar úr um úrslitin. Löndin sjö voru Frakkland, Sviss, Lúxemborg, Holland, Belgía, Þýskaland og Ítalía.

Sviss sigraði á heimavelli, en það þarf ekki að koma á óvart þar sem kosningareglurnar voru vægast sagt vafasamar. Engar hömlur voru á því hvaða lag mátti kjósa og gat dómari því gefið eigin þjóð stig. Samband evrópskra sjónvarpsstöðva hafði einnig atkvæðisrétt en samtökin leyfðu Svisslendingum að kjósa fyrir sína hönd. Hvern skyldu þeir hafa kosið...? Þar með er ekki öll sagan sögð því dómararnir frá Lúxemborg mættu of seint og kusu ekki. Þar með hurfu möguleikar Lúxemborgara.

Hverju sem því líður sigraði Lys Assia með laginu Refrain. Kannski er óþarfi að taka það fram en kosningakerfinu var breytt fyrir næstu keppni.



**Lys Assia er jafn glæsileg í dag og hún var árið 1956.**


50% MINNI SYKUR
50% MINNI SYKUR
Mix
ENGU LÍKT!
SAMA BRAGÐIÐ
ENGU LÍKT!
Egils

### ● 1969: AUSTURRÍKISMENN VILDU ENGAN FASISMA

1969 var 14. Söngvakeppni sjónvarpsstöðva haldin í Madríd á Spáni. Austurríkismenn kusu að taka ekki þátt í keppni sem haldin var í fasísku einræðisríki. Franco var alveg sama og mætti í sínum fínasta einkennisbúning í sjónvarpssal. Sigurvegarar voru fjórir. Holland, Bretland, Frakkland og Spánverjar. Ekki var gert ráð fyrir jafntefli í reglum keppninnar, hvað þá fjórtefli, svo allir voru krýndir sigurvegarar.

Til voru fjórar verðlaunamedalíur en þær voru ætlaðar einum flytjanda og þremur lagahöfundum. Útkoman varð sú að hver sigurflytjandi fékk medalíu en eftir sátu lagahöfundar hnípnir.


Franco mætti á Eurovision.



### ● 1974: BESTA EUROVISION-LAG ALLRA TÍMA

Á 50 ára afmælisári Eurovision-keppninnar var besta lag í sögu keppninnar valið. Sigurvegarinn var Waterloo með diskódrottningunum og glamúrkóngunum í ABBA.

Það fer vel að á hátindi diskósins hafi Svíþjóð, hin óbilandi verksmiðja pólitískt réttrar dægurlagatónlistar, sigrað með einskonar popp-diskólagi sem allir gátu sveiflað sér við í ómótstæðilegu algleymi.

Þetta árið var söngvakeppnin haldin í Brighton í Englandi. Ekki það að Bretar hafi unnið árið áður með glysrokki sem tröllreið Bretlandseyjunum. Ástæðan var að sigurvegarar keppninnar 1973, Lúxemborg, höfðu ekki fjárhagsleg tök á að halda keppnina.

# Sex þjóðir sem ættu að ná langt

**Nú hafa keppendur í Eurovision verið í Helsinki í nokkra daga við æfingar og á blaðamannafundum. Eins og áður eru ákveðnar þjóðir sem vekja mesta athygli fyrir keppnina, ýmist fyrir falleg lög, fallegt fólk eða fyrir að skera sig úr fyrir undarlegheit. Af þeim þjóðum sem fóru beint í úrslitakeppnina má segja að úkraínska draggdrottningin, Verka Serduchka, hafi vakið hvað mesta eftirtekt en einnig hafa aðrar þjóðir fengið mikla athygli.**

#### DRAGGDROTTNINGIN VINSÆL

Úkraínska draggdrottningin hefur vakið gríðarlega athygli í Helsinki og að margra mati mun hún stela senunni á úrslitakvöldinu. Hingað til hefur hún fengið mesta athygli allra keppendanna og fengið flesta blaðamenn á blaðamannafundi sína.

Á sviðinu klæðist drottningin silfurdressi frá toppi til táar líkt og dansarar hennar og bakraddasöngkonurnar. Atriðið þykir fyndið og skemmtilegt auk þess sem lagið er það grípandi að salurinn er fljótur að taka undir á æfingum.

Verka Serduchka heitir í raun Andrii Danylko og er mjög þekktur í Úkraínu og nágrannalöndunum en einnig í Kanada og Bandaríkjunum. Nýjasta plata Danylko hefur selst í yfir milljón eintökum.


Verka Serduchka frá Úkraínu hefur vakið mikla athygli í Helsinki og er talin geta gert góða hluti með laginu Dancing Lasha Tumbai.

#### FÆKKA FÖTUM Á SVIÐINU

Gríska atriðið í ár er rokkað og hressilegt lag með kynþokkafullri sviðsframkomu. Söngvarinn Sarbel er í forgrunni en í kringum hann dansa fjórar eggjandi dansmeyjar sem fækka fötum í síðari hluta lagsins og dansa til enda á korseletti og sokkaböndum.

Eurovision-spekingarnir segja Grikki nota öll trixin í bókinni þegar kemur að atriði þeirra og þykir það vænlegt til árangurs og fangi athygli áhorfenda.

#### IDOL-STJARNA HEIMAMANNA

Finnska söngkonan Hanna Pakarinen kemur fram fyrir hönd heimamanna í Eurovision-keppninni og hefur vakið mikla hrifningu jafnt meðal heimamanna sem gesta fyrir keppnina. Hún er sögð standa fyllilega undir væntingum Finna með rokk-popplagi sínu sem hún þykir flytja af miklum krafti og er talin líkleg til að hala inn fjölda stiga fyrir heimamenn í keppninni.

Hanna vann finnsku Idol-keppnina árið 2004 með miklum yfirburðum og hefur slegið verulega í gegn síðan. Síðar sama ár gaf hún út plötuna Heaven sem fór í platínu á örfáum dögum frá útgáfu og að lokinni keppni í Eurovision stefnir útgefandi hennar að því að koma henni á markað víðar í álfunni.

#### FAGMANNLEGIR SVÍAR

Sænska hljómsveitin The Ark flytur lagið The Worrying Kind í keppninni í ár og eru sagðir afar fagmannlegir í vinnubrögðum og huga vel að öllum smáatriðum á sviðinu.

Hljómsveitin hefur notið mikilla vinsælda í heimalandi sínu allt frá árinu 2000 og stefnir á að ná inn á stærri markað í Evrópu að lokinni keppni.


Hanna Pakarinen frá Finnlandi skaust hratt upp á stjörnuhimininn í heimalandi sínu þegar hún sigraði í finnska Idolinu árið 2004. Hún er með kraftmikið atriði í keppninni og heimamenn telja hana frábæran fulltrúa þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

#### UNDIRBÚNINGUR Í HEILT ÁR

Rússland sendir kynþokkafulla stúlknabandið Serebro sem fulltrúa sína í Eurovision þetta árið en bandið mun flytja lagið Song number One.

Bandið samanstendur af hinum ungu söngkonum Elenu, Marinu og Olgu sem voru sérstaklega valdar af rússneska framleiðandanum Max Fadeev til að vera fulltrúar Rússa. Allar hafa þær áður skapað sér nafn í Rússlandi, hver í sínu lagi, og munu í fyrsta sinn koma fram saman opinberlega í Helsinki í kvöld.

Rússar hafa lagt gríðarlega mikið í að gera lagið og alla umgjörð sem best úr garði enda hefur undirbúningur staðið í ár.

#### Í ANDA SJÖTTA ÁRATUGARINS

Hinn þýski Roger Cicero kemur til með að flytja djasslag ásamt big bandi á sviðinu í Helsinki í kvöld fyrir hönd heimalands síns. Lagið tileinkar hann öllum konum heimsins en lagið ber einmitt nafnið Frauen Regier'n Die Welt, eða Konur stjórna heiminum.

Cicero er sjarmerandi á sviðinu í sinni einföldu sviðsframkomu en þykir einkar góður og lagviss söngvari sem heillar áhorfendur auðveldlega á sviðinu án þess að vera með neinn íburð.

Söngvarinn nýtur gríðarlegum vinsældum í Þýskalandi, Austurríki og Sviss á síðasta ári þegar hann sendi frá sér plötuna Mannersachen. Hann er rómantískur í tón- og textasmíði og fékk verðlaun á dögunum fyrir að vera besti karlkyns söngvari Þýskalands.

sigridurh@frettabladid.is


Sænska hljómsveitin The Ark flytur lag sitt The Worrying Kind í Helsinki í kvöld. Hún stefnir á frekari frægð að keppni lokinni en hefur notið vinsælda heima fyrir í nokkur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK


Kynþokkafulla og kraftmikla stúlknabandið Serebro frá Rússlandi er vel undirbúið fyrir keppnina en stöllurnar flytja lagið Song Number One.


Roger Cicero er með lag í anda sjötta áratugarins fyrir hönd Þjóðverja. Íburðarlaust atriði hans hefur fallið vel í kramið hjá aðdáendum keppninnar.


Grikkirnir gera að miklu leyti út á kynþokkann í atriði sínu þar sem fjórar fáklæddar dansmeyjar snúast í kringum söngvarann Sarbel.

Hollustuna heim!
BARNABOX
2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg
700 kr
stórir skammtar
- beint heim til þín.



INDOKÍNA
ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19
FRÍ HEIMSENDING
PÖNTUNARSÍMI 552 2399
Hollur og góður kínamatur,
Gefðu þér 15 mínútur og sæktu matinn til okkar þá færðu 2 lítra kók og spáköku frítt með!
TILBOÐ 1
Djúpsteiktar rækjur
Original hot and sweet svínakjöt
Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu
Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti
Hrísgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa
1.345 á mann
2.690 fyrir tvo
TILBOÐ 2
Djúpsteiktar rækjur
Peking kjúklingur m/kínasveppum
Wok steikt lambakjöt m/svartbaunasósu
Original hot and sweet svínakjöt
Hrísgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya
1.445 á mann
2.890 fyrir tvo
TILBOÐ 3
Rifjapartý
Konton svínarif
Hrísgrjón, prjóna og soya
poki af Maarud
1.250 á mann
2.500 fyrir tvo
2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

# HÓPAR&VEISLUR

## VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI HÓPUM

★ ★ ★ ★ ★ ★ ★

Frábær og fjölbreyttur matur, góð og fljót þjónusta, ásamt léttu andrúmslofti, bar og góðri stemningu er frábær blanda fyrir hópa litla sem stóra. Hjá okkur er alltaf föstudagur - alltaf fjör.

Veisluþjónusta Friday's býður upp á hluta af því besta af matseðli Friday's sem er við allra hæfi. Frábært úrval af góðum réttum sem hentar vel í standandi boð, fundi, afmæli og aðra viðburði.

Fáðu tilboð í veisluna í síma 570 4400 eða á netfangið fridays@fridays.is og við komum þér á óvart.







# GJAFABRÉF

## ÁVÍSUN Á ÁNÆGJULEGA STUND

☆ ☆ ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

Gjafabréfin frá Friday's er hægt að fá fyrir fyrir fimm mismunandi upphæðir,frá 1.500-, til 5.000- krónur. Þau henta frábærlega fyrir fyrirtæki sem vilja umbuna starfsfólki sínu, eða fyrir hvern sem er, sem vill gefa ávísun á ánægjulega kvöldstund með frábærum mat, góðri þjónustu í lifandi og skemmtilegu andrúmslofti.






## VIÐSKIPTAREIKNINGAR

★ ★ ★ ★ ★ ★ ★

Það borgar sig að stofna viðskiptareikning á Friday's. Fyrirtækjum býðst að stofna viðskiptareikning, og fá þannig afslátt af matseðilsverði og aukin þægindi. Hafðu samband við skrifstofu Friday's til að stofna viðskiptareiknig í síma 553 9470 eða hjá rekstrarstjóra í síma 570 4400.

TGI Friday's | Smáralind | sími: 570 4400 | www.fridays.is

| ÞITT ATKVÆÐI | 1. BOSNÍA-HERSEGÓVÍNA **Rijeka Bez Imena** | 2. SPÁNN **I Love You Mi Vida** | 3. HVÍTA-RÚSSLAND **Work Your Magic** | 4. ÍRLAND **They Can't Stop The Spring** | 5. FINNLAND **Leave Me Alone** | 6. MAKEDÓNÍA **Mojot Svet** | 7. SLÓVENÍA **Cvet Z Juga** | 8. UNGVERJALAND **Unsubstantial Blues** | 9. LITHÁEN **Love Or Leave** | 10. GRIKKLAND **Yassou Maria** | 11. GEORGÍA **Visionary Dream** | 12. SVÍÞJÓÐ **Worrying Kind** | 13. FRAKKLAND **L'Amour À La Française** | 14. LETTLAND **Questa Notte** | 15. RÚSSLAND **Song #1** | 16. ÞÝSKALAND **Frauen Regier'n Die Welt** | 17. SERBÍA **Molitva** | 18. ÚKRAÍNA **Dancing Lasha Tumbai** | 19. BRETLAND **Flying The Flag (For You)** | 20. RÚMENÍA **Liubi, Liubi, I Love You** | 21. BÚLGARÍA **Water** | 22. TYRKLAND **Shake It Up Shekerim** | 23. ARMENÍA **Anytime You Need** | 24. MOLDAVÍA **Fight** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svartfjallaland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Hvíta-Rússland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Armenía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Andorra | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Austurríki | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Frakkland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Danmörk | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Grikkland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Spánn | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Serbía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Finnland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Tyrkland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Bosnía-Hersegóvína | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Belgía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Portúgal | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Albanía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Rúmenía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Kýpur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Króatía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Slóvenía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Ísrael | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Þýskaland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Litháen | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Noregur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Sviss | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Tékkland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Holland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Írland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Malta | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Eistland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Georgía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Búlgaría | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Svíþjóð | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Úkraína | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Rússland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Lettland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **ÍSLAND** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Pólland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Moldavía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Bretland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Makedónía | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Ungverjaland | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

# MAX RAFTÆKI

# Eurovision í fullum gæðum




**DiBOSS LT32A2HM**
- 32" LCD breiðtjaldssjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 500 cd/m2
- Antireflex og Digital Comb Filter
- 14w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp

Tilboð gilda til 14. maí eða meðan birgðir endast.

## 34.999 kr.




**Enox LTV7417HD**
- 17" LCD sjónvarp
- 1280x1024 punkta upplausn
- Progressive Scan
- 12w Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

Fullt verð ~~44.999~~

## 99.999 kr.




**Samsung LE32R32**
- 32" LCD veggsjónvarp
- HDTV háskerpusjónvarp
- 1366 x 768 punkta upplausn
- Mynd í mynd (1 tuner)
- DVI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video

Fullt verð ~~149.999~~

## 269.989 kr.




**Philips 42PF7621D**
- 42" LCD HD breiðtjald
- Pixel Pixel Plus 2 myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital DVB-T móttakari
- Progressive Scan og Digital Natural Motion
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

42" LCD

Fullt verð ~~299.989~~

## 229.989 kr.




**Sony KLVS40A11**
- 40" HD 16:9 LCD sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 1.000:1
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- PC tengi

Fullt verð ~~269.989~~

## 289.989 kr.




**Sony KDL40U2000E**
- 40" HD 16:9 LCD sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 1.000:1
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart, HDMI, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

Fullt verð ~~399.989~~

## 299.989 kr.




**Philips 50PF7521D**
- 50" Plasma breiðtjald
- 1366x768 punkta uppl.
- Pixel Plus og HD Ready
- Progressive Scan
- 2 x 30w Nicam stereó hljóð
- Dolby Virtual Surround
- Innbyggður DVB-T móttakari
- 2 Scart, 2 HDMI,Component, SVHS, CVBS og heyrnartólst.
- PC tenging í gegnum HDMI

Fullt verð ~~379.989~~

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX




# Engin ástæða til að taka keppnina of alvarlega

**Þátttöku Íslendinga í söngvakeppni íslenskra sjónvarpsstöðva 2007 er lokið. Það er að segja fyrir alla nema Sigmar Guðmundsson sem áfram mun standa vaktina og lýsa úrslitunum í kvöld.**

Eiríkur Hauksson stóð sig vel á sviðinu í Helsinki en hann mátti sín lítils gegn Austurblokkinni. Flestir voru vonsviknir, sérstaklega þeir sem vonuðu að allt væri þegar þrennt er og nú færi Eiríkur alla leið. „Fyrir mig persónulega voru niðurstöður undanúrslitanna ekki mikil vonbrigði því ég átti alveg eins von á þessu. Ég var handviss að minnsta kosti sjö lönd frá Austur-Evrópu færu áfram og því væri lítið pláss eftir fyrir okkur,“ segir Sigmar. „En jú, þetta er vissulega fúlt því lagið var gott og flutningurinn var frábær og átti gæðalega séð fyllilega skilið að komast áfram.“

Hægt er að taka undir orð Sigmars sérstaklega þegar horft er til laganna sem áfram komust. Flest þeirra eru mjög góð en sum vægast sagt vafasöm. En fyrst austurblokkin er búin að festa sig svo kirfilega í sessi, eigum við einhvern möguleika? „Auðvitað eigum við möguleika en þetta er erfitt mál. Þetta á sér eðlilegar skýringar því fólk frá Austur-Evrópu er fjölmennt í Vestur-Evrópu. Þeir fá eðlilegu nágrannastigin, rétt eins og við fáum stig frá Dönum og Norðmönnum, og líka rosalega mikið af stigum frá Vestur-Evrópu þar sem Austur-Evrópubúar eru fjölmennir í Vestur-Evrópu, á meðan Vestur-Evrópulöndin fá nær engin stig að austan,“ segir Sigmar og bendir á Tyrkland máli sínu til stuðnings en Tyrkir komast alltaf áfram þrátt fyrir oft og tíðum furðuleg lög. „En auðvitað eigum við séns. Finnar unnu í fyrra þannig að það er allt hægt.“

Nú heyrast háværar raddir að breyta þurfi fyrirkomulagi keppninnar til að jafna hlutfall Vestur- og Austur-Evrópuþjóða í úrslitum. „Nú þegar liggur fyrir að fyrirkomulaginu verður breytt eftir tvö ár en það er rosaleg reiði í gangi hér núna vegna úrslitanna á fimmtudag. Margir sem til þekkja telja líklegt að brugðist verði við strax á næsta ári því annars er hætta á því að einhverjar Vestur-Evrópuþjóðir dragi sig úr keppni,“ segir Sigmar.

Meðal þeirra leiða sem ræddar hafa verið er að hafa tvær undanúrslitakeppnir, eina fyrir Austur-Evrópu og aðra fyrir okkur Vestur-Evrópubúa. Þetta fyrirkomulag minnir hins vegar óþægilega mikið á járntjaldið gamla og er líklegt til að valda deilum.

Hverju sem tautar og raular mun Sigmar lýsa úrslitunum í kvöld og ef honum tekst jafn vel til og í undanúrslitunum er von á góðu. Jákvæðar háðsglósur og nett skot á það sem fyndið og furðulegt er, í bland við hrós þar sem það á við, hitta vel í mark og eru góð áminning fyrir aðeins of áhugasama þjóð að Söngvakeppnin er fyrst og fremst skemmtun. „Mér finnst engin ástæða til að taka keppnina afskaplega hátíðlega eins og Íslendingar hafa oft gert,“ segir Sigmar. „Keppnin er orðin svo útlitsmiðuð að maður verður að fá að gera grín að því sem er fyndið, eins og svo hvítar tennur að slíkt hefur aldrei sést áður.“


**Sigmar segir 90 prósent blaðamanna á Eurovison vera karlmenn og 90 prósent þeirra samkynhneigða. Hann segir keppnina annan heim sem sé svolítið spes og alveg ótrúlega skemmtilegur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ●1999: ALL OUT OF LUCK

Selma, Selma, Selma. Eitt sinn voru Grétar og Sigga Eurovision-stjörnurnar okkar en svo kom Selma og ofvirku frakkaklæddu dansararnir sem dönsuðu eins og þeir ættu lífið að leysa.

Í einni af mest spennandi stigagjöf síðari tíma (fyrir þær tæplega 300.000 hræður sem Ísland byggja) háðum við harða baráttu við frændur vora Svía. Í hálftíma eða svo svitnuðu eigendur BT fyrir framan sjónvarpið enda höfðu þeir lofað fjölda manns endurgreiðslu á sjónvörpum ynni Ísland keppnina. Þeim við hlið fengu forsvarsmenn RÚV magasár og hugsuðu hvort hægt væri að halda keppnina í Laugardalshöll.

Selma tapaði og munar þar mestu um stigin tólf sem Íslendingar gáfu Svíum. Ekkert hefur gengið né rekið hjá okkur síðan, en þar sem Svíagrýlan hefur verið jörðuð með viðhöfn í Laugardalshöll er aldrei að vita nema bjartari tíð sé fram undan. Eða ekki.



LINE 6 | Allt sem þarf



TONEPORT™ UX2 TONEPORT™ UX1

TonePort™ sameinar möguleika fullkominna tækja atvinnuhljóðvera, auk þess sem það hefur að geyma eftirlíkingu upptökuklefa sérsniðnum og hönnuðum eftir kúnstarinnar reglum, að bassa og gítarupptökum. Þar er líkt eftir mismunandi staðsetningu ólíkra hljóðnema, við hinar ýmsu gerðir magnara og eru möguleikarnir nánast ótæmandi.



TONEPORT™ KB37

Toneport™ KB37 kemur þér lengra í tónlistarsköpuninni með 37- nótna hljómborði með viktuðum nótum, og fleiri hljóðum.



GEAR BOX PLUG-IN





GearBox™ er hugbúnaðurinn sem stjórnar TonePort og gefur öllum upptökum besta fáanlegan hljóm. GearBox innihledur sérstaklega nákvæmar eftirlíkingar af hágæða hljóðvers formögnurum, öllum helstu gerðum bassa- og gítarmögnurum, auk eftirsóknarverðra effekta.

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



PODxt

Í POD® tækjunum færðu m.a. aðgang að nýjustu magnaralínu Line6 og auk þess, yfir 60 klassísk pedala og effektatæki. Það nýjasta í POD® línunni er FloorPOD Plus þar sem búið er að setja allt það besta úr POD línunni við fætur þér.



FLOOR POD

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is

# KONURNAR í lífi hljóðfæraleikaranna

**Það er margt aðkallandi í lífi þeirra Írisar, Þorbjargar, Evu, Telmu og Þórhildar, kvennanna í lífi hljóðfæraleikara Valentine Lost í Eurovision. Þær punta sig, dansa við homma milli þess sem þær veita mönnum sínum móralskan stuðning í keppninni.**

Konurnar í lífi karlanna í Eurovision láta sérlega vel af dvölinni í Helsinki. Þær vinna ötullega að mórölskum stuðningi við keppendurna milli þess sem þær njóta lífsins í höfuðborg Finna. „Það sem við höfum aðallega verið að bralla er bara þetta týpíska sem maður gerir á Eurovision. Punta okkur, djamma, versla og dansa við hommana,“ segir Íris Guðnadóttir, unnusta Benedikts Brynjólfssonar sem slær taktinn í laginu Valentine Lost á trommurnar.

„Það eru tvær konur með reynslu hérna með í för og þær leiða okkur hinar áfram,“ segir Íris og á þá við þær Þorbjörgu Sæmundsdóttur sem fylgir Gunnari Þór Jónssyni gítarleikara í atriði Eiríks og sjálfa Telmu Ágústsdóttur sem keppti fyrir hönd Íslands í Eurovision árið 2000 í Stokkhólmi með Einar Ágúst Víðisson úr Skítamóral sér við hlið.

„Telma þekkir þetta náttúrlega mjög vel en það er allt önnur reynsla að vera keppandi heldur en frú á Eurovision,“ útskýrir Íris.

Reynsluboltar Eurovision segja að rólegri keppni hafi ekki verið haldin í manna minnum. Stelpurnar segja það þó ekki koma að sök. Mannlífið í Helsinki sé dásamlegt og tungumálið setji þar punktinn yfir i-ið. Úkraínska lagið sem oftast er spáð sigri í keppninni heillar þær ekki. „Þetta lag er bara ógeðslegt,” segir Íris og hinar taka undir. Þegar talið berst að betri lögum hrósar Íris Tyrklandi sérstaklega. Kýpur og Hvíta-Rússland koma svo sterklega til greina sem heppileg sigurlög að mati stelpnanna, svona fyrir utan Ísland auðvitað.

„Reyndar er hann Koldun sem syngur lagið fyrir Hvíta-Rússland með okkur á hóteli. Hann er voða raunamæddur alltaf og ekkert voða hrífandi svona í eigin persónu. Það er eitthvað vafasamt við hann. Lýtalæknalykt teljum við, það er eitthvað undarlegt að minnsta kosti,” segir Íris önnum kafin á Eurovision. *karen@frettabladid.is*



**Konurnar í lífi strákanna sem eru í hljómsveit Eiríks Haukssonar skemmta sér vel í Helsinki. Frá vinstri eru þær Þórhildur R. Jónsdóttir (kona Stefáns Steindórssonar gítarleikara), Íris Guðnadóttir (kona Benedikts Brynleifssonar trommara), Telma Ágústsdóttir (kona Gunnars Þórs Jónssonar gítarleikara), Þorbjörg Sæmundsdóttir (kona Vignis Vigfússonar hljóðmanns), Eva Rán Ragnarsdóttir (kona Axels Þóris Þórissonar gítarleikara) og Kristjana Thors, Nanný, danshöfundur íslenska hópsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON








**Ruslana frá Úkraínu kom, sá og sigraði árið 2004. Lag hennar þótti það besta frá upphafi í nýlegri skoðanakönnun.**

## Bestu lög allra tíma

„The Best of Eurovision“ var sérstæð keppni sem haldin var í Hamborg í Þýskalandi 20. maí 2006. Tilgangurinn var að meta með skoðanakönnun hvaða lag úr söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva væri best.

Í sjónvarpsþættinum Grand Prix Hitliste var tilkynnt að Villtu dansarnir hennar Ruslönu hefðu hlotið flest atkvæði en hún sigraði í Eurovision árið 2004.

**HÉR ERU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR**

1 Ruslana - *Wild dances,* 2004
2 Sertab Erener - *Every way that I can,* 2003
3 Vicky Leandros - *Après toi,* 1972
4 Helena Paparizou - *My number one,* 2005
5 Max - *Can't wait until tonight,* 2004
6 ABBA - *Waterloo,* 1974
7 Gracia - *Run & hide,* 2005
8 Bucks Fizz - *Making your mind up,* 1981
9 Lena Valaitis - *Johnny Blue,* 1981
10 Münchner - *Freiheit viel zu weit,* 1993
11 Mary Roos - *Nur die Liebe lässt uns leben,* 1972
12 Nicole - *Ein bischen Frieden,* 1982
13 Wind - *Für alle,* 1985
14 Bobbysocks - *La det swinge,* 1985
15 Dschinghis Khan - *Dschinghis Khan,* 1979
16 Marie Myriam - *L'oiseau et l'enfant,* 1977
17 Anne-Marie David - *Tu te reconnaîtras,* 1973
18 Sandra Kim - *J'aime la vie,* 1986
19 Jacqueline Boyer - *Tom Pillibi,* 1960

# ERT ÞÚ BESTI ÞJÁLFARINN?

*Settu saman þitt draumalið!*



## DRAUMADEILD LANDSBANKANS

**Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:**

1. verðlaun: Ferð fyrir tvo á leik í Meistaradeildinni
2. verðlaun: PS3 leikjatölva og fótboltaleikur
3. verðlaun: PSP leikjatölva og fótboltaleikur

Vertu með frá byrjun á
**www.visir.is/draumadeild**

vísir.is



**● 2000: DÖNSKU ELLISMELLIRNIR STÁLU SENUNNI**

Keppnin árið 2000 var merkileg fyrir margar sakir. Aldrei höfðu fleiri mætt að horfa á keppnina, en Svíar fylltu 16.000 manna Globen-íþróttahöllina. Aldrei hafði svo miklu verið til kostað og keppnin almennt talin hin glæsilegasta.

Engin leið er að spá fyrir um hver vinnur Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Það kom bersýnilega í ljós í þessari keppni en vinningslagið var fyrirfram ekki talið vænlegt til árangurs.

Fæstir bjuggust við miklu frá dönsku Olsen-bræðrunum en þeir komu, sáu og sigruðu. Lag þeirra, Fly on the Wings of Love, eða Smuk som et stjerneskud í upprunalegu og mun betri útgáfunni, vann hug og hjörtu Evrópubúa og þá sérstaklega þeirra sem höfðu fengið nóg af endalausum fákiæddum yngismeyjum og suður- og austurevrópskum smjörpungum.

# Á toppi tölfræðinnar

**Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Frakkinn Marcel Benzençon stakk upp á evrópskri söngvakeppni á fundi í Mónakó árið 1955. Á þeim rúmu fimmtíu árum sem liðin eru frá fyrstu keppninni hefur ýmislegt breyst og fjöldi þátttakenda sexfaldast, en aldrei hafa fleiri tekið þátt en í ár. Með hverju ári sem líður bætist því enn í staflana af tölfræði og staðreyndum sem spretta úr frjóum jarðvegi Eurovision. Hér eru nokkrar slíkar staðreyndir.**

Brotthvarf hljómsveitarinnar er líklega ein stærsta breytingin í augum áhorfenda heim í stofu, þar sem spariklæddir tónlistarmenn og misákafir stjórnendur settu mikinn svip á keppnina. Frá fyrsta ári keppninnar og allt til 1973 þurfti öll tónlist að vera flutt af hljómsveit, sem gestgjafarnir settu saman og veittu keppendum aðgang að. Reglunum var breytt 1973, þegar löndum var gert leyfilegt að taka með sér upptökur af tónlist. Árið 1999 var skrefið hins vegar tekið til fulls, og nú þurfa gestgjafaþjóðirnar ekki lengur að útvega hljómsveit. Síðasta Eurovision-hljómsveitin sást á skjánum árið 1998, þegar BBC hélt keppnina í Birmingham.

Á frægðartíma hljómsveitarstjórnendanna bar Noel Kelehan höfuð og herðar yfir aðra, því hann stjórnaði hljómsveitum fyrir fimm sigurvegara, á árunum 1980, 1987, 1992, 1993 and 1996. Hollenski hljómsveitarstjórnandinn Dolf van der Linde var hins vegar sá víðförlasti og stjórnaði fyrir sjö mismunandi lönd: Belgíu, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Holland, Svíþjóð og Sviss. Aðeins þrjár konur stjórnuðu hljómsveitum í sögu söngvakeppninnar. Nurit Nirsch stjórnaði hljómsveitinni fyrir Ísraela árin 1973 og 1978. Monica Dominique stjórnaði fyrir Svíþjóð árið 1973 og Anita Kerr fyrir Sviss árið 1985.



Johnny Logan vann Eurovision þrisvar sinnum. Tvisvar söng hann og einu sinni samdi hann sigurlagið.

Það vita það flestir sem hafa varið kvöldstund í að fylgjast með Eurovision að Írland trónir á toppnum í tölfræðinni. Írski snillingurinn Johnny Logan situr í hásætinu, en hann hefur unnið Eurovision þrisvar sinnum. Árin 1980 og 1987 söng hann fyrir Írland og árið 1992 skrifaði hann sigurlagið sem var sungið af Lindu Martin. Fleiri Írar virðast þó hafa eitthvað til brunns að bera, því Írland hefur hampað titlinum sjö sinnum. Fast á hæla landsins koma Lúxemborg, Frakkland og Bretar með fimm sigra, og Svíþjóð og Holland með fjóra. Noregur lúrir hins vegar á botninum í tölfræðinni, því síðasta sætið hefur tíu sinnum fallið í skaut frænda okkar. Þeir hljóta þó einhverja sálarfró af þeirri staðreynd að þeir hafa líka unnið tvisvar: 1985 og 1995.

Þýski lagasmiðurinn Ralph Siegel hefur það örugglega að markmiði að skáka Logan, því ekki gefst hann upp. Hann hefur tekið þátt í Eurovision alls átján sinnum. Honum tókst verkið einu sinni, þegar Nicole söng til sigurs með laginu Ein Bißchen Frieden.

Það kemur væntanlega fáum á óvart að enska er vinningshafinn þegar tungumálin etja kappi í Eurovision. 22 vinningslög hafa verið flutt á því máli. Franskan er jafnframt vinsæl og státar af 14 vinningslögum. Lög á hollensku og hebresku hafa sigrað þrisvar. Eurovisionlagið sem oftast hefur verið flutt er hins vegar á tungumáli sem kemur hvergi fyrir á þessum lista, og er ekki heldur sigurlag. Lagið kallast Nel Blu Dipinto Di Blu á fögru máli Ítala. Oftar fær viðlagið þó að ráða nafninu sem laginu er gefið, og er það mun betur þekkt sem Volare. Eftir að Domenico Mudugno flutti lagið fyrir Ítalíu árið 1958 hafa ekki ómerkari menn en Frank Sinatra, Cliff Richard og David Bowie tekið það upp á arma sína.




Í hvaða sæti verður Ísland?
Eurovision
FREYJA
SMS leikur FREYJU
Taktu þátt
Til að giska á sæti Íslands sendir þú SMS skeytið DRAUMUR "SÆTI ÍSLANDS" á númerið 1900. SMS-ið þitt gæti t.d. litið svona út DRAUMUR 7 en þá telur þú að Ísland verði í 7 sæti. Svo svarar þú léttri spurningu um Eurovision og þá ert þú kominn í pottinn.
Verður þú sannspár?
Sá sem hittir á endanlegt sæti Íslands fær glæsilegan vinning.
MEDION 40" LCD SJÓNVARP frá BT
BT
Glæsilegir aukavinningar.
• 10 stk. Medion ferðaspilarar frá BT
• Fatnaður frá ZO-ON Iceland
• Fullt af bíómiðum frá Laugarásbíó
• Glaðningur frá Freyju
• Pepsi
• Raftingferðir með rafting.is
• DVD myndir, geisladiskar og fleira.
ZO•ON ICELAND
www.rafting.is
Allir sem taka þátt eiga von á að vinna glæsilegan aukavinning, 8. HVER VINNUR.
FREYJU LAKKRÍS Draumur
Eurovision SONG CONTEST HELSINKI 2007
Bosnía & Hersegóvína
Spánn
Írland
Finnland
Litháen
Grikkland
Svíþjóð
Frakkland
Rússland
Þýskaland
Úkraína
Bretland
Rúmenía
Armenía
MITT ATKVÆÐI
Bosnía & Hersegóvína 1
Spánn 2
3
Írland 4
Finnland 5
6
7
8
Litháen 9
Grikkland 10
11
Svíþjóð 12
Frakkland 13
14
Rússland 15
Þýskaland 16
17
Úkraína 18
Bretland 19
Rúmenía 20
21
22
Armenía 23
24
FREYJA
Grafíka 04/2007
99kr SMS-ið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Ef fleiri en einn hittir á rétt sæti verður dregið um aðalvinninginn.
Leik lýkur 12. maí kl 19:00, SMS skeyti eftir það eru ógild. Vinningar afhendir í BT Smáralind Kópavogi.




# EUROVISION TILBOÐ Á HELSINKI SÓFUM

## 25% AFSLÁTTUR VIKUNA 7-13 MAÍ

BJÓÐUM VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU TIL 6 MÁNUÐA

**TEKK COMPANY**

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 10-18, LAUGARDAGA KL. 10-16 OG SUNNUDAGA KL. 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Til sölu Húsaberg FE 550, notað aðeins í 14 tíma, árg „05. Uppl í s: 893-5263

Til sölu 4 hjóla kerra og hægt að breyta í 6 hjóla kerru. Uppl. í s. 869 4353.

## Kerrur



### Útsala á Brenderup kerrum

Brenderup 1205 S - Innanm. 203 x 116 x 35 cm - Burðarg. 600 kg Listaverð: 131.250 TILBOÐSVERÐ: kr. 113.000.- Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ




### Hjólhýsi til sölu! 2007

Hefurðu séð glæsilega Delta Euroliner kojuhúsið hjá okkur? Svefnpláss fyrir 6. Verð 1.990.820 kr. Allt að 100% lán Fortjald á hálfvirði s: 587-2200, 898-4500 www.vagnasmidjan.is



2ja sleða kerra b.2,5 L3,0 h1,5 verðið er 170.000 uppl.s 6922429

Óska eftir kerru til kaups. Stærð ca. 2,20m á lengd og 1,20m á breidd. Sími 897-0908

## Hjólhýsi







### Hjólhýsi til sölu! 2007

Hefurðu séð ódýra og fallega Delta Euroliner 4400 FB hjólhýsið hjá okkur? U sófi og hjónarúm. Verð aðeins 1.897.240 kr. Ótrúlegir möguleikar. Allt að 100% lán. Fortjald á hálfvirði s: 587-2200, 898-4500 www.vagnasmidjan.is



LMC Dominant 560 RDB árg. '06. Vinsælasta húsið seinasta ár! Fullt af aukahlutum s.s. ALDE hitakerfi +gólfhiti, sjónvarpsloftnet, lagt fyrir 2 sjónvörp. 4 metra skyggni, útvarp með CD. Ásett verð 2.850. Uppl. í s. 863 8507.






Hobby classic 4m700kg.Árg91.Sóltjald fylgir. Ásett verð 870þús. S.8918518.



Til sölu LMC Favorit 465 RBD árg. '06. Aukahlutir: grjótgrind og fortjald. Verð 1.960 þús. Uppl. í s. 858 8271 & 899 0167 & 840 3017.



Hjólhýsi til sölu. LMC Lord 560. Árg. '06 einn með öllu, Alde hitakerfi, leður sófa, bakaraofn, stórum kæliskáp, mjög gott gólf pláss. Uppl. í s. 840 1330.



Hjólhýsi til sölu. LMC Dominant 520. árg. '06 Uppl. í s. 894 4184.



Tabbert Puccini 540 4/2006. Flottasta húsið á markaðnum í dag. Með Aldi frostlögshringrásarkerfi, sólarsellu, 2xrafgeymum og mörgu fleira. Lítið notað og nýtt að innan. Útlitsgalli á annari hlið. Kostar nýtt 3.7M, ofurverð 2.690þ. Uppl í s. 891 6769.



Til sölu vinsælasta hjólhýsið frá LMC, Dominant 560 RBD árg. '06. Hjólhýsið er sem nýtt með gólfhitakerfi, stórum ísskáp og fl. fylgihlutum. Uppl. í s. 897 2737 & 696 6566.



### Hjólhýsi til sölu! 2007

Hobby 545 '95 Til sölu á 1.200 þ. Nýtt fortjald, Gaskútur Rafkapall. S: 587-2200 www.vagnasmidjan.is




Til sölu Adria 513up árg 2006, Kostar nýtt 2,7m, þarfnast lagfæringar tilboð óskast uppl. í síma 565-1063 á kvöldin

Knaus Südwind 450 FU, árg. '04. Litið notað. Verð 1.550 þús. Uppl. í s. 588 9928 & 849 9897.

### Óska eftir hjólhýsi

Óska eftir hjólhýsi. Verðhugmynd 500 þús. stgr. S. 840 3061 & 566 7377.

Til sölu Adria hjólhýsi, kojuvagn, svefnp. fyrir 5. Árg. '04. Verð 1.650 þús. Lítið notað. Uppl. gefur Böðvar í s. 660 6698.

## Fellihýsi











Glæsivagnar ehf.Hvaleyrarbraut 29 Hafnarfirði.

Fellihýsa og húsbílaleiga ,einnig fellihýsa og tjaldvagnaviðgerðir og varahluta þjónusta.

sími 8997188-8639755.



Palomino Yearling 4103 árg 2005 12 fet með farangurs geymslu.Sólarsellu og fl fl S: 898-2811.



Til sölu Jayco árg '96 12 fet,ísskápur,fortjald,sólarrafhl mjög vel með farinn einn eigandi uppl í s 6906767 eða 6943308



Til sölu Aliner Expedition árg. '05. með sólarsellu, grjótgrind, fortjaldi frá tjaldborg hlaðinn aukabúnaði. Verð kr. 1.590 þús. S. 892 9366.



Til sölu Aliner fellihýsi árg. '04. Sem nýtt. Grjótgrind, 2 gaskútar, sjónvarpsloftnet + festing. Innréttingar hólfaðar + aukahillur á vegg o.fl. Hleðslutengi að bíl, verð 1450. Þús. Uppl. í s. 893 2081.

Til sölu fleetwood yuma 9 1/2 ft árg. '05. Vel með farinn. Uppl. í s. 693 5380 & 617 6778.

Fleetwood Cheyenne 10.fet. Árg. '04. Markisa, heitt og kalt vatn, sturta, sólarsella, miðstöð, reyklaust. Ásett verð 1.390.þús. S. 669 9766.

Fleetwood Taos árg. '05, 8 feta til sölu. Sólarsella og skyggni. Sem nýr! Tilboð óskast, líka möguleiki að skipta á vinnu við að smíða pall. Uppl. í s. 660 7602 & 690 2620.

Til sölu Coleman '01, 10 fet með nýju fortjaldi. Uppl í s. 8960018

Eitt með ollu Fleetwood yuma 2006 til solu hlaðið aukahlutum vel með farið uppl i sima 8975817

Óska eftir góðu fellihýsi m/fortjaldi. Verðhugmynd 400 þús. Uppl.í 8660504 & reykjaflot@centrum.is

Til sölu fortjald á Esterel Top volume. Styttri gerð, nánast ónotað. Verð 70þús. S. 865 2943.

Fleetwood Bayside, Elite fellihýsi 2001, til sölu. Ný sólarsella, miðstöð og rafgeymir. Verð 960 þ. Ekkert áhvílandi. Nánari uppl. í síma 895 5734.

Til sölu glæsilegur COLEMAN TAOS „02 8 FET, fortjald , stærri dekk,verð 650.000- uppl í 8659655

Lítið notað Palomino Colt árg.'05. Vel búið aukahlutum. Uppl. í s. 663 7010 & 892 5075.

## Tjaldvagnar



Til Sölu Trigano Odyssee tjaldvagn árgerð 2002. Mjög vel með farinn, fortjaldið er áfast og tjaldast því með þegar hann er settur upp. Stór og rúmgóður vagn, motta í fortjaldið og gas eldavél fylgja með ásamt stóru geymsluboxi framan á beisli. Verð kr.450.000. Uppl. í s. 860 8448.

Til sölu Ægis tjaldvagn árg. '00, mjög vel með farinn. Verð 230-250 þús. S. 431 1334 & 691 1434.

Til sölu eldri combi camp vagn, með fortjaldi og koju. Verðhugm. 150 þ. Uppl. í síma 8221977.

ÓSKA EFTIR TJALDVAGNI Á 150-200 ÞÚS. AÐEINS VEL MEÐ FARINN VAGN KEMUR TIL GREINA. BJARKI S:8989795

Montana II 2001 til sölu gerður fyrir Íslenskar aðstæður, vel með farinn. Verð 300.000. Upplýsingar í s. 892 6830.

Combi Camp tjaldvagn, árgerð 99, með fortjaldi. Verð 290þús. Upplýsingar í síma 897 1849

Til sölu Combi Camp Venecia, með eldhúsi, hliðarkálf og fortjaldi. Nánast ónotað. Uppl. í s. 693 7722.

Camplet Concorde „04, fyrst notað 2005. Einn með öllu, uppl í s: 893-5263

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Til sölu rafmagns tjakkur, lyftigeta 1200kg, notaður í 3 mánuði. Verð 230 þ.+vsk. Uppl. í s. 698 4945.



Til sölu yanmar ex17 smágrafa ár 2000 ekin 3500 kl 3 skóflur 20 40 60 cm verð 1200 þús +vask uppl í síma 6951446



Til sölu Case árg. '07, '05. Ek. 2250 vinnustundir. Uppl. í s. 898 1649.

CASE. Til sölu ónotað hraðtengi fyrir afturskóflu á CASE 580. Einnig hraðtengi á CASE 1288. Uppl. í s. 435 6746 & 862 4526.

## Bátar

### Trilla óskast

Óska eftir plastbát undir 6 m til frístundaveiða. Uppl. í s. 897 2249.

Til sölu DNG 6000i Rúllur. Uppl. í s. 892 0643.

Til sölu alvöru Zodiac L 4,20 með 40 ha mótor og vagni. Uppl. í s. 898 9543.

### Ný bátavél

Volvo D9 ca. 500 hö, m/gír til sölu. Tilb. til afh. Áhugas. sendi nafn og síma á tk1991@simnet.is eða í afgr. Fréttablaðsins merkt „vél"

## Lyftarar




### Körfubílaleigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## TIL SÖLU



# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu fallegur skenkur, (158x52x94). Skápur (125x36x201) úr kirsuberjavið. Verð 100.þús. S. 898 1971.

Antik hornskápur til sölu. H.115. Br. 115-120. út frá hornum. Tilboð óskast S. 690 0989.

## Barnavörur

Til sölu lítill rafmagns jeppi, 2 sæti f 3 - 7 ára, kr. 23.000. Uppl í s 8629787

Til sölu Göngugrind og Gracco bílstóll með base, selst saman á 10 þ. Uppl. í síma 8221977.

## Heimilið

Bílskúrssala að Melási 8, Garðabæ lau. og sun 13-17. Gerið góð kaup! s.6955064

## Dýrahald



Ungverskir vizslu hvolpar til sölu. Frábærir veiði- og fjölskylduhundar. Benda og sækja. Tilbúnir til afhendingar 25. maí. Ættbók frá HRFÍ. Verð 250.000. Sími 8613100.



Í fyrsta sinn á Íslandi Gordon Setter hvolpar úr þektustu veiðilínum Noregs og Danmerkur með ættbók frá HRFÍ góð heimilishundar. Afhendingartími 28 júní eða samkomulag. Áhugasamir hafið samband í síma 895 7263



Havanese! Örfáir eftir. Ættbók frá HRFÍ. Alveg yndislegir smáhundar! S: 6919351



Til sölu gullfallegir Boxer hvolpar rakkar, 8 vikna gamlir með ættbók frá Íshundum og bólusetti, óska eftir góðu heimilli. Uppl. í s. 844 1725.



Æðislegir Malinois hvolpar til sölu. Undan Ísl. Meisturum. Skr. HRFI og örm. Frábærir vinnu og fjölsk. hundar. Uppl. 6624357 og www.123.is/malinois



Það eru tveir efnilegir rakkar eftir undan margföldu meisturunum Línu og Max (Fanta di Altobello x Rainbow di Altobello) Allar nánari uppl. á www.aegishjalms.com eða í síma 892 3409.

Til sölu litlir og fallegir Chihuahua hvolpar. Uppl. í s. 858 7747.

**Óður frá Brún.**
Óður verður í Húnavatnssýslu í sumar. Laus pláss. Verð 25.þús.+vsk. Uppl. í s. 456 1231 & 893 1038.

Svört Labaradortík til sölu, óættbókarfærð. 12. vikna gömul. uppl. í síma 663 3880

5 loðnir ketlingar fást gefins. Rúml. 7 vikna, kassavanir. Uppl. í s. 898 6767

Til sölu yndislegir Chihuahua. Uppl. í s. 898 6448.

Vegna breyttra aðstæðna er yndisleg Golden Labrador Retriver tík til sölu. Verð 45 þús. Uppl. í s. 869 0057.

Til sölu Vorsteh hundur hlýðinn og blíður verður einungis látin til veiðimanns. Uppl. í s. 869 4353.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Stúdio íbúð í 108 Rvk. Með hússgögnum, ísskáp, þvottavél. Allt innifalið. Laus frá 1.júni. Verð. 80þ.S:6917895

3 herb. íb. á tveimur hæðum á Selfossi. 85 þ./mán (hiti+rafm. innif.) Uppþvottav. S. 869 9762.

3 herb. 110.000 á mán. langtímaleiga. uppl. 867-1467

Lítil einstaklingsíbúð til leigu á Seltj.nesi. Leigist eingöngu einstaklingi, reyklausum og rólegum. 40þ. á mán. + trygging. S. 8648822.

3 herb. 80 fm íbúð til leigu í Grafarholti á fyrstu hæð með sér garði. Skammtímal. Laus 1. Júni. Uppl. gefur Margrét í s. 868 4106 & 567 5660.

## Húsnæði óskast

**Viðhaldsvirkni ehf.**
**Óskum eftir fyrir 2 - 4 herbergja íbúði á höfuðborgarsvæðinu fyrir starfmenn okkar í langtíma leigu. Öruggar greiðslur.**
**Uppplýsingar í síma 661 0117.**

Bráðvantar 2ja herb. íbúð í 101 eða 107, reglusemi,góðri umgengni heitið og öruggum greiðslum. Uppl. s. 8205879

Áttu til efni í sökkul uppslátt? Hafðu samband í 860-8014; Þráinn

Reglusöm systkini utan af landi óska eftir 3ja herbergja íbúð til eins árs, lausa sem fyrst. Erum skólafólk. Skilvísum greiðslum heitið og fyrirframgreiðslu ef óskað er. Símar: 8665567 eða 8673565

Hjón með 5.börn óska eftir 4-5. herb. íbúð til leigu frá 1. júni á árborgarsvæðinu. Svör sendist á guddag@visir.is

Miðaldra reglus. kona óskar eftir lítilli íb. eða góðu herb. með sér baði í 1 ár. Helst í Vesturb. S. 869 2004.

Óskum eftir að taka á leigu sem first 5 herb. íbúð/parhús/raðhús eða einbýli. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 555 3890 & 898 2716.

5 manna, reglusöm fjölsk. með traustar og skilvísar greiðslur bráðvantar húsnæði eða jörð með nothæfum húsakosti á. Staðsetning skiptir engu. Langtímaleiga. Við erum alvön öllum sveitastörfum og getum aðstoðað við sauðburð, heyskap og margt fl. ef húsnæði er til staðar. Allar nánari uppl. í s. 866 5310.

Reglusamt par með ungbarn óskar eftir að taka á leigu íbúð á svæði 104,105,108 s 8456578

Ungt par með barn óska eftir ca. 70 fm íbúð á barnvænumstað á stór Rvk. svæðinu. Skilvísum greiðslum heitið og meðmæli ef óskað er. Freyja 821 8977.

Til leigu 3 herb. íbúð 80 fm. á svæði 112 með húsgögum frá með 12/6 - 7/8. Óska eftir verð tilboði. Uppl. með nafni, tilboði og tryggingu. Sendist á holmars@simnet.is fyrir þriðjudaginn 15 maí.

Rólegt og reglusamt par óskar eftir íbúð til leigu í júní-ágúst, með eða án húsgagna. Topp umgengni og skilvísum greiðslum heitið. S. 895 5485.

Íbúð óskast, reglusemi, snyrtimennsku og góðri umhirðu lofað. Reykir ekki. S. 690 0989.

Einstaklingsíb. óskast á leigu í Rvk. frá 25/5. Miðaldra kk., reyklaus, löggiltur húsleigusamningur. Uppl. í s. 690 5109.

## Sumarbústaðir

**Sumarhús til flutnings**

**Húsið er 60 fm og að mestu frágengið. (vantar innréttingar og gólfefni). Komin verönd, rafmagn, fataskápar, o.fl. Byggt af nemum í leiðsögn meistara. Húsið er til sýnis við Verknámshús (horni á Skólabraut/Vesturgötu).**

**Nánari upplýsingar og sýning á húsi Sigurgeir 821 2436 og Steini 896 1899 Tekið er við tilboðum til 16. maí 2007.**



**Sumarhús í Svínadal**
**Glæsilegt 100m² fullbúið 2ja hæða heilsárshús á steyptum sökkli með steyptri gólfplötu. Hitaveita og gólfhiti er í húsinu. 4800 m² leigulóð til 50 ára. Húsið skiptist: Á neðri hæð er forstofa, baðherbergi, 2 svefnherbergi, borðstofa/stofa og eldhús. Á efri hæð er 1 stórt svefnherbergi og stórt alrými. Stutt er í 3 golfvelli og 3 veiðivötn. 45 mín akstur frá Rvk.**
**Frekari upplýsingar veittar í símum 897 9777 og 898 5500.**
**Verð kr. 24,9 milljónir.**

**Sumarhús til sölu**

**Húsið er í landi Hallkelshóla, í Grímsnesi. Víðilundur 72. Húsið er 38 fm og er heilsárshús. 2 svefnherb., stofa, eldhús, snyrting, forstofa og geymsla fyrir garðyrkjuáhöld. Húsið er panelklætt að innan, heitt og kalt vatn, rafmagnskynding. Húsið er á leigulóð til 40 ára. Fokhelt 26 fm bjálkahús er við hliðina á húsinu, sem sett var upp 2006. Steyptar hafa verið undirstöður undir sólpall sem tengir bæði húsin. Mikill gróður er á landinu sem er 1 ha. Mikið er af 6-8 m háum öspum og stórum greintrjám. Gott bílastæði fyrir ca. 4-5 bíla.**

**Uppl. í s. 848 4397 & 564 4795. Opið hús nk. sunnudag milli kl. 14-17.**

Til sölu 7000 fm eignarlóð í landi Mýrarkots í Grímsnesi möguleiki að taka bíl uppí, tilboð óskast Uppl í síma 8942097

Til Sölu SumarhúsaLóð Eignarlóð í Grímsnesi Stutt Frá Þrastarlundi ca 5 Mín Akstur Frá ÞrastarLundi 5.32 Hektarar verð 2.9 Mills Áhvílandi 1550.000.-Uppl í s 699-5801 Þröstur Eða 699-6661 Árni

Til leigu sumarhús á Stokkseyri. Pláss fyrir 6-8 mans, fullbúið m/rúmfötum, nuddpottur fyrir 8 mans. Leigist í viku eða helgar leigu. Nánari uppl. inn á gistingar.is

## Atvinnuhúsnæði

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

**Sumargisting í Rvk.**
3. Herb. ný íbúð, fullbúinn húsgögnum, 4-5. rúm, adsl, 2.nætur eða fl. Pantið tímalega. Heimas. eyjasolibudir.is S. 898 6033 & 698 9874.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**starf.is**
**Nú er rétti tíminn til að breyta til.**

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Joao, tlf. 864-9873**

**Starfsfólk óskast á Kirkjubæjarklaustur**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk sem vill verða hluti af okkar öflugu liðsheild sem annast aldraða, á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum á Kirkjubæjarklaustri.**
**Um er að ræða sumarafleysingar og framtíðarstörf.**
**Upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri í síma 487 4870 eða 894 4985.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Aktu Taktu**
**Aktu Taktu Leitar eftir starfsfólki í 100% vaktavinnu og hlutastarfi. Aðeins reglusamt og duglegt fólk kemur til greina. Ef þú villt vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá er þetta rétti staðurinn fyrir þig.**
**Umsóknir á aktutaktu.is.**

**Starfsmenn óskast**
**Til útiverka, góð laun og mikil vinna.**
**Upplýsingar í síma 894 7010.**

**Shellskálinn Reyðarfirði**
**Rekstur Shellskálans á Reyðarfirði er laus til umsóknar. Ýmsir möguleikar eru til að byggja upp góðan rekstur og taka að sér umsjón með eldsneytissölu og sölu á rekstrarvörum fyrir Skeljung.**
**Nánari upplýsingar veita Ingvi J. Ingvason rekstrarstjóri Shellstöðva eða Rebekka Ingvarsdóttir starfsmannastjóri í síma 444 3000.**
**Umsóknir berist Skeljungi hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík eða á ri@skeljungur.is.**
**Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðunni www.skeljungur.is**

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

**Hlutastarf**
**Starfsdama óskast í hlutastarf í lítilli verslun á Laugarveginum.**
**Upplýsingar á staðnum Allt Smart, Laugavegi 46 og í síma 551-1040**

**Fjölverk verktakar ehf**
**Óska eftir að ráða vanann mann á hjólagröfu. Mikil vinna. Góð laun fyrir réttann mann.**
**Uppl. í s. 660 1150, Trausti & 660 1155, Guðmann.**

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar aðstoðarmann í eldhús, þarf að hafa einhverja reynslu.**
**Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á valdi@hresso.is**

**Vantar þig góðar tekjur?**
**Okkur vantar fólk til þess að selja áskriftir. Tímakaup og bónus.**
**Hafðu samband í síma 821 2562.**

Vélstjóri óskast á 50 tonna línubát upplýsingar og fyrirspurnir sendist á beita@visir.is

Beitningarfólk óskast húsnæði í boði upplýsingar og umsóknir sendist á beita@visir.is

**Markaðs- og ritstjóri**
Vefurinn 18plús.is (XXX samfélag íslendinga á netinu) vill ráða markaðs- og ritstjóra. Frekari uppl. á www.18plús.is ~~(Sjá: Atvinna í boði)~~.

**Símadömur óskast**
Rauða Torgið leitar samstarfs við glaðlyndar símadömur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is

**Djarfar upptökur óskast**
Rauða Torgið vill kaupa djarfar upptökur kvenna. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is og í s. 535-9969.

Starfsfólk óskast í vaktavinnu á veitingastað/ísbúð í Hafnarf. Uppl. í s. 896 4040.

**Iðnaðarmenn ehf.**
Vantar smiði, smíðanema, og verkamenn. Uppl. í s. 661 5050 eða imenn@imenn.is

Veitingastaður austur á landi óskar eftir að ráða Matreiðslumann/ frkvstj. 863-8705

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 8 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 19-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 694 4868, e. kl 12:00.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir bifreiðastjórum með ökuréttindi fyrir hópbifreiðar. uppl. í síma 894 4606 og 894 1910

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Uppl. í s. 699 3434.

Ræstingar. Traustur og stundvís starfsmaður óskast í 50% starf sem fyrst. Vinnutími 8-12 virka daga. Umsóknir sendist á Sjúkraþjálfun Afl, Borgartúni 6 eða á afl@islandia.is

**Blikksmíði-iðnaðarmenn**
Óskum eftir að ráða blikksmið, trésmiði og laghenta aðstoðarmenn einnign nema í blikksmíði. Uppl. í s. 897 3357 & 861 6420.

Starfsfólk óskast í vetingasöluna í golfskálum á Seltjarnarnesi (NK) til miðjan sept. Vaktavinna. Uppl. í s. 865 8077.

Óska eftir þjónum og aðstoðarfólki í veitingasal. Kvöld- og helgarvinna. Rauðará Steikhús, sími 562 6766 & 699 2363.

Starfsfólk óskast til ræstinga 2-3 í viku. Sveiganlegur vinnutími. Uppl. í s. 899 6016.

**Bónusvideo-Laugalæk**
Óskum eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Einnig starfsfólk til að leysa af í sumar í dagvinnu. Þarf að geta byrjað strax. Aðeins hörkuduglegt, stundvíst og áreðanlegt fólk kemur til greina, 18 ára og eldri. Uppl. í s. 845 3363, Jenný.

Vanur maður óskast á jarðýtu strax. Upplýsingar í síma 554 3079 & 899 3041.

**Rafvirkjar**
BB Rafverktakar óska eftir mönnum með sveinspróf í snirtilega og þægilega innivinnu. Nemar eða menn með starfsreynslu koma einnig til greina. Sanngjörn laun í boði, einnig fylgir bíll og sími. Uppl í síma 660-4090 Birgir.

2 Smiðir. Getum tekið að okkur sólpallasmíði í mai og júní í aukavinnu, erum vanir og duglegir. S:6953189

Húsasmíðameistara vantar smið, laghentan aðstoðarmann eða lærling. S. 897 3006.

Sölumaður óskast í heildsölu á Höfuðborgarsvæðinu. Ört vaxandi fyrirtæki vantar góðann starfsmann í vinnu. Starfið felst í sölustörfum sem og lagerstörfum. Sumarvinna og framtíðarstarf kemur til greina. Umsóknir sendist með tölvupóst í rvk@glofi.is eða í síma 864-7303

Vilt þú kynna LR heilsu og snyrtivörur. Hafðu samband. Sími 891 6264.

**Au pair óskast!**
Á suðurland. Uppl í s. 865 5613.

**Ráðskona óskast**
Einstæður faðir með 2 börn óskar eftir ráðskonu í sveit. Uppl í s.865 5613

Starfskraftur óskast við útkeyrslustörf, mikil vinna. Uppl. veitir Hrannar í s. 694 7785.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

27kk vantar góða s.vinnu. Stúdent + sveinsp. garðyrkju (ekki m bílp) S:6912104

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Lokað vegna kosninga**
**Í tilefni kosninga í dag verður verslun okkar og þjónustusími lokaður. En hægt er að hringja í neyðarsíma 893 9121.**
**www.meindyravarnir.is**

# NÁMSKEIÐ

**Trommuskóli Gunnars Waage**

Erum að skrá þáttakendur á sumarnámskeið sem hefjast 7. júní og standa til 30. júní. Kennsla fer fram í Kópavogi.

**Námskeið fyrir unga byrjendur.**

Kennd eru grunnatriði í nótnalestri fyrir trommur, saga trommusettsins kynnt og farið yfir grunnatriði í handa og fótatækni. Þáttökugjald er 28.000.

**Námskeið fyrir lengra komna(boot camp)**

Hver og einn nemandi fær sérsniðið æfingaprógram ásamt því að kynntar verða ýmsar aðferðir sem notaðar eru í nútímatrommuleik. Þáttökugjald er 36.000.

Kennarar eru Jón Mar Össurarson og Gunnar Waage

Upplýsingar á trommuskolinn.com



Magnea Gísladóttir er tekin til starfa hjá Hárgreiðslustofunni Creative Smiðsbúð 1. Garðabæ. Sími 565 7040. Býð gamla og nýja viðskiptavini velkomna. Hlakka til að sjá ykkur !

## Tapað - Fundið



Þessi bangsi tapaðist á svæðinu frá Máli&Menningu, Laugarvegi og niður að Lækjargötu sl. sunnudag. Hefur mikið tilfinningarlegt gildi. Fundalaun 10 þús. S. 694 3513.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**

Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál




Óska eftir veði sem svarar 2,5 milljónum. S. 898 4405.





RE/MAX LIND

# Dverghólar 14

800 Selfoss
LAUS STRAX

**Verð: 28.900.000**
Stærð: 146,6 m²
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 23,7
Bílskúr: 28 m²

Glæsilegt 118,6 fm parhús ásamt 28 fm bílskúr.Forstofa er með flísum á gólfi og skápum- inn af forstofu er herbergi með parketi á gólfi.Eldhús er með dökkri innréttingu með miklu skápaplássi.Stofa og eldhús eru samliggjandi og mikil lofthæð.Stofa er björt með flísum á gólfi- útgengt er í garð.Baðherbergi er með flísum á gólfi, sturtuklefi og innrétting. Gert er ráð fyrir hornbaðkari.Barnaherbergi með parketi á gólfi og skáp.Hjónaherbergi er rúmgott með stórum skápum.Innangengt er í bílskúr úr þvottahúsi



Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali



Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is



Vignir Már
Sölufulltrúi
**865 4039**
vignir@remax.is



**Til sölu er eignin**

# Böggvisstaðir við Dalvík.

Um er að ræða 700 fm rými. Íbúð um 200 fm. Verkstæði 150 fm. Óinnréttað rými í risi c.a. 400 fm. Örstutt frá dalvík, 500 m. 7 km í golfvöll. Kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja koma sér upp eigin rekstri.

Upplýsingar gefur Torfi í síma: 897-7178






DV

## Vantar þig góðar tekjur?

Okkur vantar fólk til þess að selja áskriftir. Tímakaup og bónus.

**Hafðu samband í síma 821 2562.**

# 100.000 stgr.

Vantar góðan bíl í dag fyrir 100.000 kr staðgreitt!

Upplýsingar í s. 699 6952.

# Háseti

Vanur háseti óskast á beitningavélaskipið Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík.

Uppl. Í símum 852-3089 & 520-7306



## VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS






## Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

# Auðbrekka 2 - 32 (sléttar tölur).

## Breytt aðalskipulag.

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 sem staðfest var 8. desember 2004 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í greinargerð Aðalskipulagsins 2000-2012 sem staðfest var 23. apríl 2002 er tekið fram að fyrirsjáanlegt er að í vaxandi mæli komi til endurskoðunar á landnotkun á eldri atvinnusvæðum bæjarins s.s. á Kársnesi og við Auðbrekku. Í austurbæ Kópavogs, á svæði sem afmarkast af Auðbrekku til norðurs, Skeljabrekku til vesturs, Hamrabrekku til suðurs og húsi við Löngubrekku 34 til austurs, er landnotkun blanda athafna- og íbúðasvæðis. Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir að hámarks íbúðafjöldi svæðisins séu 90 íbúðir. Í tillögunni sem hér er lögð fram er gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun en aukinni nýtingu. Íbúðafjöldi eykst úr 90 í 165 eða um 75 íbúðir. Ekki eru settar fram kvaðir um hlutfall íbúða á svæðinu né umfang atvinnustarfsemi í gildandi skipulagi. Við uppbyggingu svæðisins verður könnuð þörf fyrir leikskóla, þjónustu og opin svæði. Aðalskipulagsbreyting þessi sem unnin er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem er í ferli. Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í mars 2007.

Tillögurnar verða til sýnis hjá Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 15. maí 2007 til 14. júní 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is . Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist Bæjarskipulagi skriflega, eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 28. júní 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
RAFMAGNSVERKFÆRI
1290-
BORVÉL 500W
3990-
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI
2995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
UPPSELT Í BILI
1295-
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
4995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
5890-
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
4995-
BELTASLÍPIVÉL 900W
2290-
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2990-
RAFMAGNSHEFILL
TILBOÐ!
990-
HLEÐSLUBORVÉL 12V
1390-
STINGSÖG 350W
1490-
SLÍPIROKKUR 600W
9990-
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
5850-
FLÍSASÖG
12.900-
KEÐJUSÖG RAFM.
2950-
HJÓLSÖG 1400W
12.990-
BÚTSÖG 2100W
RAFSTÖÐVAR
800W 19900-
2200W 34900-
5500W 59500-
1995-
SLÍPIMÚS
995-
JUÐARI
4995-
BÚTSÖG 1300W
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

# s lýðræðis



landsþingi. Í kosningunum 2002 gerðist það að aðeins tveir flokkar náðu yfir þennan háa þröskuld. Því duttu mjög mörg atkvæði niður dauð og deildust á þessa tvo flokka. Þannig kom það til að AKP-flokkurinn fékk 66 prósent þingsæta þótt kjörfylgið hafi aðeins verið 34 prósent.

„Fulltrúalýðræðiskerfi Tyrklands er í kreppu,“ hefur AP-fréttastofan eftir Rasit Kaya, stjórnmálafræðingi við háskóla í Istanbúl. Hann metur það svo að vegna tíu-prósenta-þröskuldarins eigi yfir helmingur Tyrkja sér enga eigin fulltrúa á þingi.

Úr ýmsum hornum tyrknesks samfélags hafa því komið fram óskir um allsherjarendurskoðun kerfisins. Erdogan hefur ekki legið á þeirri skoðun sinni, að hann hneigist til þess að koma á kerfi sem líkist meira forsetaræðiskerfi á borð við það sem við lýði er í Bandaríkjunum. Sterkara framkvæmdavald sé nauðsynlegt til forða því að óeining á þingi lami stjórnkerfið, eins og svo oft hefur gerzt á liðnum árum í Tyrklandi.

Það er ef til vill vegna þessa yfirlýsta vilja Erdogans sem Ahmet Necdet Sezer, fráfarandi forseti sem er „harður kemalisti“ og fyrrverandi dómari, hefur haldið því opnu að hann kynni að beita neitunarvaldi gegn stjórnarskrárbreytingunni um þjóðkjör forseta. Hann álítur þá breytingu ekki tímabæra undir ríkjandi kringumstæðum. Ekki er heldur samkomulag um hvort unnt sé að láta forsetakosningar fara fram um leið og þingkosningarnar 22. júlí.

Hins vegar horfir Erdogan af mesta jafnaðargeði fram á þingkosningarnar fram undan; hann er þess fullviss að þær muni aðeins styrkja umboð flokks síns til að halda um stjórnartaumana. Hinir flokkarnir eru því þegar byrjaðir að smíða með sér ný bandalög í því skyni að freista þess að hindra að það gerist. ■

## ➜ TYRKLAND

**ÍBÚAR TYRKLANDS eru 72 milljónir.**
**TRÚARBRÖGÐ: Um það bil 99 prósent þeirra eru múslimar, þar af eru um 70 prósent súnníar og 15 til 25 prósent alevítar. Gyðingar og kristnir minnihlutahópar eru aðeins um 1 prósent íbúanna.**
**TUNGUMÁL: Níutíu prósent íbúanna tala tyrknesku, 15 prósent kúrdísku og 2 prósent arabísku.**
**FLATARMÁL: Tyrkland er 783 þúsund ferkílómetrar.**
**HÖFUÐBORGIN er Ankara en stærsta borg landsins er Istanbúl.**
**ÞJÓÐARTEKJUR nema um 40.000 milljörðum króna, eða rúmlega 550 þúsund krónum á mann.**
**Tyrkland er ÞINGBUNDIÐ LÝÐVELDI, arftaki gamla Tyrkjaveldisins. Lýðveldið var stofnað 29. október árið 1923 af Mustafa Kemal Atatürk, sem frá upphafi lagði ríka áherslu á að ríkisvaldið væri óháð trúarbrögðum.**
**FORSÆTISRÁÐHERRA er Recep Tayyip Erdogan, leiðtogi Réttlætis- og þróunarflokksins (AKP), sem er með hreinan meirihluta á þingi. Flokkurinn á rætur að rekja til stjórnmálaflokks róttækra múslima en hefur fjarlægst þann uppruna sinn æ meir.**
**FORSETINN, Ahmet Necdet Sezer, er fyrrverandi dómari og hefur lagt áherslu á að vernda hina veraldlegu stjórnskipan gegn íslömskum áhrifum.**


Frí geymsla veturinn 2007-08 fyrir öll seld hjólhýsi og fellihýsi.

**Útilegu maðurinn®**

Ný ævintýraleg verslun með allt til ferðalagsins

## Polar sænskir eðalvagnar - sjáðu með eigin augum




**Polar**

**Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum. Sænsk og sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.**

**Ríkulegur staðalbúnaður,** svo sem sjónvarp, DVD/CD, örbylgjuofn, ísskápur með frysti, bakkskynjari, 110 Watta sólarrafhlaða og Alde hitakerfi í gólfi og rúðum.

**Verð frá: 2.799.000 kr.**




**Rockwood**

**Sterkbyggðu fellihýsin sem reynst hafa frábærlega á Íslandi.**

**Ríkulegur staðalbúnaður,** svo sem Swing eldhús, ísskápur, rafm.vifta, álfelgur, geislaspilari, rafmagnslyftibúnaður, upphitaðar dýnur og hljóðlát miðstöð.

**Verð frá 1.299.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM27633




**PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utan á vagninum. Fljótlegt að tjalda.**

**Fortjöld**

**Fyrir fellihýsi**
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 2,5 m: 59.900 kr.
PDQ 2,9 m: 79.900 kr.

**Fyrir hjólhýsi**
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 3,5 m: 69.900 kr.
Corsican: Verð frá 109.900 kr.

**Fylgihlutir**

**Stútfull búð af frábærum fylgihlutum fyrir ferðalagið.**



Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

Fosshals 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
**Opið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16**

Útilegu maðurinn®



**Í BEINNI** Sjónvarpið efndi til kosningavöku í beinni útsendingu þegar atkvæði í kosningunum í júní 1967 voru talin. Stjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, Viðreisnarstjórnin, undir forsæti Bjarna Benediktssonar hélt velli. Klæðaburður myndatökumannanna er athyglisverður, þeir eru stællegri í tauinu en nú tíðkast. MYND/MAX



**FORSÆTISRÁÐHERRAHJÓNIN STINGA ATKVÆÐUM SÍNUM Í KJÖRKASSANN** Geir Hallgrímsson og Erna Finnsdóttir á kjörstað sumarið 1978. Geir var þá forsætisráðherra í stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en að kosningum loknum myndaði Framsóknarflokkur stjórn með Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi. MYND/GVA



**SAMSTIGA Í KJÖRKLEFANN** Steingrímur Hermannsson var forsætisráðherra í apríl 1991 í ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Borgaraflokks. Hér sést hann stíga inn í kjörklefa í Flataskóla í Garðabæ ásamt syni sínum Guðmundi sem nú er í framboði fyrir Samfylkinguna og Eddu Guðmundsdóttur eiginkonu sinni. Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu stjórn eftir kosningarnar. MYND/GVA

# Það er kosið í dag

Landsmenn ganga að kjörborðinu í dag og kjósa fólk til setu á löggjafarþinginu næstu fjögur árin. Kosningarnar nú eru hinar nítjándu á lýðveldistímanum og hinar 39. síðan Ísland fékk stjórnarskrá og Alþingi varð löggjafarþing 1874.

Á kjörskrá eru 221.368 og miðað við hefðina má ætla að í kringum 200 þúsund manns nýti sér kosningaréttinn.

Sex flokkar eru í framboði og bjóða fram samtals 36 lista í kjördæmunum sex. 756 manns eru á framboðslistum.

Fyrir mörgum er dagurinn hátíðisdagur og klæða þeir hinir sömu sig upp, spássera um bæinn og sækja kosningakaffi. Aðrir láta sér kosningarnar í léttu rúmi liggja og skjótast á kjörstað á milli annarra verkefna dagsins.

Kosningasagan er tryggilega varðveitt á ljósmyndum og birtast hér nokkrar myndir af kjördögum fyrri ára.



**STURTAÐ ÚR KJÖRKASSANUM** Starfsmaður kjörstjórnar í Hafnarfirði gerir klárt til talningar. Atgangurinn er mikill og rétt að hafa ermarnar uppbrettar. MYND/JENS ALEXANDERSSON



**LÖGREGLUMENN HAFA LÍKA ATKVÆÐISRÉTT** Hann hefur líkast til skotist af vaktinni þessi til að kjósa. Takið eftir öskubakkanum á borðunum. Nú eru reykingar í kjördeildum bannaðar. MYND/MAX



**Á VEGI DROTTINS** Þrjár nunnur á kjörstað árið 1987. Ánægjan skín úr andlitum þeirra.



**BEÐIÐ** Það virðist létt yfir mannskapnum sem beið eftir að komast í kjörklefann í Austurbæjarskóla 1967. Eins og jafnan í þá daga mætti fólk í sínu fínasta pússi á kjörstað. MYND/MAX

# Húsgagna dagar

# 10-60%
afsláttur

## af öllum húsgögnum

sófasett, rúm, borðstofuhúsgögn,sjónvarpsskápar og speglar

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 18. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Kjörstaðir í Reykjavík
# við alþingiskosningar 12. maí 2007
# Hvar kýst þú?

## Ráðhúsið

Kjörsvæði **1** norður



**1. kjördeild**
Aðalstræti
Amtmannsstígur
Austurstræti
Ásvallagata
Bakkastígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bárugata
Bergstaðastræti 3-51

**2. kjördeild**
Bergstaðastræti 52-86
Bergþórugata
Bjargarstígur
Bjarkargata
Bjarnarstígur
Blómvallagata
Bókhlöðustígur
Bragagata
Brattagata
Brávallagata
Brekkustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Egilsgata
Eiríksgata
Fischersund
Fjólugata
Fjölnisvegur

**3. kjördeild**
Frakkastígur
Framnesvegur 1-54
Framnesvegur 56-56a
Framnesvegur 58-58b
Freyjugata
Garðastræti
Grettisgata 2-86
Grjótagata
Grófin
Grundarstígur
Haðarstígur

**4. kjördeild**
Hallveigarstígur
Hávallagata
Hellusund
Hofsvallagata 15-23
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut sléttar tölur
Hverfisgata

**5. kjördeild**
Ingólfsstræti
Kárastígur
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 4-100
Leifsgata

**6. kjördeild**
Lindargata
Ljósvallagata
Lokastígur
Lækjargata
Marargata
Miðstræti
Mímisvegur
Mjóstræti
Mýrargata
Njarðargata
Njálsgata 1-87
Norðurstígur
Nýlendugata

**7. kjördeild**
Nönnugata
Óðinsgata
Pósthússtræti
Ránargata
Seljavegur
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skothúsvegur
Skólabrú
Skólastræti
Skólavörðustígur
Skúlagata 10-46

**8. kjördeild**
Smáragata
Smiðjustígur
Snorrabraut sléttar tölur
Sóleyjargata
Sólvallagata
Spítalastígur
Stýrimannastígur
Suðurgata 3-37
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Týsgata

**9. kjördeild**
Unnarstígur
Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vitastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórsgata
Ægisgata
Öldugata

**10. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 16.-31. hvers mánaðar og eru:
Búsettir erlendis
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

## Kjarvalsstaðir

Kjörsvæði **2** norður



**1. kjördeild**
Auðarstræti
Ásholt
Bolholt
Bollagata
Borgartún
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Einholt
Flókagata

**2. kjördeild**
Grettisgata 90-98
Guðrúnargata
Gunnarsbraut
Háteigsvegur
Hátún
Hjálmholt
Hrefnugata
Höfðatún

**3. kjördeild**
Karlagata
Kjartansgata
Langahlíð
Laugavegur 105-178
Mánagata
Mánatún
Meðalholt
Miðtún
Mjölnisholt
Njálsgata 90-112
Nóatún

**4. kjördeild**
Rauðarárstígur
Samtún
Skaftahlíð
Skarphéðinsgata
Skeggjagata
Skipholt
Skúlagata 52-80

**5. kjördeild**
Snorrabraut oddatölur
Sóltún
Stakkholt
Stangarholt
Stórholt
Stúfholt
Úthlíð
Vatnsholt
Vífilsgata
Þverholt

## Laugardalshöll

Kjörsvæði **3** norður



**1. kjördeild**
Austurbrún
Álfheimar
Álftamýri 2-32

**2. kjördeild**
Álftamýri 33-75
Ármúli
Ásvegur
Barðavogur
Brekkulækur
Brúnavegur
Bugðulækur
Dalbraut
Dragavegur
Drekavogur
Dugguvogur
Dyngjuvegur
Efstasund 2-72

**3. kjördeild**
Efstasund 73-100
Eikjuvogur
Engjateigur
Faxafen
Fellsmúli
Ferjuvogur
Glaðheimar
Gnoðarvogur
Goðheimar
Grensásvegur 14
Gullteigur

**4. kjördeild**
Háaleitisbraut
Hjallavegur
Hlunnavogur

**5. kjördeild**
Hofteigur
Hólmasund
Hólsvegur
Hraunteigur
Hrísateigur
Jökulgrunn
Kambsvegur
Karfavogur
Kirkjusandur
Kirkjuteigur
Kleifarvegur
Kleppsvegur 2-14

**6. kjördeild**
Kleppsvegur 16-144
Kleppsvegur Hrafnista
Kleppsvegur Kleppur
Kleppur starfsmannahús

**7. kjördeild**
Langholtsvegur
Laugalækur
Laugarásvegur
Laugarnestangi

## Hagaskóli

Kjörsvæði **1** suður



**1. kjördeild**
Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Álagrandi
Bauganes
Baugatangi
Bárugrandi
Birkimelur
Boðagrandi
Dunhagi
Eggertsgata 2-8

**2. kjördeild**
Eggertsgata 10-34
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur 55 og 57
Framnesvegur 59-68

**3. kjördeild**
Frostaskjól
Gnitanes
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grímshagi
Hagamelur 2-35

**4. kjördeild**
Hagamelur 36-53
Hjarðarhagi
Hofsvallagata 49-62
Hringbraut oddatölur
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur

**5. kjördeild**
Keilugrandi
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Lynghagi
Meistaravellir
Melhagi
Neshagi
Nesvegur
Oddagata
Rekagrandi

**6. kjördeild**
Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Seilugrandi
Skeljagrandi
Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata 100-121

**7. kjördeild**
Sörlaskjól
Tómasarhagi
Vatnsmýrarvegur
Víðimelur
Þjórsárgata
Þormóðsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisíða
Öldugrandi

**8. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 1.-15. hvers mánaðar og eru :
Búsettir erlendis
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

## Hlíðaskóli

Kjörsvæði **2** suður



**1. kjördeild**
Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð 1-33

**2. kjördeild**
Drápuhlíð 34-48
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð 1-31

**3. kjördeild**
Mávahlíð 32-48
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Stakkahlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vesturhlíð
Víðihlíð

## Ölduselsskóli

Kjörsvæði **4** suður



**1. kjördeild**
Akrasel
Árskógar
Bakkasel
Bláskógar
Brekkusel
Dalsel
Dynskógar
Engjasel 1-83

**2. kjördeild**
Engjasel 84-87
Fífusel
Fjarðarsel
Fljótasel
Flúðasel
Giljasel
Gljúfrasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel

**3. kjördeild**
Hálsasel
Heiðarsel
Hjallasel
Hléskógar
Hnjúkasel
Holtasel
Hólmasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jórusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel 1-48

**4. kjördeild**
Kambasel 49-85
Kleifarsel
Klyfjasel
Kögursel
Lambasel
Látrasel
Lindarsel
Ljárskógar
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut
Síðusel
Skagasel
Skógarsel
Steinasel
Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel
Tjarnarsel
Tungusel
Vaðlasel
Vaglasel
Vatnasel
Vogasel
Ystasel
Þingasel
Þjóttusel
Þrándarsel
Þúfusel
Þverársel

**5. kjördeild**
Skriðusel
Staðarsel
Stafnasel
Stallasel
Stapasel

## Breiðagerðisskóli

Kjörsvæði **3** suður



**1. kjördeild**
Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland
Breiðagerði
Brekkugerði

**2. kjördeild**
Brúnaland
Búðagerði
Búland
Bústaðablettur
Bústaðavegur
Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Efstaleiti
Espigerði
Fossvogsvegur
Furugerði
Garðsendi
Gautland

**3. kjördeild**
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grensásvegur 24-60
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði
Heiðargerði
Helluland
Hjallaland
Hlíðargerði
Hlyngerði
Hólmgarður 1-26

**4. kjördeild**
Hólmgarður 27-66
Hulduland
Hvammsgerði
Hvassaleiti
Hæðargarður
Hörðaland

**5. kjördeild**
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kringlan
Kúrland
Kvistaland
Langagerði
Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland
Melgerði

**6. kjördeild**
Miðleiti
Mosgerði
Neðstaleiti
Ofanleiti
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Seljugerði
Skálagerði
Skógargerði
Sléttuvegur 3-13

**7. kjördeild**
Sléttuvegur 15-23
Snæland
Sogavegur
Steinagerði
Stjörnugróf
Stóragerði
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Viðjugerði
Vogaland

**8. kjördeild**
Laugarnesvegur
Laugateigur
Ljósheimar

**9. kjördeild**
Mörkin
Njörvasund
Norðurbrún
Nökkvavogur
Otrateigur
Rauðalækur
Reykjavegur
Safamýri 11-34

**10. kjördeild**
Safamýri 35-95
Selvogsgrunn
Sigluvogur
Sigtún
Silfurteigur
Síðumúli
Skeiðarvogur
Skipasund 1-74

**11. kjördeild**
Skipasund 75-92
Snekkjuvogur
Sólheimar
Sporðagrunn
Starmýri
Suðurlandsbraut Álfabrekka
Sundlaugavegur
Sunnuvegur
Súðarvogur
Sæviðarsund
Vesturbrún

## Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

Kjörsvæði **4** norður



**1. kjördeild**
Austurfold
Baughús
Básbryggja
Bláhamrar
Dalhús
Dverghamrar
Dyrhamrar
Fannafold 1-157

**2. kjördeild**
Fannafold 158-251
Frostafold
Funafold
Funahöfði
Garðhús

**3. kjördeild**
Geithamrar
Gerðhamrar
Grundarhús
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Hlíðarhús
Hverafold
Höfðabakki
Jöklafold
Krosshamrar

**4. kjördeild**
Leiðhamrar
Logafold
Miðhús
Naustabryggja

**5. kjördeild**
Neshamrar
Rauðhamrar
Reykjafold
Salthamrar
Sporhamrar
Stakkhamrar
Suðurhús
Svarthamrar
Sveighús
Vallarhús
Vegghamrar
Veghús
Vesturfold
Vesturhús
Vesturlandsbraut Keldur

## Borgaskóli

Kjörsvæði **5** norður



**1. kjördeild**
Álfaborgir
Bakkastaðir
Barðastaðir
Berjarimi
Breiðavík 1-16

**2. kjördeild**
Breiðavík 17-89
Brúnastaðir
Dísaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Fífurimi
Flétturimi

**3. kjördeild**
Fróðengi
Garðsstaðir
Gautavík
Goðaborgir
Grasarimi
Gufunesvegur
Gullengi
Hamravík
Hrísrimi

**4. kjördeild**
Hulduborgir
Hvannarimi
Jötnaborgir
Klukkurimi
Laufengi
Laufrimi
Ljósavík

**5. kjördeild**
Lyngrimi
Mosarimi
Mururimi
Reyrengi
Rósarimi
Smárarimi
Sóleyjarimi

**6. kjördeild**
Stararimi
Starengi
Tröllaborgir
Vallengi
Vesturlandsbraut
Korpúlfsstaðir
Viðarrimi
Vættaborgir
Æsuborgir

## Ingunnarskóli

Kjörsvæði **6** norður



**1. kjördeild**
Andrésbrunnur
Biskupsgata
Grænlandsleið
Gvendargeisli oddatölur
Jónsgeisli
Kapellustígur
Katrínarlind
Klausturstígur

**2. kjördeild**
Kristnibraut oddatölur
Marteinslaug
Úlfarsfellsvegur
Vesturlbr Engi
Vesturlbr Fífilbrekka
Vesturlbr Lambhagi
Vesturlbr Lundur
Vesturlbr Mæri
Vesturlbr Tjarnarengi
Vesturlbr Úlfarsfell 1 og 3
Vesturlbr Víðimýri
Þórðarsveigur

## Klébergsskóli

Kjörsvæði **7** norður



**1. kjördeild**
Álfsnes og önnur bæjarnöfn
Búagrund
Esjugrund
Furugrund
Helgugrund
Hofsbraut
Jörfagrund
Víkurgrund




# Reykjavíkurkjördæmi norður

# Reykjavíkurkjördæmi suður

## Íþróttamiðstöðin Austurbergi

Kjörsvæði **5** suður



**1. kjördeild**
Arahólar
Asparfell
Austurberg
Álftahólar
Blikahólar
Blöndubakki
Brúnastekkur
Depluhólar
Dúfnahólar
Dvergabakki
Erluhólar
Eyjabakki
Fannarfell
Ferjubakki
Fornistekkur
Fremristekkur
Fýlshólar
Gaukshólar
Geitastekkur
Gilsárstekkur
Grýtubakki 2-12

**2. kjördeild**
Breiðholtsvegur

**3. kjördeild**
Grýtubakki 14-32
Gyðufell
Hamraberg
Haukshólar
Háberg
Heiðnaberg
Hjaltabakki
Hólaberg
Hólastekkur
Hrafnhólar
Hraunberg
Iðufell
Írabakki 2-24

**4. kjördeild**
Írabakki 26-34
Jórufell
Jörfabakki
Keilufell
Klapparberg
Kóngsbakki
Kríuhólar
Krummahólar 1-8

**5. kjördeild**
Krummahólar 9-59
Kötlufell
Lambastekkur
Lágaberg
Leirubakki
Lundahólar
Maríubakki
Máshólar
Möðrufell
Neðstaberg
Norðurfell
Núpabakki
Nönnufell
Orrahólar
Ósabakki
Prestbakki

**6. kjördeild**
Réttarbakki
Rituhólar
Rjúpufell
Skriðustekkur
Smyrilshólar
Spóahólar
Staðarbakki
Starrahólar
Stelkshólar
Suðurhólar
Súluhólar
Torfufell 1-32

**7. kjördeild**
Torfufell 33-50
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvegur
Vesturberg 1-94

**8. kjördeild**
Vesturberg 95-199
Vesturhólar
Víkurbakki
Völvufell
Yrsufell
Þangbakki
Þórufell
Þrastarhólar
Æsufell

## Ingunnarskóli

Kjörsvæði **7** suður



**1. kjördeild**
Gvendargeisli sléttar tölur
Kirkjustétt
Kristnibraut sléttar tölur
Maríubaugur

**2. kjördeild**
Ólafsgeisli
Prestastígur
Vesturlbr Grafarholt
Vesturlbr Laxalón
Þorláksgeisli

### Kjörskráin er á vefnum:

Hægt er að slá inn kennitölu eða nafn og heimilisfang á **www.reykjavik.is** og fá upplýsingar um kjörstað og kjördeild.

## Árbæjarskóli

Kjörsvæði **6** suður



**1. Kjördeild**
Álakvísl
Árbæjarblettur
Árkvörn
Birtingakvísl
Bjallavað
Bleikjukvísl
Brautarás
Brekkubær
Brúarás
Bröndukvísl
Deildarás
Dísarás
Eyktarás
Fagribær
Fiskakvísl 1-13

**2. Kjördeild**
Fiskakvísl 14-34
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1-68

**3. Kjördeild**
Hraunbær 69-198

**4. Kjördeild**
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað
Laxakvísl
Lækjarás
Lækjarvað
Malarás
Melbær
Móvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað

**5. kjördeild**
Reyðarkvísl
Reykás
Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað
Silungakvísl
Sílakvísl
Skógarás
Smálandabraut
Stangarhylur
Suðurás
Suðurlandsbraut Árbæjarsafn
Suðurlandsbraut Hella
Suðurlandsbraut Hólmur
Suðurlandsbraut Litlaland
Suðurlandsbraut Reykhólar
Suðurlandsbraut Sólnes
Suðurlandsbraut Tungufell
Urriðakvísl

**6. kjördeild**
Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkurás
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvibær

# Athugaðu þetta:

- **Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum.**
- Kjörfundur hefst laugardaginn 12. maí kl. 09.00 og lýkur kl. 22.00.
- Kjörskrá vegna alþingiskosninga í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is.
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi norður veittar í síma 411-4915 og í Reykjavíkurkjördæmi suður í síma 411-4925.
- Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður mun á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur, en yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður í Hagaskóla.
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum

Skrifstofa borgarstjórnar



**DECLAN DONNELLAN OG NICK ORMEROD** Leikflokkur þeirra sýnir Simbelínu eftir Shakespeare síðar í vikunni í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Annað og meira en bara orðin

Leikhúsmenn Evrópu myndu lýsa heimsókn breska leikhópsins Cheek by Jawl sem einum af hápunktum Listahátíðar í Reykjavík væri þeim kunnugt um að leið hans liggur hingað í vikunni. Flokkurinn sýnir Simbelínu eftir Shakespeare fjórum sinnum í Þjóðleikhúsinu frá þriðjudagskvöldi fram á föstudag. *Páll Baldvin Baldvinsson* hitti stofnendur og listræna stjórnendur hópsins einn morgun yfir kaffi, þá **Declan Donnellan** og **Nick Ormerod**.

Nokkuð langt er síðan svo virtur sjálfstæður leikhópur hefur komið hingað og er þá næst að minnast Theatre de Complicite. Cheek er þó nokkru eldri og hefur verið að frá 1981 þegar þeir félagar og sambýlingar Nick Ormerod hönnuður og Declan Donnellan leikstjóri settu þennan farandleikflokk á stofn. Orðspor þeirra félaganna óx hratt: þeir unnu markvisst út frá reynslu eldri leikflokka af svipaðri stærð, leikhús skyldi færa stað úr stað. Því varð einfaldleikinn ráðandi í leikmynd, áhersla lögð á búninga og leikstíl sem málaði verkin og lýsti sér í einstaklega skýrri textatúlkun og hreyfingu. Þeir lögðu sig líka strax í upphafi eftir sígildum textum og kunnu þá list fljótt að láta verkin ríma við samtíðina.

### Stöðugir ferðalangar

Þeir félagar litu hér við í vikunni: að baki var dvöl í Bandaríkjunum og á móti þeim tók fjallahringur, svali og sól. Þetta var fyrsta heimsókn þeirra til Íslands og þeir áttu ekki orð til að lýsa undrun sinni. Það var svolítið erfitt að vakna og jetlaggið var enn í skrokknum.

Með vaxandi frægð þeirra og viðurkenningu hafa opnast dyr. Nú sækja þeir verkefni sín út fyrir flokkinn og kynni þeirra af rússnesku leikhúsi hafa leitt il þess að þeir standa nú að sviðsetningum í Rússlandi og fara rússneski flokkurinn og sá enski víða um lönd. Starfsemi sem þessi kallar á jarðbundna menn. Ferðalög stóran hluta úr ári eru lýjandi og verklegur þáttur heimtar þrek af öllum þátttakendum, stundum vikum og mánuðum saman. Leikferðin vestanhafs hefur staðið í þrjá mánuði og á ferli flokksins hefur hann leikið í 305 borgum í fimm heimsálfum og 40 þjóðlöndum.

### Eldri verk flóknari

Nick segir þessi löngu ferðalög hafa sína kosti. Lengsta ferð þeirra hafi staðið í 18 mánuði en verkefnavalið, áherslan á klassísk eldri verk, leiði til þess að sýningarnar batni: „Meistaraverkin búa yfir svo mörgum lögum af merkingu að það er stöðugt að koma eitthvað nýtt í ljós í svo löngum ferðum. Ný verk búa ekki yfir slíkum eiginleikum, þeim gæðum. Kerfið í Bretlandi er þannig núna að það eru stóru leikhúsin sem panta ný verk. Fyrir yngri flokka er sjaldgæft að fá ný verk í hendur nema þeir hafi höfund innan sinna raða.“ Hann segir einfaldleikann sem stafi af sýningum þeirra koma til af þörf farandflokksins og ekki síður vegna smekks þeirra. Þeir kjósa einfaldan stíl og flest verkin sem þeir sýna voru skrifuð fyrir einfalda, jafnvel enga sviðsmynd. Ferðalögin hafi marga kosti: eitt sinn hafi þeir á þriggja vikna tímabili leikið átján sinnum á ólíkum stöðum fyrir ólíka áhorfendur. Það sé spennandi.

### Aðstaða farandleikara

Cheek by Jawl hefur lengst af verið heimilislaus flokkur þótt þau hafi jafnan sýnt í Donmarleikhúsinu í London og raunar litið á það litla og fallega leikhús sem sitt helsta skjól. Nú er að hefjast önnur sýningartíð þeirra í Barbican-leikhúsinu í City þar sem Konunglegi Shakespeare-flokkurinn hafði aðsetur um árabil. Þar sýndi Vesturport Woyzeck í fyrra. Cheek var boðið þar aðsetur um þriggja ára skeið. Þeir leika á hinu firnastóra sviði og byggja þar áhorfendasvæði, líkt og stundum hefur verið gert hér á stóra sviði Borgarleikhússins.



**ÆVINTÝRALEIKURINN CIMBELINE** eftir Shakespeare geymir marga fleti sem nútímamönnum hefur þótti fróðlegt að draga fram.

### Fjármagn flokksins

Flokkurinn var til skamms tíma í þeim hópi sjálfstæðra leikhúsa sem hafði langtíma styrktarsamninga, líkt og t.d. Hafnarfjarðarleikhúsið og Leikfélag Akureyrar hafa hér á landi. Þess utan voru hópar sem fengu aðeins styrki til einstakra verkefna, rétt eins og hér. Nú fær Cheek rúmlega 300 þúsund pund í árlegan styrk eða 38 milljónir. Það dugar í ár segir Nick til þess að sýna Cymbeline og fá systurflokkinn rússneska til Bretlands í sýningarferðalag með Þrjár systur eftir Tjekov. Íslenskum leikhúsmönnum væri hollt að líta til þess hvað Cheek fær í styrk.

### Áhrifin frá Rússlandi

Declan og Nick hafa um árabil átt samstarf við rússneska leikara. Þeir voru að sýna í Finnlandi og var þá bent á sýningar Malyleikhússins í St. Pétursborg sem



þá var nýbúið að setja á svið hina rómuðu sýningu Bræður og systur. Þá sviðsetningu sáu nokkrir íslenskir leikhúsmenn líka á þessum árum fyrir 1990 og hafði hún umtalsverð áhrif, bæði á Kjartan Ragnarsson og Þórhildi Þorleifsdóttur. Vinnubrögð Levs Dodin, stjórnanda Maly, hafa orðið mörgum fyrirmynd. Þeir félagar hrifust líka og tóku upp samstarf við leikhús þar eystra sem leiddi til vinnu í Mosku 2001. Sú sýning er enn í gangi. Nick dásamar mikið rússneska sýningarkerfið sem leyfir að sýningar lifi jafnvel áratugum saman og komi alltaf við og við á svið fyrir nýja áhorfendur. Hér á landi þekkjum við það lítillega í verkum sem ganga allt í þrjú til fjögur ár ef aðsókn er næg.

**Fjölbreytileg verkefni mikilvæg**

Hann bendir á andstöðu þess í Bretlandi þar sem leikarar ráða sig í vinnu til sex mánaða, leika allt að átta sinnum í viku en verða síðan að sætta sig við verkefnaskort, stundum misserum saman. Hann segir að íslenskir leikhúsáhorfendur eigi að þakka fyrir að hafa vísi að hinu kerfinu í Þjóðleikhúsinu og hjá Leikfélagi Reykjavíkur þar sem leikari njóti þess atlætis að leika fleiri en eitt hlutverk í viku, fái hvíld milli sýninga og njóti fjölbreytilegra verkefna. Það sé mikilsvirði að halda fast í það kerfi. Það tryggi listrænan árangur sem sé meira virði en rekstrarlegt hagræði. Rússneskir leikarar verði að hafa mörg hlutverk í huganum. Þeim dugi venjulega eitt æfingarennsli eftir jafnvel nokkurra vikna sýningarhlé. Raunar segist hann ekki skilja hvernig þeir fari að – þeir bara kunni þetta.

**Júlía má vera fertug**

Declan Donnellan kemur niður í matsal Baróns-hótelsins, biður margfaldlega afsökunar á síðbúinni komu sinni í viðtalið. Talið dreifist í upprifjun þeirra félaga á frammistöðu einstakra rússneskra leikara sem eru enn að leika ungt fólk í sýningum Maly-leikhússins nær tveimur áratugum eftir að þær urðu til: „Þar er ekki ríkjandi sú ameríska hugmynd að Júlía verði að vera kornung. Það hefur enginn krakki þroska til að leika Júlíu, til þess þarf þroskaða konu,“ segir Declan. „Við lifum þá tíma að það verður að strípa allt af því sem kveikir ímyndunaraflið. Leikhúsið má ekki lengur vera annar veruleiki, þar verður allt að vera sem líkast hversdagsleikanum. Það á allt að taka mið af leik í sjónvarpi og kvikmyndum sem er bara tiltekin tegund af stílfærslu í leik. Þessa þróun má rekja gegnum sögu kvikmyndarinnar. Ef við glötum hæfileikanum að nota myndlíkinguna þá verðum við heimsk. Það er hættan við okkur eldri leikhúsmenn að missa hæfileikann til að sjá hlutina í nýjum og snjöllum myndlíkingum.“

**Aldrei leikið eins mikið fyrir mannkynið**

Næsta verkefni þeirra er Troilius og Cressida eftir Shakespeare. Ég spyr þá um þá tilhneigingu ýmissa leikflokka, íslenskra og erlendra, sem taka gamla texta og skrifa þá upp á nýtt. Declan svarar: „Bundið mál er okkur mikils virði því þar höfum við myndmálið alls ráðandi og það gefur okkur viðspyrnu í túlkun tilfinninga. Þar eru líka stóru hlutverkin, stóru spurningarnar. Ég var að kenna í amerískum leikskólum í síðustu viku og var að reyna að segja þeim að leikurinn snýst ekki um það að vera raunverulegur, leikurinn á að beinast að öðru. Leikhúsið er á öðru plani en raunveruleikinn, allt gott leikhús stefnir á það, rétt eins og bestu kvikmyndirnar frá þriðja og fjórða áratugnum: þær eru ekki raunsæjar heldur túlka raunveruleikann á öðru plani eins og allar góðar sögur. Þær byggja allar á stílfærðri tækni. Við þurfum að fara á annað svið til að geta sagt helstu mikilvægu sögurnar. Um þessar mundir er fleira fólk að njóta leiklistar að staðaldri, daglega, en á nokkrum öðrum tíma í sögu mannsins. Mest af því sem við sjáum í sjónvarpi er bara ýktur framgangur, það er ekki leikur. Þess vegna er bundið mál svo mikilvægt. Það neyðir okkur til að takast á við miklu flóknari veruleika en við sjáum yfirleitt. Við eyðum gríðarlegum tíma í vinnu með bundið mál, tíma til að fá leikarana til að temja sér það og skilja.“

**Um vinnuna**

Nota þeir spuna mikið í vinnu sinni? Aftur svarar Declan og neitar: „Spuni getur af sér afar sjálfhverfa túlkun og leikarinn fer að telja sér trú um eitt og annað sem er ekki í textanum, merkingu sem er hans sjálfs en sprettur ekki af persónunni sem hann er að túlka. Ég nota aftur mikið hljóðan leik, læt leikarana fara hljóðlaust í gegnum atburðarásina og leggja alla áherslu á merkingu í beitingu líkamans. Ná merkingunni fram með líkamanum. Víst er margt í bundnu máli flókið en leiktextinn er ekki til þess fallinn að við skiljum allt. Leikhús er ekki þess eðlis að við eigum að skilja allt með skynseminni. Það höfðar til allra skynfæra og rétt eins margt í lífinu þá eiga að vera þar hlutir, fyrirbæri og hugsanir sem við skiljum ekki heldur skynjum bara, óræðir og fullir af furðum.“

Hann þagnar og heldur svo áfram: „Þess vegna hefur það reynst okkur svo hollt að vinna með fólki sem leikur á annarri tungu en við tölum. Við höfum unnið með Finnum og Rússum og tölum ekki málin. Þar verðum við að líta til alls sem segir okkur söguna, annað en bara orðin.“ ■





**ENN ÞÁ BESTUR** Álitsgjafanefnd Fréttablaðsins valdi Egil Helgason besta bloggarann.

## BESTI BLOGGARINN
**visir.is/silfuregils**

Egill Helgason hlýtur þessa nafngift og er vel að henni kominn. Fólk úr öllum áttum útnefndi Egil besta bloggarann og sagðist koma reglulega við hjá honum á Vísi á netrúnti sínum. „Egill Helgason er skemmtilegasti bloggarinn þótt hann telji sig ekki slíkan. Hann er iðinn við kolann og alltaf með puttann á púlsinum," sagði einn álitsgjafa Fréttablaðsins. „Egill er alltaf skemtilegur þó hann sé orðinn dálítið fyrirsjáanlegur með aldrinum. Egill skrifar mjög skýran og lipran texta. Virkilega gaman þegar honum er mikið niðri fyrir, sem er einatt," bætti annar við. „Egill er enn bestur, eftir öll þessi ár. Nær enn að vera ferskur og ófyrirsjáanlegur. Við getum ekki annað en verið þakklát fyrir að þessi víðlesni heimsborgari skuli hafa áhuga á íslenskri flokkapólítík," lét einn hafa eftir sér.

Egill er einn elsti „bloggari" landsins þótt flestir af þeim kjósendum sem settu hann í þennan flokk nefndu að sjónvarpsmaðurinn sjálfur liti ekki á sig sem bloggara. „Þetta var nú hálfgert grín að þetta væri ekki blogg því ég byrjaði að skrifa á vefinn snemma árs árið 2000 og orðið blogg var ekki til þá," svarar Egill.

Egill segist engar haldbærar skýringar hafa á vinsældum sínum. „En ég held að það sé erfitt að sjá hvers taum ég dreg í lífinu. Það er erfitt að flokka mig og ekki auðvelt að sjá hvar ég stend í stjórnmálum. Svo hef ég líka leyft mér að skipta um skoðun, geri það óhikað og myndi aldrei monta mig af því að hafa staðið á sömu skoðun í gegnum allt. Það er engum til hróss."

**➜ Dæmi frá 26. apríl 2007**

Eftir því sem maður hugsar það betur virkar hún fáránlegri þessi hugmynd að endurreisa kumbaldana við hið dapurlega Lækjartorg. Þessi hús voru aldeilis hræðileg. Ein ríkasta þjóð hlýtur að geta leyft sér eitthvað metnaðarfyllra en að byggja þarna fornminjar sem enginn hafði hvort sem er sýnt áhuga í marga áratugi. Götumyndin þarna er ekkert til að varðveita, hún var tætingsleg og ljót.

# Af góðum, vondum *og verri* bloggum

Ný della er mætt á svæðið. Það er ekki nýr tjaldvagn. Ekki ný tegund af ilmkertajóga. Heldur blogg. Hvort sem þú heitir Gunnar eða Páll, ert rafvirki eða alþingismaður – allir skulu blogga. Moggabloggið sló rækilega í gegn og Vísir.is fylgdi í kjölfarið. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** tók að sér embætti kjörstjóra, smalaði kaffihúsaspekingunum inn í kjörklefa og stóð fyrir kosningu á bestu og verstu bloggurum landsins.

Fyrir utan þessar tvær stóru blokkir, mbl.is og visir.is stendur hópur manna sem hefur megnustu óbeit á þessum „söluvarningi". Og telja sig vera hina sönnu bloggara. Margir hverjir hafa bloggað lengi en ekki á vefsvæðum dagblaða heldur þar sem meira þarf að hafa fyrir því að afla sér vinsælda.

En það virðist lítið bíta á þá blog.is- og blogg.visir.is-menn. Þótt einhverjir gefist upp og nenni ekki lengur eru alltaf nýir og nýir að bætast í hópinn. Og menn hafa misháleitar hugmyndir um sín skrif. Á meðan sumir segja frá tanntöku barnanna sinna, henda inn nokkrum uppskriftum og ræða vinnustaðarómans eru aðrir sem telja sig vera alvöru fréttastofu eða greina frá kynlífi og grænmeti í sömu línu.

Fréttablaðið ákvað því að leita til nokkurra nafntogaðra einstaklinga; bloggara og þeirra sem hafa gaman af bloggi, og reyndi að finna út með lýðræðislegum hætti hverjir væru bestu bloggararnir og hverjir þeir verstu. Að gefnu tilefni skal þó taka fram að mat þetta endurspeglar á engan hátt skoðun Fréttablaðsins heldur eru þetta niðurstöður úr atkvæðagreiðslu.

## ÁLITSGJAFAR VORU

**Auður Jónsdóttir**, rithöfundur
**Elísabet Ólafsdóttir** (Beta rokk)
**Brynja Björk Garðarsdóttir**, blaðamaður



**Dr. Gunni**
**Egill Helgason**, þáttastjórnandi
**Eiríkur Guðmundsson**, dagskrárgerðarmaður



**Elísabet Ronaldsdóttir**, kvikmyndagerðarkona
**Eyja Margrét Brynjarsdóttir**, heimspekingur
**Gísli Ásgeirsson**, þýðandi
**Guðríður Haraldsdóttir**, blaðamaður
**Hallgrímur Helgason**, rithöfundur



**Helgi Seljan**, dagskrárgerðarmaður
**Hildur Lilliendahl Viggósdóttir**, skáld
**Hrafn Jökulsson**, skákfrömuður
**Inga María Leifsdóttir**, blaðamaður
**Karl Sigurðsson**, Baggalútur
**Marta María Jónasdóttir**, blaðamaður



**Stefán Pálsson**, sagnfræðingur
**Steinar Bragi**, rithöfundur
**Svanhildur Hólm Valsdóttir**





**Tryggvi Ólafsson**, umbrotsmaður
**Valur Grettisson**, blaðamaður
**Þórdís Gísladóttir**, íslenskufræðingur
**Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir**, lögfræðingur
**Þorgerður E. Sigurðardóttir**, bókmenntagagnrýnandi
Álitsgjöfum var ekki leyft að nefna eigið blogg.

## NÆSTBESTI BLOGGARINN
**hnakkus.blogspot.com**

Þótt ótrúlegt megi virðast þá er sá sem fékk næst flestu atkvæðin hinn nafnlausi bloggari hnakkus.blogspot.com en nafnleysi hefur löngum verið eitur í beinum bloggara. „Hnakkus skrifar undir dulnefni og gerir það smekklega ólíkt sumum. Hann er drepfyndinn og kvikmyndagagnrýni hans á myndbönd Guðmundar í Byrginu var óborganleg. Mæli með Hnakkusi fyrir stjórnleysingja og temmilega illa innrætt folk," sagði einn viðmælandi blaðsins. „Hnakkus fylgist vel með og skýtur föstum skotum á þá sem eiga það skilið," sagði annar.

Hnakkus vildi ekki koma fram undir nafni þegar honum var tilkynnt að hann væri næstskemmtilegasti bloggari þjóðarinnar. Hann byrjaði að blogga haustið 2002 þegar vinur hans stakk upp á því og sá hinn sami bjó til blogg. Síðan þá hefur boltinn bara fengið að rúlla, hægt og rólega. „Það eru reyndar nokkrir sem vita hver ég er og ég get upplýst að ég er þrítugur Reykvíkingur úr miðbænum," segir Hnakkus og bætir því að hulunni verði ekki svipt af núna. „Enda yrði ég bara grýttur," útskýrir hann. Bloggarinn segist líkt og Egill enga skýringu hafa á vinsældum sínum. „Nema bara af því að ég er snillingur og ég reyni að blanda sama húmornum við meinfýsni," segir hann. „Og nú er það bara að koma Agli Helga fyrir kattarnef."



**HNAKKUS** er þrítugur Reykvíkingur sem hefur bloggað nafnlaust í mörg ár.

**➜ Dæmi frá 8. apríl**

Helgidagar sökka. Ég veit að Egill Helgason og Guðmundur Steingríms eru ósammála mér en það verður að hafa það. Ég verð víst að reyna að lifa með því að einstaka athyglissjúk meðalmenni sjái hlutina ekki jafn skýrum augum og ég og finnist allt í lagi að þvinga trúarhátíðum upp á almenning með lögum bara af því þeim sjálfum finnst svo næs að hanga heima á nærbuxunum og éta páskaegg. Æskuminningar brátt miðaldra dálkahöfunda um kleinur hjá ömmu, páskaegg og lambalæri, eru auðvitað bestu rökin fyrir lagabanni á skemmtanahald almennings og fyrir hávaða á morgnana.



**GUNNAR HJÁLMARSSON TÓNLISTARMAÐUR** Þykir frumlegur og meinfýsinn.

## ÞRIÐJA SÆTIÐ
**this.is/drgunni**

Tónlistarspekingurinn var öruggur í þriðja sætinu og virðast margir vera forvitnir hvað sé að gerast á bakvið þennan nakta, þekkta haus. „Dr. Gunni liggur ekki á skoðunum sínum og fátt er honum óviðkomandi. Jafnvel þó maður sé ekkert endilega alltaf sammála honum er alltaf gaman að lesa það sem hann hefur að segja," sagði einn álitsgjafi „Vangaveltur Dr. Gunna eru oft skemmtilegar og tenglar yfir á sérviskuleg rokklög svínvirka," bætti annar við.

**➜ Dæmi frá 10. Maí, 2007**

Sid Vicious væri fimmtugur í dag ef hann hefði ekki drepið sig á heróíni þegar hann var 21. árs. Hvað væri hann að gera í tilefni dagsins? Kannski að grilla með Nancy ef hún væri ekki líka dauð. Sid var brenndur og tvær kenningar eru uppi um hvar askan endaði. Önnur kenningin er að mamma hans hafi misst krukkuna á Heathrow og duftið farið í loftræstinguna, hin kenningin er að mamman hafi dreift öskunni yfir leiði Nancy, sem Sid drap á Chelsea hótelinu


NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR


ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON


JÓNAS KRISTJÁNSSON

# VERSTU BLOGGIN

Af kommentum kjósenda að dæma er greinilegt að fólk hefur sterkar skoðanir á því sem það sér á netinu. Flestir nefndu blogg Ellýar Ármannsdóttur sem versta bloggið, sem er athyglisverð í ljósi þess að blogg hennar er eitt það mest lesna. Létu sumir það fljóta með að engu að síður læsu þeir bloggið hennar; en þá vegna þess hve annarlegt það væri. Enginn nefndi blogg Ellýjar sem besta bloggið. Þá kom almannatengillinn Ómar R. Valdimarsson fast á hæla Ellýjar en skrif hans þar kalla greinilega fram sterk viðbrögð.

Athygli vekur að á listanum yfir verstu bloggin eru fjórir stjórnmálamenn en enginn þeirra komst yfir á lista yfir þau bestu. Aðeins Kastljósstjórnandinn Sigmar Guðmundsson komst í báða flokka; jafnmargir töldu hann vera skemmtilegan og þeim sem þótti hann leiðinlegur. Þá komst Steingrímur Sævarr einnig á listann en flestir töldu ritstjóra Íslands í dag hafa fatast flugið eftir að hann flutti sig yfir á Vísi og fór að stjórna magasínþætti.

**➜ Verstu bloggararnir**

1. Ellý Ármannsdóttir
2. Ómar R. Valdimarsson
3. Stefán Friðrik Stefánsson
4.-5. Sigmar Guðmundsson
4.-5. Steingrímur Sævarr
6. Björn Ingi Hrafnsson
7. Sóley Tómasdóttir
8. Björn Bjarnason
9. Eyþór Arnalds


ÓMAR R. VALDIMARSSON


SIGMAR GUÐMUNDSSON


ELLY ÁRMANNSDÓTTIR

## Aðrir sem komust ofarlega á listann

**Ármann Jakobsson** á skrubaf.blogspot.com: „Ármann hefur lengi borið höfuð og herðar yfir aðra bloggara og virðist vera einn af þeim fáu þessa dagana sem skilja út á hvað blogg gengur.“ **Nanna Rögnvaldardóttir** matargúru á nannar.blogspot.com var oft nefnd sem einn besti bloggari landsins og fannst mörgum sýn hennar á tilveruna mjög kómísk.

Fleiri sem nefndir voru í hópi eðalbloggara voru **Þórarinn B. Þórarinsson** á Badabing.is, **Bryndís B. Johansson** á Brisso.blog.is **Sigmar Guðmundsso**n á sigmarg.blog.is og **Jónas Kristjánsson** á jonas.is.


ÁRMANN JAKOBSSON




# Saltfélagið á suðupunkti



VINNUSTOFA DAGS KÁRA PÉTURSSONAR „Ég og Orri Jónsson gerðum þetta rými upp. Upphaflega átti það að taka þrjár vikur en við enduðum á því að vera fjóra mánuði að laga til hérna,“ segir Dagur Kári Pétursson.



**ÓUPPGERT RÝMI MEÐ ENDALAUSA MÖGULEIKA** „Í risinu hérna uppi var fornbókasali með aðstöðu sína eins og sést á bókunum hér um allt. Dagur Kári og félagar eru í rýminu hérna við hliðina og eru búnir að gera það upp. Hér á hins vegar eftir að taka til hendinni,“ segir Kristinn Vilbergsson, eigandi Saltfélagsins



**ELTIR VITA UM ALLT LAND** „Þessa dagana er ég að mynda vita. Þeir eru um 130 talsins á landinu en ég er búinn að mynda um áttatíu prósent þeirra. Ég hef tekið eftir því að vitar eru gjarnan myndaðir á daginn en tilgangur þeirra er að lýsa í myrkri. Allar mínar myndir eru því teknar í myrkri og að vetri til. Þegar ég er búinn að mynda alla vitana stefni ég á að gefa út bók og halda sýningu með afrakstrinum,“ segir Friðrik Örn Hjaltested ljósmyndari.

Verslanir og listamenn hafa komið sér vel fyrir á Grandagarði 2 en húsið er sögufrægt og þekkt sem gamla Ellingsenhúsið. Húsgagnaverslunin Saltfélagið er á fyrstu hæðinni en á efri hæðunum er ýmislegt forvitnilegt að finna. *Lára Björg Björnsdóttir og Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari heimsóttu **Saltfélagið** og hittu spennandi fólk í hverju horni.

**ALLT TIL ALLS** „Þetta er í raun miklu meira en stúdíó. Hér er ég með verkstæði, sprautuherbergi, stúdíó og sýningarrými,“ segir Friðrik Örn Hjaltested ljósmyndari.





**VINNUR Í RISINU** „Hér er ég mest að vinna í tónlist og skrifa og gera bara í raun allt sem ég þarf að gera,“ segir Dagur Kári Pétursson.



**MÁLAR Í GÖMLU SMÍÐAVERKSTÆÐI** „Í þessari stofu var áður smiður sem skildi eftir allar sínar vélar. Ég er búinn að vera hér síðan í ágúst í fyrra. Ég hef verið að mála frá 2003 og hélt mína fyrstu sýningu það ár, í vörubíl,“ segir Viðar Þór Guðmundsson myndlistarmaður.

## → EINSTÖK SAMNÝTING






**„Þegar við ákváðum að opna húsgagnaverslunina Saltfélagið í þessu húsi þá var allt rýmið hérna á efri hæðunum ónotað. Við eyddum töluverðum fjármunum í að gera húsið upp og buðum nokkrum vinum okkar að hafa vinnuaðstöðu hér á efri hæðunum. Þeir gerðu sín herbergi upp sjálfir og aðstaðan er orðin mjög góð. Frá og með deginum í dag ætlum við að hafa opið úr búðinni og upp í vinnustofurnar og stúdíóin á laugardögum. Þá geta gestir okkar farið um allt húsið, séð vinnustofurnar, galleríin og verkstæðin. Við erum mjög ánægð með hvernig tekist hefur til að samnýta þetta hús undir alls konar starfsemi eins og tónlist, myndlist, ljósmyndun og hönnun,“ segir Kristinn Vilbergsson, eigandi Saltfélagsins.**



# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, SPORT OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

# LOKAHELGI

**FULLT AF NÝJUM VÖRUM – OPIÐ FRÁ 12:00 – 18:00 ALLA HELGINA**

## EKKI MISSA AF ÓTRÚLEGUM TILBOÐUM

| | |
|---|---|
| 66°N Dömu og herra peysur LÆKKAÐ VERÐ | 2.000 kr |
| 66°N Dúnúlpur dömu og herra | 8.000 kr |
| 66°N Jakkar dömu og herra LÆKKAÐ VERÐ | 4.000 kr |
| 66°N Buxur dömu og herra frá | 2.000 kr |
| 66°N [illegible] | [illegible] kr |
| 66°N Fylgihlutir | 500 kr |
| 66°N Bolir | [illegible] kr |
| Herraskór frá | 2.000 kr |
| Dömuleðurstígvél frá | [illegible] kr |
| Barnaskór frá | [illegible] kr |
| Sandalar frá | 500 kr |
| Puma íþróttagallar frá | [illegible] kr |
| Puma fótboltaskór frá | [illegible] |
| Puma bolir frá | 1.000 kr |
| Puma stuttbuxur frá | 1.000 kr |

# LOKADAGUR Í DAG OG Á MORGUN SUNNUDAG!

**Kaupir 2 skópör og færð 3 parið frítt (það ódýrasta)**
**Steinar Waage, Kaupfélagið og Ecco búðirnar**

66° NORÐUR

ecco®

Kaupfélagið

PUMA®

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN



**GEIR HAARDE ER VALDSMANNSLEGUR** Alexander Þór þykir Geir Haarde koma vel fyrir og virkja traustvekjandi.

# Hvað ef börnin fengju að kjósa?

Þau eru klædd í sparifötin, dregin á kjörstað og látin hálf afskiptalaus allan kjördaginn. En hvað myndu þau setja x-ið við ef þau fengju að fara inn í kjörklefana og skildu mömmu og pabba eftir fyrir utan, bíðandi með sleikipinna og gosflösku? *Júlía Margrét Alexandersdótti*r ræddi við framtíðarkjósendur landsins.

## Væri gott ef fullorðna fólkið þyrfti ekki að borga skatta í ár

### ➜ Brynja Mist Snorradóttir, 10 ára

*Hefur þú fylgst með kosningabaráttunni?* Nei. Ég hef ekki séð neitt svoleiðis.

*Hvaða flokk myndir þú kjósa ef þú fengir að kjósa í alþingiskosningunum á laugardaginn?*

Hvað heitir flokkurinn aftur? Já, Samfylkinguna. Það er besti flokkurinn og þeir ætla að gera margt fyrir fólkið. Ég held að mamma og pabbi fylgist svolítið með í sjónvarpinu, kosningunum. En ég myndi ekki kjósa X-D. Mér finnst þeir montnir.

*Hvað finnst þér að sá flokkur sem tekur við landinu eigi að gera fyrir fólkið í landinu?*

Mér finnst að það ætti að vera ókeypis í allar búðir í heila viku. Og svo mætti búa til tívolí. Í garðinum heima hjá mér. Þeir ættu líka að leyfa fullorðna fólkinu að borga enga skatta í heilt ár. Já, ég veit líka um eitt sem ég vil að sé breytt! Að skólinn sé styttri. Búinn á hádegi.

*Veistu hvað stjórnmálamennirnir heita?*

Forsetinn heitir annaðhvort Geir Haarde eða Ólafur Ragnar. Annað hvort, man það ekki alveg.

*Horfðirðu á Eurovison?*

Já. Mér fannst lagið alveg ágætt. Silvía Nótt var með leiðinlegra lag, mér fannst leiðinlegt að Eiríkur Hauksson komst ekki áfram. En lagið var ekkert rosalega skemmtilegt. Bara alveg ágætt. En ég ætla að borða nammi á laugardagskvöldið og vaka lengi. Örugglega til átta um morguninn.



**TÍVOLÍ, TAKK** Brynja Mist Snorradóttir vill að Samfylkingin beiti sér fyrir því að setja tívolí í garðinn hjá sér.

## ➜ Vill áfram sömu ríkisstjórn

### Alexander Þór Sigmarsson, 11 ára

*Hefurðu fylgst með kosningabaráttunni?*

Já, svolítið mikið.

*Hvaða flokk myndir þú kjósa ef þú fengir að kjósa í alþingiskosningunum á laugardaginn?*

Ég myndi kjósa Sjálfstæðisflokinn. Enginn vafi á því. Hann vill styrkja háskólanám og ég ætla einhvern tímann í háskóla.

*Hvað finnst þér að stjórnmálamenn eigi að gera fyrir fólkið í landinu?*

Þeir eiga að gera það sama og Sjálfstæðisflokkurinn vill gera. Ég er sjálfur bara mjög ánægður og glaður og vil að sama ríkisstjórnin sé við völd.

*Er ekkert sem má betur fara?*

Jú, auka störf í landinu. Mér finnst fullorðna fólkið alls ekki vinna nógu mikið og það er aldrei nóg af vinnu að hafa.

*Áttu þér eftirlætisstjórnmálamann?*

Geir H. Haarde er í miklu uppáhaldi hjá mér. Bæði flottur og svona valdsmannslegur. Ég hef oft séð hann í sjónvarpinu en ég held að ég þekki ekki aðra stjórnmálamenn í sjón. En Vinstri grænir eru ekki í uppáhaldi. Þeir eru aðeins of mikið á móti.

## ➜ Íslandshreyfingin heillar

### Árni Geir Valgeirsson, 10 ára

*Hefurðu fylgst með kosningabaráttunni?*

Já, mjög mikið.

*Hvaða flokk myndir þú kjósa ef þú fengir að kjósa í alþingiskosningunum á laugardaginn?*

Íslandshreyfingin er mjög góð. Þeir héldu frábært boð fyrir lúðrasveitina sem ég er í. En ég myndi ekki kjósa Framsóknarflokkinn. Þeir fengu fá atkvæði en enduðu samt í sjálfri ríkisstjórninni.

*Hvað finnst þér að stjórnmálamenn eigi að gera fyrir fólkið í landinu?*

Gera skemmtilegri námsskrá í skólana. Ég myndi taka út bækur sem kenna alltaf það sama. Bæta inn betri bókum, ef þær eru þá til einhvers staðar.

Fullorðna fólkið mætti hafa frjálslegri vinnutíma. Þannig að það gæti sinnt börnunum og unnið þegar því sýnist. Þannig að það gæti bara laðað vinnutímann að sínu lífi. Það þarf líka að bæta kjör gamla fólksins, ekki spurning.

*Hver er eftirlætisstjórnmálamaðurinn þinn?*

Ómar Ragnarsson er í miklu uppáhaldi, var hann ekki grínisti fyrir nokkrum árum?

*Hvaða stjórnmálamenn þekkirðu í sjón?*

Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson. Ég þekki svipinn og krullurnar.



**ÍSLANDSHREYFINGIN ER MÁLIÐ** Árni Geir Valgeirsson er afar hrifinn af Ómari Ragnarssyni.

## Enginn nógu góður til að stjórna landinu

### ➜ Þórarinn Þórarinsson, 8 ára

*Ertu búinn að fylgjast með kosningabaráttunni?*

Nei. Ég hef bara horft á það pínu. Séð það í sjónvarpinu. En mér finnst það svo leiðinlegt að ég hef ekki nennt að horfa á það. Þetta er of mikið í sjónvarpinu.

*Hvaða flokk myndir þú kjósa ef þú fengir að kjósa í alþingiskosningunum á laugardaginn?*

Ég hef aldrei heyrt um þessa flokka. Eiga þeir að ráða landinu? Ég vil ekki hafa einhvern mann sem ræður öllu á Íslandi. Ég veit ekki um neinn mann sem er nógu góður til að stjórna landinu. Ef ég yrði að velja einhvern myndi ég horfa á alla DVD-diskana mína og velja einn leikara sem þar er, ég man ekki hvað hann heitir. En ég þekki röddina hans.

*Hvað finnst þér að stjórnmálamenn eigi að gera fyrir fólkið í landinu?*

Ég vil ekkert láta fullt af fólki gera eitthvað fyrir mig. Ég þarf ekkert svoleiðis. En það vantar rólur hjá Melaskóla. Þar er kastali og klifurgrind og eitthvað dót sem snýst. Mér finnst líka mjög pirrandi að það er búið að byggja þrjá ljóta kofa á Melaskóla. Mér og Jóni finnst það skemma Melaskólann. Þeir geta tekið kófana og sett rólur í staðinn.

*Hvernig fannst þér Eurovision?*

Mér finnst rauður fáránlegur litur á hári. En ég kaus Lordi í fyrra, þeir voru mjög flottir en Silvía Nótt var pirrandi. Í mjög pirrandi búningi.



**VILL FÁ LEIKARA TIL AÐ STJÓRNA LANDINU** Þórarinn Þórarinsson segist treysta fáum til að stjórna landinu. Það væri þá helst ákveðinn leikari sem hann hefur í huga sem leikur í bíómyndum sem hann á á DVD-diskum.

## ➜ ÓKEYPIS TANNVERND ER GOTT LOFORÐ

### KATRÍN SIGRÍÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR, 8 ára

*Hefurðu fylgst með kosningabarátunni?*
Já, ég hef séð auglýsingar frá flokkunum. Ég þekki Össur Skarphéðinsson og Geir H. Haarde í sjón. Líka Davíð Oddsson.

*Hvaða stjórnmálaflokk myndir þú kjósa, fengir þú að kjósa í alþingiskosningunum á laugardaginn?*
Ég myndi kjósa Samfylkinguna. Mér finnst hinir flokkarnir ekki vera nógu mikið í lagi. Samfylkingin er með flottasta merkið og flottustu litina. Og svo bjóða þeir líka upp á ókeypis tannvernd fyrir börn og betri framtíð.

*Hvað finnst þér að stjórnmálamenn eigi að gera fyrir fólkið í landinu?*
Ég myndi bæta við fleiri leiktækjum á leiksvæði skólanna. Skólinn verður aldrei gerður of skemmtilegur. Ef ég væri stjórnmálamaður yrði öllum látið líða vel, ekki bara fullorðnum heldur líka börnum. Launin þurfa líka að vera hærri fyrir kennara og starfsfólk í hjúkrunargeiranum, þau eiga að fá sömu laun og aðrir.

*Hver er eftirlætisstjórnmálamaðurinn þinn?*
Össur Skarphéðinsson. Hann er í miklu uppáhaldi. Ég veit ekkert sérlega mikið um stjórnmálamenn en tilfinningin segir mér að hann sé góður maður.



**HEFUR GÓÐA TILFINNINGU FYRIR ÖSSURI** Katrín Sigríður Steingrímsdóttir finnst Össur Skarphéðinsson bera góðan þokka.






100% FJÁRMÖGNUN

Nýr Chevrolet **Lacetti** Station
á aðeins **26.980,-** á mán.*

100% fjármögnun ☑
Engin útborgun ☑
Í erlendri mynt, vextir 4,27% ☑
3 ára ábyrgð ☑




Chevrolet **Lacetti**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
**Verð: 1.899.000,-**

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%) Aukabúnaður á mynd: Álfelgur

DYNAMO REYKJAVÍK

**Engin útborgun...**
...og þú ert kominn á **nýjan fjölskyldubíl!**

Lacetti

**Vertu klár** – engin útborgun fyrir nýjan bíl

**Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun** og borgar aðeins **26.980 kr.** á mánuði.
Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum.
**Vertu því klár**, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET

# Hvað segja tölurnar okkur?

Það leggst allt á eitt laugardaginn 12. maí. Landsmenn ganga að kjörborðinu í alþingiskosningum, Eurovision-keppnin verður haldin í Finnlandi og þá hefst Íslandsmeistaramótið í knattspyrnu, svo dæmi séu tekin. Fréttablaðið fékk talnaspekinga til að rýna í tölur dagsins og spá hvaða úrslit þær kunna að hafa í för með sér.

Þversumma dagsetningarinnar 12. maí er átta, sem Sigríður Klingenberg spákona segir tákna mikinn hraða og skiptingu. „Daginn ber líka upp hinn 12. maí en talan tólf er heilög og kemur víða við.“ Í talnaspekinni er talan átta líka tákn óendanleikans, dauða og fæðingar. „Þessum degi fylgir mikið afl, það er gott að trúlofa sig á þessum degi, gott að búa til börn sem og að koma undir í þessari orku,“ segir Sigríður.

Hermundur Rósinkranz talnaspekingur tekur undir að deginum fylgi miklir kraftar efnislega heimsins en margir þættir hafi áhrif á hin kosmísku áhrif á fólk. „Þetta er velgengnistala en líka tala sjálfseyðingar,“ segir hann með þunga. „En það er að ýmsu að huga. Nafn viðkomandi og fæðingardagur skipta líka máli.“

Lífstala fólks skiptir ekki síst máli þegar meta á hvort viðkomandi eigi góðan eða slæman dag fyrir höndum. Hefði Eiríkur Hauksson til dæmis komist áfram í Eurovison væri hann á grænni grein í dag, því lífstala hans er líka átta. „Það er ávísun á velgengni þegar lífstala manns er sú sama og tala dagsins. Eiríkur hefði því komist langt í kvöld, enda plumar hann sig líka vel á sviði. Þótt hann sé hógvær og lítillátur nýtur hann þess að vera í sviðsljósinu. Hann þarf bara að læra að sleppa fyllilega fram af sér beislinu,“ segir Hermundur en bætir við að dagurinn sem forkeppnina bar upp á hafi verið slæmur fyrir Eirík. „Hann hefði þurft að vera heima og sinna heimilinu þennan dag,“ segir hann.

Um gengi stjórnmálaflokkanna í kosningunum í dag er erfiðara að rýna enda koma margir þættir við sögu. „Þetta er góður dagur til að gera viðskipti,“ segir Sigríður. „Kannski mun það nýtast flokkum sem eru viðskiptasinnaðri og í blárri kantinum.“ Lífstala formannanna skiptir líka máli eins og Hermundur bendir á. „Tökum Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson sem dæmi. Talan 22 kom við sögu hjá Davíð, sem er tala stórmenna; manna sem hugsa stórt, verkfræðinga sem reisa stórhýsi og svo framvegis. Halldór var hins vegar með töluna ellefu, sem er afskaplega viðkvæm og má ekki við miklu mótlæti enda var Davíð alltaf með hann í vasanum.“

Hermundur Rósinkranz rýnir í lífstölur formannanna:


SIGRÍÐUR KLINGENBERG SPÁKONA


HERMUNDUR RÓSINKRANZ TALNASPEKINGUR



## Ómar Ragnarsson

**Íslandshreyfingunni**
**Fæðingardagur: 16.09.40**
**Lífstala: 3**

Ómar hefur sömu lífstölu og Guðjón Arnar og þeir deila því mörgum einkennum. Ómar hefur hins vegar líka töluna 16, sem táknar rökhyggju, og það vinnur með honum. En þegar á öllu er á botninn hvolft er þristurinn uppistandari og grínisti. Það er líka mikil barátta í honum og hann er dálítið pólitískur, vill fá niðurstöður, en eins og aðrir þristar á hann það til að ýkja. Það er hins vegar ekki mikill samhljómur milli 3 og 8 og dagurinn er því ekki ávísun á velgengni hjá þeim Guðjóni og Ómari.



## Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

**Samfylkingu**
**Fæðingardagur: 31.12.54**
**Lífstala: 8**

Ingibjörg er í góðum málum því lífstala hennar rímar við daginn. Framkvæmdir, félagsleg staða, valdasókn og efnisleg markmið eru meðal þess sem einkennir þá sem bera töluna átta en hættir til að vera miskunnarlausir, ef ekki er að gáð. Út frá talnaspekinni er þessi dagur ávísun á velgengni fyrir Ingibjörgu og mér sýnist á öllu að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn séu að undirbúa hjónasængina.



## Steingrímur J. Sigfússon

**Vinstrihreyfingunni**
**Fæðingardagur: 04.08.55**
**Lífstala: 5**

Talan fimm einkennir þá sem eru dálítið fljótfærir og eiga jafnvel til að vera tækifærissinnaðir. Talan fimm táknar líka nýjungagirni og þenslu og þess vegna er Steingrímur dálítið einkennilegur, þar sem hann er jafnan á móti álverum og öðru sem veldur þenslu. Steingrímur hefur hins vegar fjarkann sér til fulltingis, sem táknar staðfestu og að hann er traustur vinur. Þeir sem hafa lífstöluna 5 þola ekki langvarandi skuldbindingar, til dæmis gagnvart ríkisstjórnarsamstarfi eða einhverju slíku.



## Jón Sigurðsson

**Framsóknarflokki**
**Fæðingardagur: 23.08.46**
**Lífstala: 6**

Eiginleikar sem tengjast þessari tölu eru meðal annars ábyrgð, vernd, samfélag og samúð. Hann er tilfinningavera og fjölskyldubönd skipta hann miklu. Talan fimm er hins vegar undirliggjandi og veldur að þetta er sveiflukenndur karakter, oftar en ekki eru þessar tölur undirliggjandi hjá listafólki. Þetta er hins vegar ekki góður dagur fyrir hann á bakvið tölurnar eru sterkar kenndir, til dæmis í átt að taugaveiklun sem aukast undir þrýstingi og laugardagurinn er dagur mikilla krafta.



## Geir H. Haarde

**Sjálfstæðisflokki**
**Fæðingardagur: 08.04.51**
**Lífstala: 1**

„Geir er ás, sem þýðir að hann er sterkur karakter sem er illa við að láta stjórna sér. Hann er leiðtogi með rökhyggju en heldur aftur af sér. Yfirleitt segir ásinn hlutina hreint út en G-ið í nafni Geirs veldur því að hann heldur aftur af sér. Þetta verður hins vegar líklega ágætur dagur fyrir hann.



## Guðjón Arnar Kristjánsson

**Frjálslynda flokknum**
**Fæðingadagur: 05.07.44**
**Lífstala: 3**

Guðjón er þristur, sem þýðir að hann er gleðibolti, en út af fimmunni er líka einhver óstöðugleiki í honum. Þristarnir eru hins vegar jákvæðir að því leyti að þær sækjast eftir nýjungum. Þeir eru barngóðir og draga að sér börn, að hluta skýrist það af því að þristurinn er litli strákurinn sem vill ekki vaxa úr grasi.



# MÆLISTIKAN

## Á uppleið

**Listahátíð**
Frábært að fá menningu sem höfðar til allra og er ekki lokuð inni í galleríum.

**Kærastar og kærustur** sem ferðast mikið. Heldur ástinni ungri og þau koma alltaf með gjafir heim.

**Súkkulaðivax** Er víst á leiðinni til landsins. Þá erum við að meina háreyðingarmeðferð á nára og leggjum sem fer betur með húðina og ilmar vel!



**Nýja plánetan** Pláneta eins og okkar? Við þangað á 25 ljósárum. Við elskum nýja hluti og jafnvel fólk!



**Karlmenn í sokkabuxum** San Francisco-ballettinn á leiðinni og alls kyns sirkusfrík um allan bæ. Heitt lúkk fyrir sumarið.

## Á niðurleið

**Eurovision** Allir komnir í fýlu og búnir að afpanta fríið til Króatíu í sumar. Hættum að eyða formúu í þetta landsmót sundraðra Austur-Evrópuríkja.



**Trampólín** Komin í hvern einasta garð og öskrandi börn æra nágrannana með hávaða og látum. Þar að auki stórhættulegt.



**Reykingar á svölum** Hugsið um að askan gæti flogið inn í næsta barnaherbergi. Oj barasta!

**Vinna** Veðrið er of gott ! Takið ykkur frí og borðið ís í Hljómskálagarðinum.

**MSN um ekki neitt** Fólk sem skrifar „ Hæ.. hef ekkert að segja í dag..“ en býst samt við svari.

# EUROVISION Í KVÖLD

## HÆTTUM AÐ GRENJA OG KJÓSUM FINNA OG SVÍA...




2.199

Eurovision 2007
Ýmsir - 2CD




899

Söngvakeppni 2006
Ýmsir




1.499

Svona er Eurovision
Ýmsir




2.199

Very Best Of Eurovision
Ýmsir - 4CD




1.499

Eurovision 1986-2003
Ýmsir




1.499

20 Ár í Eurovision
Ýmsir

S·K·Í·F·A·N

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

**Aftur einstæðingur**

Ég var aftur orðinn einstæðingur, umkomulaus, vonsvikinn, iðrandi. Lindir allífsins voru horfnar niður í sandauðnir sálarinnar. Lóurnar horfnar úr móum og túnum. Spóarnir flúnir af melum og börðum. Hrossagaukurinn hættur að seiða til sín ástvininn uppi í bláma himinsins. Gustkaldur vindgnýr í fjallinu í stað glitrandi leiks lækjarins. Og ég söng án þess að unna hjarta mínu andartakshvíldar: Taktu sorg mína, svala haf. Taktu sorg mína, svala haf.

Þannig enda allir dagar, sem hefjast með ást á hinu forgengilega.

Þórbergur Þórðarson: Íslenzkur aðall (1938)

**Menn – karlar – konur**

Salome Þorkelsdóttir skrifar mér og telur eðlilegra að tala um karla og konur en menn og konur – og jafnvel fremur karlmenn og kvenmenn – en karlmenn og konur. Orðið maður getur merkt tegundina, en einnig karlmaður. Skýrt dæmi um fyrri merkingu má lesa í 13. kafla Laxdælu er Höskuldur Dala-Kollsson fór út að ganga: „sá hann þar tvá menn og kenndi; var þar Ólafur sonur hans og móðir hans“. Í kvæðinu alþekkta segir: „bæði menn og fljóð“ og er maður þar auðvitað karlmaður. Því er ærið löng hefð fyrir hvoru tveggja.

**Krefjast útrýmingu fátæktar!! –**

segir í fyrirsögn í Blaðinu 1. maí – og mætti þessi blaðamaður læra að so. krefjast stýrir eignarfalli og kvenkynsorð sem enda á –ing fá eignarfallsendingu –ar. Þessi blaðamaður er þó ekki einn um slík afglöp. Í Fréttablaðinu sama dag má lesa eftirfarandi: „Að sögn Bjarna er það rakið til þriggja þátta: Aukningu(ar) á umsvifum bankans, eflingu(ar) innviða bankans (nástaða) og fjárfesting(ar) í framlínustarfsfólki til frekari vaxtar.“ Þurfa blaðamenn ekki lengur að kunna venjulegar fallbeygingar?

**Framlínustarfsfólk?**

Þarna kemur líka við sögu torkennilegt orð: framlínustarfsfólk. Ég þykist að vísu hafa hugboð um merkingu þess orðs, en skelfing finnst mér það ljótt.

**Reynslubolti**

Ég hygg það nýmæli að tala um reynslubolta, einkum þegar reyndur maður lætur af störfum eða hverfur af vettvangi. Finnst mönnum það fallegt? Ég kannast við ýmiss konar bolta, meira að segja straubolta og drykkjubolta. Bolti getur merkt hár og gildur maður, og kannski er drykkjuboltinn einhver sem er mikill fyrir sér í drykkjuskap. En að tengja bolta reynslu, er það eðlilegt?

**Braghenda**

Þegar Guðmundur Magnússon lét af störfum á Austurlandi 1996, sendu starfsmenn og nemendur Hafnarskóla honum lítið hefti með sögum og ljóðum eftir nemendurna. Það var kærkomin sending. Heftið nefndu þau Undir Hornafjarðarmána. Hann þakkaði fyrir með eftirfarandi braghendu:

*Launa vil ég litla bók með ljóði mínu.*
*Hollar átti ég heillastundir*
*„Hornafjarðarmána undir“.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ TEHERAN

# Artí Teheran og iðandi listalíf

Í gær fór ég með Niki, leikkonuvinkonu minni, í eitt stærsta kvikmyndastúdíóið hér í borg. Við keyrðum í gegnum risa hlið og við veginn upp að húsinu stóðu há tré. Fyrir framan húsið var marmaraverönd með marmarasúlum og sundlaug í risa garðinum. Þetta var dæmigerð höll eins og venjulegt ríkt fólk bjó í á tímum keisarans. Eftir byltinguna tók stjórnin margar svona hallir í sína vörslu og núna hýsir þetta ótrúlega fallega hús kvikmyndabransann.

Þarna eru fullkomnustu klippiherbergin og hljóðstúdíóin í Íran. Íranar eru mikil kvikmyndaþjóð og írönskum kvikmyndagerðamönnum hefur gengið vel í alþjóðlega kvikmyndaheiminum, þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður heimafyrir, aðallega vegna stöðugrar ritskoðunar.

Ritskoðunin fer fram í þremur stigum. Fyrst þurfa leikstjórar að ritskoða sjálfa sig meðan á ferlinu stendur, þeir þurfa alltaf að hafa bak við eyrað hvað þeir mega og mega ekki og hversu langt þeir geta dansað á þeirri línu. Á öðru stigi skila þeir handritinu til ritskoðunarnefndar menningarráðuneytisins til að fá leyfi. Handritinu er yfirleitt breytt á því stigi. Þegar myndin er fullunnin fer hún aftur fyrir ritskoðunarnefndina sem gefur grænt ljós eða bendir á nokkrar senur sem eru ekki í lagi. Þá fer fram annað klippiferli til að fá græna ljósið. En þótt allt sé klippt í burtu sem gerð var athugasemd við fá ekki allar myndir leyfi. Þannig eru helstu leikstjórar Íran sem njóta alþjóðlegra vinsælda oftar en ekki bannaðir heimafyrir.

Í vikunni fór ég á bókaráðstefnu sem er sú stærsta í Mið-Austurlöndum. Þar voru allir mögulegir bókaútgefendur heimsins komnir saman en stjórnin fylgist vel með hvaða bækur eru í boði. Bækur eru oftar en ekki á bannlista. Það er fyndið að fletta í gegnum bækurnar í bókabúðunum og sjá límmiðana sem er búið að líma yfir einhverjar myndir. Sömuleiðis ritskoða íranskir höfundar sjálfa sig meðan þeir skrifa og bókin þarf að sleppa í gegnum ritskoðunarferlið áður en hún er gefin út. Um daginn hitti ég ungan rithöfund sem unnið hefur Bókmenntaverðlaun Írans. Hann sagði mér að bókaútgáfa hefði dregist saman eftir að nýi forsetinn tók við. Færri höfundar sleppa í gegn en áður.


HANNA BJÖRK Í ÍRAN

Sama gildir um tónlistarbransann. Þessi ritskoðun fer fram á eiginlega öllum stigum samfélagsins. Bæði í listum og daglegu lífi. Af því að netið er svo heiftarlega ritskoðað eru endalaust margar vefsíður bannaðar hér. Hér eru vefsvæði eins og YouTube og MySpace kolólögleg fyrirbæri og að sjálfsögðu blokkeraðar. En í staðinn eiga Íranar líklega bestu hakkara í heimi. Tölvunördar í Íran þurfa að vera helmingi klárari til að komast framhjá öllum þessum hindrunum. Ef eitthvað er bannað þá er það helmingi meira spennandi. Þannig eru ýmsar leiðir sem unga fólkið finnur til að komast framhjá filterunum og tónlist er „dánlódað“ grimmt af netinu. Íranskir krakkar hlusta á alla tónlist á mp3.


TEHERAN

Annars byggja Íranar menningu sína að miklu leyti á listum og listasaga Persíu er mjög rík. Fólk vitnar ennþá í helstu ljóðskáldin Hafez, Ferdosi, Saadi, og Rumi í daglegu lífi. Hafez er á rokkstjörnustalli og sömuleiðis Rumi sem er mjög vinsæll meðal unga fólksins. Hvergi hef ég séð jafn mikið af ungum krökkum með SLR-myndavélar á öxlinni, og þá er ég ekki að tala um túrista því þeir eru sjaldséðir, heldur ungt kreatívt Teheran-fólk. Ljósmyndun, málun, kvikmyndagerð, hljóðfæraleikur og svo framvegis er eitthvað sem fólk gerir mjög náttúrulega hér, og eru algeng hobbí. Málaratrönur þykja sjálfsögð húsgögn og þótt þú sért læknir, verkfræðingur eða tölvunarfræðingur er mjög líklegt að listrænir hæfileikar blómstri heimafyrir.

Þrátt fyrir allt og allt er hér blómstrandi listalíf. Í vikunni fór ég á opnanir í stærstu listamiðstöðinni hér í borg sem heitir einfaldlega Artist´s House. Þar var mikið líf og alls konar listum blandað saman. Þar voru heilu fjölskyldurnar mættar og aldursbilið var frá ungabörnum með snuð til gamalmenna í hjólastólum. Artist´s House er á nokkrum hæðum og þar var myndlistarsýningum, bíósýningum, spuna, leikritum, ljósmyndasýningum og svo framvegis blandað saman. Þar voru bæði frægir listamenn og leikarar og venjulegt fólk komið saman til að njóta. Umhverfis húsið er stór garður með gosbrunnum þar sem fólk sat úti og drakk te langt fram á kvöld meðan listalífið iðaði innandyra jafnt sem utan. Það verður ekki annað sagt en að Teheran sé mjög lifandi borg og fólkið sömuleiðis.

*hannabjork@gmail.com*
*hannabjork.blogspot.com*

## HELGARKROSSGÁTAN







Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net



**HITLER OG FÉLAGAR ÁRIÐ 1940** Heimildum um andspyrnuhreyfingar verður safnað í sérstakan gagnagrunn þar sem kynslóðir þeirra eru nú óðum að hverfa.

# Sungið á yfir tíu tungumálum

Nýstofnaður alþjóðlegur kvennakór sem ber nafnið Regnbogakvennakór Íslands heldur vortónleika sína á morgun í Fella- og Hólakirkju.

Kórinn flytur fjölbreytt efni, allt frá þjóðlögum til negrasálma. Sungið verður á yfir tíu tungumálum og klæðast kórfélagar enn fremur þjóðbúningum heimalanda sinna.

Stjórnandinn Natalía Chow Hewlett stofnaði kórinn síðastliðið haust og markið var strax sett hátt. Kórinn hefur síðan þá komið fram við hin ýmsu tækifæri en þetta eru fyrstu formlegu tónleikar hans. Félagar í kórnum koma frá fimmtán þjóðlöndum, þar á meðal frá Búlgaríu, Skotlandi, Suður-Ameríku, Japan, Kína og Nepal.

Natalía syngur jafnframt einsöng með kórnum en meðleikari á píanó er Julian Hewlett, sem jafnframt útsetti nokkur lög fyrir kórinn. Í hléinu verður selt kaffi og kökur sem konurnar baka sjálfar svo tónleikagestir geta smakkað kökur frá ýmsum löndum.



**RADDIR ÝMISSA ÞJÓÐA** Regnbogakórinn syngur á yfir tíu tungumálum. Stjórnandi hans er Natalía Chow Hewlett en meðleikari á píanó er Julian Hewlett. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Andspyrnan og saga hennar

Evrópusambandið hefur nú komið á fót safni á netinu þar sem finna má viðtöl á myndböndum við félaga úr andspyrnuhreyfingum í Evrópu. Vefritið Deutsche Welle greindi frá þessu á dögunum.

Sögum manna og kvenna sem börðust gegn uppgangi nasismans og fasismans í Evrópu á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar verður safnað í þennan gagnagrunn og þegar má þar finna tuttugu viðtöl við fólk víðsvegar úr Evrópu. Saga fórnarlamba Helfararinnar hefur verið skráð með margvíslegum hætti. Aðstandendum ERA – evrópska andspyrnugagnasafnsins – er umhugað um að skrásetja einnig sem mest af upplýsingum um andspyrnu- og hversdagshetjur sem lögðu sitt af mörkum en kynslóðir þeirra eru óðum að hverfa.

Sex lönd hafa þegar skráð sig til þátttöku í verkefninu, Ítalía, Þýskaland, Austurríki, Frakkland, Pólland og Slóvenía en vonast er til þess að fleiri bætist í hópinn. Á heimasíðu grunnsins, www.resistance-archive.org, eru fróðlegar upptökur og skjöl, kort, myndir og fræðitexta sem ungt fólk í Evrópu hefur safnað og unnið ásamt sagnfræðingum, kvikmyndagerðafólki og „minnis-hjálparkokkum“ en jafnframt er þar óskað eftir aðstoð almennings og ábendingum við að bæta hann.



**FJÖLDI STYRKJA** Heildarupphæð styrkja úr Pokasjóði hefur aldrei verið hærri. Alls voru 122 verkefni verðlaunuð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Veittu 122 verkefnum styrk

Landgræðslufélag Biskupstungna fékk í gær 7,5 milljón króna styrk úr Pokasjóði verslunarinnar. Þetta var hæsti styrkurinn sem veittur var en alls var úthlutað rúmum 100 milljónum til 122 verkefna.

Landgræðslufélagið í Biskupstungum hlýtur styrkinn fyrir uppgræðslu rofabarða og endurheimt landgæða í Biskupstungum en verkefnin sem hlutu styrk voru af ýmsum toga á sviði umhverfismála, mannúðarmála, lista, menningar, íþrótta og útivistar.

Þetta er í tólfta sinn sem úthlutað er úr Pokasjóði en að sjóðnum standa 160 verslanir um allt land. Sjóðurinn fær tekjur sínar af sölu plastburðarpoka. Alls sóttu 900 aðilar um styrk úr sjóðnum. - þo





KYRON


Dísil vél tog 310 Nm, Sjálfskiptur.


Byggður á grind með hátt og lágt drif


Glæsileg og sérlega þægileg innrétting

Fullkominn jeppi fyrir íslenskar aðstæður



DYNAMO REYKJAVÍK

Hluti staðalbúnaðar
Dísil Túrbó Intercooler :::
5 Gíra sjálfskipting SideTronic :::
Sjálfvirkt miðstöð :::
Loftkæling :::
Cruise Control :::
Álfelgur og 31" Toyo dekk :::
Litaðar rúður :::
Leður stýri :::

KYRON - dísil - sjálfskiptur
Verð aðeins: Kr. 3.495.000,-

KYRON er fullvaxinn jeppi með hátt og lágt drif, byggður á grind og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í einstakri nýtingu á afli og frábærum akstursegiginleikum. Komdu til okkar á Tangarhöfðann, þú verður ekki fyrir vonbrigðum með þetta vel varðveitta leyndarmál.
Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppum í dag!

30 Bílabúð Benna 1975-2005 30 ára
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00
Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Gerum austurblokkina að okkar eigin!

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL SENDA ÍSLENDING „AF ERLENDU BERGI BROTINN“ Í EUROVISION



Eiríkur Hauksson kom, sá og fór aftur, án þess að vinna nokkurn skapaðan hlut. Ekki honum að kenna kallinum, hann stóð sig vel en gömlu sovétgrýlunni var ekki um hann gefið. Austanblokkin kramdi germanska goðið með endalausum bumbuslætti og dynjandi Scooter-takti.

Ef við ætlum okkur nokkurn tímann að geta eitthvað í Eurovision og komast með tærnar þar sem Selma og frakkaklæddu orkukanínurnar höfðu hælana er bara eitt í stöðunni. Fyrst Austur-Evrópa hefur undir fölsku flaggi frjáls flæðis vinnuafls og leitarinnar að betra lífi náð undirtökum í stigagjöf Vestur-Evrópu verðum við að gera það sama. Við verðum að leggja íslenska undirlægjuháttinn til hliðar og fella andstæðinga okkar á eigin bragði.

Við færum næsta X-factor upp á Kárahnjúka og finnum næsta Eurovision-keppanda þar. Einn af þessum þúsundum verkamanna hlýtur að kunna að syngja. Meðal þeirra fjölmörgu útlensku ræstitækna sem þrífa upp eftir lata Íslendinga hlýtur ein englarödd að leynast. Hvar sem við finnum næsta keppanda þá verður hann af erlendu bergi brotinn og það austurevrópsku bergi. Stuðlabergið er einfaldlega ekki að duga.

Svo liggur í augum uppi að við náum aftur í harmonikkusígaunana. Bjóðum þeim lágmarkslaun fyrir að standa bak við keppanda okkar og spila á harmonikkur og trommur, við verðum að hafa trommur. Við setjum vindvélina á fullt og syngjum um vonlausar ástir og forna frægð.

Við getum líka farið aðra leið. Við getum sætt okkur við breytt landslag í Evrópu og einbeitt okkur að einhverju öðru en hinni heilögu Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, eða Hinsegin dögum í Helsinki eins og keppnin er almennt kölluð. Við getum litið í eigin barm og spurt hversu mikið af frambærilegri tónlist geti komið frá einni rótgrónustu opinberu stofnun landsins í keppni sem fæstir taka sem nokkru öðru en einnar kvöldstundar skemmtun.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

X-2

2 skemmtilegri

EITT KOSNINGALOFORÐ:

GLÆSILEG OG SPENNANDI KOSNINGAVAKA

KL. 21:00

- í opinni dagskrá




KOSNINGAVAKAN Í BREIÐTJALDSÚTSENDINGU

Styðjið á "P.Size" takkann á fjarstýringunni og veljið "16:9 Full skjástærð"

Stöð 2 og Sýn hafa nú hafið breiðtjaldsútsendingar, fyrstar allra sjónvarpsstöðva á Íslandi. Eigendur breiðtjaldssjónvarpstækja sem vilja tileinka sér þessa tækninýjung þurfa að breyta stillingu á myndlyklinum þegar breiðtjaldsútsendingar standa yfir.

**!** **Kl. 14.00**
*„Ástarörlaganna þjáningarfulla sæluvíma“. Myndlistarmaðurinn Jón Garðar Henrysson heldur sýningu á teikningum og sæluvímudúkum í sýningarsalnum Populus Tremula á Akureyri. Sýningin er opin þessa einu helgi milli kl. 14 og 17.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Þrír rómantískir menn*

Saxófónleikarinn Sigurður Flosason og píanóleikarinn Kjartan Valdemarsson halda tónleika með völdum sönglögum eftir Franz Schubert í eigin útsetningum í Laugarneskirkju kl. 16 í dag. Þar geta íbúar á höfuðborgarsvæðinu róað taugar sínar á kjördag og varið innilegri klukkustund með með þremur rómantískum karlmönnum: Kjartani, Sigurði og Franz.

Sönglög Schuberts og tveir djasstónlistarmenn er kannski ekki augljós samsetning. En hin rómantísku lög Schuberts innihalda þó allt sem spunamaður getur óskað sér í efnivið; þau eru hlaðin tilfinningum, hádramatísk og stútfull af áhugaverðum hljómrænum ferlum.

Hér er þó síst meiningin að „djassa“ Schubert með sveiflu og gangandi bassa. Þvert á móti er hugmyndin að láta lögin njóta sín, oft í nær upprunalegu formi og spinna út frá þeim á sem fjölbreytilegastan máta; stundum byggt á stemningu lagsins, stundum á titli og texta og stundum á hljómagrind. Þetta er hvorki klassík né djass heldur tveir tónlistarmenn með fjölbreyttan bakgrunn að takast á við klassískan efnivið á nýjan hátt. Lögin eru valin úr hópi þekktustu stakra laga meistarans.

Dagskráin var frumflutt í Laugaborg í Eyjafirði sunnudaginn 6. maí síðastliðinn og hlaut frábærar undirtektir.



**LÖGIN NJÓTA SÍN**
Þeir elska Schubert þeir Sigurður Flosason og Kjartan Valdemarsson.



**>Ekki missa af...**

tónlistarþættinum **Fimm fjórðu** með **Lönu Kolbrúnu Eddudóttur** á Rás eitt í dag. Eftir fimmfréttirnar skoðar Lana spunalist djassins frá öllum hliðum og leikur til dæmis sýnishorn af músík **EST-tríósins** sem halda mun tónleika á **Listahátíð** í vor.

# Traustur maður á réttum stað

**CoBrA-sýningin stóra sem var opnun Listahátíðarinnar í Reykjavík í gær verður ekki ekki til af sjálfu sér. Forráðamenn Listasafns Íslands drógu enga dul á að þegar farið var í alvöru að ræða hugmyndina, sem kom upp í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn, hafi enginn annar komið til greina til að setja sýninguna saman en Norðmaður á eftirlaunum: Per Hovdenakk, fyrrverandi safnstjóri á Onstadt-safninu í Osló.**



**MYNDLIST** Listfræðingurinn Per Hovdenakk hefur notið þess að þekkja flesta málarana í CoBrA og er kunnugastur flesta núlifandi manna um verk og feril hópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það þarf heldur ekki að grafast lengi fyrir um feril Hovdenakks til að komast að því að hann er réttur maður á réttum stað. Verkefnið er snúið: verk Svavars Guðnasonar eru til hér á landi í miklu magni þótt mörg lykilverka hans frá CoBrA-tímanum séu í eigu erlendra aðila. Verra er með verk allra hinna félaganna sem Asger Jorn, Constant og Dotremont drógu saman í þennan formlega – og óformlega hóp listamanna fyrir tæpum sextíu árum. Það þarf harðfylgni og ótakmarkað traust til að ná verkum úr söfnum einstaklinga og opinberra safna, fá þau hingað sumarlangt og skipuleggja ferð þeirra áfram á virt og þekktari söfn í Skandinavíu en Listasafn Íslands. Enda stafar trausti af Per. Og bak við kyrrlátt og stillt fas þessa hlédrægna manns sem talar af yfirburða þekkingu og greind um svo óstýrilátan flaum sem CoBrA-hreyfingin var finnur áheyrandinn ólgandi ástríðu fyrir myndlist.

### Óseldar myndir vilja skemmast

Hovdenakk fær það erfiða hlutverk í myndarlegri sýningarskrá að setja lífsverk Svavars og margra annarra í samhengi af sanngirni. Ég spyr hann um textaverk Dotremonts sem voru sambland af af persónulegri útfærslu Belgans af kalligrafíu og myndlist og hann dæsir: „Alechinsky (sem var yngstur í þessum hóp og lifir enn í hárri elli) stóð fyrir yfirlitssýningu fyrir fáum árum á verkum Dotremont og það var ekki gott. Hann var einfaldlega ekki merkilegur málari.“ Við göngum um sali Listasafnsins og ég sé í einu verkanna sprungur og spyr hann hvort þetta sé algengur kvilli í verkum þessara málara sem smurðu gjarnan olíunni þykkri á strigann: „Þeir eru enn að gera við málverk sem Carl-Henning og Else Ahlfelt gáfu í safnið sitt í Hjerning. Þau voru lengi svo fátæk og Carl-Henning var með afbrigðum vinnusamur og agaður. Kjallarinn þeirra var fullur af verkum á striga og illa hitaður. Rakinn lagðist undir olíuna og menn eru skammt komnir að gera við þessi verk. Kostar milljónir.“

### Víða kunnur

Hann þekkir sögu flestra málverka á sýningunni frá því þau urðu til, hver eignaðist þau, þekkir feril þeirra. Og þetta er ekki eina sviðið sem þessi kurteisi og elskulegi maður hefur kynnt sér til hlítar. Hann hefur samið höfuðverk um Egil Jakobsen hinn danska: „Það á eftir að gefa út þriðja og síðasta bindið af verkaskránni en ég er búinn með það.“ Hann er talinn einn helsti sérfræðingur í heimi um verk Christos þess sem klæðir stórbyggingar heimsins lituðum klæðum: „Við erum búnir að þekkjast síðan í París 1961 og alltaf haldið sambandi. Hann er hættur öllum þessum stóru verkefnum og einbeitir sér að minni verkum. Svo þarf hann líka að telja peningana sína.“ Glettnin brennur í augum hans.

Per segir að CoBrA-hreyfingin hafi fyrst og fremst verið hreyfing málara þó þeir hafi margir sinnt öðrum formum, bæði skúlptúrum og grafík. Hann hikar ekki við að skilgreina gæði verkanna: „Þetta verk eftir Appel minnir svolítið á Jorn á tímabili. Þeir máluðu allir einhvern tíma eins og Jorn. Alechinsky fékk einhvern tíma að heyra það hjá Jorn og svaraði honum að sár að Appel gengi líka í smiðju til danska meistarans. Munurinn er sá, svaraði Jorn, að Appel er góður málari en það er þú ekki.“



**MYNDLIST** Hópurinn sem stóð að Höst-sýningunni í nóvember 1948 og átti líka verk á Haustsýningunni í Listamannaskálnum þá um sumarið. Asger Jorn liggur fremstur á gólfinu en Svavar vinur hans var þá kominn heim til Íslands.

**MERKI COBRA**



### Höfðinginn Asger Jorn

Per dregur enga dul á að í djúpri þekkingu sinni á högum CoBrA-málaranna, bréfaskiptum þeirra og deilum frá öndverðu og allt til loka þá er Asger Jorn sá sem hann dáist mest að. Enginn sem kynnir sér sögu þessara listamanna getur enda komist hjá því að dást að ótrúlegum krafti Jorns: „Hann var einstaklega gjafmildur maður og átti auðvelt með að fá alla á sitt band. Örlæti hans var einstakt. Hann stóð sjálfur yfir þrykkinu þegar unnið var við grafíkverkin og þegar starfsdeginum var lokið rakaði hann prufuþrykkunum saman óskráðum, rullaði þeim upp og fór með þau heim. Þar sat hann svo ég sendi fólki eitt og eitt áritað sem hafði einhvern tíma á lífsleiðinni aðstoðað hann endurgjaldslaust. Sumum félaga sinna hélt hann uppi á erfiðum tímum.“

### Verk CoBrA á markaði

Per horfir arnaraugum yfir stöðu CoBrA í evrópskri myndlistarsögu. Hann á auðvelt með að skilgreina einangrun og sumpart sjálfskipaða útlegð hér uppi á Íslandi. Hann segir hópinn hafa komist aftur í sviðsljósið þegar nýja málverkið kom upp í Þýskalandi um 1980. Því miður fari minna fyrir CoBrA en sanngjarnt geti talist: „Það eru sýningarstjórar og galleríistar sem halda nafni þeirra lifandi. Yngri menn kalla þetta stofulist og þeim finnst lítið í þessi málverk varið,“ segir hann og slær hendinni í átt að sýningarsölunum þar sem verk eftir verk ólgar af spennu og ólgandi litum.

„Ertu ánægður með þessa sýningu,“ spyr ég. Hann verður alvarlegur aftur og segir að hér séu mörg góð verk. Úrvalið sé gott og þjóni vel því erindi að setja Svavar í sitt rétta samhengi, eins og upphafsmönnum sýningarinnar var umhugað. „Sýning er svo margt, kynning, sýningarskráin, samhengið sem hún fellur í. Það munar mestu um framlag þeirra bræðra Lars og Jens Olesen. Þeir eiga ansi mörg fín verk eftir þennan hóp og eru búnir að safna lengi.“ Per segir safneign stóru safnanna vera afar bundna við upphafsár CoBrA-manna. Síðari ár þeirra séu í raun ekki síður merkileg og þar komi menn að tómum kofunum hjá söfnunum. Þá verði að leita til safnara. Verk eftir flesta úr hópnum má kaupa enn víða í Evrópu, printin þeirra fást fyrir góð verð, en þá verða menn líka að kunna fyrir sér. Málverkin seljast í nokkrum hundruðum þúsunda. Framboðið er mest í Danmörku og nú er að hverfa sú kynslóð sem átti mest af málverkum og annarri myndlist þessa hóps.

### „Þetta færðu...“

Verð er enda afstætt: Á vinnustofu Svavars Guðnasonar í Höfn kom kaupandi. Á trönunum stóð sú magnaða mynd Ofstækismaðurinn eftir Hornfirðinginn. Gesturinn spurði um verð og Svavar sagði hvað hann vildi fá fyrir verkið.

Kaupandinn tók að prútta og nefndi helming ásettrar upphæðar. Fyrir þann pening færðu þetta svaraði Svavar, tók pensilinn af blautu litaspjaldi með hvítum lit og gerði ferning inn í myndina miðja, sem stendur þar enn þann dag í dag.

Per brosir dauflega við þessari sögu: „Þetta fólk var svo fátækt, það leit enginn við myndunum þeirra sem var ein ástæða þess að hópurinn klofnaði og þeir fóru hver í sína átt. En myndirnar þeirra eru margar...“ hann lítur aðeins í kringum sig, „..dásamlegar.“

pbb@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

9 10 11 **12** 13 14 15

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 14.00 **Sumratónleikar barnakóra** verða haldnir í **Skálholti**. Þar hittast **Barnakór Árbæjarskóla**, stjórnandi Anna María Bjarnadóttir, **Barnakór Biskupstungna**, stjórnandi Hilmar Örn Agnarsson, og **Barnakór Digranesskóla**, stjórnandi Þórdís Sævarsdóttir. Á dagskránni eru létt og skemmtileg lög í sumaranda. Allir hjartanlega velkomnir.

☐ 16.00 Sönglög **Schuberts** á saxófón og píanó. **Sigurður Flosason** og **Kjartan Valdimarsson** halda tónleika í **Laugarneskirkju** og flytja, með sínum hætti, rómantísk lög Franz Schuberts á píanó og saxófón.

### OPNANIR

☐ 16.00 Bandaríski listamaðurinn **Spencer Tunick** opnar sýningu á nýjum verkum í **gallerí i8** á **Klapparstíg**.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 **Handverkssýning** og **uppákomur** á **Vitatorgi**. Sýndir verða listmunir sem gestir hafa unnið í félagsmiðststöð Vitatorgs að undanförnu auk þess sem **Vitatorgskórinn** og **Vitatorgsbandið** troða upp og skemmta gestum. Barnakór heimsækir staðinn á laugardag. Félagsmiðstöðin er öllum opin óháð aldri.

### OPIÐ HÚS

☐ 11.00 Opið hús í **Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar** að **Engjateigi**, **Hraunbergi 2** og í **Árseli í Árbæ**. Nemendur flytja tónlist, spjallað verður um skólann og gestum sýnd húsakynni. Notaleg morgunstund með músík.

### UPPÁKOMUR



☐ 17.00 Dagskrá í **Vatnasafninu** í **Stykkishólmi**. Lestur með **Roni Horn** og **Guðrúnu Evu Mínervudóttur**. Með þessum upplestri verður Vatnsbókasafn Roni Horn formlega opnað og verkefninu Gestarithöfundur Vatnasafnsins hleypt af stokkunum, en að þessu tilefni kemur einnig út bókin **Veðrið vitnar um þig**, safn frásagna 75 íbúa Snæfellsness af veðri og tíðafari.

### SÝNINGAR

☐ 12.00 Yfirlitssýning verkum höggmyndalistamannsins **Andrew Rogers** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar** en listamaðurinn hefur nýlega lokið við að koma upp stórtækum **landslistaverkum** í nágrenni Akureyrarbæjar.

☐ 12.00 í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** standa nú yfir sýningar á verkum frönsku ljósmyndaranna **Jo Duchene** og **Damien Peyret** í tilefni af **Frönsku vori á Íslandi.** Í Skotinu sýnir finnski ljósmyndarinn **Sari Poijärvi.**

☐ 13.00 **Kristinn G. Harðarson** sýnir í **Anima gallerí** í **Ingólfsstræti**. Sýningin stendur til 19. maí.

☐ 13.00 **Frá einum til óendanleika** heitir samsýning fimm norrænna textíllistamannanna í **Listasafni ASÍ**. Listamennirnir vinna með ólík efni og tjáningarmáta; þeirra **Önnu Þóru Karlsdóttur** og **Guðrúnar Gunnarsdóttur** frá Íslandi, **Marianne Mannsåker** frá Noregi og **Agneta Hobin** og **Kristiina Wiherheim**.

☐ 14.00 Sýning **Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur** í **Gallerí+, Brekkugötu 35** á Akureyri er framlengd og mun standa til og með sunnudagsins 13. maí. Opnunartími er laugar- og sunnudaga frá 14-17 og aðra daga eftir samkomulagi í síma 462 7818.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Tónamínútur fyrir flautu og píanó

Verk Atla Heimis Sveinssonar, Tónamínútur, verður flutt á tónleikum í Þjóðleikhúsinu á morgun í tilefni af Listahátíð í Reykjavík. Tónamínútur er verk fyrir einleiksflautu og flautu og píanó en flytjendur verða Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og tónskáldið sjálft.

Atli Heimir hefur verið leiðandi tónskáld í íslensku listalífi í áratugi og samið fjölda tónverka. Verk fyrir flautu eru áberandi á verkaskrá hans enda gjörþekkir hann hljóðfærið, möguleika þess og takmarkanir. Hann dregur fram eðli eða karakter flautunnar og skrifar tónlist þar sem syngjandi flaututónninn jafnt sem lipurð hljóðfærisins fær að njóta sín á tónsviðinu öllu. Í því samhengi má nefna að árið 1976 hlaut Atli tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir flautukonsert sinn. Í fyrra kom út diskur sem inniheldur öll verk hans fyrir einleiksflautu og flautu og píanó í flutningi Áshildar Haraldsdóttur, tónskáldsins sjálfs og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur og hlaut sá diskur tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem besti diskur ársins 2006.

Á tónleikum Listahátíðar verða flutt nokkur þeirra verka sem sá diskur hefur að geyma: Xantis, fyrir flautu og píanó, frá árinu 1975, Lethe fyrir altflautu frá 1987, 21 tónamínúta fyrir einleiksflautu frá 1981 og Sónata fyrir flautu og píanó frá 2005.

Tónleikarnir hefjast kl. 15. á morgun.



ÁSHILDUR HARALDSDÓTTIR FLAUTULEIKARI



ATLI HEIMIR SVEINSSON TÓNSKÁLD






**VERK ELLENAR KARIN MÆHLUM** Kannar undirliggjandi form og falin munstur með hjálpartækjum og aðferðum vísindamanna.

# Listin og vísindin

Norska listakonan Ellen Karin Mæhlum hefur á undanförnum árum unnið röð verka sem hún kallar „Geoþrykk“ og opnar sýningu á þeim á vegum Íslenskrar grafíkur í dag.

Upphaf vinnu Mæhlum má rekja til þess að henni var boðið að taka þátt í tveimur rannsóknarleiðangrum vísindamanna frá jarðfræðistofnun innan Háskólans í Osló á Svalbarða. Leiðangrarnir voru farnir árin 2003 og 2004. Markmið þeirra var að kanna norðlæg svæði sem hugsanlega kynnu að líkjast yfirborði Mars. Verkefnið er til undirbúnings ferðar sem verður farin til Mars árið 2009.

Í leiðöngrunum tók Mæhlum ljósmyndir, gerði skissur og fylgdist með vettvangsrannsóknum líffræðinga og jarðfræðinga. Einnig fékk hún tækifæri til að nýta sér aðferðir og tæki vísindamanna, meðal annars færanlega stafræna smásjá sem hún notaði til að skoða og ljósmynda örsmáar agnir úr steinum. Einnig hafði Mæhlum aðgang að myndefni sem varð til við vísindarannsóknirnar. Þessar aðferðir opnuðu möguleika á að horfa á náttúruna með nýju móti, kanna undirliggjandi form og falin munstur, ýmist í smáheiminum eða á stærri skala.

Sýning Mæhlum er gott dæmi um hvernig listir og vísindi geta myndað opið og áhugavert samtal sem leiðir inn á ný og ókönnuð svæði. Mæhlum hefur sýnt verk sín víða og eru verk eftir hana í eigu stærstu listasafna í Noregi. Verkin sem hún sýnir á Íslandi eru stór og tilkomumikil. Þau eru unnin með djúpþrykksaðferðum sem gefa kost á fjölbreyttri teikningu og ríku tónaspili.

Sýningin verður opnuð kl. 15 í dag í sal félagsins Íslensk grafík, Tryggvagötu 17 – hafnarmegin. Hún stendur til 27. maí og er opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14-18.

# Upphefð í annað sinn

**Sigríður Lára Sigurjónsdóttir leikskáld á heiðurinn að verkinu Listin að lifa sem var valið áhugaverðasta áhugaleiksýning leikársins 2006-2007. Þetta er í annað sinn sem höfundinum hlotnast þessi heiður en verkið verður sýnt í Þjóðleikhúsinu í júní.**



**FYRIR LISTINA AÐ LIFA** Leikarar Leikfélags Fljótsdalshéraðs, leikskáldið Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri fagna.

Sigríður Lára var fengin til að skrifa leikrit fyrir Leikfélag Fljótsdalshéraðs í tilefni af fjörutíu ára afmæli þess í ár. Sigríður Lára steig einmitt sín fyrstu leikhússpor með því leikfélagi en hún er ættuð frá Egilsstöðum. „Það atvikaðist nú bara þannig að þau höfðu samband við mig og ég leyfði þeim að skoða draslið mitt og svo sögðu þau mér hvaða leikrit þau vildu að ég kláraði,“ segir höfundurinn hæversklega. Hún segist hafa komið sér upp dálítlum sarpi til að sækja í og þegar fólk hafi samband leyfi hún því að grúska í „draslinu“. „Þetta tiltekna verk varð til sem stuttverk sem leikfélagið Hugleikur setti upp árið 2004 og var sýnt á stuttverkahátíð hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga. Það var upphafið og endirinn. Þetta er búið að vera svolítið skrítin þróunarvinna því nú skrifaði ég miðjuna í því.“ Verkið Listin að lifa var síðan frumsýnt á Iðavöllum á Héraði í nóvember á síðasta ári í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar.

Í umsögn dómnefndar, sem skipuð var Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra og Hlín Agnarsdóttur, listrænum ráðgjafa Þjóðleikhússins, kom fram að í verkinu færi saman „góð tilfinning höfundar fyrir því sem gerir texta áhugaverðan til flutnings á leiksviði sem og skapandi og frumleg úrvinnsla leikstjórans á efniviði höfundar“. Leikritið lýsir lífi þriggja einstaklinga nánast frá vöggu til grafar og er margslungið í einfaldleika sínum.

Sigríður Lára hefur fengist við leikritaskrif frá árinu 1996 og hefur til dæmis skrifað fyrir Hugleik og Stúdentaleikhúsið en verk hennar, Ungir menn á uppleið, sem hið síðarnefnda setti upp, var valið áhugaverðasta áhugaleiksýningin ársins 2001.

Sigríður Lára kveðst, líkt og allir aðrir sem skrifa fyrir leikhús, alltaf vera á leiðinni að skrifa fyrir atvinnuleikhúsin líka. „Ég hef alltaf ætlað mér að klára eitthvað nógu vel til að senda til verkefnavalsnefndanna en síðustu ár hefur verið svo mikið að gera í öðrum verkefnum. Nú er náttúrlega borðleggjandi að maður þarf að taka sig á og fara að einbeita sér aðeins meira.“ Hún áréttar að leikskáldin séu alls ekki jafn bundin af skilgreiningum um atvinnu- eða áhugaleikhús enda takist fáum að lifa eingöngu af skrifum, hvað þá aðeins fyrir leikhúsin. „Vonandi tekst mér að gera mér einhvern mat úr þessari upphefð,“ segir hún kímin, „mér finnst hroðalega skemmtilegt að skrifa leikrit og að fá greitt fyrir það væri alveg fáranlega mikil draumastaða – þó ekki væri nema fyrir eitt og eitt.“

kristrun@frettabladid.is


## Kvikmyndaskóli Íslands kynnir útskriftarverk nemenda

Brautskráningarverk nemenda af kvikmyndabraut verða sýnd í dag í Bæjarbíói, í Hafnarfirði, kl. 12:30.




Framleiðandi: Guðmundur Magnússon. Leikstjórn: Böðvar Þór Unnarsson & Haukur Viðar Alfreðsson. Kvikmyndataka: Gunnar Auðunn Jóhannsson. Handrit: Ari Eldjárn. Aðstoðarleikstjórn: Rannveig Magnúsdóttir. Klipping: Magnús Unnar Georgsson & Pétur Jónsson. Hljóðupptaka: Irma Þöll Þorsteinsdóttir. Leikmynd: Magnús Unnar. Hljóðvinnsla: Magnús Unnar. Grafík: Magnús Unnar Georgsson & Pétur Jónsson. Leikarar: Gunnar B. Guðmundsson, Álfrún Örnólfsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Magnús Ólafsson og Þorsteinn Bachmann.

15 ára
KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

*Einstaklingsverkefni - Stuttmyndir:*




Gunnar Auðunn Jóhannsson
**EINKASPÆJARINN**
*Fyrir bein áhrif frá sjónvarpinu er njósnað um nágrannann.*




Irma Þöll Þorsteinsdóttir
**INNSKOT IRMU**
*Tónlistin, tónskáldið og íslensk náttúra. –þrenning sem sameinast í einni stuttmynd.*




Pétur Jónsson
**LOKAKAFLINN**
*Hvenær drepur maður mann? Hugleiðing um innhverft ofbeldi.*




Rannveig Magnúsdóttir
**LUNDI Í HÆTTU**
*Veðurfarsbreytingar koma ekki aðeins niður á mannfólkinu. Dæmi úr dýraríkinu.*




Magnús Unnar Georgsson
**SMÁSAGA**
*Ungir menn þrá frægð og frama. – Og kannski líka eina kærustu.*




Haukur Viðar Alfreðsson
**STEINGRÍMUR**
*Virðingu fyrir náunganum má vekja upp í ólíklegustu hjörtum. Einnig vináttu.*




Böðvar Þór Unnarsson
**SPRENGJAN**
*Óbreytt ástand er ungu fólki stundum óbærilegt. Stutt mynd um byltingu.*




Guðmundur Magnússon
**VÍSNA BLÓM**
*Draumur um draum inni í draumi. Myndljóð um æskuna.*

Kvikmyndaskóli Íslands • Lynghálsi 5 • 110 Reykjavík • Sími 533 3309 • www.kvikmyndaskoli.is

*Aðgangur er ókeypis og öllum heimill*

# MARKAÐURINN

# Einfalt mál




## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.




**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga**



**Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2**



**Markaðurinn á Vísi alla daga**

**VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR**

Fíton/SÍA FI019902

Í samstarfi við Vesturport
ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
12. maí kl. 14
13. maí kl. 20 Uppselt
19. maí kl. 20 Uppselt
20. maí kl. 20 Uppselt
25. maí kl. 20 Uppselt
26. maí kl. 20 Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

PARS PRO TOTO - DANSLEIKHÚS
Von og G.Duo
Sun. 13. maí kl. 17
Mán. 14. maí kl. 20
Miðaverð kr. 2.000
AÐEINS ÞESSAR TVÆR SÝNINGAR Á DANSVERKUNUM VON EFTIR LÁRU STEFÁNSDÓTTUR & G. DUO EFTIR LÁRU STEFÁNSDÓTTUR OG VICENTE SANCHO
Sunnudaginn 13. maí kl. 17 - Aðeins þessar tvær sýningar
Mánudaginn 14. maí kl. 20 - Tryggðu þér miða á www.opera.is
ÓPERUDEIGLA ÍSLENSKU ÓPERUNNAR - FÖS. 18. MAÍ KL.16.30
Óperudeigla Íslensku óperunnar kynnir þrjár íslenskar óperur í vinnslu föstudaginn 18. maí kl. 16.30 - Umræður að kynningum loknum.
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir - Nánari upplýsingar á www.opera.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasalan flytur, sjá neðst!
Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 13/5 kl. 20:00 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Lau. 19/5 nokkur sæti laus, lau. 25/5 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!
CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5 nokkur sæti laus.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Sun. 13/5 örfá sæti laus, fös. 18/5 nokkur sæti laus, fös. 25/5. Sýningum fer fækkandi Umræður eftir sýninguna 13/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi og 18/5 með Ingólfi Ibraheem Shaheen.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Sun. 13/5 uppselt, mið. 16/5, uppselt og fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5 uppselt, sun. 20/5 örfá sæti laus, fim. 24/5 uppselt.
LES KUNZ - Gestasýning frá Frakklandi á vegum Listahátíðar
Í dag, lau. 12/5 kl. 14:00 uppselt.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur
Í dag lau. 12/5 kl. 11:00 uppselt og 12:15 örfá sæti laus, sun. 13/5 kl. 11:00 uppselt og 12:15 örfá sæti laus, lau. 19/5 kl. 11:00 og kl.12:15, sun. 20/5 kl. 11:00 nokkur sæti laus og 12:15. Aðeins þessar sýningar!
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 26/5 AUKASÝNING Síðasta sýning

LADDI 6-TUGUR
Þri 29/5 kl.20 UPPS.
Mið 30/5 kl.20 UPPS.
Fös 1/6 kl.20
Lau 2/6 kl.20 UPPS.
Lau 2/6 kl.22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl.14 UPPS.
Mán 4/6 kl.20 UPPS.
Mið 20/6 kl.20
Fim 21/6 kl.20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í dag kl.14
Sun 13/5 kl.20 UPPS. Lau 19/5 kl.20 UPPS.
Sun 20/5 kl.20 UPPS. Fös 25/5 kl.20 UPPS.
Lau 26/5 kl.20 UPPS. Fim 31/5 kl.20 UPPS.
Fös 1/6 kl.20 Sun 3/6 kl.20
Fim 7/6 kl.20 Lau 9/6 kl.20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 16/5 kl.20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrúnu Backman

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 30/5 kl.20 Mið 6/6 kl.20
Sun 10/6 kl.20 Fim 14/6 kl.20
Aðeins þessar 4 sýningar

SPÍTALINN
Eftir Jo Strömgren. Gestasýning frá Noregi.
Fös 18/5 kl.20 Lau 19/5 kl.20
Sun 20/5 kl.20

DAGUR VONAR
Fim 17/5 kl.20
Fös 18/5 kl.20
Fim 24/5 kl.20
Lau 2/6 kl.20
Fös 8/6 kl.20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Sun 13/5 kl.20
Fös 25/5 kl.20
Fim 31/5 kl.20
Sýningar hefjast að nýju í september

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 13/5 kl.13 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.14 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.15 AUKASÝNING
Síðustu sýningar
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl.20 UPPS. Fim 17/5 kl.20 UPPS.
Fös 18/5 kl.20 UPPS. Lau 19/5 kl.14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl.14 UPPS.
Sun 20/5 kl.20 UPPS.

LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl.20 Fim 7/6 kl.20
Fös 8/6 kl.20 Lau 9/6 kl.20
Forsýningar. Miðaverð 1.500

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# Kvöldmessa og vorhátíð


**SUÐRÆNIR TÓNAR AUÐGA ÍSLENSKA MESSU** Þjóðlagatónlist frá Norður-Argentínu, Bólivíu og suðrænir sálmar í síðustu kvöldmessu vetrarins.

Síðasta kvöldmessa vetrarins í Laugarneskirkju verður flutt annað kvöld að lokinni vorhátíð safnaðarins. Þar verður flutt Misa criolla, argentínsk messa eftir Ariel Ramírez, í stað hefðbundinna messuliða og auk þess sungnir suðrænir sálmar til þess að æsa upp sumarskapið. Hildur Eir Bolladóttir prédikar og þjónar fyrir altari.

Kór Laugarneskirkju syngur undir stjórn Gunnars Gunnarssonar organista; einsöngvarar verða Guðlaugur Viktorsson og Örn Arnarson. Tómas R. Einarsson spilar á kontrabassa, Matthías M.D. Hemstock á slagverk og Ómar Guðjónsson á gítara og mandólín. Það er tólf ára hefð fyrir slíkum kvöldmessum í Laugarneskirkju en þær byrjuðu 1995.

Í aldanna rás hefur verið vinsælt meðal tónskálda að færa messuliði klassískrar messu í fjölskrúðugri búning og gera úr þeim sjálfstæð tónverk. Hér má segja að hlutunum sé snúið við og Misa criolla notuð til að auðga hefðbundna íslenska messu og fylla hana af suðrænni angan, birtu og yl. Tónlistin við messuliðina er þjóðlagatónlist frá sveitum Norður-Argentínu og Bólivíu en sveitatónlistin sker sig að nokkru leyti frá tónlist borganna þar sem tangóinn átti mestu fylgi að fagna. Sem fyrr segir eru allir sálmar kvöldmessunnar auk þess ættaðir frá Suður-Ameríku eða hafa verið þýddir úr spænsku.

Messan hefst kl. 20.

Viðburðir Landnámsseturs í maí
la 12. kl. 20 - KK og Einar laus sæti
mi.16.kl. 16 - Mr. Skallagrímsson aukasýning - örfá sæti laus
mi.16 kl. 20 - Mr.Skallagrímsson Uppselt
fö. 18. kl. 20 - Mýramaðurinn
lau.19. kl.20 - Mr.Skallagrímsson Uppselt
sun. 20. kl. 20 - KK og Einar laus sæti
fö. 25. kl. 20 - Mr. Skallagrímsson Uppselt
lau 26. kl. 20 KK og Einar laus sæti
má. 28. kl.20 Mýramaðurinn
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

KRINGLUKRÁIN
Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
13. maí Sun kl. 14 Uppselt
20. maí kl. 14 örfá sæti laus
Síðustu sýningar
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

TIL HAMINGJU 14



**LITRÍK MYNDLIST FRJÓRRA HUGA** Davíð Örn Halldórsson og Sigrún Huld Hrafnsdóttir deila ást á myndlist og sýna saman verk í Norræna húsinu. Hér gefur að líta verk eftir Sigrúnu.

# Óvenjuleg listapör

Óvenjuleg myndlistarsýning á vegum hátíðarinnar List án landamæra verður opnuð í Norræna húsinu í dag. Þetta er sannkölluð parasýning þar sem fimmtán ólíkir listamenn sameina krafta sína en meðal þátttakenda eru meðal annars pörin Gauti Ásgeirsson og Finnbogi Pétursson, Halldór Dungal og Hulda Hákon og Guðrún Bergsdóttir og stúlkurnar í Gjörningaklúbbnum.

Myndlistarfólkið Davíð Örn Halldórsson og Sigrún Huld Hrafnsdóttir, sem einnig er kunn fyrir afrek sín á íþróttasviðinu, unnu saman að verkinu „Kofaköttur“. „Þetta er stórt málverk á viðarplötu, unnið með blandaðri tækni,“ útskýrir Davíð. „Við erum bæði úthverfabörn og alin upp í Breiðholti svo það mætti segja að viðfangsefnið væri samspil úthverfanna og náttúrunnar.“ Davíð segir að samstarfið hafi gengið vel og þau séu bæði við stjórnvölinn en hlutverk hans hafi meðal annars verið að stækka sýn samstarfskonu sinnar. „Ég sá strax að Margrét [M. Norðdahl, framkvæmdastjóri Listahátíðar án landamæra] hafði haft rétt fyrir sér að para okkur saman. Við erum bæði mjög litrík og alveg smellpössum saman.“

Davíð er mjög ánægður með þetta framtak. „Þetta er ótrúlegt fyrirbæri, það eru frjóir hugar sem standa að baki þessu og myndlist þátttakendanna er það líka. Ég hef sjálfur verið að vinna svolítið með utangarðsmyndlist og gat því ekki afþakkað svona tækifæri. Svo er auðvitað dásamlegt að kynnast Sigrúnu og hennar myndum.“

Samstarfsverkefninu eru margskonar. Til dæmis sýnir myndlistarkonan Hulda Hákon verk sem blindir geta skoðað með höndunum. Hennar samstarfsmaður Halldór Dungal er aftur blindur málari sem sýnir verk fyrir sjáandi. Tolli og Gígja Thoroddsen sýna málverk af fólki, þar af eitt sem þau unnu í sameiningu, og Guðrún Bergsdóttir og Gjörningaklúbburinn sýna innri mynstur, textíl og vídeóverk sem þessar fjórar listakonur hafa unnið saman.

Sýningin verður opnuð kl. 15 í dag en hún stendur til 3. júní. Hún er opin alla daga nema mánudaga milli 12 og 17.

- khh

# Dansað í Óperunni

Dans-leikhúsið Pars pro toto er vaknað enn á ný eins og það gerir reglulega: tilefnið er boð um að sýna tvö verk á hátíð í Stuttgart í Þýskalandi hinn 18. og 19. maí næstkomandi. Þar hefur flokknum verið boðið að sýna verkin Von og G.Duo á Íslandshátíð þar í bæ.

Og meðan járnið er heitt verða tvær sýningar hér á landi í samstarfi við Íslensku óperuna, sú fyrri í dag kl. 17 og á morgun kl. 20. Pars pro toto (PPT) er sjálfstæður danshópur undir forystu Láru Stefánsdóttur, en hópurinn setur að jafnaði upp eina til tvær nýjar sýningar á ári, með margvíslegum dönsurum og listamönnum. Að þessu sinni frumflytur PPT verkið G.Duo og eru höfundar þau Lára Stefánsdóttir og Vicente Sancho. Vinnuaðferðir Láru og Vicente Sancho eiga sérlega vel saman, Sancho kemur úr heimi látbragðsins með rætur í Decroux-tækni og bókmenntum en hefur einnig unnið mikið sem dansari og leikari.

Lára Stefánsdóttir hefur langa reynslu að baki sem dansari og danshöfundur og unnið til margvíslegra verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín. Þau dansa í G.Duo ásamt þeim Kamil Warchulski frá Póllandi, Sögu Sigurðardóttur og Sverri Guðjónssyni. Leikræn útfærsla er í umsjón Vicente Sancho, tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson og Guðna Franzson en um lýsingu sér Björn Bergsteinn Guðmundsson. G.Duo er styrkt af Reykjavíkurborg. Dansverkið Von var sýnt í Íslensku óperunni í nóv 2005 og fékk fádæma góðar viðtökur. Von er byggt í kringum nokkur ljóða Árna Ibsen rithöfundar og er nú endursýnt með nýjum karldansara, Kamil Warchulski, sem leysir Hannes Egilsson af hólmi.

- pbb



**LISTDANS** Lára Stefánsdóttir er á förum með dönsurum sínum til Stuttgart en verður með sýningar í Óperunni í dag og á morgun.

# *Tengsl hests og manns*

Þuríður Sigurðardóttir, Þura, kynnir myndbandsverk og sína nýjustu málverkaröð á sýningunni „STÓÐ“ í galleríi Suðsuðvestur í Reykjanesbæ. Sýningin verður opnuð kl. 16 í dag.

Viðfangsefni á sýningunni er íslenski hesturinn og býður listamaðurinn áhorfandanum að taka þátt í rannsókn sinni á tengslum manns og dýrs í gegnum upplifun lita og áferðar feldsins. Með því að höfða til löngunarinnar til að klappa mjúkum dýrum verða málverkin nánast ómótstæðileg og um leið koma fram spurningar um málverkið sem miðil. Þaulunnin og tímafrek kallast þau á við listasöguna og vega salt milli hins fígúratífa og abstrakt.

Um leið og Þura vinnur með upplifun áhorfenda í sýningarrýminu skoðar hún líka eigin upplifun úti í náttúrunni í hestamennsku.

Hún reynir ekki að endurgera reiðtúr heldur, líkt og í málverkunum, einangrar takmarkaðan hluta þeirra upplifunar og þaulskoðar í formi myndbands.



**MÖGULEIKAR MÁLVERKSINS OG SNERTIÞRÁIN** Þuríður Sigurðardóttir rannsakar tengsl dýrs og manns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Kate moss línan** fyrir Top Shop – Kate Moss Loves Top Shop – er væntanleg til Íslands í næstu viku. Búðin verður opnuð með pompi og prakt að morgni föstudagsins 18. maí og má því búast við því að íslenskar tískudrósir flykkist í Smáralindina í löngum röðum ef marka má viðtökur við Kate Moss-línunni erlendis.

**Og meira af Kate..** Línan var sýnd í hinni frægu stórverslun Barneys í New York í vikunni. Haldið var tískuteiti og hópar af fólki þyrptust í kringum búðina í von um að berja fröken Moss augum.. Og fötin eru næstum öll uppseld í London.

**Hárspangir Thelmu,** sem allir tískustelpur Reykjavíkur vonandi eiga, fengu umfjöllun í nýjasta hefti breska Vogue. Spangirnar fást í Trilogiu en Thelma vonast til að selja þær í París og London von bráðar.

**stíll**

utlit@frettabladid.is

**Ilmvatn** sem fær mann til að brosa. Frá Þremur hæðum.





**Fagra gyllta sandala** í grískum stíl frá Freelance. Fást í gallerí 17.

OKKUR LANGAR Í ...

**Skikkju** í anda Loðvíks fjórtanda eftir Bernhard Wilhelm. Fæst í kronkron.





## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# *Fallaxartíska*

Ég varð fyrir því síðustu jól að „festast“ í korseletti eftir heljarinnar hangikjötshlaðborð og gat ómögulega komist úr því sjálf. Ég þurfti því að eyða nokkrum stundum í að líða eins og aðþrengdri konu frá fyrri öldum í hvalbeini og silki. Ég rifjaði þetta upp þegar ég loks horfði á kvikmyndina Marie Antoinette eftir Sofiu Coppola um daginn. Stórfenglegir búningarnir skildu eftir hjá mér undarlegan keim af rósrauðum fjaðraskreyttum rjómakökum og slatta af absúrdisma. Aumingja Marie Antoinette sem varð fyrir barðinu á illum tungum og rógburði. Hún sagði víst aldrei „Hvers vegna borða þau ekki kökur?“ og missti höfuð sitt í fallöxi frönsku byltingarinnar. „La Dauphine“ varð þó ein frægasta tískugyðja sögunnar, gerði París að hátískuborg og skandaliseraði með sínum brjálæðislegu íburðarmikla klæðaburði. Hún var barnlaus fyrstu sjö árin í hjónabandi sínu við krónprinsinn og því var staða hennar innan hirðarinnar fallvölt. Með tískubyltingu sinni styrkti Marie Antoinette völd sín. Hún hóf tískubylgju með brjóstsykurslituðum, demantsofnum kjólum, ótrúlegum þriggja feta háum hvítum hárkollum og hárgreiðslum sem í voru heil líkön af borgum, skipum eða fjarlægum löndum. Korselettin voru svo þröng og flegin að næstum því öll munúðarfull nekt brjóstanna var til sýnis. Ímyndunaraflinu og íburðinum voru engin takmörk sett. Í litlu sveitahöllinni sinni gekk hún í gegnsæjum kjólum sem fengu hirðina til að gapa af hneykslan. Hún var konan sem gat gert allt, gengið í öllu og eytt öllum þeim fjármunum sem henni sýndist, sem að lokum varð til þess að þjóðin kallaði fyrst á ljóshært höfuð hennar undir „la guillotine“. Kvikmyndin fékk mig til að hugsa um hversu geld tískan er í hinum frjálsa nútímaheimi miðað við þennan seinni hluta átjándu aldar. **Ímyndið ykkur heim þar sem allir í kringum ykkur ganga daglega í haute couture fötum Johns Galliano og ýkið svo um helming.** Heim þar sem þröng korselett, krínólínur, hvítpúðruð andlit og hár á konum jafnt og karlmönnum, svartir fegurðarblettir málaðir ofan í sýfilis- og bólusóttarör, slaufur, sokkabuxur og silki voru daglegt brauð. Heim sem er algjörlega absúrd og súrrealískur í íburði og tísku sinni og á ákveðinn hátt jafnvel hálf ógnvekjandi fyrir okkar einfalda nútímasmekk. Undanfarið ár, eða síðan mynd Coppola var sýnd í Cannes, hafa tískuhönnuðir fengið innblástur frá frægustu drottningu Frakklands. Gegnsæjar blómaskreyttar flíkur í pastellitum verða áberandi í sumar með íburðarmiklum, efnismiklum kjólum og jafnvel fjöðrum og glitrandi steinum. Korselett koma áfram sterk inn en á öld frelsis munu þau væntanlega stoppa stutt við og aðeins rétt kinka kolli í átt til fyrri alda. Ég verð þó að viðurkenna að einstöku sinnum í okkar frjálslega vestræna heimi er eitthvað syndsamlega sexý og seiðandi við það að hefta og ýkja kvenlegar kúrvur og hold, svo lengi sem einhver er ekki langt undan til að leysa reimarnar...










**FÖLBLEIKAR BÓNDARÓSIR** Stórfenglegur sjiffon-kjóll hjá Alexander McQueen og hárgreiðsla sem Marie Antoinette hefði borið með mikilli prýði.

**PERLUR OG TJULL** Sparilegur prinsessukjóll frá Roksanda Ilincic. Fæst í Kron-Kron.





**PRINSESSULEGIR** Fölgrænir skór í barokk-stíl eftir Yaz Bouquet, fást í KronKron.

# HIN NÝJA RÓMANTÍK

Hönnuðir endursköpuðu blóm á tískupöllunum fyrir sumarið 2007 og bóndarósir og fjólur voru í aðalhlutverki. Korselett úr silki litu út eins og væru þau ofin úr rósablöðum, tjull myndaði blóm á öxlum og úlnliðum og blóm voru sett í íburðarmikið hárskraut. Alexander McQueen sótti augljóslega innblástur til Frakklands fyrir byltingu og sendi fyrirsæturnar fram í rómantískum Marie Antoinette-legum múnderingum og hárgreiðslum. Fyrirsæturnar hjá Yves Saint Laurent voru ekki einungis þaktar blómum heldur gengu þær eftir lifandi og ilmandi fjóluengi sem hafði verið haganlega komið fyrir. Sumarið gæti því ekki verið kvenlegra og rómantískara. - amb



**FJÓLUR OG MEIRI FJÓLUR** Fjólubreiða undir fótum og fjólublár rómantískur kjóll við rokkaðar sokkabuxur. Frá Yves St. Laurent.



**TÚLIPANAKÁPA** Skærbleikt fyrir sumarið frá hönnuðinum Stefano Pilati fyrir Yves St. Laurent.



**ROKK OG RÓSIR** Kúl korselett og pils og dásamlegt blómaskraut frá Spaksmannsspjörum.

**BRJÓSTSYKURSSKÓR** Sætari gætu þeir varla verið, hannaðir af Yaz Bouquet og fást í Kron-Kron.

# Falleg í sumar

Ekkert er jafnskemmtilegt og að prófa sig áfram með nýja og nýja förðun til þess að breyta aðeins um stíl. Sumarið fram undan verður fullt af fallegum förðunarútfærslum, allt frá fallegum skærum augnlitum, dökkum sixtís-augum, ljómandi farða og jafnvel stundum púðruðu andliti og plómulitum vörum í stíl við Marie Antoinette-tískuna sem er fjallað um annars staðar á síðunni. Reglan er að ef heitt er í veðri eða þú ert á sólarströnd er best að leyfa húðinni að glansa, en annars virðist allt vera leyfilegt...

- amb



**BAMBI-AUGU HJÁ ALBERTA FERRETTI** Ferskjulitaður sanseraður augnskuggi á allt augnlok og brúnum augnskugga blandað upp að augnatóftinni. Notið svo kohl-augnblýant á efri og neðri augu og svartan maskara. Varir eru með náttúrulegum brúnbleikum tón.



**SIXTÍS-ÆLÆNER HJÁ JAY MCCARROLL** Notaðu meik og laust púður. Teiknaðu breiða línu ofan á augun með svörtum augnblýanti og aðra aðeins undir neðri augnhárum til að stækka augun. Settu fölsk augnahár að ofan og neðan. Notaðu sanseraðan svartan skugga á augnlokið og svo hvítan blýant í neðri augnhvarm. Gerðu varirnar beige-litaðar með baugahyljara og settu gloss yfir.



**SPORTLEGUR GLANS HJÁ GUSTAVO ARANGO** Notaðu litað dagkrem og svo sanserað krem yfir kinnbein, enni og augnlok. Notaðu gel til að snyrta augabrúnir. Settu bleik/plómulitaðan augnskugga á ofanverðar kinnar. Notaðu skærrauðbleikan varalit og gloss yfir.



**PÁFUGLAAUGU HJÁ KENZO** Mælt er með því að nota góðan farða á augnlokin og bera svo skugga í kremformi yfir allt augnlokið og aðeins undir augun. Notaðu svo svartan maskara við. Varirnar verða að vera farðalausar til að halda fókusnum á augum.





**SVEITASÆLA** Korselett með leðurólum við rómantískt pils frá Alexander McQueen.



**ROKK OG BAROKK** Glansandi svartir skór eftir Bernhard Wilhelm, fást í KronKron.



**NÆFURÞUNNT** Blúnda og fjaðrir hjá Alexander McQueen sem minna á kjóla Marie Antoinette í „La Bergerie" við Versailles-höllina.




NASA

PÁLL ÓSKAR KYNNIR
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 12. MAÍ 2007

EUROVISION PARTY



ENN OG AFTUR TRYGGIR DJ PÁLL ÓSKAR ÞJÓÐINNI STANSLAUST STUÐ OG SPILAR BESTU EUROVISION LÖG ALLRA TÍMA, ALLA NÓTTINA.

FRAM KOMA:
PÁLL ÓSKAR
SILVÍA NÓTT
SELMA BJÖRNS
FRIÐRIK ÓMAR
HELGA MÖLLER
PÁLMI GUNNARSSON
TELMA OG EINAR ÁGÚST
...OG FLEIRI GÓÐAR STJÖRNUR ÚR EUROVISION-SÖGU ÍSLANDS.

SAMA HVERNIG KOSNINGAR EÐA EUROVISION FER, ÞÁ VERÐUR MESTA STUÐIÐ Á NASA!

FRÁ KL. 23.00 – 5.30
MIÐAVERÐ KR. 2000.-
S. 511-1313 / WWW.NASA.IS

RADAR

ICELANDAIR

NASA.IS

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Drew verður sendiherra

Leikkonan Drew Barrymore hefur verið gerð að sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum. Mun hún einbeita sér að því að berjast gegn hungri. Fetar hún þar með í fótspor þekktra nafna á borð við Angelina Jolie, George Clooney, Michael Douglas og Geri Halliwell.


**DREW BARRYMORE** Var gerð að sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum.

„Þetta er mikill heiður og ég tek þessari áskorun og mikilvægu stöðu af mikilli auðmýkt," sagði Barrymore. „Ég get ekki hugsað mér neitt mikilvægara en að reyna að koma í veg fyrir hungursneyð á meðal barna." Á meðal þekktustu mynda Barrymore í gegnum tíðina eru Charlie´s Angels og E.T.

# Sopranos-leikari á tímamótum

**Michael Imperioli er staddur hér á landi til að leika í kvikmynd Ólafs Jóhannessonar, Stóra planið, þar sem hann fer með hlutverk glæpaforingjans Alexanders. Freyr Gígja Gunnarsson hitti leikarann við sjávarsíðuna á Seltjarnarnesi.**

„Ég verð í tökum einn dag í viðbót en fæ síðan helgina til að ferðast um landið með eiginkonunni minni," segir Michael. Hann fær sér sæti á sófanum og Jóhann G. Jóhannsson, aðstoðarleikstjóri myndarinnar, færir honum kaffi með mjólk. „Mig hefur alltaf langað til að heimsækja Ísland. Vinkona mín vann hérna með Friðriki Þór Friðrikssyni og þegar mér bauðst hlutverk í íslenskri mynd kviknaði strax áhugi," heldur Imperioli áfram. „Ég las handritið, fannst það skemmtilegt og persónan mín áhugaverð þannig að ég sló bara til," segir Michael. Hann talar með þessum týpíska New York/Ítala-hreim sem hefur verið gerður ódauðlegur í mafíósa-kvikmyndunum.

### Engin Hollywood-draumur

Imperioli leikur glæpaforingjann Alexander og segir helstu ástæðuna fyrir því að hann tók hlutverkið að sér vera þá að Alexander er mjög ólíkur hinum ítölsku mafíósum sem hann hefur leikið í sjónvarpsþáttaröðinni Sopranos. Og íslenskir sjónvarpsáhorfendur ættu að kannast við. „Mafíósarnir ítölsku eru oft illa menntaðir, ofbeldisfullir ruddar sem hafa alist upp í kringum ofbeldi. En Alexender er ekki þannig. Hann er víðlesinn og finnst ógn við beitingu ofbeldis mun áhrifameiri en ofbeldið sjálft," útskýrir leikarinn en viðurkennir síðan að jafnvel þótt Alexender hefði verið þessi týpiski ítalski glæpamaður hefði hann nú sennilega tekið hlutverkið að sér. „Bara til að hafa góða afsökun fyrir að koma til Íslands."

Imperioli hefur ekki lagt lag sitt við Hollywood-kvikmyndir heldur kýs frekar að leika í sjálfstæðum kvikmyndum sem eru helst gerðar nálægt New York. „Ég er New York-búi og kann best við mig þar. Ég á þar að auki þrjú börn og vil helst ekki vera of lengi í burtu heiman frá," segir Imperioli. „Ef mér býðst hlutverk í Hollywood er það auðvitað fínt en ég er ekkert að sækjast neitt sérstaklega eftir því. Við hjónin rekum auk þess leikhús í New York þannig að þar eru mínar rætur," segir Imperioli. „Auk þess hrífur það mig hversu kjarkaðir menn eru í sjálfstæða kvikmyndageiranum. Þeir þora að gera öðruvísi hluti," heldur hann áfram.

Stóra planið er þriðja evrópska kvikmyndin sem Imperioli tekur þátt í og hann segist kunna vel við þetta afslappaða andrúmsloft sem ríkir á tökustað í Evrópu. „Þetta kallar fram það besta í leikaranum. Maður verður einhvern veginn svo óheftur og hugmyndirnar flæða fram. Í Bandaríkjunum hangir klukkan alltaf fyrir ofan höfuðið á þér og tifar. Þar verða hlutirnir að gerast strax. Sennilega hefur þetta líka eitthvað með bandarísku þjóðarsálina að gera," útskýrir Imperioli.

### Sopranos rennur sitt skeið

Og leikarinn stendur á ákveðnum tímamótum. Verið er að sýna sjöundu og síðustu seríuna af Sopranos og segir Micheal að hálfgert æði ríki í Bandaríkjunum yfir endalokunum. „Allir vilja vita hvernig þetta endar allt saman, hver deyr og hver lifir af," útskýrir hann og viðurkennir að hann eigi eflaust eftir að sakna þáttanna. „En ég er líka ánægður með að þessu sé lokið og er spenntur að sjá hvað tekur við eftir Sopranos. Þetta var skemmtilegur tími en allt hefur sinn enda. Sem betur fer var ákveðið að ljúka þáttaröðinni þegar henni átti að ljúka en ekki verið að teygja lopann," segir Imperioli.

En það er varla hægt að sleppa Imperioli án þess að spyrja hann út í eina frægustu senu hans í kvikmyndasögunni þegar Joe Pesci skaut hann í fæturna á pókerkvöldi í Goodfellas. „Þetta var auðvitað rosaleg lífsreynsla fyrir 23 ára ítalskættaðan New York-búa að leika við hliðina á Robert DeNiro undir stjórn Martin Scorsese," segir Imperioli. „Og fólk man þetta atriði enn þann dag í dag. Enda er kvikmyndin algjör klassík," segir Imperioli, sem bjóst reyndar ekki við að þetta atriði yrði svona opinskátt og hrátt. „En eftir það vissu einhvern veginn allir hver ég var."


**MICHAEL IMPERIOLI** Segist hafa hrifist af handritinu og hversu ólíkur glæpaforinginn Alexander var hinum týpisku ítalskættuðu mafíósum.





**ÞULUBARNIÐ FÆTT** Dóttir Ellýjar Ármanns kom í heiminn á fimmtudagskvöld.

# Litla-Ellý fædd

„Litla Ellý fæddist í gærkvöldi klukkan 19:36. 13 merkur og 51 cm. Allt gekk eins og í sögu og við vorum komin heim skömmu eftir miðnæti. Með kveðju, Freyr, Ellý og börn," skrifaði stolt móðir, Ellý Ármanns, til vina og vandamanna í gærmorgun.

Hún og dagskrárstjórinn Freyr Einarsson eignuðust sitt fyrsta barn saman um svipað leyti og Eiríkur Hauksson steig á sviðið á fimmtudagskvöldinu. Fréttablaðið reyndi að ná sambandi við hina nýbökuðu foreldra en ekki reyndist unnt að ná í þau. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir þó mikil gleði og hamingja á heimili þeirra í Hlíðunum.

Ellý varð nýlega vinsælasti bloggari landsins og lét sig ekki muna um að setja inn nýja færslu í gær, undir heitinu „Ég get alveg sætt mig við trúðanefið og indíánafjaðrirnar en nú er þetta farið út fyrir öll velsæmismörk," sagði hún uppspennt...". Í viðtali við Sirkus, fylgirit Fréttablaðsins á föstudaginn, sagðist Ellý ætla að fylla heimilið af börnum. Og er óhætt að segja að Ellý sé komin vel á veg með það takmark sitt því fyrir eru fjögur börn á heimilinu; Ellý á tvo stráka af fyrra sambandi en Freyr á tvær stelpur fyrir. „Það er ekki að ástæðualausu að ég valdi Frey. Við erum samstíga í þessu og viljum bæði eiga stóra samheldna fjölskyldu," sagði Ellý við Sirkus. - fgg


**STOLT MÓÐIR** Þulan og bloggarinn Ellý Ármanns eignaðist þriðja barn sitt. Myndin er tekin tveimur dögum fyrir fæðinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Hlaupagreining í boði NIKE
Laugardaginn 12 maí
• Staðsetning: Útilíf Smáralind
• Tími: kl. 13 -17
ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| NEXT | kl. 5.45 | B.I. 14 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.30 | B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30 - 8 | B.I. 16 ÁRA |
| TMNT | kl. 1.30 - 3.30 | B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 2 - 3.45 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2.30 - 5.30 - 8.30 - 11.20 | B.I. 10 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 | B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 2.30 - 5.45 - 9 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.15 | B.I. 18 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3 - 6 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 4 - 8 - 10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 - 8 - 10.40 | B.I. 10 ÁRA |
| NEXT | kl. 6 | B.I. 14 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 2 | |

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| THE CONDEMNED | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 8 - 10 | B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 3.30 - 5.40 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 3.40 - 5.50 | B.I. 12 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 10.10 | B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 | |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919


# Tilraunakenndari Leaves

**Hljómsveitin Leaves er komin langt með upptökur á sinni þriðju plötu. Arnar Guðjónsson söngvari segir tónlistina tilraunakenndari en áður.**



**ARNAR GUÐJÓNSSON** Hljómsveitin Leaves er langt komin með sína þriðju plötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við ætlum ekkert að gefa út fyrr en við erum orðnir ánægðir. Við ætlum að taka upp tvö lög í viðbót áður en við segjum þetta gott," segir Arnar Guðjónsson, söngvari Leaves. Sveitin gefur þriðju plötu sína út í haust.

Síðasta plata sveitarinnar, The Angela Test, kom út fyrir tveimur árum og í framhaldinu hitaði sveitin upp fyrir Supergrass á tónleikaferð um Bretland.

Að sögn Arnars verða upptökurnar kláraðar í sumar og er útgáfa fyrirhuguð í haust. „Við höfum í rauninni aldrei hætt að vinna. Við erum alltaf að vinna í nýju efni. Við erum búnir að semja helling sem hefur verið hent." Arnar segir að nýja platan sé rökrétt þróun frá The Angela Test. „Það eru meiri tilraunir í gangi. Hún er ekki jafnþung og Angela og hún fer víða, allt frá elektróník yfir í popp."

Þeir félagar ætla að gefa plötuna út sjálfir hér heima og síðan kemur í ljós hvort hún verði gefin út erlendis. Leaves er laus undan samningi við Island Records og er því frjáls sem fuglinn þessa dagana.

Fram undan hjá sveitinni eru tónleikar í Stúdentakjallaranum miðvikudagskvöldið 16. maí, þar sem hljómsveitin Ég treður einnig upp. Í ágúst spilar Leaves síðan á tónlistarhátíð í Litháen.

freyr@frettabladid.is






## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fyrrverandi kærasti ástkonu leikarans **Colins Farrell** framdi sjálfsvíg tveimur mánuðum eftir að þau byrjuðu saman. Ástkonan, sem heitir Murieann McDonnell, byrjaði með Farrell um síðustu jól skömmu eftir að hún hætti með sínum fyrrverandi, John Knight. „Hann átti erfitt með að sjá hana með öðrum manni. Að Colin Farrell hafi verið sá maður varð ekki til að bæta málin. Smám saman fór allt að snúast til hins verra hjá John," sagði kunningi hans.







**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE REAPING | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.16 | BREACH | kl. 5:50 - 10:30 | B.i.12 |
| SPIDER MAN 3 | kl. 12 - 3 - 6 - 9 - 10:30 | B.i.10 | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| SPIDER MAN 3 VIP | kl. 12 - 3 - 6 - 9 | | ROBINSON F... M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 2 - 3:30 - 4 | Leyfð |
| BLADES OF GLORY | kl.1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| SHOOTER | kl. 8 | B.i.16 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| GOAL 2 | kl. 3:30-5:50-8:10-10:30 | B.i.7 | |
| THE REAPING | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.16 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 2 - 4 - 8:10 | B.i.12 | |
| ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 1:50 - 4 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE...M/- ENSKU Tali | kl. 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 | B.i. 10 |
| BLADES OF GLORY | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GOAL 2 | kl 6 | B.i. 7 |
| BLADES OF GLORY | kl 6 | B.i.12 |
| ROBINSON F... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Michael stríddi Janet

Söngkonan Janet Jackson segir að bróðir sinn Michael, fyrrverandi konungur poppsins, hafi uppnefnt sig þegar þau voru lítil vegna þyngdar hennar. Í viðtali í bandarískum spjallþætti vildi hún samt lítið tjá sig um hvað hann kallaði hana. „Þú vilt ekki vita það. Þetta voru ekki falleg uppnefni. Villisvín var eitt af þeim. Ég segi þér ekki meira,“ sagði Janet. Hún segir að vegna uppnefnanna hafi hún lagt áherslu á að koma sér í gott form og hafi reynt að halda sér þannig allar götur síðan.



**JANET JACKSON** Bróðir hennar Michael uppnefndi hana þegar hún var yngri.

# Minntust Syd Barrett

Meðlimir Pink Floyd stigu allir á svið á minningartónleikum um Syd Barrett, fyrrverandi liðsmann sveitarinnar, í London fyrir skömmu. Roger Waters, sem hélt tónleika í Egilshöll á síðasta ári, spilaði einn á sviðinu en David Gilmore spilaði með trommaranum Nick Mason og hljómborðsleikaranum Rick Wright sem báðir voru í Pink Floyd. Gilmore og félagar spiluðu nokkur lög, þar á meðal fyrsta smáskífulag Pink Floyd, Arnold Layne.

Á meðal fleiri þekktra tónlistarmanna sem komu fram voru Damon Albarn og Chrissie Hynde. Í lok tónleikanna komu allir saman upp á svið nema Waters og sungu lagið Bike. Waters lenti upp á kant við Gilmore fyrir 25 árum og hafa þeir haft lítil samskipti allar götur síðan, eins og sýndi sig á tónleikunum.

Syd Barrett, sem hætti í Pink Floyd árið 1968, lést sextugur að aldri á síðasta ári vegna veikinda tengdum sykursýki.



**PINK FLOYD** Hljómsveitin Pink Floyd kom saman á Live 8 tónleikunum í London fyrir tveimur árum.



**SYD BARRETT** Syd Barrett lést á síðasta ári, sextugur að aldri.



**TORTÍMANDINN** Arnold Schwarzenegger lék Tortímandann eftirminnilega í þremur myndum.

# Vill sexalógíu

Kvikmyndaframleiðandinn The Halcyon Co. hefur keypt sýningarréttinn að kvikmyndunum um Tortímandann og ætlar sér að búa til þrjár myndir til viðbótar þannig að úr verði sexalógía.

Nýi eigandinn ætlar að hefja þegar í stað undirbúning að Terminator 4 og vonast til að frumsýna myndina árið 2009. Enginn leikari eða leikstjóri hefur ennþá verið ráðinn vegna myndarinnar.

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, fór með hlutverk Tortímandans í þremur myndum sem nutu allar mikilla vinsælda. Síðasta myndin í seríunni, Terminator 3: Rise of the Machines, kom út fyrir fjórum árum.







## > Ein breyting á reglunum

Aðeins ein veruleg breyting hefur verið gerð á knattspyrnulögunum fyrir tímabilið sem hefst nú í dag. Hún snýst um búningamál en ef leikmenn ætla að klæðast flíkum innan undir búning sinn, bæði treyju og buxur, verða þær að vera í sama meginlit og búningurinn. Þetta er regla sem tekur gildi á alþjóðavettvangi hinn 1. júní en strax í dag hér á landi. Ekkert segir þó um hver viðurlögin yrðu fyrir brot á þessari reglu.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ARNAR OG BJARKI GUNNLAUGSSYNIR:** MÆTA UPP Á SINN GAMLA HEIMAVÖLL Í NÝJUM BÚNINGI

# *Væri að ljúga ef ég segði leikinn ekki sérstakan*

Leikur ÍA og FH í dag er sérstakur fyrir þær sakir að tvíburabræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir snúa aftur á sínar heimaslóðir í sínum fyrsta deildarleik með FH. Bræðurnir gengu til liðs við Hafnfirðinga í haust eftir að hafa bjargað ÍA frá falli síðastliðið sumar sem spilandi þjálfarar.

„Já, þetta verður örugglega hörkuleikur," sagði Arnar. „Það verður skrítið fyrir okkur að spila þarna eftir að hafa verið með ÍA síðasta sumar. En ég held að það sé fínt að byrja tímabilið þar, við erum allavega mjög spenntir fyrir þessum leik. Lið sem ætlar sér að verða Íslandsmeistari verður að ná góðum úrslitum uppi á Skaga. Það er prófsteinn á getu liðanna."

Hann býst við góðum viðtökum á leiknum í dag þó svo að hann muni nú klæðast nýjum búningi. „Ætli við eigum það ekki skilið," sagði hann og hló mikið. „En við munum auðvitað gefa allt okkar til að vinna þennan leik, ég held að það skilji allir. Ég væri nú samt að ljúga ef þetta væri ekki sérstakur leikur fyrir okkur," sagði Arnar.

Þeir bræður hafa mátt glíma við mikil meiðsli í gegnum tíðina en koma nú heilir eftir undirbúningstímabilið. „Við höfum verið að æfa rétt og getum þakkað fyrir að eiga skilningsríkan þjálfara. Hann gerir sér grein fyrir því að við getum ekki verið með á öllum æfingum og við höfum fengið að hvíla okkur þegar við höfum þurft á því að halda. Það skiptir máli á þessum aldri."





**FÖGNUÐUR** Leikmenn Getafe fögnuðu stórsigrinum á Barcelona innilega í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Barcelona úr leik í bikarnum:

## Pressan slátraði Börsungum

**FÓTBOLTI** Spænska pressan gekk af göflunum í gær eftir neyðarlegt 4-0 tap Barcelona fyrir Getafe í undanúrslitum spænsku bikarkeppninnar. Börsungar voru með 5-2 forystu eftir fyrri viðureign liðanna en eru nú úr leik.

„Maður á von á öðru en slíkri frammistöðu af stórliði eins og Barcelona. Ég get ekki útskýrt þetta," sagði Samuel Eto'o, leikmaður Barca í gær. „Ég skammaðist mín. Ég óskaði þess að jörðin gæti opnast og gleypt mig. Ég grét eftir leikinn í gær og gat ekkert sofið um nóttina." - esá

Ragna Ingólfsdóttir:

## Hækkar sig í meiðslunum

**BADMINTON Ragna Ingólfsdóttir er komin upp í 43. sæti á heimslistanum í einliðaleik kvenna og hefur hækkað sig um þrjú sæti frá því að hún meiddist á opna hollenska meistaramótinu.**

**Ragna hefur ekkert spilað síðan að hún varð fyrir hnémeiðslunum og verður frá keppni næsta mánuðinn að minnsta kosti og getur því glaðst yfir því að meiðslin hafi ekki slæm áhrif á stöðu hennar á listanum.** - óój

Lawrie Sanchez valdi Fulham:

## Hættur með Norður-Írland

**FÓTBOLTI** Lawrie Sanchez verður áfram stjóri enska úrvalsdeildarliðsins Fulham og hættir því sem þjálfari norður-írska landsliðsins. Þetta tilkynnti hann í gær.

Sanchez hafði tekið tímabundið við Fulham eftir að félagið rak Chris Coleman í apríl.

Sanchez hættir með norður-írska landsliðið þegar það er í toppsæti síns riðils í undankeppni EM 2008 en Norður-Írland hefur ekki komist á stórmót síðan á HM í Mexíkó 1986. Liðið er með Íslandi í riðli og eina tap þess var gegn Íslandi í fyrsta leiknum.

„Ég fann það eftir að hafa verið hjá Fulham síðasta mánuðinn að ég er miklu áhugasamari um að geta unnið með mínum leikmönnum á hverjum degi," sagði Sanchez, sem bjargaði Fulham frá falli í vetur. - óój

# Búið að afskrifa okkur Skagamenn

**Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, segir að búið sé að afskrifa sína menn fyrir opnunarleik Íslandsmótsins í dag en þá mæta Skagamenn Íslandsmeisturum FH á heimavelli. Mikillar tilhlökkunar gætir fyrir leikinn.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmótið í knattspyrnu hefst í dag þegar Íslandsmeistarar FH fara í heimsókn til ÍA á Skipaskaga. Þessa opnunarleiks hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu, ekki síst vegna þeirrar staðreyndar að Guðjón Þórðarson er að stýra sínum fyrsta deildarleik með ÍA í tæp ellefu ár.

„Ég hlakka til, þetta verður spennandi," sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær. „Það vilja allir byrja vel og FH hefur alltaf byrjað vel undanfarin ár."

Eins og flestir vita hafa FH-ingar unnið deildina síðastliðin þrjú ár, þar af síðustu tvö með miklum yfirburðum. Og öll þessi þrjú ár hefur FH byrjað á tveimur útileikjum, rétt eins og nú.

„Mér er í sjálfu sér sama hvort við byrjum á útivelli eða ekki. Það þarf að spila alla þessa leiki hvort eð er," sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH. „Akranes er einn mesti fótboltabær landsins og ekki auðvelt að fara þangað og spila. Svo er gamli þjálfari liðsins að koma aftur og eftirvæntingin eftir árangri er mikil þó þeir séu að reyna að tala hana niður. Við erum að fara í hörkuleik og ætlum ekki að vanmeta Akranesliðið."

Eins og gefur að skilja ríkir mikil tilhlökkun í herbúðum beggja liða fyrir leikinn. En Ólafur segir að mikilvægi leiksins sé ekki meira en fyrir hvaða leik sem er. „Þetta er bara einn af átján leikjum. Allir leikir skipta máli þegar upp er staðið en úrslit



**TVEIR REYNDIR** Sigurvin Ólafsson og Þórður Guðjónsson munu væntanlega mætast á miðjunni í leik ÍA og FH í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

þessa leiks munu ekki hafa nein afgerandi áhrif upp á framhaldið að gera," sagði Ólafur.

Guðjón segir að sínir menn hafi verið afskrifaðir fyrir þennan leik. „Ég hef heyrt að menn spái FH 6-0 sigri í þessum leik. Svo er stuðullinn á heimasigur á Lengjunni fjórir þannig að það er greinilegt að menn hafa ekki trú á okkur," sagði Guðjón. „Svo má ekki horfa framhjá því að FH-ingar eru með þrjá frábæra Skagamenn í sínu liði þannig að þeir eins og mörg önnur lið njóta góðs af uppeldisstarfi ÍA," sagði hann og átti þar við tvíburabræðurna Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni sem og Frey Bjarnason.

Báðir þjálfarar geta valið flesta sína sterkustu menn í leikinn. Hjá FH eru þeir Auðun Helgason og Atli Viðar Björnsson fjarverandi vegna meiðsla. „Ég er að vonast til þess að ég geti nú í fyrsta skipti síðan ég tók við liðinu valið úr öllum hópnum. Það eru góðar fréttir," sagði Guðjón.

Sem fyrr eru FH-ingar með stóran og breiðan hóp leikmanna en Ólafur ætti að vera orðinn vanur því að taka erfiðar ákvarðanir. „Í FH verða alltaf góðir menn fyrir utan byrjunarliðið og leikmannahópinn. Þannig er þetta í þjálfarastarfinu, stundum þarf maður að taka óvinsælar ákvarðanir og er ég ekki feiminn við það."

**eirikur@frettabladid.is**

### MÆTAST Í SJÖUNDA SINN

Ólafur Jóhannesson og Guðjón Þórðarson hafa sex sinnum mæst sem þjálfarar í efstu deild en þetta verður í fyrsta sinn sem Guðjón stjórnar Skagaliðinu á móti liði Ólafs.

| | |
|---|---|
| **1989** | |
| Guðjón Þórðarson | KA |
| Ólafur Jóhannsson | FH |
| FH-KA 0-0 | KA-FH 1-1 |
| **1990** | |
| Ólafur Jóhannsson FH | |
| Guðjón Þórðarson KA | |
| FH-KA 1-0 | KA-FH 4-0 |
| **1995** | |
| Guðjón Þórðarson KR | |
| Ólafur Jóhannsson FH | |
| KR-FH 0-1 | FH-KR 2-2 |
| **Samantekt** | |
| Sigrar liða Ólafs | 2 |
| Sigrar liða Guðjóns | 1 |
| Jafntefli | 3 |
| Markatala | 7-5 Guðjóni í hag |

FH og ÍA mætast í Landsbankadeild karla í dag:

## Fá mörk í síðustu opnunarleikjum

**FÓTBOLTI** Landsbankadeild karla hefst í dag með leik ÍA og FH uppi á Akranesi. Þetta verður sautjánda sinn sem deildin opnar með sérstökum leik síðan hún innihélt fyrst tíu lið sumarið 1977. Mótið hefur byrjað á fleirum en einum leik í fjögur af síðustu fimm skiptum en á árunum 1991 til 2001 var sérstakur opunarleikur á níu af ellefu tímabilum.

Það má ekki búast við neinni markaveislu ef marka má úrslit síðustu fjögurra opnunarleikja en í þeim litu aðeins þrjú mörk dagsins ljós á 360 mínútum, sem gerir mark á aðeins 120 mínútna fresti.

FH vann KR á KR-vellinum 1-0 2004, Fylkir vann KR 1-0 á Fylkisvellinum 2001, Stjarnan og Grindavík gerðu markalaust jafntefli í Garðabæ 2000 og þá vann KR 1-0 sigur á KR-vellinum 1999 þar sem eina mark leiksins kom eftir aðeins 17 sekúndna leik.

Áhorfendur á Akranesvelli vonast örugglega eftir að leikmenn verði ekki allt of varkárir og bjóði upp á fleiri mörk í dag.

Það hafa reyndar verið opnunarleikir fullir af mörkum, Þróttur og ÍBV gerðu 3-3 jafntefli á Laugardalsvellinum 1998, Víkingur vann FH 4-2 í Kaplakrika 1991 og KR vann Þrótt 4-3 á KR-vellinum 1985.

Mörkin eru alls 47 í leikjunum 16, sem gerir 2,9 mörk að meðaltali, heimaliðin hafa aðeins unnið 7 af leikjunum 16 og Íslandsmeistarar eiga enn eftir að vinna opunarleik í titilvörn en KR tapaði 1-0 2001 og ÍBV gerði 3-3 jafntefli þremur árum áður. - óój



**SIGURMARKIÐ** Atli Viðar Björnsson skorar hér eina markið í síðasta sérstaka opnunarleik Landsbankadeildar karla, sem var árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsti leikur Guðjóns Þórðarsonar í ellefu ár:

## Byrjar sjötta sumarið á leik við FH

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson stjórnar í dag sínum fyrsta leik í íslensku deildinni í tæp ellefu ár þegar Skagamenn fá Íslandsmeistara FH-inga í heimsókn upp á Akranes.

Guðjón ætti að þekkja það vel að mæta FH-ingum í fyrsta leik því þetta verður í sjötta sinn á tíu tímabilum hans sem þjálfari í efstu deild sem lið hans hefur mótið á leik við FH.

ÍA vann FH 1-0 í hans fyrsta leik sem þjálfari 21. maí 1987 og hann hefur góðar minningar sem þjálfari Skagamanna af að opna mótið á móti FH. ÍA vann nefnilega FH 5-0 í Kaplakrika í fyrstu umferð sumarið 1993.

Það gekk ekki eins vel í hinum leikjunum á móti FH í fyrstu umferð. KA gerði 0-0 jafntefli 1989 og tapaði 0-1 árið eftir og KR tapaði 0-1 fyrir FH á heimavelli árið 1995. Skagamenn hafa aftur á móti ekki tapað opnunarleik undir stjórn Guðjóns og þeir unnu Stjörnuna 3-1 árið 1996 þar sem Bjarni Guðjónsson skoraði tvö mörk. - óój



**ALVÖRU PRÓF** Guðjón Þórðarson þekkir það vel að byrja sumarið á móti FH. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

### OPNUNARLEIKIRNIR:

| | |
|---|---|
| 1987 FH-ÍA 0-1 | sigur |
| 1988 Víkingur-KA 0-1 | sigur |
| 1989 FH-KA 0-0 | jafntefli |
| 1990 FH-KA 1-0 | tap |
| 1992 KR-ÍA 2-2 | jafntefli |
| 1993 FH-ÍA 0-5 | sigur |
| 1994 Breiðablik-KR 0-5 | sigur |
| 1995 KR-FH 0-1 | tap |
| 1996 ÍA-Stjarnan 3-1 | sigur |
| **Samantekt** | |
| Leikir | 9 |
| Sigrar-jafntefli-töp | 5-2-2 |
| Markatala | 17-5 |

# BT

# JÚRÓVISION PARTÝIÐ BYRJAR Í BT!




PIZZUVEISLA FRÁ DOMINO'S •FYLGIR

VAR AÐ LENDA

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 32" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.

**HDMI tengi**
Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir háskerpumynd og næstu kynslóð dvd spilara.

**8ms svartími**
Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

Skjástærð: 32 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Borðstandur og veggfesting fylgir
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður

Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Tengi fyrir heyrnartól: 1
Hátalarar: 2x5W

**99.999**

BT LÁN™

| BT 9.994* | BT 5.489** | BT 3.988*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

Júróvision veðmálið hættir um leið og niðurstaða á lokasæti Íslands hefur verið birt á formlegum sem óformlegum miðli.

# PIZZUVEISLA FRÁ DOMINO'S FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM!

PIZZUVEISLA FRÁ DOMINO'S •FYLGIR




**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.

**HDMI tengi**
Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir háskerpumynd og næstu kynslóð dvd spilara.

**8ms svartími**
Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

**159.999**

MEDION

MD30202
Medion LCD veggsjónvarp
Skjástærð: 40 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
Mynd við mynd
Textavarp við mynd
PIP - myndfrystimöguleiki
3D Comb Filter
Borðstandur fylgir
Contrast: 1:1200

Birta cd/m2: 500
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 2
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W

BT LÁN™

| BT 15.915* | BT 8.725** | BT 6.328*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

Birgir Leifur Hafþórsson góður á Spáni:

# Birgir komst í gegnum niðurskurðinn

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson heldur áfram að gera það gott á Evrópumótaröðinni en í gær komst hann í gegnum niðurskurð á móti sem fram fer á Spáni. Birgir Leifur lék á fjórum höggum undir pari í gær og er samtals á þrem höggum undir pari. Það setur hann í 30. sæti mótsins ásamt nokkrum öðrum kylfingum.

Þessi spilamennska var talsverð framför frá fyrsta deginum þar sem Birgir Leifur lék á einu höggi yfir pari. Hann fékk fimm fugla á hringnum í gær og einn skolla, sem verður að teljast vel af sér vikið.

Birgir Leifur náði sínum besta árangri á Evrópumótaröðinni í síðustu viku er hann varð í 11.-13. sæti á móti á Ítalíu. Hann fékk tvær og hálfa milljón króna í verðlaunafé á því móti og er því búinn að vinna sér inn tæplega fjórar milljónir króna það sem af er.

Mótið á Spáni er áttunda mótið á Evrópumótaröðinni sem Birgir Leifur tekur þátt í síðan hann vann sér inn fullan þáttökurétt á röðinni. **- hbg**



**BIRGIR LEIFUR** Stendur sig gríðarlega vel þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




Robbie Fowler:

## Á förum frá Liverpool

**FÓTBOLTI** Robbie Fowler mun um helgina leika sinn síðasta deildarleik með Liverpool á ferlinum. Það staðfesti framherjinn í gær en hann fær ekki nýjan samning við félagið.

„Ég hef ekkert hugsað um framtíð mína fjarri Liverpool," sagði leikmaðurinn vinsæli við staðarblöð í Liverpool. „Stjórinn útskýrði stöðuna fyrir mér í vikunni og niðurstaðan kom mér ekkert á óvart ef ég á að vera heiðarlegur."

Fowler fær væntanlega ljúfar móttökur fyrir leikinn gegn Charlton og eflaust eiga einhverjir stuðningsmenn félagsins eftir að fella tár þegar hann gengur af Anfield í hinsta skipti. **- hbg**



**FERNANDO ALONSO** Leggur mikið upp úr því að vinna kappaksturinn um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fernando Alonso:

## Ætlar sér sigur á heimavelli

**FORMÚLA 1** Spánverjinn Fernando Alonso ætlar sér sigur í Spánarkappakstrinum sem fram fer um helgina.

Alonso náði besta tíma allra á æfingum í gær og þótti keyra einstaklega vel. Félagi hans, Lewis Hamilton, keyrði best á morgunæfingunni en Alonso náði mun betri tíma eftir hádegi.

Keppnin um helgina verður sú fyrsta sem Michael Schumacher mætir á síðan hann lagði stýrið á hilluna. **- hbg**




**EINAR ÁRNI** Sést hér hress eftir undirskriftina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einar Árni Jóhannsson:

## Skrifaði undir hjá Blikum

**KÖRFUBOLTI** Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Breiðablik ráðið Einar Árna Jóhannsson, fyrrverandi þjálfara Njarðvíkur, sem þjálfara hjá sér.

Einar Árni skrifaði undir samning við Blika í gær en hann mun þjálfa meistaraflokk félagsins ásamt að vera yfirþjálfari unglingaflokka hjá félaginu.

Blikar búast við miklu af Einari Árna á komandi árum en honum er ætlað að búa til samkeppnishæft lið í efstu deild hjá Blikum þar sem ágætur efniviður er til staðar. **- hbg**



**EINAR JÓNSSON** Yfirgefur Vestmannaeyjar og fer aftur til Fram.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Einar Jónsson:

## Einar tekur við Fram-stelpum

**HANDBOLTI** Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins verður Einar Jónsson næsti þjálfari kvennaliðs Fram. Einar tekur við starfinu af Magnúsi Kára Jónssyni, sem mun sjá um þjálfun yngri flokka hjá félaginu.

„Ég er laus allra mála hjá ÍBV og hef heyrt í Frömurum. Það er samt ekki búið að ganga frá neinu,“ sagði Einar við Fréttablaðið í gær en hann er uppalinn hjá félaginu, þjálfaði áður yngri flokka í Safamýrinni og veit því af hverju hann gengur.

Heimildir Fréttablaðsins herma að gengið verði frá samningum um helgina eða strax eftir helgi.

- hbg



**LANCE ARMSTRONG** Margoft verið reynt að klína á hann ýmsu án árangurs.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Floyd Landis:

## Sagt að vitna gegn Lance

**HJÓLREIÐAR** Floyd Landis greindi frá því í gær að honum hefði verið boðinn mildari dómur í lyfjamáli sínu ef hann myndi gefa saknæman vitnisburð um hjólreiðagoðsögnina Lance Armstrong.

Landis vann Tour de France-hjólreiðakeppnina árið 2006 en var sviptur titlinum þegar hann féll á lyfjaprófi. Landis heldur því fram að honum hafi verið boðinn stysti mögulegi dómur ef hann gæfi vitnisburð sem kæmi Armstrong mjög illa.

„Þetta tilboð var svo glórulaust að það þurfti ekki að svara því,“ sagði Landis. „Ég gerði ekki það sem ég er sakaður um og ekkert af þessu snertir Lance.“

Travis Tygart hjá Lyfjaeftirlitinu er maðurinn sem Landis segir hafa lagt fram boðið. Hann segist ekki geta tjáð sig um málið samkvæmt reglum lyfjaeftirlitsins. Landis þarf að gefa því leyfi til að tjá sig og Tygart segist vera til í það með leyfi Landis.

Armstrong og Landis eru fyrrverandi félagar en vinskapur þeirra fór út um þúfur árið 2004. Engu að síður hefur Armstrong staðið með Landis í þeirri orrahríð sem hann stendur í og Landis virðist vera að endurgjalda greiðann.

- hbg

Leikmaður Íslandsmeistara FH tippar á eigin leik:

# Leikmenn eiga ekki að veðja á eigin leiki

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, telur ekki eðlilegt að leikmenn í Landsbankadeildinni veðji á eigin leiki, hvað þá á opinberum vettvangi. Á vefsíðunni fótbolti.net hófst í gær nýr liður undir nafninu Tippað á Lengjuna.

Fyrsti þáttakandinn er Davíð Þór Viðarsson, miðjumaður FH. en það eru Íslenskar getraunir sem greiða 3.000 kr. fyrir seðilinn. Davíð getur unnið 155 þúsund krónur ef hann spáir öllum leikjum réttum og myndi féð renna í leikmannasjóð hjá FH.

Davíð Þór tippar á fimm leiki og þar á meðal leik ÍA og FH þar sem hann verður væntanlega sjálfur að spila. Hann spáir sigri FH-inga.

„Leikmenn og dómarar eiga ekki að standa í veðmálum á eigin leiki. Þetta kannski endurspeglar þann sakleysislega stimpil sem er á íslenskri knattspyrnu og ég held að þetta hljóti að hafa verið gert í einhverju hugsunarleysi,“ sagði Geir Þorsteinsson í gær en Íslenskar getraunir eru einn af styrktaraðilum KSÍ og Geir situr í stjórn þar á bæ.



**DAVÍÐ ÞÓR** Spáir því að FH muni leggja ÍA í dag. Annað væri reyndar óeðlilegt. Sést hér í baráttunni gegn KR í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég mun taka upp símann og hringja í félaga mína á Lengjunni. Almennt séð er það þannig að leikmenn og dómarar eiga ekki að veðja á eigin leiki og það verður að vera ljóst. Það er eðlilegasta ástandið þó ég óttist ekki þetta atvik í sjálfu sér en það má ekki gefa fordæmi fyrir slíku,“ sagði Geir.

- hbg

www.uu.is




TORRE ALMONTE – UMBRIA



Glæsilegur turn frá 17. öld trónir yfir smábænum Frontignano, umkringdur trjám og útsýni sem gleður sálina. Hér ríkir glæsileg hönnun í bland við ættargersemar og forna grjótveggi. Öll þægindi nútímans með sjarma liðinna alda.

Verð frá: 94.867,-
á mann eina viku, brottför 5. júní, m.v. 4 í íbúð.

BORGO LE CINISCHIE



Íbúðahótel með 9 íbúðum, sem eru með sameiginlega sundlaug og standa í 2 km fjarlægð frá Collazzone, sem er ekta ítalskt sveitaþorp. Ef gestir vilja láta dekra sértaklega við sig þá býðst sú þjónusta að fá matreiðslumann í eldhúsið þitt og elda gómsæta ítalska rétti.

Verð frá: 58.967,-
á mann í eina viku, brottför 3. júlí, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð Fedora.

Umbria hefur oft verið kölluð Ítalía lífsstílsins og á það vel við. Þetta fallega sveitahérað er aðeins klukkutíma frá hinni fögru Róm og er sannkallaður staður sælkera, rómaður fyrir ræktun á gæðavínum, ólífum og trufflusveppum. Tilvalið er að dvelja í sumarhúsi eða kastala með alla fjölskylduna. Þar er hægt að slaka á og leika sér í sundlaugagarði í einu fegursta umhverfi sem hugsast getur fyrir neðan miðaldarbæin Todi sem er eins og málverk af ævintýraþorpi.

ÚRVAL·ÚTSÝN

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með morgunverði. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL ÚTSÝN – LÁGMÚLA 4 – 108 REYKJAVÍK – SÍMI 585 4000 – FAX 585 4065 – INFO@UU.IS



**BASL Í SUMAR** Menn hafa ekki allt of mikla trú á Guðjóni Þórðaryni og liði ÍA í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðjón Þórðarson þjálfari ÍA:

## Var síðast spáð 8. sætinu 1988

**FÓTBOLTI** Skagamönnum var spáð 8. sætinu af fyrirliðum, þjálfurum og forráðamönnum Landsbankadeildar karla í fótbolta.

Þetta verður tíunda tímabil þjálfara liðsins, Guðjóns Þórðarsonar, í efstu deild og honum hefur aðeins einu sinni áður verið spáð svo neðarlega í þessari árlegu spá.

KA var einnig spáð áttunda sætinu sumarið 1988 en það þekkja allir þá sögu. KA endaði í 4. sætinu það ár og varð síðan Íslandsmeistari árið eftir.

Lið Guðjóns hafa fimm sinnum endað ofar en þeim hefur verið spáð, einu sinni í sama sæti og þrisvar neðar. Þar af voru bæði ár hans með lið KR. - óój

### SAGA LIÐA GUÐJÓNS Í SPÁNNI:

| | |
|---|---|
| 1987 ÍA (0) | 3. sæti (spáð 3. sæti) |
| 1988 KA (+4) | 4. sæti (8.) |
| 1989 KA (+4) | 1. sæti (5.) |
| 1990 KA (-5) | 8. sæti (3.) |
| 1992 ÍA (+1) | 1. sæti (2.) |
| 1993 ÍA (+1) | 1. sæti (2.) |
| 1994 KR (-4) | 5. sæti (1.) |
| 1995 KR (-1) | 2. sæti (1.) |
| 1996 ÍA (+1) | 1. sæti (2.) |
| 2007 ÍA | ? sæti (8.) |

# Á toppnum í 44 umferðir í röð

**FH-ingar hafa setið samfellt í efsta sæti Landsbankadeildar karla í tvö og hálft tímabil og hafa með því fyrir löngu sett glæsilegt met í tíu liða efstu deild. Þeir hafa verið á toppnum síðan 19. júlí 2004.**

**FÓTBOLTI** Landsbankadeild karla í knattspyrnu hefst í dag með leik ÍA og FH á Akranesvelli.

FH-ingar hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn þrjú ár í röð og eru farnir að nálgast met Skagamanna, sem unnu titilinn fimm ár í röð frá 1992 til 1996. Allar spár knattspyrnuspekinga fyrir sumarið eru á einn veg, FH-ingar verða Íslandsmeistarar þrátt fyrir að lið eins og KR og Valur mæti mjög vel mönnuð til leiks og séu bjartsýn á að geta náð Hafnfirðingum niður af toppnum.

Yfirburðir FH-inga í Landsbankadeild karla undanfarin tvö tímabil hafa endurskrifað metaskrá deildarinnar og eitt glæsilegasta metið af þeim er seta liðsins í toppsæti deildarinnar. Síðustu 34 mánuði hefur engu liði tekist að koma Hafnarfjarðarliðinu af toppnum. FH hefur unnið fimm fyrstu leiki sína tvö síðustu tímabil og hafa gefið tóninn strax frá fyrsta leik.

Síðan risinn vaknaði og komst á toppinn fyrir 34 mánuðum hefur FH-liðið unnið 32 leiki, aðeins tapað 4 leikjum og skorað 101 mark gegn aðeins 30. Alls hafa 104 stig komið í hús í Krikanum, sem eru 35 fleiri stig en næsta lið, ÍA, hefur náð í á þessu tímabili.

18. júlí 2004 var sögulegur dagur fyrir Landsbankadeild karla því það var síðasti dagurinn sem eitthvert annað lið en FH sat í efsta sæti deildarinnar. FH-ingar unnu daginn eftur 1-0 sigur á Fylkismönnum á heimavelli sínum og liðin höfðu sætaskipti á toppnum. Það var Emil Hallfreðsson sem skoraði sigurmarkið í leiknum á 63. mínútu. FH-ingar komust þar í fyrsta sinn í efsta sæti deildarinnar síðan liðið vann tvo fyrstu leiki sína sumarið 1995.

Valsmenn hafa oftast verið í 2. sætinu á eftir FH-ingum þennan tíma, alls eftir 21 af umferðunum 44. Valur var í 2. sæti í 17 umferðum af 18 sumarið 2005.

Framarar eru eina liðið sem hefur komist með tærnar þar sem FH-ingar hafa haft hælana því þeir sátu við hlið FH í efsta sæti eftir fyrstu umferð deildarinnar 2005. FH vann þá 3-0 sigur á Keflavík en Fram vann á sama tíma 3-0 sigur á ÍBV. Það átti allt eftir að breytast því sautján umferðum munaði 31 stigi á liðunum, FH var orðið Íslandsmeistari en Fram fallið í 1. deild.

Nú er að sjá hvort FH-ingar bæti enn við ótrúlegt met sitt eða hvort það sé komið að öðru liði að upplifa það að sitja í efsta sæti Landsbankadeildar karla.

ooj@frettabladid.is



**TRYGGÐI TOPPPSÆTIÐ** Emil Hallfreðsson kom FH á toppinn fyrir tæpum 34 mánuðum síðan og liðið hefur verið þar síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### LIÐIN Í 2. SÆTI Á EFTIR FH-INGUM:

| | |
|---|---|
| Valur | 21 sinni |
| Fylkir | 8 sinnum |
| ÍBV | 5 sinnum |
| Víkingur | 3 sinnum |
| Keflavík | 2 sinnum |
| KR | 2 sinnum |
| Breiðablik | 1 sinni |
| Grindavík | 1 sinni |

### FORSKOT FH EFTIR ÞESSAR 44 UMFERÐIR:

| | |
|---|---|
| Alveg hnífjafnt | 1 umferð |
| Betri markatala | 6 umferðir |
| 1 stig | 1 umferð |
| 2 stig | 3 umferðir |
| 3 stig | 4 umferðir |
| 4 stig | 1 umferð |
| 5 stig | 2 umferðir |
| 6 stig | 11 umferðir |
| 7 stig | 3 umferðir |
| 8 stig | 1 umferð |
| 9 stig | 3 umferðir |
| 10 stig eða meira | 8 umferðir |







KLIPPIÐ HÉR!

**Gullnu reglur Græna ljóssins**

1. **Ekkert hlé** Myndin sýnd í einum rykk
2. **Minna af auglýsingum** Sýning myndarinnar byrjar fyrr
3. **Engin truflun** Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið

- Ekkert hlé á góðum myndum

www.graenaljosid.is – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins

## > Catherine Zeta-Jones



Foreldrar Catherine unnu fjórtán milljónir í bingói þegar hún var barn og í framhaldinu fluttu þau sig úr verkamannahverfi í Swansea í Suður-Wales yfir í hástéttarhverfi. Catherine fór í fínan einkaskóla og var ágætis nemandi. Eftir að Catherine efnaðist keypti hún 300 milljóna króna hús fyrir foreldra sína sem stendur á kletti rétt fyrir utan Swansea.
Catherine leikur í Legend of Zorro á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ER EKKI HRIFIN AF LOPATEYGINGUM

## *Af Eurovision og vel teygðum asnaeyrum*

Ég er óskaplega lítið hrifin af því að láta draga mig á asnaeyrunum. Hingað til eru það tveir þættir sem hafa glatað áhorfi mínu um ókomna tíð vegna algerlega óþarfra lopateyginga. Lost byrjaði til dæmis afspyrnu vel. Ég var alveg jafn heilluð og þorri landsmanna og rétt náði að safna nægilega löngum nöglum á milli þátta til að hafa eitthvað að naga fyrir framan sjónvarpið. Alveg þangað til fyrstu seríu lauk og ég var engu nær. Engum spurningum hafði verið svarað og sumum spurningunum virtust handritshöfundar hreinlega hafa gleymt sjálfir. Ég fór í fýlu og verkfall og hef ekki horft á einn einasta þátt síðan. Heroes hlaut sömu grimmu örlög, nema að þráðurinn var orðinn enn styttri. Ég gafst upp eftir níu þætti, þegar ekkert virtist vera að skýrast, og slaufaði sambandi mínu við klappstýruna og félaga hennar.




Mér virðist fyrirkomulagið í Hollywood vera þannig að ef þáttaröð nær vinsældum er öllum hugmyndum um framvindu hennar hent út um gluggann í skyndi og allri orku beint í að finna út hvernig megi teygja hana yfir eins langan tíma og mögulegt er. Allur heildarsvipur hverfur og lausir þræðir liggja eins og hráviði á skjánum. Ég hef enga þolinmæði fyrir því að láta draga mig áfram á asnaeyrunum á meðan yfirmennirnir í Englaborginni reyna að mala gull.

Það er svo spurning hvort Eurovision-skandallinn sem er á allra vörum, eins og við má búast, flokkast undir asnaeyratog. Enn er ég ekki búin að missa vonina um að komast upp úr svaðinu sem þessi guðsvolaða undankeppni er. En handritshöfundar söngvakeppninnar mega gjarnan fara að huga að breytingum, þolinmæði mín er ekki endalaus á því sviði heldur. Ætli ég gefi þessu ekki tvo þætti til viðbótar. Svo segi ég af mér.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Legend of Zorro** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05 Joan of Arcadia** SIRKUS



▶ **20.30 Derren Brown: Hugarbrellur** STÖÐ 2



▶ **21.00 Stargate SG-1** SKJÁREINN



▶ **22.00 Kosningavaka Sjónvarpsins** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Fyndin og furðuleg dýr 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Tígurinn Karrí 09.25 Leyniþátturinn 09.38 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.00 Latibær

**10.25 Leitið og þér munuð finna**

**11.50 Formúla 1 - Tímataka**

**13.15 HM í ísknattleik** (1:3)

**15.30 HM í ísknattleik** (2:3)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir** Kosningavaka Sjónvarpsins hefst með fréttum og upphitun á kosningavöku þar sem farið er yfir helstu tíðindi dagsins, kjörsókn og fleira.

**18.30 Veður**

**18.35 Kosningavaka Sjónvarpsins**

**18.50 Lottó**

**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** Bein útsending frá söngvakeppninni glæsilegu sem fram fer í Helsinki. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.

▶**22.00 Kosningavaka Sjónvarpsins** Sannkölluð kosningahátíð í beinni útsendingu úr Útvarpshúsinu og fjölmörgum stöðum um land allt þar sem fjallað er um úrslit þingkosninganna. Leiðtogar stjórnmálafokkanna sitja fyrir svörum og fjölmargir stjórnmálaskýrendur, stjórnmálamenn og aðrir gestir koma í heimsókn í Sjónvarpssal. Beinar útsendingar verða frá öllum kjördæmum og kosningavökum flokkanna. Auk þess margs konar skemmtiatriði og umfjöllun um úrslit í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

**05.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff's Patch 07.10 Blanche 07.15 Willoughby Drive 07.25 Grallararnir 07.45 Kalli kanína og félagar 08.40 Bratz 09.00 A.T.O.M.**

**09.25 Harry Potter and the Chamber of Secrets**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 Leitin að strákunum** (4:9)

**15.20 The New Adventures of Old Chr** (10:13)

**16.00 Ítalíuævintýri Jamie Olivers** (2:6)

**16.25 Whose Line Is it Anyway? 4**

**17.00 Sjálfstætt fólk**

**17.40 60 mínútur** Fyrrverandi CIA-yfirmaður segir frá því hvernig það var að stjórna CIA þegar árásirnar voru gerðar á tvíburaturnana og Bandaríkjastjórn hóf leit að Osama bin Laden. Einnig verður fjallað um skotvopnaleyfi í Bandaríkjunum með tilliti til skotárásanna í Virginíu.

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 How I Met Your Mother** (9:22) Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem fjalla um ungt fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn. (9:22) Hvort er betra að vita of mikið eða of lítið um makann í byrjun? Karlmennirnir í hópnum eru ekki sammála um það.

**19.40 Joey** (15:22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbianis í Hollywood. Flestir þekkja Joey sem einn af vinunum traustu en eftir að leiðir þeirra skildu ákvað Joey að freista gæfunnar og flytja til bíóborgarinnar í leit að frægð og frama.

**20.05 Stelpurnar** (19:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.

▶**20.30 Derren Brown: Hugarbrellur - NÝTT** (2:5) Sjónhverfinga- og hugarbrellumeistarinn Derren Brown heldur uppteknum hætti við að beita fórnarlömb sín ótrúlegum hugarbrellum og sýna fram á að vegir hugarins eru órannsakanlegir. Sjón er sögu ríkari.

**21.00 Alþingiskosningar**

**05.20 Fréttir**

**06.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Trading Spouses** (e) Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur.

**18.00 Bestu Strákarnir** Strákarnir Auddi, Sveppi, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra Hugi, Atli og Gunni tóku upp á ýmsu í vikunni. Í þessum þætti eru rifjuð upp mörg ógleymanleg atriði en af nógu var að taka.

**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.

**19.10 American Inventor**

▶**20.05 Joan of Arcadia 1**

**21.00 Live From Abbey Road**

**22.00 Leitin að strákunum** (4:9) Leitin að Strákunum er alíslenskur og ofurraunverulegur skemmtiþáttur sem gengur út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar. Hinir einu sönnu Strákar koma til með að stjórna leitinni og velja þá efnilegustu. (4:9) Nú þurfa hóparnir að draga stikkorð og semja sketsa úr þeim. Hilmir Snær og Þorsteinn Guðmundsson leika aukahlutverk í sketsunum og sá hópur sem stendur sig best fær í verðlaun splunkunýjan Sony Ericsson 880i síma í boði Símans. Gestadómarar: Óskar Jónasson og Pétur Jóhann Sigfússon.

**22.45 Beach Girls**(Strandastelpurnar)

**23.35 Night Stalker Bönnuð börnum.**

**00.20 Gene Simmons: Family Jewels** (Demon Lives, The)

**00.45 Supernatural** (13:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.

**01.30 Joan of Arcadia 1**

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁREINN

**10.20 Vörutorg**

**11.20 Rachael Ray** (e)

**15.05 Top Gear** (e)

**16.00 Psych** (e)

**16.50 World's Most Amazing Videos** (e)

**17.40 Fyrstu skrefin** (e)

**18.10 Survivor: Fiji** (e)

**19.10 Game tíví** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (8:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.

▶**21.00 Stargate SG-1** Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.

**21.50 The Dead Zone** (5:12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun.

**22.40 Hack** (8:18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt.

**23.30 Dexter** (e)

**00.20 Kidnapped** (e)

**01.10 House** (e)

**02.00 Trabant tónleikar** (e)

**03.00 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.40 Vörutorg**

**05.40 Óstöðvandi tónlist**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Legend of Zorro**

**08.10 Connie and Carla**

**10.00 Trail of the Pink Panther**

**12.00 Ice Princess**

**14.00 Connie and Carla**

**16.00 Trail of the Pink Panther**

**18.00 Ice Princess**

▶**20.00 Legend of Zorro** Sagan um Zorro heldur áfram í þessari spennumynd en nú er Elena, eiginkona Zorros, búin að fá nóg af hetjudáðum hans.

**22.10 Emile**

**00.00 Breathtaking**

**02.00 The Ring 2**

**04.00 Emile**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁR SPORT

**12.00 Eggert á Upton Park** (e)

**13.00 Upphitun** (e)

**13.30 Chelsea - Man. Utd.** (frá 9. maí)

**15.30 Tottenham - Blackburn** (frá 10. maí)

**17.30 Liðið mitt** (e)

**18.30 Að leikslokum** (e)

**19.30 Charlton - Tottenham** (frá 7. maí)

**21.30 Ítalski boltinn**

**23.30 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00
### Kosningavaka



Áhorfendum verður boðið á veglega kosningavöku í opinni dagskrá í tilefni alþingiskosninganna. Starfsfólk fréttastofu verður á ferð og flugi um land allt og færir okkur nýjustu tölur strax og þær liggja fyrir. Landslið skemmtikrafta verður í fararbroddi auk ítarlegra skýringa og umfjöllunar. Ekki verður látið staðar numið fyrr en ljóst er hvaða fulltrúar landsmenn hafa kosið á nýtt Alþingi Íslendinga.

### ▶ Við mælum með
### SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA
### Sjónvarpið kl. 19.00

Komið er að söngvakeppninni glæsilegu. Flestir muna eftir finnsku rokkurunum sem sigruðu í fyrra og verður keppnin því haldin í Helsinki að þessu sinni. Útsendingin stendur yfir í þrjár klukkustundir og munu áhorfendur velja sigurlagið í símakosningu. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Dostojevskí
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Laumuspil
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.00** Kona með sólhlíf sem snýr sér til vinstri
**21.30** Kosningavaka Útvarpsins 2007

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**08.55 NBA - Úrslitakeppnin** (NBA 2006/2007 - Playoff games)
**10.55 Coca Cola deildin**
**12.55 Coca Cola mörkin**
**13.20 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**13.45 Landsbankadeildin 2007** (ÍA - FH) Bein útsending frá opnunarleik Landsbankadeildarinnar í knattspyrnu karla. Þar taka lærisveinar Guðjóns Þórðarsonar á móti Íslandsmeisturum FH á Skipaskaga en Guðjón er að snúa aftur í Íslandsmótið eftir margra ára hlé.
**16.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**16.25 PGA Tour 2007 - Highlights** (Wachovia Championship)
**17.20 Spænski boltinn - upphitun**
**17.50 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.**
**19.50 PGA golfmótaröðin 2007** (The Players) Bein útsending frá þriðja degi Players-meistaramótsins í golfi.
**23.00 Landsbankadeildin 2007** (ÍA - FH)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.50** Frikvarter **7.15** Australiens Perle **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.05** Troldspejlet **8.35** Lovens vogtere **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.10** Poul Martinsen kavalkade **11.10** Skum TV 2007 **11.25** Boogie Listen Countdown **11.40** Flemmings Helte **11.55** Boogie Special **12.10** Hjerteflimmer **12.40** Smag på Danmark - med Meyer **13.10** Kløvedal i Indonesien **14.10** Et år med Sveriges kongefamilie - 2006 **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Kaj og Andrea **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.30** Når chimpansen takker af **18.00** aHA **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2007 **22.25** Speedway: Europas Grand Prix **5.30** Gurli Gris **5.35** Zoe Kezako **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus **6.50** Skrimmel Skrammel **7.30** Kårni og Børni **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Liga **8.45** Fabrikken **9.10** Newton **9.40** Frokost-tv **10.40** Hjarte i Afrika **11.30** Gunnel i det grønne **12.00** Adresse Helsingfors **13.00** Giro d'Italia **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** En gul en og en grønn en **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** 'Allo, 'Allo! **18.30** Fra Alta til Helsingfors **19.00** Eurovision Song Contest 2007 **22.15** Kveldsnytt **22.30** Sykkelkveld fra Italia **22.40** Lystløgneren **5.30** Stå opp! **5.31** Den lille røde traktoren **5.42** Lisa **5.49** Teddy og Annie

## SVT 1

**6.00** Bolibompa hälsar på **6.01** Meckar-Micke **6.15** Dagens visa **6.20** Zoé Kézako **6.35** I Mumindalen **7.00** Karamelli **7.30** Sagoträdet **7.45** Klister **8.00** Amigo **8.25** Hjärnkontoret **8.40** Robins **9.10** Vädrets makter **9.40** Mitt i naturen **10.10** Plus **11.30** Saras kök **12.00** Svenska slag **12.30** Hundkoll **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** En odödlig man **15.00** Nöjesnytt: Eurovision Song Contest **15.30** Extras **16.00** Disneydags **17.00** Rasmus på luffen **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Stina! **19.00** Eurovision Song Contest **22.10** Rapport **22.15** Monsieur Batignole **23.55** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa


# HVAR LEGGUR ÞJÓÐIN VIÐ HLUSTIR?




MARKAÐSHLUTDEILD
Heildarhlustun í mínútum skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup í mars 2007

RÍKISÚTVARPIÐ

## PERSÓNAN

*Jón Þór Júlíusson*

**Aldur:** 26
**Starf:** Framkvæmdastjóri.
**Fjölskylda:** Nýbakaður faðir í sambúð. Barnsmóðir Helga Hrund Guðmundsdóttir.



**Foreldrar:** Júlíus Þór Jónsson kaupmaður og Agnes Viggósdóttir húsfreyja.
**Búseta:** Grafarholti, 113 Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Hrútur. (Kærastan og nýfædd dóttir einnig.)

Jón Þór Júlíusson og fyrirtæki hans Lax ehf. eru einn umfangsmesti sölumaður veiðileyfa á Íslandi og tóku nýlega við Langá og Yokanga á Kólaskaga auk þess að vera meðal annars með Grímsá og Laxá í Kjós á sínum snærum.



**LÁRÉTT**
**2.** bera að garði, 6. hæð, 8. frostskemmd, 9. stykki, 11. tveir eins, 12. stúlka, 14. sefast, 16. bardagi, 17. tugur, 18. niður, 20. rykkorn, 21. nabbi.
**LÓÐRÉTT**
**1.** eyðast, 3. klafi, 4. land í SA-Asíu, 5. einkar, 7. tagl, 10. nögl, 13. fálm, 15. há bygging, 16. flana, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. koma, 6. ás, 8. kal, 9. stk, 11. ll, 12. telpa, 14. róast, 16. at, 17. tíu, 18. suð, 20. ar, 21. arða. **LÓÐRÉTT:** 1. mást, 3. ok, 4. malasía, 5. all, 7. stertur, 10. kló, 13. pat, 15. turn, 16. asa, 19. öð.

# Megn óánægja með nærbuxnatal Sigmars

Eftir Eurovision-keppnina á fimmtudag loguðu allar símalínur í útvarpshúsinu við Efstaleiti. Voru þar á ferð í það minnsta þrjátíu ósáttir greiðendur afnotagjalda sem blöskraði klámfengið tal kynnisins, Sigmars Guðmundssonar í Kastljósinu, milli laga.

Gerður Helgadóttir símadama tók við símtölunum en hún harðneitaði að staðfesta þetta við blaðamann Fréttablaðsins, sagðist vera bundin meiri trúnaði en leigubílstjórar í starfi sínu og að nú væri RÚV orðið ohf. Og ekki hægt lengur að vísa í upplýsingalög. Gerður gaf hins vegar samband við Jóhönnu Jóhannsdóttur, aðstoðardagskrárstjóra innlendrar dagskrár og sérstakan umsjónarmann Eurovision-keppninnar hjá RÚV ohf. Jóhanna staðfesti það að margir hefðu haft samband og lýst yfir óánægju sinni.

„Fólk hefur misjafnan smekk fyrir húmor,“ segir Jóhanna. Þeir sem hringja og kvarta fá að tjá sig að sögn Jóhönnu, á þá er hlustað og skoðað hvort um réttmætar athugasemdir sé að ræða.

„En það sem einum finnst ósæmilegt finnst öðrum fyndið. Fólk á fullan rétt á því, mislíki því eitthvað, að setja fram þá skoðun sína. En ég held að ekki hafi vakað fyrir Sigmari að vera meiðandi. Heldur hans leið að gera góðlátlegt grín. En við verðum að passa upp á það, upp að ákveðnu marki, að tala ekki niðrandi um keppendur og hampa einum á kostnað annars.“

Að sögn Jóhönnu voru það einkum Eista-brandarar Sigmars sem fóru fyrir brjóstið á fólki sem og nærbuxnatal.

„Hann sagði reyndar að þetta væri margtugginn aulabrandari. Og umræður um nærbuxur höfðu verið í fjölmiðlunum áður. Kannski er þetta einnig spurning um aldur. Skoðanir fullorðinna eru jafn rétthá ar og yngra fólks. Við verðum að gæta þess að öll þjóðin er að horfa en Eurovision hefur mælst með 87 prósenta áhorf.“ - jbg



**SIGMAR GUÐMUNDSSON** Reiðir áhorfendur kvörtuðu undan kynninum í Eurovision – þótti sérkennilegur og dónalegur húmoristi þar á ferð.



**EKKI FALLINN** Guðbjörn Sigurpálsson í bílnum sem hann keypti af Bubba. MYND/BJÖRGVIN VALUR

GUÐBJÖRN SIGURPÁLSSON: KEYPTI GAMLA BÍLINN HANS BUBBA

# Gubbi Morthens á flottasta bílnum á Stöðvarfirði

Eftir því hefur verið tekið á Stöðvarfirði að nýr bíll er kominn í plássið. Um er að ræða svartan Land Rover Discovery jeppa árgerð 2006 sem var áður í eigu ekki ómerkari manns en Bubba Morthens. Nýi eigandinn er trillusjómaðurinn Guðbjörn Sigurpálsson sem gengur nú undir gælunafninu Gubbi Morthens í bænum.

„Jú, það er rétt, ég keypti bílinn og viðurkenni að það var ekki síst vegna þess að hann var áður í eigu Bubba Morthens,“ segir Guðbjörn í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er fínasti bíll en mér fannst þó skrítið að það var búið að keyra hann 16 þúsund kílómetra án þess að setja hann í smurningu. Ég veit ekki hverjum er þar um að kenna, B&L eða Bubba, en það verður að hugsa vel um þessa bíla.“

Guðbjörn vill ekki viðurkenna að hann sé einn af hörðustu aðdáendum Bubba en segist þó hafa gaman af honum. „Hann hefur nú samið mörg góð lögin en ég kunni aldrei við hann í dómarahlutverkinu í Idol-keppninni. Hann er alltof mikill hrokagikkur til að geta dæmt í slíkri keppni,“ segir Guðbjörn og má greina vott af vanþóknun í röddinni.

Ekki hefur Guðbjörn hlustað á Bubba í Land Rovernum eftir að hann festi kaup á bílnum þar sem hann á enga diska með kónginum. „Það fylgdu engir diskar með í kaupunum. Er ekki Sjóvá líka búin að kaupa allt klabbið af honum?“ spyr Guðbjörn.

Það var auðsótt mál fyrir blaðamann að fá Guðbjörn til að stilla sér upp í myndatöku en þó með einu skilyrði. „Ég vil ekki svona „Guðbjörn fallinn“ fyrirsögn. Ég hætti að reykja fyrir þremur árum og er ekki fallinn enn,“ segir Guðbjörn og hlær.

oskar@frettabladid.is



**HVER GLEYMDI SMURNINGUNNI?** Land Roverinn hans Bubba hafði aldrei farið í smurningu en Guðbjörn veit ekki hvort B&L eða Bubbi ber ábyrgð á því.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Flokkarnir láta sitt ekki eftir liggja þegar kemur að því að sækja þá kjósendur sem eiga ekki heimangengt á kjörstað. Samfylkingin er engin undantekning þar á og hefur brugðið á það ráð að fá andans menn á bakvið stýrið sem flestir eru þekktir fyrir að geta haldið uppi samræðum í tómum símaklefa. Meðal þeirra sem ætla að setjast undir stýri eru rithöfundarnir **Hallgrímur Helgason**, **Einar Kárason**, **Halldór Guðmundsson** og **Guðmundur Andri Thorsson** auk leikarans **Arnars Jónssonar**.







Umboðsmaður Íslands, **Einar Bárðarson**, er með skrifstofu sína úti í London þar sem hann vinnur að því að koma skjólstæði sínum Garðari Thor Cortes á kortið. En Einar hefur í mörgu að mæðast á Fróni og þannig heyrir Fréttablaðið af því að mánaðarlegur símareikningur Einars sé í kringum 150 þúsund kall. Og munar um minna.

**-fgg/jbg**



# Spáir tveimur undankeppnum að ári

„Þetta er nákvæmlega það sem ég spáði fyrir um fyrir þremur árum,“ sagði Jónatan Garðarsson, þaulreyndur Eurovision-spekingur, um úrslitin í undankeppni Eurovision. Mikillar óánægju hefur orðið vart bæði á Íslandi og í löndum á borð við Noreg, Danmörku og Holland, þar sem enginn keppandi frá vesturhluta Evrópu komst áfram.

„Ég var á fundi fyrir þremur árum þar sem farið var yfir fyrirhugaða forkeppni. Ég benti á að það væru allar líkur á því að þær þjóðir sem hafa mestan áhuga á keppninni, Austur-Evrópuþjóðirnar sem eru að koma nýjar inn í hana, myndu yfirtaka hana,“ sagði Jónatan. „Fólk hélt að þetta myndi jafna sig, og mér sýndist í fyrra að það væri reyndin. Skiptingin var eðlilegri þá, en núna er þetta að koma í ljós,“ sagði hann.

Að sögn Jónatans verður keppnisfyrirkomulagi breytt á næsta ári. „Ég veit ekki betur en að það verði tvær forkepnir. Þá færu stóru löndin fjögur og sigurþjóðin í úrslitakeppnina, ásamt tíu lögum úr hvorri undankeppni. En þeir eru að vandræðast með hvernig skiptingin eigi að vera, svo sanngirni sé gætt,“ sagði hann. Einhverjir hafa mælt með því að skipt væri eftir tímabeltum, en Jónatan telur þó líklegra og jafnframt betra að dregið verði í forkeppnirnar. „Það verður að vera einhvers konar jafnvægi á milli menningarheima, eins og er núna, þó að okkur finnist það ekki atkvæðalega séð,“ sagði hann og hló við. - sun



**YFIRTAKA AUSTUR-EVRÓPU** Jónatan Garðarsson spáði fyrir um yfirtöku austur-evrópskra landa á Eurovision fyrir þremur árum.



STILLUM HITANN HÓFLEGA
Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið
www.stillumhitann.is




N1
GRILLVEISLA
12.–14. MAÍ
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRILLUM
OG GRILLÁHÖLDUM
KIPPA AF 2L COCA-COLA Í KAUPBÆTI
MEÐ HVERJU KEYPTU GRILLI
HUNTER EX
OUTBACK
TILBOÐ
31.900,-
Verð áður 39.500,-
2854
STERLING
TILBOÐ
31.900,-
Verð áður 39.900,-
1716
STERLING
TILBOÐ
23.900,-
Verð áður 29.900,-
1104
STERLING
TILBOÐ
15.900,-
Verð áður 19.900,-
ÁBREIÐUR OG ÚRVAL GRILLÁHALDA
GASKÚTAR fást á þjónustustöðvum N1
N1 VERSLANIR
N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
SÍMI 440 1100
WWW.N1.IS
Hjá N1 færðu fjölbreytt úrval af grillum, grilláhöldum og ábreiðum. Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu. N1 - Meira í leiðinni

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Gleðidagur

Í dag er komið að því að almenningur taki umsóknir nokkurra einstaklinga um störf í hans þágu til umfjöllunar. Margur umsækjandinn hefur verið á þönum um borg og bý undanfarið í sínu fínasta pússi og freistað þess að segja vinnuveitandanum í stuttu máli fyrir hvað hann standi og hvers vegna honum sé best treystandi fyrir starfinu. Í þessari kosningabaráttu steig undirritaður sín fyrstu skref í þessum viðsjárverða heimi og lét reyna á sannfæringarkraft sinn í þágu málstaðarins. Í kvöld kemur í ljós hvort árangur hafi náðst. Þumall upp eða þumall niður.

**ÉG** get vitaskuld ekki neitað því – og kannski óhætt að segja það svona í lokin á baráttunni – að í hita leiksins, þegar dýpstu öldudalirnir gengu yfir, hvarflaði að hinum unga frambjóðanda að grípa til óhefðbundinna aðferða í atkvæðaöflun. Einni aðferð velti ég til dæmis talsvert fyrir mér, en hún snýst um að ná ákveðnu návígi við kjósendur. Þannig er nefnilega mál með vexti að afi minn heitinn, sem einnig var stjórnmálamaður, átti það til að fara um kjördæmið sitt norður á Ströndum og glíma þar við bændur, í bókstaflegri merkingu, og hafði þá jafnan undir.

**ÞETTA** vakti lukku. Á tímabili, þegar fylgið virtist vera samkvæmt könnunum í ákveðnu lágmarki, velti ég því vissulega fyrir mér hvort ég ætti að reyna svipaðar aðferðir. Hefði verið tilhlýðilegt að ganga í hús í Suðvesturkjördæmi og glíma við fólk? Ég hætti hins vegar við þetta þegar mér varð ljóst –í kjölfar sjálfsskoðunar—að ég myndi líklega óþægilega oft, sökum vankunnáttu á þessu sviði, verða lagður undir. Einn kraftajötunn – búsettur í kjördæminu – benti mér á það glottandi út í annað að ef ég vildi endilega gera þetta gæti ég jú kannski farið í grunnskólana og glímt við börnin.

**MEÐAL** annarra aðferða sem ég íhugaði voru aðferðir af því tagi sem henta vel til þess að ná upp svokölluðu samúðarfylgi – eins og t.d. að falla í yfirlið á almannafæri eða detta í læk – en þær hugrenningar mínar stönduðu á því að ég vissi aldrei almennilega hvar og hvernig ég ætti að koma slíku í framkvæmd. Myndi fólk taka eftir því ef eitthvað svona kæmi fyrir mig? Þyrfti ég ekki að kalla til sérstaklega blaðamenn og ljósmyndara, áður en viðburðurinn ætti sér stað?

**ÞETTA** hljómaði of flókið. Í lokin komst ég auðvitað að því að vitaskuld er alltaf best að reyna að segja einfaldlega á skýru mannamáli hvað maður sjálfur og flokkurinn manns vill gera ef hann fengi að ráða. Það er alltaf klassískt. Í öllu falli hefur þessi kosningabarátta verið skemmtileg og spennan sjaldan verið meiri. Skoðanakannanir sýna fylgi allra upp og niður eins og í jójói. Enginn veit hvað hver og einn gerir í kjörklefanum. Þar eru allir frjálsir og jafnir til þess að taka þá ákvörðun sem samviska þeirra og hjarta býður þeim. Njótum þess vel, því það eru forréttindi. Gleðilegan kjördag!

